UPPBYGGING MIÐBORGARINNAR

*Hvað á að koma í staðinn fyrir tómu húsin í miðborginni og hvenær verða húsin tilbúin?*

36



HJÁLPUM FÓRNARLÖMBUM NÁTTÚRUHAMFARANNA Í MJANMAR (BÚRMA)

Söfnunarsími 907 2020



Rauði kross Íslands
www.raudikrossinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. maí 2008 — 127. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

# Byggingaverktakar draga saman seglin

**Velta á fasteignamarkaði í vikunni var innan við 20 prósent af því sem hún var í fyrra. Óábyrgt að tala niður markaðinn, segir framkvæmdastjóri 101 Skuggahverfis.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er forgangsraðað með aðeins öðrum hætti en við höfðum áætlað,“ segir Oddur Víðisson, framkvæmdastjóri 101 Skuggahverfis, sem vinnur að uppbyggingu í miðbæ Reykjavíkur. Forsvarsmenn 101 Skuggahverfis hafa ákveðið að klára uppbyggingu ákveðinna húsa á svæðinu, en draga úr byggingarhraða annars staðar. „Þetta breytir þó ekki kaupsamningsskilyrðum af okkar hálfu,“ segir Oddur.

Íbúðirnar sem ekki munu rísa eins fljótt og ætlað var verða við Lindargötu 35 og 37.

Margir byggingaverktakar hafa að undanförnu hægt á stórum verkefnum vegna erfiðs aðgengis að lánsfé og versnandi stöðu á fasteignamarkaði. Heildarvelta á fasteignamarkaði frá 2. til 8. maí nam 1,7 milljörðum en var 8,1 milljarður á sama tíma í fyrra. Alls var 62 kaupsamningum þinglýst en 226 á sama tíma í fyrra.

Gylfi Óskar Héðinsson, annar eigenda BYGG hf., segir félagið meðal annars vinna að byggingu 400 fjölbýlisíbúða í Lundinum í Kópavogi, en sala á þeim hefur verið lítil eins og víðast hvar annars staðar. „Það hægir mjög hratt á öllu núna,“ segir Gylfi. Engin íbúð er seld í fjölbýlishúsi sem nú er í byggingu og þá eru enn tíu til fimmtán íbúðir óseldar í fjölbýlishúsinu sem fólk er þegar flutt inn í.

Oddur gagnrýnir stjórnmálamenn og hagfræðinga Seðlabankans fyrir að ætla sér að tala niður verðbólguna. „Það er einkennilegt að ráðast að markaði sem um tuttugu þúsund manns hafa atvinnu sína af, með því að segja fólki að kaupa ekki fasteignir til að lækka verðbólgu. Lánsfjárkreppan er næg til þess og markaðslögmálin ráða. Ef æðstu ráðamenn þjóðarinnar myndu segja fólkinu í landinu að hætta að kaupa bjúgu þá myndu framleiðendur þeirra fara á hausinn í stórum stíl. Fasteignamarkaðurinn er ekki öðruvísi.“ - mh



**BOLTINN BYRJAR AÐ RÚLLA Í DAG** Íslandsmótið í knattspyrnu hefst í dag með sex leikjum. Í fyrsta skipti í sögunni er keppt í tólf liða deild. Íslandsmeistarar Vals sjást hér á æfingu á Hlíðarenda í gær en þeir hefja titilvörnina í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði:

## Verðbólgumarkmið eru skaðleg

**EFNAHAGSMÁL Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, telur að þau ríki sem noti verðbólgumarkmið sem efnahagslegt stýritæki ættu að afnema þau. Verðbólgumarkmið vinni meiri skaða en gagn. Þetta kemur fram í grein eftir Stiglitz, sem birtist í Fréttablaðinu í dag.**



JOSEPH STIGLITZ

**Stiglitz segir litla hagfræði og fáar rannsóknir liggja að baki verðbólgumarkmiðum. „Það er engin ástæða til að ætla að burtséð frá orsökum verðbólgunnar séu bestu viðbrögðin ávallt að hækka stýrivexti,“ skrifar hann.**

- bs / sjá síðu 20

Íslensk framleiðsla í útrás:

## Hanna lopapeysu á Dorrit

**HÖNNUN** Dorrit Moussaieff forsetafrú hefur pantað sérhannaða lopapeysu hjá fyrirtækinu Farmers Market sem er í eigu Bergþóru Guðnadóttur og Jóels Pálssonar.



DORRIT MOUSSAIEFF

Bergþóra og Jóel hafa rekið fyrirtæki sitt í hálft þriðja ár og hafa Íslendingar kolfallið fyrir fallegum ullarflíkum þeirra. Hróður fyrirtækisins hefur borist víða að undanförnu og hægt er að fá vörur Farmers Market í tíu löndum. Að sögn Bergþóru bætast Japan, Danmörk, Ítalía og Spánn við í haust.

Ullariðnaðurinn hafði legið nokkuð lengi niðri og Bergþóru hafði í mörg ár langað að gera eitthvað með íslensku ullina og þjóðlegar skírskotanir í hönnun.

- amb / sjá síðu 32

LAUGARDAGUR





HELGARVIÐTAL 28

**Heimir og Pavla best**

Stjórnumaðurinn Heimir Örn Árnason og Framstúlkan Pavla Nevarilova voru valdir leikmenn ársins á lokahófi HSÍ í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 58



VEÐRIÐ Í DAG





**STYTTIR UPP** Í dag verður austan strekkingur nyrst á Vestfjörðum, annars hægari. Víða rigning en styttir að mestu upp syðra og rofar þar heldur til þegar líður á daginn. Hiti 3-13 stig, mildast sunnan til.

VEÐUR 4

Ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu um nýfallinn dóm í Byrgismálinu:

# Má aldrei koma fyrir aftur

**DÓMSMÁL** „Það er auðvitað von mín að svona mál muni aldrei koma upp aftur og það má það einfaldlega ekki,“ segir Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu, um málefni Byrgisins.

Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, kristilegrar líknarstofnunar, var í gær dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum skjólstæðingum í Héraðsdómi Suðurlands. Honum var gert að greiða konunum samtals sex milljónir króna í miskabætur. Yngsta stúlkan sem Guðmundur misnotaði var þá aðeins sautján ára. Konurnar fékk hann til ýmiss konar kynlífsiðkana í skjóli trausts og kristilegrar trúar. Brotin áttu sér stað allt frá árinu 2001.

Fjárframlög til Byrgisins komu frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Ragnhildur segir engan í ráðuneytinu víkja sér undan ábyrgð á málinu. „Eins og áður hefur komið fram þá var margt sem fór úrskeiðis í þessu máli. Það er hörmulegt að féð sem ætlað var til meðferðarstarfs hafi verið misnotað svona hrikalega,“ segir Ragnhildur.

Það var fréttaskýringaþátturinn Kompás á Stöð 2 sem upplýsti fyrst um brot Guðmundar.

- jss / - mh / sjá síðu 4

muundu eftir mjólkinni!

Muu

NÆSTUM NÝIR NOTAÐIR BÍLAR

www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU

*Númer eitt í notuðum bílum*

Klettháls 11 | Laugavegur 174

OPIÐ

til 20

alla daga

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

## SPURNING DAGSINS



*Séra Þór, þú misstir þó ekki hempuna líka?*

„Nei, ég hélt henni sem betur fer.“

Séra Þór Hauksson varð fyrir því óláni að veski hans og síma var stolið úr skrúðhúsi Árbæjarkirkju í miðri giftingu.

Varaformaður utanríkismálanefndar á málfundi um varnarmál í Háskóla Íslands:

# Varnarsamstarfið er liðin tíð

**VARNARMÁL** Eiginlegt varnarsamstarf við Bandaríkin heyrir sögunni til. Þetta fullyrti Árni Páll Árnason, varaformaður utanríkismálanefndar Alþingis, á málfundi um varnarmál í Háskóla Íslands í gær. Varnarsamningurinn frá 1951 hefur að hans sögn „enga sjálfstæða þýðingu lengur“.

Í þeim samningum sem ritað var undir er Bandaríkjaher yfirgaf Ísland eftir 55 ára dvöl árið 2006 segir Árni Páll að felist í raun ekki meiri varnarskuldbindingar af Bandaríkjanna hálfu en hvort eð er myndu taka gildi samkvæmt sáttmálum Atlantshafsbandalagsins ef til ófriðar horfði.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Segir varnarsamninginn hafa „enga sjálfstæða þýðingu lengur“.

„Í samningnum haustið 2006 felst: Bandaríkjamenn líta ekki lengur á það sem hlutverk sitt samkvæmt varnarsamningnum (frá 1951) að sinna neinum verkefnum sem lúta að Íslandi á friðartímum. Með öðrum orðum: Varnarsamningurinn lýtur bara að ófriðartímum,“ sagði Árni.

Það þýði að það langtímavarnarsamstarf sem var og byggðist á samvinnu ríkjanna tveggja á friðartímum sé lokið og í staðinn sé samningurinn umgjörð um það sem kallað er á hermáli „contingency plan“ og þýða má sem viðbúnaðaráætlun á hættutímum. Sem slík umgjörð hafi samningurinn ekki mikið meiri þýðingu en þær viðbúnaðaráætlanir sem hvort eð er myndu taka gildi fyrir allt bandalagið á hættutímum. **- aa**

Kosið í Serbíu á morgun:

# Ágreiningurinn harðnar enn

**SERBÍA, AP** Serbneskir þjóðernissinnar gengu í gær út af ríkisstjórnarfundi ásamt leiðtoga sínum, Vojislav Kostunica forsætisráðherra, til að mótmæla samningum við Evrópusambandið og Rússland, sem undirritaðir voru í síðustu viku.

Þingkosningar verða í Serbíu á morgun og takast þar á þjóðernissinnar, sem spáð er rúmlega þriðjungi atkvæða, og umbótasinnar, sem spáð er álíka miklu fylgi, þó heldur minna.

Umbótasinnar eru ráðandi í núverandi ríkisstjórn og eru fylgjandi samningunum, þrátt fyrir andstöðu forsætisráðherrans. **- gb**



**STEED LORD** Hljómsveitarmeðlimir lentu í alvarlegu slysi á Reykjanesbraut.

Svala og Steed Lord:

# Öll á batavegi

**FÓLK** „Þau eru öll á batavegi,“ segir Guðrún Bjarnadóttir, móðir piltanna í hljómsveitinni Steed Lord sem slösuðust í árekstri á Reykjanesbrautinni fyrir um mánuði.

Guðrún segir son sinn, Einar Eðvarðsson, hafa farið verst út úr slysinu af þeim sem voru í bíl hljómsveitarinnar, og að hann sé enn undir læknishöndum þótt Einar sé kominn heim eins og bræður hans tveir, Eðvarð og Erling, og unnusta hans, Svala Björgvinsdóttir söngkona.

Aðspurð kveðst Guðrún ekki vita um ástand mannsins sem ók hinum bílnum. „Ég hef spurt fyrir um það en ekki fengið svör. Vonandi er hann á góðum batavegi.“ **- gar**

Fréttablaðið á hvítasunnu:

# Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 13. maí. Fréttavefurinn Vísir.is heldur úti öflugri fréttavakt alla helgina.

Afgreiðsla smáauglýsinga er lokuð um helgina.

# Hugsaði meira um sleðann en sjálfan sig

**Harri Kjartansson fór fram af kletti á vélsleða og fékk sleðann ofan á sig. Hann kastaðist 35 metra áfram en segir mjólkina hafa bjargað eigin klaufaskap.**

**SLYS** Harri keyrði fram af klettadrangi á sleðanum og lenti á nibbu fyrir neðan. Við það kastaðist afturendinn í loft upp og þannig fóru þeir fram af hengjunni. Sleðinn kastaðist tíu til fimmtán metra áfram, í fjögurra metra hæð. Niðurkominn kútveltist hann og endaði um 35 metrum frá upphafsstað. Slysið varð í Skriðutindum norður af Laugarvatni.

Harri, sem er fyrrum björgunarsveitamaður, var á ferð í tíu manna hópi þegar slysið varð. Hann segir eigin klaufaskap og röð rangra ákvarðana hafa valdið slysinu. Harri brotnaði hvergi og slapp með mar.

„Þetta var bara aulaskapur. Ég var á lánssleða frá besta vini mínum og hann er með ansi hátt stýri. Sjálfur er ég tittur þannig að ég réði illa við hann.

Ég var á leið upp brekku og ætlaði að beygja til vinstri. Aðstæður voru hins vegar þannig, mikil sólbráð og halli í brekkunni sem ég hafði ekki séð, að ég réð ekki við sleðann,“ segir Harri.

„Ég reyndi að þvera hlíðina og það hefði kannski gengið hefði ég farið aðeins hraðar, en því miður var ekki svo. Ég fór því fram af klettunum.“

Harri rakst oft í sleðann í loftinu, sló höfðinu í hann og lenti með bringuna á stýrinu. Á jörðu niðri lenti sleðinn síðan ofan á honum og valt áfram sína leið. Harri kútveltist áfram og stöðvaði 35 metrum frá upphafspunkti, með höfuðið ofan í snjónum.

Aðkoman var svakaleg og félögum Harra leist ekki á blikuna. Þeir eru þó ýmsu vanir enda flestir í björgunarsveit. Bent Helgason veitti Harra fyrstu hjálp á meðan Hallgrímur Óskarsson hringdi á hjálp í NMT-síma. „Mér leist ekkert á aðkomuna,“ segir Bent. „Hann átt erfitt með andardrátt og var kalt. Okkur tókst að koma honum í svefnpoka og settum úlpurnar okkar yfir hann. Það var mikilvægt að einangra hann svo hann ofkældist ekki,“ segir Bent. Mestar áhyggjur voru yfir hryggnum á Harra og hve þungt hann átti með andardrátt.

Harri kallar ekki allt ömmu sína og hann segist ekki hafa verið hræddur, en er þakklátur félögunum fyrir rétt viðbrögð. „Ég leiddi hugann aldrei að sjálfum mér í loftinu, hugsaði bara um lánssleðann. Ég hef nú oft dottið áður en aldrei brotnað. Ég þakka mjólkinni það, hún gerir gæfumuninn. Án hennar væri ég löngu dauður,“ segir Harri, sem er marinn og stífur í hálsi. „Ég kíkti samt í vinnuna daginn eftir og reif aðeins kjaft. Það get ég alltaf.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



**GERT KLÁRT Í AÐ HÍFA** Kallað var á þyrlu Landhelgisgæslunnar af ótta við hálsmeiðsl. Félagar hans báru mikið lof á viðbragðstíma hennar. MYND/SVANUR HAFSTEINSSON

> Ég hef nú oft dottið áður en aldrei brotnað. Ég þakka mjólkinni það, hún gerir gæfumuninn. Án hennar væri ég löngu dauður.“



**HARRI KJARTANSSON** HÚSASMIÐUR



**FÚTASTOVA** Eitt elsta hús Þórshafnar hefur endurheimt fyrra útlit. LJÓSMYND/SOSIALURIN

Fútastova í Færeyjum:

# Ræðisskrifstofa undir torfþak

**FÆREYJAR Lögð hefur verið lokahönd á endurbyggingu Fútastovu í Þórshöfn í Færeyjum, gömlu húsi í miðbænum, þar sem aðalræðisskrifstofa Ísland er til húsa.**

**Samkvæmt því sem fram kemur á fréttavefnum portal.fo voru það tveir sérfræðingar í fornum færeyskum byggingarsið, Martin Mörk og Anngrím Árting, sem höfðu veg og vanda að verkinu. Þeir luku við að tyrfa þak uppgerðs hússins í vikunni. Húsið er friðað og endurbætturnar því gerðar í samráði við minjavernd Færeyja, Fornminnasavnið.** **- aa**

Samskiptin við Bandaríkin:

# Condoleezza Rice til Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mun koma í stutta heimsókn hingað til lands í lok maí. Rice endurgeldur þannig heimsókn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra í apríl.

Rice mun ræða við ráðamenn um samskipti landanna og málefni norðurslóða. Hún mun koma hingað til lands frá Svíþjóð, þar sem hún mun sitja ráðstefnu um málefni Íraks á vegum Sameinuðu þjóðanna. **- bj**





DYNAMO REYKJAVÍK

Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!


Búrmastjórn tekur við hjálpargögnum en hafnar enn útlensku hjálparstarfsfólki:

# Aðstoðin kemst ekki til skila

**BÚRMA, AP** Nú, viku eftir að fellibylurinn Nargis skall á Búrma, hefur aðstoð aðeins borist litlum hluta þeirra sem verst urðu úti.

Búrmastjórn neitar enn að hleypa útlensku hjálparstarfsfólki inn í landið, en ætlar sjálf að sjá um að dreifa þeim matvælum og hjálpargögnum sem berast að utan.

Sameinuðu þjóðirnar hættu í gær við að fresta flugi með hjálpargögn til Búrma. Fyrr um daginn hafði gert upptæk tvo flugvélarfarma af matvælum og öðrum hjálpargögnum, og sögðu Sameinuðu þjóðirnar þá að frekara flugi yrði frestað.

„Allur matur og búnaður sem okkur hafði tekist að senda til landsins hefur verið gerður upptækur,“ segir Paul Risley, talsmaður Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna. „Þetta er í haldi stjórnarinnar. Við bíðum eftir lausn málsins.“

Meira en ein milljón manna misstu heimili sín þegar fellibylurinn Nargis reið yfir landið fyrir viku. Fólkið er margt illa haldið, og þarf nauðsynlega á aðstoð að halda sem allra fyrst. Víða kemst hjálparstarfsfólk þó ekki til fólks þar sem vegir eru lokaðir vegna flóða eða fallinna trjáa.

Meira en 65 þúsund manns eru ýmist látnir eða þeirra saknað, að sögn stjórnarinnar, en hjálparsamtök óttast að tala látinna geti farið yfir hundrað þúsund.

Þúsundir barna hafa líklega misst foreldra sína og ástandið versnar með hverri klukkustundinni sem líður. **- gb**



**HERFORINGJAR SPJALLA VIÐ LANDSMENN** Thein Sein, forsætisráðherra herforingjastjórnarinnar í Búrma, gaf sig í gær á tal við nokkra munka og aðra íbúa í úthverfum Rangún. NORDICPHOTOS/AFP




**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

***Gegn fíflum í grasflöt:***
*Plantan stungin upp:*
*Fíflastafnum stungið niður með rót fífilisins, snúið, togað upp og losað.*

**GARÐHEIMAR**

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:**

***Gegn fíflum í grasflöt:***
*Vökvað með illgresiseyði:*
*Herbamix blandað í vatn og úðað eða vökvað yfir flötina. Efnið eyðir fíflum og öðrum tvíkímblöðungum úr grasflöt en eyðir ekki grasinu.*

## GENGIÐ 09.05.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 78,95 | 79,33 |
| Sterlingspund | 153,92 | 154,66 |
| Evra | 122,06 | 122,74 |
| Dönsk króna | 16,357 | 16,453 |
| Norsk króna | 15,53 | 15,622 |
| Sænsk króna | 13,123 | 13,199 |
| Japanskt jen | 0,767 | 0,7714 |
| SDR | 127,91 | 128,67 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,011

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslenskt efnahagslíf er undir pressu sem bitnar á starfsemi viðskiptabankanna:

# Fitch verðlaunar Landsbanka

**VIÐSKIPTI** Sérfræðingar matsfyrirtækisins Fitch Ratings segir hættuna á harði lendingu efnahagslífsins á Íslandi hafa aukist og það muni að öllum líkindum birtast í meiri afskriftum lána hjá viðskiptabönkunum og minni arðsemi af innlendri starfsemi.

Lánshæfiseinkunn Landsbankans vegna langtímaskuldbindinga var í gær staðfest hjá Fitch en einkunn Glitnis og Kaupþings lækkuð um einn flokk. Horfurnar eru sagðar neikvæðar hjá öllum bönkunum þremur. Skammtímaeinkunn Landbankans er óbreytt en lækkar um flokk hjá Glitni og Kaupþingi.

Í umsögninni kemur fram að Landsbankanum hafi tekist að fjármagna starfsemi sína að stórum hluta með innlánum í Bretlandi og lengja í lánunum. Sérfræðingar Fitch virðast ánægðir með ákveðna þætti hjá Glitni og Kaupþingi en segja líkur á að umsvif minnki.

„Uppgjör íslensku bankana sýndu þanþol þeirra til þess að takast á erfitt markaðsumhverfi. Fitch bendir meðal annars á sterka lausafjárstöðu Glitnis og gæði eignasafns bankans. Við höfum verið að aðlaga okkur hratt að breyttum aðstæðum og munum gera það áfram,“ segir Lárus Welding forstjóri Glitnis.



**BANKASTJÓRAR Í STRÖNGU** Sigurjón Árnason og Halldór J. Kristjánsson fá prik í kladdann fyrir Icesave-reikningana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki náðist í bankastjóra Landsbankans eða Kaupþings í gærkvöld. **- bg**

Kvenréttindafélag Íslands:

# Íhugað um betri heim

**VIÐBURÐIR** Íslenskar konur munu taka þátt í alþjóðlega viðburðinum „Konur standa saman“ sem haldinn verður á hvítasunnudag. Konurnar hittast klukkan 13 við Þvottalaugarnar í Laugardal, en þar munu þær íhuga í þögn um betri heim með hreinu drykkjarvatni, nægum mat og heimili án ofbeldis, öllum heimsins börnum til handa.

Það eru Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, UNIFEM á Íslandi, Blátt áfram-samtökin, Stígamót, Mæðrastyrksnefnd og Femínistafélag Íslands sem standa að viðburðinum. **- jse**

Enn málaferli í Bretlandi:

# Hannes bíður eftir lávörðum

**DÓMSMÁL Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor hefur skotið niðurstöðu breskra dómstóla í meiðyrðamáli Jóns Ólafssonar athafnamanns til bresku lávarðadeildarinnar.**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Jón höfðaði mál á hendur Hannesi í Bretlandi vegna ummæla Hannesar. Eftir langvinn málaferli hafnaði dómari kröfu Jóns, en staðfesti að Jón gæti höfðað mál að nýju.**

**Hannes er ósáttur við niðurstöðuna og hefur skotið henni til lávarðadeildarinnar, segir Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar. Deildin fjallar um afar fá mál, en Hannes bíður nú eftir fréttum af því hvort hans mál komist í gegnum nálaraugað. - bj**

## SJÁVARÚTVEGUR

### Dræm kolmunnaveiði

Íslensk skip héldu áfram veiðum á kolmunna í mars og fóru veiðarnar nú fram á alþjóðlegu hafsvæði suður af landinu. Heildaraflinn var 16.770 tonn og hafa íslensk skip því veitt rúmlega 35 þúsund tonn af kolmunna það sem af er árinu.

## LEIÐRÉTT

Í frétt um Birgi Pál Marteinsson í blaðinu í gær víxluðust nöfn. Síðasta beina tilvitnun fréttarinnar var í Írisi Ingu Svavarsdóttur, móður Birgis, ekki Lindu Hasselberg.

Í dálknum Frá degi til dags í gær var ranghermt að Heimir Már Pétursson hefði verið framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar. Hið rétta er að hann var framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins. Hann hefur hins vegar verið í framboði fyrir Samfylkinguna.

# Svalaði kynlífsfíkn í skjóli trausts og trúar

**Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður Byrgisins, var dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands í gær fyrir kynferðisbrot gegn fjórum fyrrverandi skjólstæðingum Byrgisins. Dómnum verður áfrýjað.**

**DÓMSMÁL** Guðmundur Jónssson, fyrrum forstöðumaður í Byrginu, misnotaði aðstöðu sína og fjárhagslega yfirburði, veikleika skjólstæðinga sinna og leit þeirra í trúna á Guð í þeim tilgangi að fullnægja eigin hvötum og kynlífsfíkn.

Þetta er niðurstaða fjölskipaðs dóms í Héraðsdómi Suðurlands sem dæmdi Guðmund í þriggja ára fangelsi í gær. Að auki var hann dæmdur til að greiða fjórum ungum konum, sem hann braut gegn, miskabætur samtals að upphæð sex milljónir króna. Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar, að sögn lögmanns Guðmundar, Hilmars Baldurssonar hrl.

Guðmundur var sakfelldur fyrir að hafa misnotað sér traust fjögurra skjólstæðinga Byrgisins og fengið þær til ýmiss konar kynlífsathafna. Hann var í forsvari fyrir meðferðarheimili fyrir einstaklinga sem höfðu hrasað illa á lífsleiðinni og áttu nánast hvergi höfði sínu að halla þegar þeir leituðu til Byrgisins eftir aðstoð. Konurnar voru á aldrinum 17 til 28 ára þegar Guðmundur braut gegn þeim. Allar hafa konurnar lýst því að þær hafi verið mjög illa á sig komnar andlega þegar þær komu í Byrgið og hefði Guðmundur smátt og smátt unnið traust þeirra og trúnað. Þær hefðu trúað honum fyrir innstu leyndarmálum sínum að áeggjan hans í þeim tilgangi að byggja upp traust, sem hann síðan misnotaði.




**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins var dæmdur í þriggja ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Hann mun áfrýja dómnum til Hæstaréttar. Myndin var tekin fyrir utan dómsal við þingfestingu málsins. FRETTABLAÐIÐ/GVA

Dómurinn bendir á að Byrgið hafi verið kynnt og rekið sem kristilegt meðferðarheimili og meðferðin öll byggð á gildum kristinnar trúar sem konurnar sögðust allar hafa tekið mjög alvarlega. Guðmundur ýmist taldi konunum trú um að það væri vilji Guðs að þær þóknuðust honum eða að BDSM-kynlíf myndi hjálpa þeim að ná andlegum bata.

Það er mat dómsins að Guðmundur hafi unnið markvisst að því að fá konurnar til fylgilags við sig og virðist hann hafa valið sér fórnarlömb sem áttu mjög erfiða kynlífsreynslu að baki. Þá er það honum til refsiþyngingar að hann fékk í nokkrum tilvikum fleiri með sér til kynlífsiðkana ásamt viðkomandi stúlku og braut þá enn frekar gegn skjólstæðingi sínum.

Þá telur dómurinn að konurnar hafi verið fjárhagslega háðar Guðmundi að einhverju leyti, því hann hafi lagt fram fjárframlög til þeirra sem hafi verið langt umfram það sem kalla megi eðlilegan fjárstuðning. Þrjár kvennanna kváðust hafa haft væntingar um frekara samband í framtíðinni með Guðmundi. **- jss**

## TÖLVUPÓSTAR OG SMÁSKILABOÐ

**Áætlun Guðs**
„Velkominn í Byrgið. Þú ert um það bil að ganga inn í áætlun sem gæti breytt lífi þínu, sem mun breyta lífi þínu. Ef þú vilt. Áætlun sem er sú besta sem til er: Áætlun Guðs með líf þitt.“
*Úr kynningarbæklingi Byrgisins.*

**Minn Master**
„Þetta er viljayfirlýsing á að ég vil Sub&sex, ég er Sub/undirgefin og staðfesti það með undirskrif minni/Sub nafni. Þetta bréf er staðfesting að ástarleik/leiki, við… …Svo sem: Ég heiti að veita handhafa þessa bréfs, mínum Master enda er hann sá eini sem veitir mér fullnægju kynferðislega…“
*Eyðublað sent úr tölvu Guðmundar til skjólstæðings.*

**Varir mínar leiða þínar**
„Þú vilt mig ekki, ég skil þig ekki, en samt, leyfirðu mér ekki að gleyma þér. Af hverju? Varir mínar leiða þínar og þínar mínar, mig langar að taka þig, óviðbúna...“
*Úr tölvupósti Guðmundar til skjólstæðings.*

**Hefta þig, slá þig...**
„Ósvalanlegur þorsti að fá að binda þig, hefta þig, slá þig...“
*Úr tölvupósti Guðmundar til skjólstæðings.*

**Mitt allra besta kynlíf**
„…En má mér ekki langa til að elskast með thér,? thad er mitt allra besta kynlíf sem ég hef upplifad ad fá ad taka thig og elskast med thér.“
*Smáskilaboð úr farsíma Guðmundar til skjólstæðings.*

**Bindingar lagðar á hilluna**
„...og ég legg konur og bindingar á hilluna thær hafa ekki allt mitt lif reynst mér vel og alls ekki vinir.“
*Smáskilaboð úr síma Guðmundar til skjólstæðings sem hafði kært hann.*






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HVÍTASUNNUHELGIN**
Núna með morgninum er úrkomusvæði á leið norður yfir landið og því víða vætusamt. Eftir hádegi styttir að mestu upp syðra og í kvöld nyrðra. Hins vegar gengur nýtt úrkomusvæði inn á landið seint í kvöld og víða verður vætusamt á morgun. Það lítur svo út fyrir þurrk á mánudaginn.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Billund | 23° |
| Ósló | 25° |
| Stokkhólmur | 23° |
| Gautaborg | 21° |
| London | 24° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Berlín | 24° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 24° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 26° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 17° |
| Orlando | 33° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Buongiorno!

## Ítalskir dagar

### KJÚKLINGABRINGUR MEÐ PARMASKINKU OG MOZZARELLAOSTI

4 stk. skinnlausar bringur
4 sn. parmaskinka
1 kúla mozzarellaostur skorinn í 4 sneiðar
maldon salt og pipar
2 stk. egg
hveiti
ljóst brauðrasp
1 stk. sítróna skorin í 4 báta
ólífuolía
50 g smjör

Skerið vasa í bringurnar eftir endilöngu; 1 cm op á yfirborðinu en færið hnífinn vel til þ.a. vasinn verði víðari inni í bringunum. Vefjið einni sneið af skinku utan um ostbita og fyllið bringurnar. Veltið bringunum að því loknu upp úr hveiti, síðan pískuðum eggjum og að síðustu raspi. Bræðið smjör á pönnu ásamt ólífuolíu og brúnið kjúklingabringurnar við meðalhita þar til þær eru gylltar og fallegar. Kryddið með salti og pipar og setjið í 180°C heitan ofn í um 12 mín. Kreistið sítrónusafa yfir þegar bringurnar eru tilbúnar og komnar á diska.



30% afsláttur við kassa

2.096 kr/kg
Merkt verð 2.995.-

**Kjúklingabringur**
ferskar

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

40% afsláttur



**Sikileyskur**
kálfapottréttur



**Ítalskar kjötbollur**
í tómat-rjómaostasósu



**Napolí lambainnralæri**
m/myntu, hvítlauk og sítrónu



**Nautafile**
ferskt úr kjötborði



10% afsláttur við kassa



30% afsláttur við kassa



30% afsláttur við kassa

**Copaim**
- grillað grænmeti

**Ekta ítalskt eðal pestó**
- beint frá Ítalíu

**Ítalskt eðal kaffi**
- beint frá Ítalíu







**Copaim ferskt pasta**
- eðal pasta fyrir sælkera

**Ítalíu extra virgin hvítlauksolía**
– frábær á pizzuna og salatið

**Ítalía risotto**
– tómata og basil, osta og trufflusveppa risotto

OPIÐ til 20 alla daga

Tilboðin gilda til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt/ur við ráðningu Jakobs Frímanns Magnússonar sem verkefnisstjóra hjá Reykjavíkurborg?*

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

ÆTLARÐU Á VÖLLINN Í SUMAR?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Nýtt eftirlitskerfi um siglingar og flutninga hættulegra efna tekið í notkun:

# Stórbætir siglingaöryggi

**ÖRYGGISMÁL** Kristján Möller samgönguráðherra tók nýtt tilkynningakerfi Landhelgisgæslunnar í notkun á fimmtudag. Kerfið veldur byltingu í upplýsingagjöf varðandi siglingar skipa og flutninga með hættuleg efni í farmi. Siglingastofnun og Vaktstöð siglinga hafa undanfarin tvö ár unnið að gerð kerfisins og er þetta verkefni í samræmi við tilskipun Evrópuráðsins og lög og reglugerð um Vaktstöð siglinga.

Öll ríki Evrópusambandsins, sem liggja að sjó eða reka kaupskip undir eigin fána, auk Íslands og Noregs, vinna að eða hafa komið sér upp slíku kerfi. Kerfi allra landanna eru tengd miðlægum tilvísunargrunni þar sem hægt er að sækja upplýsingar um farm og ferðir skipa milli landa. Kerfið hefur verið nefnt Safe Sea Net. Þá stendur yfir endurnýjun alls fjarskiptakerfis Vaktstöðvar siglinga, sem ljúka á í ágúst, og með þessum nýju kerfum er vaktstöðin vel í stakk búin til að sinna eftirlitshlutverki sínu með siglingum í lögsögunni, auk þess sem búnaðurinn nýtist við björgunarstörf á sjó.



**TILKYNNINGAKERFI** Kristján Möller bíður eftir að senda fyrsta skeytið. Forstöðumenn Landhelgisgæslunnar fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samgönguráðherra tók nýja eftirlitskerfið í notkun með því að senda fyrsta íslenska skeytið sem barst til allra hafna í Evrópu. Í ávarpi lagði hann áherslu á að með tilkomu tilkynningakerfisins væri mikilvægt öryggistæki komið í vopnabúr Landhelgisgæslunnar og búnaðurinn gagnist vel við björgunarstörf á sjó. **- shá**

Vetur konungur ekki farinn:

# Ófærð og hálka láta á sér kræla

**SAMGÖNGUR** Fjöldi ökumanna varð fyrir óhappi vegna hálku og ófærðar í gær og langt fram á kvöld.

Aðstoða þurfti fólk í gær á Steingrímsfjarðarheiði sem sat þar fast vegna ófærðar. Töluvert fannfergi er á heiðinni.

Í Öxnadal varð útafakstur vegna hálku, en engin meiðsl urðu á fólki. Snjóað hefur víða á fjallvegi á Norðurlandi. Þá bárust fregnir af því að þrír bílar hefðu farið út af fyrir utan Akureyri á tíunda tímanum í gærkvöld.

Upplýsingar um hvort slys urðu á fólki lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun. **- kóp**

TILBOÐSDAGAR
fimmtudag til sunnudags
SUMARJAKKAR
20 - 30 % afsláttur
POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is







Markaðurinn alla daga vísir

# Segir Ólaf vera með svik skrifuð á ennið

**Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins segir Ólaf F. Magnússon vera lyginn óheilindamann. Aðstoðarkona borgarstjóra segir að ekki skuli draga heiðarleika Ólafs í efa í þessum efnum eða öðrum.**

**STJÓRNMÁL** „Að tala um heiðarleika og heilindi með lygaþvæluna og svikin frá sjálfum sér skrifuð á ennið er móðgun við alla þá sem ennþá fylgjast með þessum farsa,“ segir í yfirlýsingu Óskars Bergssonar, borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.

Tilefni yfirlýsingarinnar er yfirlýsing sem aðstoðarmaður borgarstjóra, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, sendi frá sér í gær vegna umræðu um ráðningu Jakobs Frímanns Magnússonar sem framkvæmdastjóra miðborgarmála.

„Heiðarleika borgarstjóra í þessum efnum sem og öðrum skal ekki draga í efa og er óskað eindregið eftir að nú fáist vinnufriður svo hægt sé að sinna mikilvægum málefnum sem bíða úrlausna,“ segir í yfirlýsingu Ólafar.

Óskar segir yfirlýsingu Ólafar vera ákall um miskunn. Sérstakt sé að leggja jafn ríka áherslu á heiðarleika einstaklinga eins og borgarstjóri og aðstoðarmaður hans geri.

„Að því tilefni er rétt að rifja upp að Ólafur F. Magnússon hefur sennilega sýnt af sér mestu óheilindi sem nokkur stjórnmálamaður hefur gert svo mér rekur minni til. Á kosninganótt vorið 2006 tók hann upp viðræður við Framsóknarflokk, Samfylkingu og VG um myndun meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Í þeim viðræðum óskaði hann eftir því að taka hádegismat og úr því matarhléi kom hann ekki aftur. Hann endurtók síðan leikinn þegar hann myndaði meirihlutann við Sjálfstæðisflokkinn í janúar síðastliðnum og laug að samherjum sínum allt fram að því að hann birtist í fjölmiðlum með málefnasamning við Sjálfstæðisflokkinn upp á vasann,“ segir í yfirlýsingu Óskars.

Aðspurð hvort hún taki undir yfirlýsingu Óskars Bergssonar segir Svandís Svavarsdóttir, oddviti VG í borgarstjórn, það áður hafa komið fram að Ólafur F. Magnússon hafi logið að þeim heilan dag í aðdraganda myndunar núverandi meirihluta.

„Óskar er að draga fram hversu hlægilegt það er að tala um heilindi og heiðarleika og hafa samt þennan feril í samskiptum við aðra stjórnmálamenn,“ segir Svandís. **gar@frettabladid.is**



**MINNIHLUTINN** Fyrrverandi samherjar sækja nú hart að borgarstjóranum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### KOM EKKI AÐ RÁÐNINGU JAKOBS

Borgarstjóra og skrifstofustjóra hans ber ekki saman um aðkomu skrifstofustjórans að ráðningu framkvæmdastjóra miðborgarmála.

Regína Ásvaldsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjóra, segist hafa ráðlagt Ólafi F. Magnússyni borgarstjóra að auglýsa starf miðborgarstjóra. Í ræðu í borgarstjórn á þriðjudag sagði Ólafur hins vegar það hafa verið sérstaka ábendingu skrifstofustjórans að í tilviki Jakobs væri um skammtímaráðningu að ræða og því þyrfti ekki að auglýsa starfið.

„Hann var hafður með í ráðum frá fyrstu stundu í þessu máli og hefur raunar líka komið að ráðningu verkefnisstjóra inn á skrifstofuna, þar sem ég kom nú minnst að því máli frá upphafi til enda, en treysti ég mínum skrifstofustjóra og sú staða var ekki auglýst,“ sagði Ólafur í borgarstjórn um aðkomu skrifstofustjórans að ráðningu Jakobs Frímanns Magnússonar.

„Þar sem borgarstjóri kaus fremur að fá inn aðila með skömmum fyrirvara, vegna brýnna verkefna í miðborginni, þá staðfesti ég að það væri heimild fyrir því að ráða í störf sem væru eitt ár eða skemur,“ segir Regína í sinni yfirlýsingu og bætir því við að hún hafi ekki komið að ráðningarsamningi Jakobs.

Ekki fékkst samtal við borgarstjóra í gær en í yfirlýsingu sem aðstoðarkona hans, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, sendi frá sér áður en yfirlýsing skrifstofustjórans lá fyrir, segir að full eining hafi verið á skrifstofu borgarstjóra um að ráða í stöðu framkvæmdastjóra miðborgarmála með þeim hætti sem gert var.

Leitað var til annarra áður en Jakob Frímann var ráðinn til starfa:

# Segir af sér nefndarformennsku

**BORGARMÁL** „Ég reikna með því að segja af mér formennsku í hverfisráði og varaformennsku í menningar- og ferðamálanefnd en ég sit náttúrlega í fjölda annarra nefnda sem koma Reykjavíkurborg ekkert við,“ segir Jakob Frímann Magnússon, nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarinnar.

„En hvort ég sitji í nefndunum áfram eða sitji þar sem áheyrnarfulltrúi það á eftir að skýrast. Það er stjórnsýsla Reykjavíkurborgar sem tekur afstöðu til þess en ég hef sjálfur ákveðið að létta af mér þeirri ábyrgð sem fylgir formennskunni og varaformennskunni.“

Hann segir að leitað hafi til annarra áður en hann var ráðinn til starfa. „Fyrst var leitað til fyrrverandi miðborgarstjóra. Svo var leitað til annarra áður en komið var til mín,“ segir Jakob. „Ég afþakkaði í fyrstu vegna anna á öðrum vettvangi og þá var leitað til enn annarra. Það gekk ekki og þá var aftur leitað til mín og ég ákvað að reyna að losa mig úr öðrum verkefnum og taka þessari miklu áskorun. Þannig að tal um að starfið sé sniðið að mér er einfaldlega út í hött.“



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Hann á fyrirtækið Bankastræti sem sinnir útgáfu, auglýsinga- og kynningarverkefnum. Hann segist nú þurfa að hverfa frá verkefnum á þeim vettvangi.

Spurður hvað hann muni fá mikið í ökutækjastyrk segir hann: „Ég held að hann sé eitthvað um 15 þúsund, annars hef ég ekki verið að rýna svo mikið í öll atriði samningsins.“ **- jse**

mpm.is

# MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

SÆKTU UM FYRIR 20. MAÍ

# MEISTARANÁM Í VERKEFNASTJÓRNUN

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar á sviðinu.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.



**MEÐAL NÁMSEFNIS**

- **Stefnumótun og sóknaráætlun**
- **Verkefnaleiðtoginn:** Sjálfsskilningur, þroski og þróun
- **Raunhæft verkefni:** Undirbúningur, framkvæmd og lúkning
- **Verkefnaleiðtoginn:** Siðfræði verkefnastjórnunar
- **Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum**
- **Samningar í verkefnum:** Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun
- **Arðsemi og fjármögnun verkefna**
- **Verkefnateymi og aflfræði hópa**

**ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI**

- B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fíton/SÍA FI025898

MP
FJÁRFESTINGARBANKI

Hver er þín ávöxtun?




EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér

www.mp.is Sími 540 3200


Tveir Litháar fengu fimm ára fangelsisdóm fyrir hrottalega nauðgun:

# Nauðgun og árás í húsasundi

**DÓMSMÁL** Arunas Bartkus og Rolandas Jancevicius voru í Hæstarétti á fimmtudag dæmdir í fimm ára fangelsi fyrir hrottalega nauðgun aðfaranótt 10. nóvember í fyrra. Mennirnir réðust á konu með ofbeldi í húsasundi áður en þeir nauðguðu henni á hrottalegan hátt. Þeir voru dæmdir til að greiða konunni 1,2 milljónir króna, sem er um helmingi lægri upphæð en dómur héraðsdóms sagði til um.

Konan hafði hitt Arunas og Rolandas á veitingastað fyrr um kvöldið og bauð þeim að koma með sér að hitta vini sína.

Skömmu síðar réðust mennirnir tveir á konuna, felldu hana í götuna og nauðguðu á hrottalegan hátt. Þeir tróðu meðal annars fingrum sínum í leggöng og „hlógu á meðan“ eins og orðrétt segir í dómnum. Samkvæmt lýsingum í dómi héraðsdóms frá því 25. janúar síðastliðinn var konan „skelfingu lostin“ og baðst ítrekað vægðar.

Eftir að mennirnir höfðu lokið sér af fór konan frá vettvangi heim til sonar síns, þaðan sem hún fór á neyðarmóttökuna.

Mennirnir voru handteknir 12. nóvember og hafa verið í gæsluvarðhaldi síðan. Líklegt er að mennirnir muni sitja af sér í heimalandi sínu á grundvelli samkomulags sem dómsmálaráðherrar Íslands og Litháens hafa gert fyrir yfirvalda. - mh



**HÆSTIRÉTTUR** Hæstiréttur staðfesti lengd refsingarinnar en lækkaði bótagreiðslur frá dómi héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stöðugleiki kæmist á með upptöku evru

**Aðalhagfræðingur Seðlabankans segir í þýsku blaðaviðtali að það sé mjög vandasamt verkefni að reyna að halda úti trúverðugri, verðbólgumiðaðri peningamálastefnu í landi sem býr við gjaldmiðil sem er jafn óstöðugur og íslenska krónan.**

**EFNAHAGSMÁL** Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir í viðtali sem birt var í gær á fréttavef þýska dagblaðsins Frankfurter Allgemeine Zeitung að upptaka evru myndi vera til þess fallin að koma á stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Það væri hins vegar ekki hægt nema með aðild að Evrópusambandinu og innganga í það væri pólitískt ógerleg eins og sakir stæðu.

„Við erum í mjög hættulegum aðstæðum. Aðalvandi okkar er að ná stöðugleika í gengi gjaldmiðilsins, og til þess þurfum við að skapa traust á íslensku krónunni,“ segir Arnór, spurður út í ástæður gengishruns krónunnar og tveggja stafa verðbólgu.

Spurður hvort svona lítið land þurfi yfirleitt á sjálfstæðum gjaldmiðli að halda svarar Arnór því til, að vissulega sé Ísland ekki hagkvæmt myntsvæði. „Það kostar okkur talsvert að halda gjaldmiðlinum í jafnvægi. Gengið er mjög óstöðugt, sem gerir það líka að verkum að neyslan sveiflast mjög eftir verði. Gjaldmiðillinn er frekar uppspretta óstöðugleika, heldur en að hann geti dregið úr utanaðkomandi sveiflum,“ segir hann.

Arnór segir að jafnvel megi vænta þess að verðbólga á árinu verði 13-14 prósent, aðallega vegna áhrifa veikingar krónunnar á verð innfluttrar vöru. Áhrif gengisskráningar á verðþróun sé tuttugu sinnum meiri hérlendis en til að mynda í Bandaríkjunum.

Spurður hvort fjármálageirinn sé orðinn of stór fyrir Ísland svarar Arnór að hann væri „mun rólegri ef okkar fjármálageira svipaði meira til þess sem er í Lúxemborg.“ Beðinn að útskýra þetta nánar segir hann að í Lúxemborg sé fjármálageirinn að vísu mjög stór sem hlutfall af landsframleiðslu, en að verulegum hluta sé hann dótturfyrirtæki stórra alþjóðlegra banka. „Við erum með stóra innlenda banka, sem stunda viðskipti sín að stærstum hluta í útlöndum. Bankarnir okkar hafa þannig engan þrautalánveitanda í þeim gjaldmiðlum sem þeir stunda sín viðskipti,“ segir hann. Seðlabanki Íslands eigi erfitt með að gegna því hlutverki þar sem þrautalán hans í íslenskum krónum gagnist bönkunum lítið.

Arnór gerir í viðtalinu enn fremur lítið úr hættunni sem íslensku efnahagslífi stafi í raun af vogunarsjóðum. Þeir séu einfaldlega hluti af þeim veruleika sem allir þurfi að lifa við á hinum alþjóðlega opna fjármálamarkaði.

Hann lýkur viðtalinu á að taka fram að styrkur Íslands sé mjög sveigjanlegt efnahagslíf sem geti lagað sig mjög hratt að nýjum aðstæðum. audunn@frettabladid.is







**EVRUR** Sveigjanlegt efnahagslíf sem lagar sig hratt að nýjum aðstæðum er styrkur Íslands, að mati Arnórs Sighvatssonar aðalhagfræðings Seðlabankans.


KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 10. maí

11:00 Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Sýning á myndverkum nemenda í tilefni af afmæli skólans. Leiðsögn kl. 14:00. Lokadagur sýningarinnar.

14:00 Kópavogsvöllur
Fótbolti – Fyrstu leikir sumarsins
Kópavogsvöllur HK-FH og Akranesvöllur ÍA-Breiðablik. Áfram Kópavogur!



Sunnudagurinn 11. maí

Afmælisdagur Kópavogs!

15:00 Sundlaug Kópavogs
OPNUNARHÁTÍÐ
Formleg opnun eftir endurbætur
Á 53 ára afmæli Kópavogskaupstaðar verður ný og endurbætt Sundlaug Kópavogs blessuð og opnuð almenningi til skoðunar.
Ókeypis í Sundlaug Kópavogs 12. maí

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.
Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.
Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!


Hersýning í Moskvu hápunktur árlegrar sigurhátíðar:

# Kjarnorkueldflaugar sýndar á ný

**RÚSSLAND, AP** Langdrægar eldflaugar, skriðdrekar og önnur þung hergögn voru í gær áberandi í hersýningu á Rauða torginu í Moskvu á árlegri sigurhátíð, þar sem sigursins yfir Þýskalandi nasismans er minnst. Slík þungavopn hafa ekki verið með í sýningunni frá því á dögum Sovétríkjanna sálugu, en að tekið skuli upp á því á ný þykir merki um vaxandi hernaðarlegt sjálfstraust Rússa.

Útgjöld Rússa til hermála hafa fjórfaldast á síðustu árum, í takt við auknar tekjur ríkissjóðs með hækkandi útflutningsverðmæti jarðgass og olíu.

Þótt umfang hersýningarinnar hafi verið mun minna en tíðkaðist á árum Sovétstjórnarinnar hefur endurvakning þessarar hefðar vakið áhyggjur um að hún endurspegli endurvakta stórveldisdrauma Rússa, sem kunni að bitna á grannþjóðum þeirra. En Dmítrí Medvedev, sem tók við af Vladimír Pútín sem forseti í vikunni, tók skýrt fram í ávarpi við upphaf hersýningarinnar að „sannur tilgangur vopna og hergagna sé að sjá fósturjörðinni fyrir áreiðanlegum vörnum.“

Rússlandsþing staðfesti skipun Pútíns í embætti forsætisráðherra á fimmtudag, en að skipa hann í það var fyrsta embættisverk Medvedevs. Þeir fylgdust því saman með hersýningunni af vegg Kremlar. - aa



**PÚTÍN OG MEDVEDEV** Fylgjast með hersýningu á árlegri sigurhátíð á Rauða torginu í Moskvu.


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið




## Við tökum upp hanskann, stígum grænu skrefin og hreinsum ærlega til fyrir sumarið 1,2 og Reykjavík !

**Hreinsum lóðirnar, garðana, portin og göturnar!**

Líf og fjör á Laugaveginum og næsta nágrenni allan laugardaginn. Tónlist, götuleikhús og stemning. *Borgarstjóri tekur lagið. Spikk & Span dúettinn flytur nýja Hreingerningasvítu á skrúbba og skúringarfötur.*

**Svali köttur og Íbúasamtök miðborgar blása til sameiginlegrar grillveislu í Hljómskálagarðinum kl. 18:00.**

*Forsöngvari Hrauns, Svavar Knútur flytur nokkur lög.*

**Gámar verða staðsettir á eftirtöldum stöðum frá og með fimmtudagsmorgni 8.maí:**

- *Túngötu - bílastæði*
- *Óðinstorgi*
- *Austurbæjarskóla*
- *Lindargötu við Tónlistarskóla*
- *N1 Bensínstöð við Hringbraut*



*Ruslapokar, tínur og verkfæri afhent í Hverfisstöð við Njarðargötu (gegnt Decode) kl. 16-18 fimmtudag og föstudag og á ofangreindum stöðum kl. 9-11 laugardag. Gámar verða fjarlægðir og tæmdir jafnóðum. Ruslapokar verða fjarlægðir af gangstéttum allra gatna miðborgarinnar frá kl. 12-16 laugardaginn 10. maí.*

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is**

Íbúasamtök miðborgar - Reykjavíkurborg - Svali köttur




Tugir fyrirspurna frá einhleypum konum hafa árlega borist læknum Art Medica:

# Hefur verið erfitt að vísa þeim frá

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðmundur Arason, kvensjúkdómalæknir hjá Art Medica, segir breytingar á lögum sem heimila einhleypum konum að gangast undir tæknifrjóvgun fagnaðarefni. Væntanlegt er frumvarp Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra sem þegar hefur verið lagt fyrir ríkisstjórn.

Guðmundur segir að árlega hafi tugir einhleypra kvenna leitað til Art Medica sem hafi viljað gangast undir tæknifrjóvgun. Erfitt hafi verið að vísa þeim konum frá á grundvelli þess að lög heimiluðu ekki einhleypum konum að gangast undir slíka aðgerð. „Þetta hefur verið sérstaklega erfitt þegar konur eru orðnar um það bil 35 ára og þaðan af eldri og því þótt skammur tími til stefnu,“ segir hann.

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, segist telja að mikil eining ríki um málið innan þingflokkana og hún eigi von á að frumvarpið verði afgreitt innan skamms. Hún bendir einnig á að eftir að þetta mál hefur verið leiðrétt sé nauðsynlegt að vekja upp umræðu um staðgöngumæðrun en slíkt getur verið konum, sem misst hafa legið, nauðsynlegt úrræði vilji þær eignast börn. - kdk


ÁSTA MÖLLER


GUÐMUNDUR ARASON

# Fleiri ungir borða grænmeti og ávexti

**Neysla framhaldsskólanema á grænmeti og ávexti hefur aukist verulega síðustu árin, en samt borðar um þriðjungur sætt kex og helmingur stráka drekkur sykurgos á hverjum degi. Fimmti hver framhaldsskólanemi stundar ekki íþróttir.**

**FRAMHALDSSKÓLAR** Yfir helmingur stelpna í framhaldsskólum segist neyta grænmetis daglega eða oft á dag, og það sama á við um ávexti. Hins vegar neytir tæplega helmingur stráka grænmetis og ávaxta daglega.

Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknarinnar „Ungt fólk 2007 – framhaldsskólanemar“ sem nýlega var kynnt. Rannsóknin snerti líðan og framtíðarsýn íslenskra framhaldsskólanema og var lögð fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum landsins haustið 2007.

Í niðurstöðunum kom fram að þriðjungur stelpna borðar sælgæti eða sætt kex daglega eða oft á dag, og fimmtungur drekkur sykraða gosdrykki daglega eða oft á dag. Þriðjungur stráka borðar sælgæti eða sætt kex daglega og tæplega helmingur stráka drekkur sykurgos svo oft. Fimmtungur stelpna og stráka stunda nær aldrei íþróttir eða líkamsrækt og jafn stór hluti fer í partý í hverri viku. Stelpurnar ná meiri nætursvefni en strákarnir. Þær sofa í sjö til átta klukkustundir á nóttu en strákarnir í sex klukkustundir eða skemur.

Fimmti hver framhaldsskólanemi fer vikulega eða oftar í partí. Stelpur fara gjarnan á kaffihús en verulega hefur dregið úr bíóferðum. Strákarnir fara hins vegar frekar í bíó en stelpurnar og þeir vilja frekar fara í bíó en á kaffihús.

Framhaldsskólanemendum sem fara reglulega í leikhús, á söfn og klassíska tónleika hefur fækkað. Tónlistarnám hefur hinsvegar aukist hjá báðum kynjum. Strákarnir eru líklegri en stelpurnar til að spila í hljómsveit með vinum sínum. Fáar stelpur stunda skátastarf, unglíðastarf björgunarsveita eða ungmennastarf Rauða krossins, en tíundi hver strákur utan höfuðborgarsvæðisins tekur þátt í unglíðastarfi björgunarsveita.

Þátttaka nemenda í félagslífi í skólanum hefur haldist jöfn, þriðjungur til fjórðungur stráka og stelpna tekur þar mikinn þátt.

Álfgeir Logi Kristjánsson, aðjunkt við Háskólann í Reykjavík, segir að niðurstöðurnar séu jákvæðar. „Ungt fólk á Íslandi er vel statt,“ segir hann. „Við sjáum hækkandi hlutfall varðandi tengsl við foreldra og fjölskyldu og meiri líkamlega hreyfingu. Heilt yfir sýna niðurstöðurnar flotta mynd af ungu fólki á Íslandi.“ ghs@frettabladid.is


**VEL STATT** „Ungt fólk á Íslandi er vel statt,“ segir Álfgeir Logi Kristjánsson, aðjunkt við Háskólann í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**NIÐURSTÖÐUR**

Þriðjungur stelpna ver 2 tímum eða meiru á dag í heimanám en aðeins 16 prósent stráka.

Sextíu prósent stráka verja hálftíma eða minni tíma á dag til heimanáms en aðeins þriðjungur stelpna.

Um helmingur stelpna og stráka myndu læra meira ef þau fengju að ráða meiru um námið.

Tíundi hver nemandi telur lesblindu hafa mikil áhrif á námsframmistöðu sína.

Tveir þriðju stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega helmingur stráka og tæplega 63 prósent stelpna utan höfuðborgarsvæðisins telja líklegt að þau fari í háskóla á Íslandi strax að loknum framhaldsskóla.

Tveir þriðju stelpna og tæplega helmingur stráka vinnur með námi.

Þrír fjórðu stelpna og rúmlega helmingur strákar tala oft við fjölskyldu sína.

Heimild: „Ungt fólk 2007 – framhaldsskólanemar“.

Hizbollah afhenti stjórnarhernum yfirráð í Beirút eftir þriggja daga hörð átök:

# Hizbollah sýnir mátt sinn

**LÍBANON, AP** Að minnsta kosti ellefu manns létust og yfir tuttugu særðust í átökum í Beirút undanfarna daga milli liðsmanna Hizbollah, sem eru sjía-múslimar, og súnnímúslima sem Bandaríkjamenn hafa stutt.

Liðsmenn Hizbollah höfðu á fimmtudag náð flestum hverfum súnnía í Beirút á sitt vald. Í gær mátti hins vegar sjá hermenn úr her landsins fara inn í þau hverfi, sem Hizbollah hafði náð á vald sitt, og stilla sér þar upp í varðstöðu.

Markmiðið hafði greinilega verið að sýna fram á styrk samtakanna fyrir næstu samningaviðræður um pólitíska framtíð landsins.

Meðal annars höfðu um eitt hundrað Hizbollah-liðar gengið vopnaðir í gær niður Hamrastræti, sem er vinsæl verslunargata í hverfi súnnía. Hizbollah-mennirnir stilltu sér upp á götuhornum og gangstéttum og stöðvuðu þær fáu bifreiðar sem hættu sér inn á götuna.

Herinn hefur ekki skipt sér af átökum súnnía og sjía og lét yfirtöku Hizbollah á hverfunum afskiptalausa. Meðal annars stóð herinn hjá þegar liðsmenn Hizbollah brenndu byggingu helsta dagblaðs andstæðinga sinna í borginni.

Átökin síðustu daga vekja upp minningar um borgarastríðið í Líbanon árin 1975-90, sem kostaði 150 þúsund manns lífið. - gb


**HERMENN STANDA VÖRÐ** Stjórnarher Líbanons fékk hvert hverfi súnnía á fætur öðru afhent á ný átakalaust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Veirufaraldur í Kína:

# Á fjórða tug barna dáin

**KÍNA, AP** Veirufaraldur í Kína hefur nú orðið 34 börnum að fjörtjóni svo vitað sé, að tveimur meðtöldum sem tilkynnt var um í gær. Þúsundir til viðbótar eru sýkt.

Bandarísk stjórnvöld hafa nú boðist til að leggja fram aðstoð í baráttunni gegn útbreiðslu sýkingarinnar, sem er talin vera stökkbreytt afbrigði af hand-, fót- og munnsjúkdómi. Mike Leavitt, heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna, mun ræða málið við kínverska ráðamenn í Peking í næstu viku, en heimsókn hans hafði verið skipulögð áður en veirufaraldurinn kom upp. - aa

Hæstiréttur setur sækjanda og verjendum í Baugsmálinu þröng tímamörk við málflutning um miðjan maí:

# Málið flutt á þrettán klukkustundum

**BAUGSMÁL** Hæstiréttur hefur ákveðið að takmarka ræðutíma sækjanda og verjenda í Baugsmálinu við samtals þrettán klukkustundir, deilt niður á tvo daga.

Málið verður flutt 14. og 15. maí, og er búist við að dómur falli fyrir miðjan júní. Báðir aðilar áttu upphaflega að fá sex klukkustundir fyrir málflutning, en sækjandi óskaði eftir einni klukkustund til viðbótar. Málflutningur í héraðsdómi tók samtals fjóra daga.

„Mér finnst þetta eðlilegt,“ segir Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Fyrir liggi skriflegar greinargerðir og héraðsdómur. „Ég held að lengri málflutningur en þetta hafi engan tilgang,“ segir Gestur.



GESTUR JÓNSSON

„Við lögum okkur að aðstæðunum,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu. Hann segir að þetta muni leiða til þess að ræðurnar verði óáheyrilegri, og meira vísað í gögn í stað þess að lýsa því sem þar komi fram.

Sakborningar í málinu eru þrír; Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger. Jón Ásgeir og Jón Gerald fengu þriggja mánaða skilorðsbundna dóma í héraði fyrir bókhaldsbrot. Tryggvi fékk samtals tólf mánaða skilorðsbundinn dóm fyrir fjárdrátt og bókhaldsbrot. Jón Ásgeir og Tryggvi voru sýknaðir í fjölmörgum öðrum ákæruliðum. - bj

## HLAKKAR TIL AÐ KYNNAST BÖRNUNUM SÍNUM AFTUR

Hlutverki **Sigurðar Tómasar Magnússonar** sem setts ríkissaksóknara í Baugsmálinu lýkur eftir að dómur fellur í Hæstarétti. Hann hefur meðfram því starfi sinnt kennslu í Háskólanum í Reykjavík, og reiknar nú með að snúa sér alfarið að kennslunni.



„Dagarnir hafa oft verið ansi langir,“ segir Sigurður Tómas. Hann ætlar að eyða meiri tíma með fjölskyldunni nú þegar þessu gríðarlega umfangsmikla dómsmáli er að ljúka. „Ég hlakka til að fá að kynnast börnunum aftur,“ segir hann kíminn.



**ÚTSKIPUN** Verðmæti útflutts sjávarfangs minnkar stöðugt í hlutfalli við útflutt ál. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útfluttar vörur árið 2008:

# Verðmæti sjávarfangs minna

**SJÁVARÚTVEGUR Sjávarafurðir voru 41 prósent alls útflutnings fyrstu þrjá mánuði þessa árs og var verðmæti þeirra 15,4 prósentum minna en á sama tíma árið áður. Útfluttar sjávarafurðir námu 32,4 milljörðum króna fyrstu þrjá mánuði ársins en voru fyrir sama tímabil í fyrra um 35 milljarðar.**

**Útfluttar iðnaðarvörur voru nær helmingur alls útflutnings og var verðmæti þeirra 11,7 prósentu m meira en árið áður. Verðmæti áls fór úr tæpum 23 milljörðum króna fyrstu þrjá mánuði í fyrra í rúma 27 milljarða í ár.** - shá

Atvinnuflugmenn:

# Fá 3,3 prósenta launahækkun

**KJARAMÁL** Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur gert kjarasamning við Icelandair og gildir hann út janúar 2009. Samkvæmt samningnum fá flugmenn Icelandair 3,3 prósenta launahækkun. Til viðbótar eru ýmis atriði sem skila mismunandi miklu, meðal annars eftir áætlunar- og leiguflugi.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður atvinnuflugmanna, segir að flugmenn líti á samninginn sem sáttasamning til að komast að samningsborðinu aftur eftir næstu áramót. „Í okkar huga er þetta biðleikur, við erum að fresta samningaviðræðum fram á næsta ár,“ segir hann. - ghs

## SELFOSS

### Vegvísir í gegnum framrúðu

Ökumaður keyrði á vegvísi á Gaulverjabæjarvegi austan við Selfoss um um hádegisbil í gær. Vegvísirinn fór í gegnum framrúðu og rakst í höfuð farþega en hann slapp með lítils háttar meiðsl. Ökumaðurinn er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

## BANDARÍKIN

### Átján barna móðir

Bandarísk kona, sem eignast hefur 17 börn, er nú þunguð á ný og á von á átjánda barninu um næstu áramót. Michelle Dugar, heitir hún, býr í Tontitown í Arkansas og er 41 árs. Elsta barnið er nú tvítugt en það yngsta níu mánaða.






Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.


## Vangaveltur um hver verði fyrsti forseti leiðtogaráðs ESB:

# Fogh sigurstranglegur

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Vísbendingum fer fjölgandi um að danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen þyki sigurstranglegur keppinautur um að verða fyrsti forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins. Það embætti verður til eftir gildistöku Lissabon-sáttmálans, sem vonir standa til að gerist í byrjun næsta árs.

Meðal fjölmiðla sem nýlega hafa sagt Fogh líklegastan eru BBC og Lundúnablaðið The Times. Þrepi neðar en Fogh eru sagðir vera Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, og Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar.


ANDERS FOGH RASMUSSEN

Hins vegar kemur fram í franska blaðsinu Le Figaro að ólíklegt sé að Fogh verði fyrir valinu þar sem hann hafi gefið Frökkum, sem fara munu með formennsku í ESB síðari helming þessa árs, til kynna að hann hafi meiri áhuga á framkvæmdastjórastöðu NATO. Juncker er talinn eiga stuðning Frakka og Þjóðverja vísan en Bretar og fleiri aðildarríki styðja hann ekki. - aa

## HREINT EIGIÐ FÉ ÍSLENSKU BANKANNA




**ÞRÓUNIN Á ÁRATUG** Bankarnir eiga nægt eigið fé til að mæta niðursveiflu í efnahagslífinu, þökk sé útrásinni, bendir forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings á. Aukið umfang kallar hins vegar á meira bakland í fjármálakerfinu.

# Hafa ekki stjórn á væntingunum

**Samdráttur varir fram á mitt næsta ár. Brött lækkun stýrivaxta hefst í nóvember. Gengi krónu ræður mestu um verðbólgu hér, ekki stýrivaxtastigið.**

**VIÐSKIPTI** „Vandamál Seðlabankans er að hann hefur ekki stjórn á verðbólguvæntingunum,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings. Hann segir bankann þó um leið haldinn of mikilli sjálfsásökun hvað þetta varðar, en þar skipti mestu áhrif af gengi krónunnar sem sé ráðandi um þróun einkaneyslu og verðbólgu. „Og genginu er ekki hægt að stýra í alþjóðlegu fjármálaumhverfi.“

Ásgeir kynnti í gær nýja hagspá Greiningardeildarinnar, þar sem horfur eru taldar heldur betri en í sýn Seðlabankans á þróun hagstærða. Munar þar mestu um að Kaupþing telur að nokkurs konar þjóðarsátt náist í haust, þannig að verðbólgunni verði ekki mætt með beinum launahækkunum meðan Seðlabankinn reiknar með launahækkunum sem ýti undir aukna verðbólgu. Gert er ráð fyrir samdrætti í hagkerfinu fram á mitt næsta ár, með samdrætti einkaneyslu upp á 2,5 prósent á þessu ári og 7,5 prósent á því næsta, sem yrði mesti samdráttur í einkaneyslu frá 1975.

Aðhaldssöm peningamálastefna Seðlabankans gæti hins vegar lengt og dýpkað þá niðursveiflu efnahagslífsins sem hafin er, að því er fram kemur í spánni. Nýliðin uppsveifla er sögð vera að enda með hefðbundnum hætti, með gengisfalli og verðbólgu sem kalli fram hraða aðlögun í hagkerfinu á næstu tveimur árum.

Ásgeir segir verðbólguskotið sem nú stendur yfir vera vitnisburð um kerfisgalla í leiðni peningamálastefnu Seðlabankans, en ekki um skort bankans á trúverðugleika. „Þegar Seðlabankinn hækkar vexti, þá styrkist gengið og kaupmáttur almennings eykst,“ segir hann.

Of óvægin beiting stýrivaxta ofan í fjármálakreppu segir Ásgeir

> Þegar Seðlabankinn hækkar vexti, þá styrkist gengið og kaupmáttur eykst.


ÁSGEIR JÓNSSON
FORSTÖÐUMAÐUR GREININGARDEILDAR KAUPÞINGS

hins vegar búa til „mikla áhættu“ hvað fjármálastöðugleika varði. Helsta vanda íslensku bankanna segir hann svo vera skort á lánveitanda til þrautavara. „Seðlabankinn getur bara prentað krónur en lausafjárþörf bankanna er í erlendri mynt.“ Þessi skortur bankanna á baklandi er svo sögð helsta ástæða mikillar hækkunar á skuldatryggingarálagi íslensku bankanna nú í mars.

Um leið er á það bent í hagspánni að útrás bankanna hafi gert þá mun betur í stakk búna til að þola niðursveiflu í efnahagslífinu hér, enda nemi eigið fé þeirra nú sjö til átta hundruð milljörðum evra, miðað við 58 milljarða árið 2001.

Ásgeir líkir verðbólgunni sem nú ríður yfir við flóðöldu, en kveður hana jafnframt munu fjara hratt út. Verðbólgan nær samkvæmt spá bankans hámarki í 13,5 prósentum á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Á næsta ári dregur svo hratt úr og verðbólgumarkmið næst á síðari helmingi 2009, gangi spáin eftir. Þá mun veiking krónunnar ná hámarki á þessum ársfjórðungi og er talin munu enda árið í 142 stigum. „Myndarleg aukning gjaldeyrisvaraforða Seðlabankans eða jákvæðar fréttir af fjármögnun bankanna gætu flýtt bata á gjaldeyrisskiptamarkaði,“ segir í spánni.

olikr@frettabladid.is


SÍMENNT HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



NÝTT
DIPLÓMANÁM Í MANNAUÐSSTJÓRNUN

Símennt Háskólans í Reykjavík býður í fyrsta sinn diplómanám í mannauðsstjórnun samhliða starfi á haustönn 2008.

Námið hentar þeim sem sinna mannauðsmálum innan fyrirtækja hvort sem er stórum eða smáum og vilja kynna sér helstu lykilþætti mannauðsstjórnunar. Námið er einnig kjörið fyrir fólk sem hefur hug á því að skipta um starfsvettvang eða vill einfaldlega dýpka þekkingu sína á mannauðsmálum.

Markmið námsins er að nemendur öðlist hagnýta þekkingu á mannauðsstjórnun og tilgangi hennar og þar með nægilega þekkingu og hæfni til að geta nýtt sér námið í starfi á markvissan og árangursríkan hátt.

Skráðu þig núna
Kynntu þér námið á www.simennthr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0953

Reykjavíkur-Akademían:

# Skeggrætt og tekið í nefið

**VIÐBURÐIR** Málþing um neftóbaksfræði verður Þjóðarbókhlöðunni klukkan eitt í dag. „Neftóbaksfræði var um hríð hálfgert skammaryrði um margvísa fræðaiðju alþýðufræðimanna,“ segir Viðar Hreinsson, hjá Reykjavíkur-Akademíunni. „Vera má að lítilsvirðing fyrir þessari iðju hafi náð hámarki í orðum Kára Stefánssonar, forstjóra ÍE þegar hann talaði um skrýtna neftóbakskarla sem ræktuðu fótsveppi.“

Viðar stýrir þinginu en á meðal frummælenda er Oddur Helgason ættfræðingur og segir Viðar víst að hann muni bjóða í nefið. - jse

Heilbrigðisráðherra áformar sameiningu heilbrigðisstofnana í fjórum landshlutum:

# Stofnunum fækkað um níu

**ALÞINGI** Gangi áform heilbrigðisráðherra um sameiningu heilbrigðisstofnana eftir fækkar slíkum stofnunum um níu áður en árið er allt.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra svaraði í gær fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar, Frjálslynda flokknum, um sameiningu stofnana. Upplýsti hann að í bígerð væri sameining sex stofnana á Vesturlandi, tveggja á Vestfjörðum, tveggja á Norðurlandi vestra og þriggja á Norðurlandi eystra.

Sagði hann markmiðið að styrkja þjónustuna; efla ætti starfsemina en ekki veikja. Benti hann jafnframt á að farsællega hefði tekist til við hliðstæða sameiningu stofnana á Austurlandi og Suðurlandi.

Jón Bjarnason og Þuríður Backman VG hörmuðu fyrirætlanir ráherrans þar sem ekki væri haft samráð við heimamenn. Sagði Jón rétt að stöðva sameiningarferlið og Þuríður kvað sameiningaráform á Norðausturlandi vera þvert á hugmyndir heimamanna.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Heitir samráði við heimamenn.

Guðlaugur hét samráði við heimamenn, öðruvísi væri ekki hægt að vinna málið.

Kristinn H. Gunnarsson bauð fram sína aðstoð og sagði ástæðulaust að leggjast gegn breytingum að óathuguðu máli. - bþs

## FYRIRHUGAÐAR SAMEININGAR

**Vesturland**
Heilsugæslustöðvarnar í Borgarnesi, Búðardal, Grundarfirði, Ólafsvík og á Reykhólum og Heilbrigðisstofnunin í Stykkishólmi.

**Vestfirðir**
Heilbrigðisstofnanirnar í Bolungarvík og á Ísafirði.

**Norðurland vestra**
Heilbrigðisstofnanirnar á Blönduósi og Sauðárkróki.

**Norðurland eystra**
Heilsugæslustöðvarnar á Dalvík og í Ólafsfirði og Heilbrigðisstofnunin á Siglufirði.



**RUTT** Vegagerðin segir mótmæli bílstjóra við Rauðavatn hafa minnt á að til hafi staðið að taka stæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vettvangur mótmæla breytist:

# Trukkastæði rutt á braut

**SAMGÖNGUR** **Vegagerðin lét í gær ryðja burtu trukkastæði við bensínstöð Olís við Suðurlandsveg, þar sem lögreglu og vörubílstjórum lenti saman nýverið.**

**G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir að stæðið hafi verið notað til að vigta flutningabíla. Nú sé komið nýtt stæði við Gunnarshólma og því hafi verið ákveðið að ryðja þessu stæði í burtu.**

**Hann segir að það hafi skapað hættu þegar bílar stöðvuðu og leggja og taka af stað á stæðinu. Til standi að stæði hinum megin við veginn hverfi líka, en það gerist ekki strax.** - bj



**Í 8.850 METRA HÆÐ** Ólympíukyndillinn í höndum fjallgöngumanna frá Kína og Tíbet á tindi Everest-fjalls. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hlaupið með ólympíueldinn:

# Kyndillinn á tind Everest

**KÍNA, AP** Nítján manna sérvalið lið fjallgöngumanna bar ólympíukyndilinn upp á tind Everest, hæsta fjalls heims, á miðvikudag, og markaði með því hápunkt hins mánaðalanga hlaups með ólympíueldinn.

Séð var til þess að ólympíueldurinn slokknaði ekki við þessar erfiðu aðstæður með kyndli sem sérhannaður var af eldflaugaverkfræðingum. Hlaupinu síðasta spölinn upp á fjallstindinn var sjónvarpað beint í Kína.

„Einn heimur, einn draumur,“ hrópaði fyrirliði fjallgönguliðsins er hann tók við kyndlinum, en það eru einkunnarorð Ólympíuleikanna í Peking sem hefjast í ágúst. - aa

**ALÞINGI**

**Sextán spurningar um tóbak**

Þuríður Backman, VG, hefur lagt fram samtals sextán spurningar í fjórum fyrirspurnum til þriggja ráðherra um tóbak. Spyr hún meðal annars hvort fínkorna tóbak hafi verið gert upptækt við tollskoðun og hvort ráðherra telji að banni við sölu á tóbaki til yngri en átján ára sé framfylgt.





GRAND HÓTEL REYKJAVÍK 16. MAÍ

WWW.PWC.IS | WWW.BIFRÖST.IS

**DAGSKRÁ**

Setning og inngangsorð, Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst.

Ávarp viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar.

David Austin, PwC UK - governance & public sector:
*"Recent UK Public Sector Governance Developments - Checks and Balances".*

Ástráður Haraldsson, hrl. og dósent í Lagadeild Háskólans á Bifröst:
"Rekstrarform ríkisrekstrar og réttarvernd opinberra starfsmanna".

Ragnar Þ. Jónasson, Fyrirtækjaráðgjöf PwC:
*"Stjórnarhættir fyrirtækja - hvar erum við stödd? - Eiga sömu sjónarmið við um opinber og skráð félög? "*

Panelumræður.

Samantekt og slit - Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst.

Léttar veitingar að ráðstefnu lokinni.

Ráðstefnan fer fram á Grand Hótel þann 16. maí nk. milli kl. 14 og 17.
Ráðstefnustjóri er Ólöf Nordal alþingismaður.

RÁÐSTEFNA HÁSKÓLANS Á BIFRÖST OG PRICEWATERHOUSECOOPERS:

## Stjórnarhættir hins opinbera og einkageirinn – gagnkvæmur lærdómur?

Háskólinn á Bifröst og PricewaterhouseCoopers leiða saman hesta sína og leita svara við spurningunni um hvernig stjórnarhættir séu ákjósanlegastir og hvort hið opinbera og einkageirinn geti lært hvort af öðru. Rætt verður um hvort æskilegt sé að stjórna opinberum fyrirtækjum með sambærilegum hætti og einkareknum. Þá verður velt vöngum yfir starfsumhverfi stjórnenda opinberra fyrirtækja, með hvaða hætti stjórnir séu skipaðar og hvort góðir stjórnarhættir ráði ríkjum alla jafna. Hugað verður að nálægðinni við opinbert vald, svo sem stjórnmálamenn, og spurt hvernig það endurspeglist í stjórnskipulagi og stjórnarháttum sem og hvaða áhrif stjórnsýslulög, sveitastjórnarlög og lög um opinbera starfsmenn hafi á stjórnarhætti.

Skráning fer fram á bifrost@bifrost.is, aðgangseyrir er 2000 kr., greiðist við innganginn. Allar nánari upplýsingar fást á www.bifrost.is og www.pwc.is.

ENNEMM / SÍA / NM33225

PRICEWATERHOUSECOOPERS

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY


ÍSLENSKA SIA.IS / LBI 42352 05/2008
LANDSBANKADEILDIN


VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA
Landsbankinn
1. umferð | Landsbankadeild karla
lau. 10. maí | Fylkir | 14:00 | Fram
lau. 10. maí | HK | 14:00 | FH
lau. 10. maí | ÍA | 14:00 | Breiðablik
lau. 10. maí | Þróttur R. | 14:00 | Fjölnir
lau. 10. maí | KR | 14:00 | Grindavík
lau. 10. maí | Keflavík | 16:15 | Valur
1. umferð | Landsbankadeild kvenna
mán. 12. maí | Valur | 17:00 | Þór/KA
þri. 13. maí | HK/Víkingur | 19:15 | Stjarnan
þri. 13. maí | Fjölnir | 19:15 | Fylkir
þri. 13. maí | Afturelding | 19:15 | Breiðablik
þri. 13. maí | Keflavík | 19:15 | KR
Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.901 **+0,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 514
**Velta:** 4.233 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PET.** | +7,30% | **SPRON** | -3,85% |
| **FLAGA** | +0,85% | **BAKKAVÖR** | -3,44% |
| **FL GROUP** | +1,10% | **EXISTA** | -2,31% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,18 -0,97% ... Bakkavör 32,30 -3,44% ... Eimskipafélagið 20,80 -0,95% ... Exista 10,58 -2,31% ... FL Group 6,44 +1,10% ... Glitnir 17,00 +0,00% ... Icelandair Group 21,85 +0,23% ... Kaupþing 800,00 +0,54% ... Landsbankinn 27,35 -0,73% ... Marel 93,50 +0,54% ... SPRON 4,49 -3,85% ... Straumur-Burðarás 11,80 -0,59% ... Teymi 3,58 -1,11% ... Össur 96,10 +0,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Ekkert klapp

Það leit í fyrstu út fyrir að litlu fjárfestarnir í FL Group hefðu hópast á hluthafafundinn í gær, svo fjölmennt var á ganginum fyrir framan fundarsalina á annari hæð Hilton Nordica hótelinu. Staðreyndin var hins vegar sú að Lýðheilsustöð var með fund í öðrum fundarsal, sem skýrði fjölmennið. Þegar Jón Ásgeir Jóhannesson fór yfir tillögur sem lágu fyrir hluthafafundinum útskýrði hann fyrir fundarmönnum að þeir hefðu val um það að skipta bréfum í FL Group út fyrir bréf í Glitni. Um leið og orðin féllu heyrðist mikið klapp. Stjórnarformaðurinn var fljótur til og tók sérstaklega fram að það væri ekki verið að klappa fyrir því að hægt væri að losa sig við FL-bréf. Voru gestir í næsta sal í miklu hópefli þaðan sem klapp og tónlist barst.



### Á milli gæsalappa

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri tók á miðvikudaginn á móti meðlimum Oddfellowstúkunnar Gissurar Hvíta í Seðlabankanum á miðvikudaginn. Fór hann vítt og breitt yfir sviðið eins og venjan er þegar bankastjórarnir tala á fundum. Minntist hann á hremmingar í tengslum við frétt í dönskum fjölmiðli sem krafðist þess að Eiríkur þyrfti að leiðrétta það sem þar kom fram. Um þetta sagði Eiríkur: „Ekki er gott að verða fyrir barðinu á misvitrum blaðamönnum. Nýlega lenti ég á milli gæsalappa hjá danskri blaðakonu. Það sem ég sagði henni gaf ekkert tilefni til vissra ályktana sem birtust utan gæsalappa og í fyrirsögn greinarinnar."

## Krónan fellur

Krónan féll um 1,55 prósent í viðskiptum gærdagsins og stóð gengisvísitalan í 158,9 stigum. Þegar krónan veikist hækkar vísitalan, sem hefur ekki verið svona há síðan í mars.

Þá hafði Seðlabankinn miklar áhyggjur af þróun mála og hækkaði stýrivexti bankans um 1,25 prósentur 25. mars. Í kjölfarið styrktist krónan og var gengisvísitalan 145 þann 9. apríl síðastliðinn.

Samkvæmt vegvísi Greiningardeildar Landsbankans var velta á gjaldeyrismarkaði í gær 42 milljarðar króna um klukkan 15.30.

Í fyrradag veiktist krónan um 2,1 prósent og hefur hún því veikst um 3,7 prósent á tveimur dögum. **- bg**

# Baugur frestar flutningi höfuðstöðvanna

„Við ætluðum að flytja um páskana en urðum að fresta því," segir Stefán Hilmarsson fjármálastjóri og staðgengill forstjóra Baugs Group. Félagið hefur nú frestað fram á haust fyrirhuguðum flutningi höfuðstöðva félagsins úr Túngötu í Borgartún í Reykjavík þar sem þróunarfélagið Þyrping reisir stórhýsi.

„Framkvæmdir hafa gengið mun hægar en við áttum von á," segir Stefán, en áréttar að félagið sé áfram með leigusamning um húsnæðið í Borgartúni. „Við erum nú að velta fyrir okkur að flytja með haustinu að öllu óbreyttu.". **- óká**


Stökktu til
Rhodos
24. eða 31. maí
frá aðeins kr.
39.990



*** Allra síðustu sætin **

Bjóðum nú síðustu sætin til Rhodos 24. maí í 1 eða 2 vikur og 31. maí í 1 viku. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.



Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð / stúdíó / herbergi í viku.
Aukavika, brottför 24. maí kr. 15.000.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð / stúdíó / herbergi í viku.
Aukavika, brottför 24. maí kr. 15.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# FL Group staðist mótbyr

**Stjórnarformaður FL Group segir félagið ekki hlaupa af markaði með skottið á milli lappanna. Búið sé að taka ábyrgar ákvarðanir í rekstri og fjárfestingum og eiginfjárstaða félagsins sé sterk. Hluthafar samþykktu að afskrá FL Group í gær. Stjórnendur fá aukið svigrúm, segir Jón Ásgeir.**



**NOKKRIR SÁTU HJÁ** Þrátt fyrir að smærri hluthafar sætu hjá samþykktu eigendur tæplega 99,9 prósent hlutafjár afskráningu FL Group. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Einhver kann að segja sem svo að FL Group sé að hlaupa af markaði með skottið á milli lappanna eftir mikið tap síðustu mánuði. Það er alls ekki svo. Það er auðvitað staðreynd að tapið hefur verið mikið en við höfum staðið af okkur mótbyrinn eins og komið hefur fram. Í uppgjöri félagsins í [fyrradag] er staða FL Group mjög sterk með eiginfjárstöðu uppá 115 milljarða," sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, þegar hann kynnti tillögu um afskráningu félagsins á hluthafafundi í gær.

Eigendur 99,86 prósenta hlutafjár samþykktu afskráninguna á fundinum í gær. Einn fundarmaður greiddi atkvæði gegn tillögunni en sjö fundarmenn sátu hjá. Aðrar tillögur sem lágu fyrir fundinum, meðal annars um skiptahlutfall bréfa í FL Group og Glitnis, voru samþykktar mótatkvæðalaust.

Jón Ásgeir sagði við hluthafa að stjórnendur félagsins hefðu horft í augu við erfiðleikana og tekið ábyrgar ákvarðanir tengdar endurskipulagningu á fjárfestingum og rekstri félagsins. Í því sambandi hefði verið lyft grettistaki á nokkrum mánuðum. „Afskráning félagsins er aðeins rökrétt framhald á þeirri endurskipulagningu sem fór fram á síðustu mánuðum. Afskráningin gefur stjórnendum aukið svigrúm til að framfylgja langtímaáætlunum um markmið félagsins."

Samkvæmt upplýsingum frá FL Group ætla eigendur að minnsta kosti 83 prósent hlutafjár í félaginu að vera áfram hluthafar. Þeir sem ekki vilja eiga óskráð bréf geta fengið bréfunum skipt fyrir hlutabréf í Glitni. Jón Ásgeir sagði skiptahlutföllin betri en hefðu boðist undanfarið á markaðnum. Ef hluthafi sem á 100 þúsund hluti í FL Group ákveður að skipta þeim út fær hann 39 þúsund bréf í Glitni. Markaðsverðmæti 100 þúsund FL bréfa í gær var um 644 þúsund en 39 þúsund hlutir í Glitni voru um 663 þúsund króna virði.

**bjorgvin@markadurinn.is**

### REKSTUR FL GROUP

**Hagnaður (tap) eftir skatt frá 2004 til 2008 í milljörðum króna**

| | |
|---|---|
| 2004 | 3,4 |
| 2005 | 17,3 |
| 2006 | 44,6 |
| 2007 | -67,2 |
| Jan-mar 2008 | -46,7 |
| Uppsafnað tap | -48,6 |



**ÞORLEIFUR MAGNÚS MAGNÚSSON** Gagnrýnir viðskilnað forstjóra.

### Fóru glæfralega

„Fjárfestingarnar voru glæfralegar," segir Þorleifur Magnús Magnússon sem er hluthafi í FL Group. Hann sat hjá þegar kosið var um afskráningu félagsins „formsins vegna" og gerir ráð fyrir að skipta bréfunum út fyrir Glitnisbréf.

„Ég er ekki sáttur við hvernig þetta hefur farið og sérstaklega ekki við kostnað sem hlaust af þegar Hannes Smárason hætti," segir Þorleifur. Hægt hefði verið að standa betur að málum fyrir hluthafa.



**SKÚLI SKÚLASON OG EINAR ÓLAFSSON** Hafið hugfast hverjir ráða ferðinni.

### Grátlegt

„Það er grátlegt hvernig hefur farið. Þetta eru háflugsmenn mistaka," segir Einar Ólafsson, hluthafi í FL Group. Stærstu mistökin voru að hans mati kaupin í AMR, sem hefðu verið „alveg makalaus". Þó segir Einar að í nóvember á síðasta ári hafi Hannes Smárason sagt að allt væri í lagi. Skúli Skúlason sagði að í framhaldinu þyrftu litlir hluthafar að athuga hverjir væru stærstir í félögum og hvort þeir hefðu styrk til að standast ágjöf. Það hefði ekki verið í tilfelli FL Group.



**SVANUR PÁLSSON OG MARSELÍNA PÁLSSON** Stjórnendur áttu að vita betur.

### Fá Glitnisbréf

„Ég hef verið ósáttur við stjórnendurna," segir Svanur Pálsson, sem fjárfesti í FL Group ásamt konu sinni Marselínu Pálsson. Hann gagnrýnir kostnað við rekstur félagsins og ætlar að skipta á bréfum sínum í FL og bréfum í Glitni.

Svanur segir að deila megi um hvort betri árangur hefði átt að nást í fjárfestingum FL Group. Hins vegar hefðu kaup á hlutum í AMR verið mistök. „Þeir hefðu átt að vita betur," segir Svanur.

# Galli á glænýjum lögum

Viðskiptaráðherra leggur til breytingar á nýsamþykktum lögum um sértryggð skuldabréf.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til breytinganna, að fjármálafyrirtæki sem ætluðu að gefa út slík skuldabréf gerðu athugasemdir við lögin. Til að mynda var gagnrýnt að ósamræmi væri í því hvernig fara skyldi með sértryggð skuldabréf og afleiðusamninga í tengslum við þrotabú. Fáir dagar eru til þingloka. Samkvæmt upplýsingum úr viðskiptaráðuneytinu er hugmyndin að breytingartillagan fari í gegn með afbrigðum. **- ikh**





# Það er stuttbuxnaveður í Evrópu!

**Iceland Express flýgur til 14 áfangastaða í allt sumar.**

Frankfurt Hahn, Berlín, Friedrichshafen, London, París, Billund, Kaupmannahöfn, Gautaborg, Stokkhólmur, Eindhoven, Basel, Barcelona, Alicante og Varsjá.

**Bókaðu sól og blíðu á www.icelandexpress.is**

» Börn:

**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju

Fiton/SÍA

www.icelandexpress.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórn höfuðborgarinnar:

## Að reynast ekki vera þvottekta

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Borgarstjóri ætlaði að sýna fram á að skoðanakannanir í upphafi ferils hans væru rangar. Nýr meirihluti og hann væru traustsins verðir og með því að láta verkin tala myndu borgarbúar sjá hversu nauðsynlegt það var að skipta um meirihluta í borginni.

Það hefur verið pólitísk mantra borgarstjórans í hans pólitísku líftíð að hann sé heiðarlegur maður. Ekki sé hægt að efast um það sem hann geri, því hann sé svo heiðarlegur maður. Ráðvendni er góð, og á vel heima í pólitík. Það er meiri eftirspurn en framboð eftir heiðarleika í stjórnmálum. En þegar pólitísk sjálfsmynd byggist á því að vera þvottekta er fallið þeim mun hærra þegar í ljós kemur að undir niðri er bara gamaldags pólitíkus sem sér ekkert að því að úthluta vini sínum opinbert starf, fyrir góð laun.

Borgarstjórinn virðist ekki átta sig á af hverju þessi nýja ráðning framkvæmdastjóra er eitthvað óeðlileg. Það er vissulega löglegt að ráða, óauglýst, í tímabundna stöðu. Vissulega geta verið ástæður til þess að ráða einstaklinga, án auglýsingar, í stuttan tíma. En þegar borgarstjóri ræður til sín á þann hátt einn af sínum fáu pólitískum samherjum, einstakling sem hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir hann í nefndum borgarinnar, lyftast augabrúnir. Ekki bætir úr skák að óljóst er hvað framkvæmdastjóri miðborgarinnar eigi að gera. Ef marka má viðtal við hann í gær virðist starf hans helst felast í að sjá til þess að rusl verði hirt í hverfinu. Ekki skýrði borgarstjóri málið frekar í sjónvarpsviðtali með því að segja að framkvæmdastjórinn myndi aðstoða sig við fleiri verkefni en bara hvað viðkemur miðborginni. Þá var það einnig mjög óheppilegt af borgarstjóra að segjast vonast til þess að framkvæmdastjórinn nýráðni myndi starfa út kjörtímabilið, en meira en ár er eftir af því.

Lítið hefði heyrst ef fylgt hefði verið upphaflegri áætlun og einhver fundinn innan borgarkerfisins, sem tímabundið hefði átt að sinna þessu starfi. Það einfaldlega passar ekki við sjálfsmynd hans sem ærlegs stjórnmálamanns að eitthvað sé rangt við þessa ráðningu. En sjálfsmynd og veruleiki stemma ekki alltaf.

Þetta nýjasta mál á borði borgarstjóra er ekki til þess fallið að efla traust borgarbúa á störfum hans og borgarstjórnar. Raunar er það svo að störf borgarstjórnar, og upphlaup í fjölmiðlum, eru alls ekki til þess fallin að efla traust borgarbúa á borgarstjórn. Það átti að láta verkin tala, endurtók borgarstjóri nokkuð oft og borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins tóku undir í kór. Helsta vandræðamál þessa kjörtímabils, REI-málið, er enn óleyst og ekki hægt að skilja borgarfulltrúa á annan hátt en að enginn viti hvernig eigi að leiða það til lykta. Þá er hætta á að skipulag Vatnsmýrarinnar verði að skipulagsslysi. Ekki vegna þess að vinningstillagan í samkeppninni sé svo skelfileg, heldur vegna þess að meirihlutinn í borginni getur illa komið sér saman um hvernig það eigi að vera.

Til að ná trausti borgarbúa þarf meirihlutinn að fara að láta verkin tala og sýna að þetta sé meirihluti góðra verka. En þau góðu verk þurfa að fara réttar boðleiðir innan borgarkerfisins. Það er ekki nóg að segjast bara vera heiðarlegur og óska eftir trausti og vinnufrið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

**Nánari upplýsingar á** www.come2scandinavia.com

COME2 SCANDINAVIA

**Sími**: +45 3325 6425 • **Netfang:** info@come2scandinavia.com

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt í góðu

Það er greinilegt að í heilbrigðisráðuneytinu átta menn sig á að vindurinn er í fangið og nýta þeir því þau tækifæri sem gefast til að greina frá því sem gott er. „Samninganefnd heilbrigðisráðherra og Sjúkrahúsið á Akureyri hafa undanfarna mánuði átt í mjög góðu samstarfi,“ sagði í tilkynningu ráðuneytisins á fimmtudag. Fyrr þann sama dag mátti lesa í annarri tilkynningu: „Vel heppnaður fundur forstöðumanna og sviðsstjóra LSH var haldinn á vegum heilbrigðisráðuneytisins í vikunni.“ Af þessu verður ekki annað ráðið en að ef ekki er tekið fram að samstarf sé gott þá sé það slæmt. Og ef ekki er tekið fram að fundir séu vel heppnaðir þá séu þeir illa heppnaðir.



### Doktorar þrír

Á ráðstefnu viðskiptaráðuneytsins um neytendamál, sem haldin verður á miðvikudag, tala þrír doktorar. Fyrst doktor Ragna Benedikta Garðarsdóttir félagssálfræðingur, þá doktor Þórólfur Matthíasson prófessor og loks Doktor Gunni.

### Fróðlegt

Þrír þingmenn VG hafa lagt fram fyrirspurn í tíu liðum um kostnað vegna Kárahnjúkavirkjunar. Spyrja þeir meðal annars um heildarkostnað við flutningsmannvirki, tap og kostnað vegna tafa verksins og fjárhæð skattakrafna Impregilo á hendur ríkinu. Lokaspurningin er sérlega áhugaverð og verður fróðlegt að sjá hvernig þingmennirnir hyggjast nýta sér svarið við henni í pólitíkinni. Spurt er: „Hvernig dreifist áfallinn og áætlaður kostnaður á mánuði frá upphafi til loka framkvæmda miðað við gjalddaga reikninga annars vegar og miðað við framvindu verksins hins vegar?“ Fjármálaráðherra er gert að svara.



bjorn@frettabladid.is

## Furukynslóðin



HALLGRÍMUR HELGASON

**Í DAG** | Kynslóðir

Ég keyri stundum fram hjá húsi í miðborginni sem sker sig úr götumyndinni; nýlegt í hópi eldri húsa, að líkindum reist árið 1978; á ólukkuskeiði í íslenskum arkitektúr; steypugrátt með rauðum álhatti, líkt og ASÍ-húsið við Grensásveg eða gamla Þjóðviljahúsið í Síðumúla. Maður fær alltaf nettan hroll þegar maður sér þessi hús. Þau kalla fram myndir af brúnaþungum Allaböllum, verðbólgnum ráðherrum á hólkvíðum flauelsbuxum og tramparaskóm á stærð við snjóþrúgur.

Því er við hæfi að í garði hússins standa aðeins furutré. Sjálfsagt hefur þeim verið plantað sama ár og húsið var byggt. Samt eru þau aðeins meter á hæð í dag. Þessi tilraun með skandínavískar furur hér á landi er löngu fullreynd. Ísland hefur góðan smekk.

Furan er tákn heillar kynslóðar sem kom í heiminn laust fyrir seinna stríð: Fyrsta kynslóð Íslandssögunnar sem skammaðist sín fyrir landið sitt. Foreldrar hennar voru fátækt sveitafólk í bröggum og kjöllurum höfuðborgarinnar, lyktuðu af lýsi og signum fiski. Börnin töldu sig betri og höfnuðu menningu pabba og mömmu, burstabæjum og neftóbaki, rími, rokki og stuðlum. Menntaarmur furukynslóðarinnar nam í Köben og Osló. Einstaka ógæfusál var holað niður austan tjalds. Þeir allra djörfustu voru veturpart í París eða Róm og lifðu á því ævilangt. Guðbergur var músin sem læddist til Spánar. Ómenningarlegir mændu hinsvegar til Ameríku, þótt fáir færu þangað. Keyptu sér amerískar drossíur í gegnum Flokkinn, og king-size sólgleraugu.

Þegar furukynslóðin kom heim úr námi blasti við henni tíu ára gömul ríkisstjórn gamaldags karla með úrelt sjónarmið; leggja hart að sér, spara fyrst og eyða svo. Stríðsgróðabörnin vildu breyta landinu strax, töluðu sig til valda og hófu að eyða og spenna. Á tíu árum tókst þeim að koma verðbólgu í 120 prósent. (Hér fæddist klisjan um að vinstrimenn hafi ekki vit á fjármálum.) Það tók foringja furukynslóðarinnar önnur tíu ár að vinda ofan af voðaverki sínu. Við kefli hennar tóku pragmatískir menn. Davíð Oddsson, fæddur 1948, var ekki jafn barnalegur í ríkisfjármálum og meðlimir fyrstu kynslóðar Íslendinga sem ólst upp við reiðufé.

En furufólkið átti fleiri furður. Því fannst landið púkó og plantaði furutrjám í helgasta blett þess. Engin innflutt gróðurtegund fer Íslandi verr en furan. Grenitré eru hátíð miðað við þessa litlu ljótu Arizona-kaktusa sem enn má sjá á Þingvöllum; sígræn minnismerki um fólk sem ruglaðist í ríminu og gekk smekkleysinu á hönd. Á þremur áratugum hafa þau hækkað um hálfan sentímeter. Landið hafnaði tegundinni.

Furukynslóðin kom smekkleysi sínu í verk á fleiri sviðum: Hún er ábyrg fyrir mörgum verstu byggingum landsins (Þjóðarbókhlaðan, Útvarpshúsið í Efstaleiti, Leifsstöð (fyrir breytingu), Hótel Esja, Lögberg, Tanngarður…). Laxness bjargaði reyndar bókmenntasmekk þessa fólks sem fyrir vikið varð þó helst til einfaldur; allir vondir menn í tilverunni voru Pétur þríhross og allt hið góða var Hið ljósa man. Furufólkið gerði Kiljan að sínum guði og bækur hans að Biblíu. Á leiksviði tók þessi mannskapur hins vegar Beckett fram yfir Ibsen. Í ljóðlist var Steinn allt í einu orðinn betri en Jónas.

Í dag stendur þetta fólk á sjötugu. Furan er fertug í garði þess. Ekki frekar en hún hefur gamla verðbólguhúsið lagast með árunum. Það er enn jafnt kalt og þel þessa fólks sem í æsku brenndi þjóðlegar brýr að baki sér og sneri baki við furulausu landi. Áratugum síðar lét það til leiðast og keypti sér sumarbústað í Grímsnesi, en þó með semingi: Því líður aldrei vel í „Plebbalandi“. Það ætlaði aldrei að verða það sem að varð. Hlutskipti furukynslóðarinnar er að vera ósátt. Ósátt við sjálfa sig, ósátt við landið. Hún vildi breyta því í eitthvað annað, lét sig dreyma um norræna barrskóga. Ánægð verður hún aðeins í gröfinni.

En eftir því sem árin liðu varð alltaf minna til að gagnrýna, minna til að vera á móti. Því sjálf hafði kynslóðin athafnað sig á flestum sviðum. Nú standa henni tvö mál hjarta næst. Baráttan gegn lúpínunni og hatrið á forseta Íslands. Fyrrnefnda afstaðan er fyndin, í ljósi furuástar. En lúpínan er bleik eins og Barbí og kemur auk þess frá Ameríku. Hið síðarnefnda er sprottið af öfund. Ólafur Ragnar er litli bróðir furukynslóðarinnar, hinn ungi framasveinn sem hóf sig upp yfir hana og lifir enn ungu birkilífi, í samkvæmum með prinsum og poppstjörnum. Þá skiptir engu þótt hann sé besti forseti sem Ísland hefur átt. Furukynslóðinni var aldrei annt um landið, aðeins sjálfa sig.

## Fimm sinnum ósatt á fimm mínútum

**UMRÆÐAN**

Kristrún Heimisdóttir skrifar um utanríkismál



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR

Í hádegisviðtali Stöðvar 2 á mánudaginn tókst Steingrími J. Sigfússyni að setja fimm sinnum fram ósannar staðhæfingar á fimm mínútum í drottningarviðtali um varnir Íslands. Hann ber ábyrgð gagnvart almenningi sem fulltrúi í utanríkismálanefnd með aðgang að trúnaðarupplýsingum en vanvirðir þá ábyrgð með því að segja almenningi ekki satt. Þetta eru atriðin fimm:

1. Steingrímur sagði loftvarnarkerfið óþarft því það væri hvort er eð fylgst með Rússaflugi „af öðrum aðilum“. Hið rétta er að ef slökkt yrði á íslenska loftvarnarkerfinu sæi enginn vélarnar, þær hyrfu af ratsjám til stórhættu fyrir borgaralegt flug.

2. Steingrímur sagði að Ísland ætti að „halda uppi eðlilegu eftirliti“ sem við „gerum með borgaralegu flugi“. Hið rétta er að loftvarnarkerfið er einmitt notað í stjórnun borgaralegs flugs á Íslandi.

3. Steingrímur gagnrýndi að „núna“ væri að fara af stað „einhver nefnd“ til að „leita að óvini“. Hið rétta er að þverfagleg hættumatsnefnd hefur starfað í meira en hálft ár og skilar í haust fyrsta sjálfstæða mati Íslendinga á varnarþörf. Þar er alls ekki einblínt á hervarnir heldur sjónum beint að öðrum þáttum, s.s. umhverfisvá og farsóttum.

4. Steingrímur sagði loftrýmiseftirlit „anga af þróun á alþjóðlegum vettvangi“ og tilgreindi áform BNA um eldflaugavarnarkerfi í Mið-Evrópu. Hið rétta er að eldflaugahugmyndir BNA beinast gegn Íran. Lofrýmiseftirlit NATO á Norðurslóðum er algjörlega óskylt mál sem lýtur þeirri grundvallarreglu að ekkert svæði eigi að vera óvaktað með öllu.

5. Steingrímur sagði ríkisstjórnina framfylgja „vígvæðingar- eða hervæðingar- og NATÓ-hervæðingarstefnu“. Staðreyndin er að hernaðartengd starfsemi á Íslandi er nú margfalt minni en hún hefur verið í sextíu ár og miðar að lágmarki. Ísland er eitt af 24 herlausum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, herjar ekki á neinn en lítur eftir lofthelgi sinni og landhelgi, nú algjörlega á eigin ábyrgð í stað áratuga forsjár BNA. Ísland fylgir afvopnunar- og friðarstefnu á alþjóðavettvangi.

*Höfundur er aðstoðarmaður utanríkisráðherra.*

# Almenna lögreglan – gæslulögreglan

**UMRÆÐAN**

Jón Bjartmarz skrifar um löggæslumál



JÓN BJARTMARZ

Hérlendis tíðkast að nota orðið almenn lögregla þegar réttara væri að nota orðið gæslulögregla til þess að lýsa hlutverki hinnar almennu lögreglu. Annars vegar er talað um almenna lögreglu og hins vegar rannsóknarlögreglu. Vísar einnig til þess mismunandi hlutverks lögreglu að gæta almannaöryggis og halda uppi allsherjarreglu annars vegar og hins vegar þess hlutverks hennar að vinna að uppljóstrun brota og fylgja málum eftir skv. lögum um meðferð opinberra mála.

## Hrein viðbót

Þess misskilnings hefur gætt að efling greiningardeildar og sérsveitar ríkislögreglustjóra hafi verið á kostnað hinnar almennu lögreglu. Hið rétta er að engar fjárveitingar hafa enn fengist vegna greiningardeildar heldur hefur kostnaði verið mætt með endurskipulagningu hjá ríkislögreglustjóra. Hvað varðar sérsveitina þá komu til auknar fjárveitingar vegna hennar á árunum 2004-2006. Eflingin kom til í tíð síðustu ríkisstjórnar og almenn löggæsla naut góðs af henni m.a. vegna þess að bætt var við 10 stöðum lögreglumanna í þáverandi lögregluliði í Reykjavík auk fjölgunar sem varð í sérsveit.

Fjölgun sérsveitarmanna var hrein viðbót við aðrar fjárveitingar til löggæslu sem ekki voru skornar niður og því fráleitt að tala um að eflingin hafi verið á kostnað hinnar almennu lögreglu. Einnig fráleitt í ljósi þess hlutverks sveitarinnar að sinna daglega almennum lögreglustörfum á vöktum allan sólarhringinn, samhliða sérverkefnum og þjálfun og þess að verkefni hennar eru hluti af því að gæta almannaöryggis og halda uppi allsherjarreglu og hún því hluti hinnar almennu lögreglu í landinu. Áratuga reynsla varð til þess að ákveðið var að færa sérsveitina undir ríkislögreglustjóra og hefur sú breyting reynst mjög vel.

## Betri nýting fjárveitinga

Í nýlegri áfangaskýrslu um mat á þeim breytingum á nýskipan lögreglu sem gerð var með fækkun umdæma úr 26 í 15 kemur fram að ekki hafa verið um nægilega róttækar breytingar að ræða til að tryggja bestu nýtingu mannafla innan lögreglunnar alls staðar á landinu. Þá er bent á að hlutfall stjórnenda sé óvenju hátt innan lögreglunnar og að brýnt sé að gera greinarmun á eiginlegum lögreglustörfum og öðrum störfum sem ekki þarf lögreglumenn til að sinna. Einnig kemur fram að fjárveitingar til löggæslu hafa aukist á undanförnum árum.

Ekki er mælt á móti því að full ástæða er til þess að efla lögregluna og auka fjárveitingar til hennar. Þróun mála hérlendis varðandi skipulagða alþjóðlega glæpastarfsemi og aukin þörf á að efla öryggismál almennt kallar beinlínis á að stjórnvöld leggi meiri áherslu á löggæslu-, öryggismál og almannavarnir. Það að skapa stofnana- og deildarríg um hvort ákveðin starfsemi sé á kostnað annarrar innan lögreglunnar skilar hins vegar engu. Þá er hægt að bæta nýtingu fjárveitinga innan lögreglunnar með frekari endurskipulagningu hennar og skynsamlegast að lögreglan öll verði eitt lögreglulið undir stjórn ríkislögreglustjóra með sama hætti og lögreglan á Írlandi.

## Skipulag neðan frá

Einnig er rétt að skoða hlutfall þeirra lögreglumanna sem sinna innistörfum sérstaklega í stærri lögregluliðunum. Frasar um sýnilega löggæslu eru marklausir ef ekki fylgja málum eftir um að fjölga lögreglumönnum á götunni á þeim svæðum þar sem þörfin er brýnust hverju sinni og að fólk fái skjóta lögregluaðstoð þegar það óskar. Of hátt hlutfall lögreglumanna sem vinna innistörf eða að verkefnum sem ekki þarf menntaða lögreglumenn til að sinna er því röng forgangsröðun. Við skipulagningu lögregluliðs á að byrja neðanfrá og ákveða fyrst hvaða lágmarks mannskap þarf út á götu í almenna löggæslu en ekki ofanfrá og enda síðan með of fáa menn á götunni. Spyrja má hvort skipulagsbreytingar hjá stærri lögregluliðunum hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt og hvort lögreglumönnum hafi fjölgað við útistörf. Annar frasi sem stundum heyrist er að ríkislögreglustjóri eigi ekki að vera með „operativa“ starfsemi og eðlilegt væri að starfsemi eins og sérsveit, fjarskiptamiðstöð og alþjóðadeild væru hjá stærstu lögregluliðunum. Spyrja mætti hvort þetta þýddi að lögreglustjórarnir ættu þó ekki að vera með neina „strategíska“ starfsemi sem er álíka gáfulegur frasi. Eins og skipan lögreglu er hérlendis er eðlilegt að öll hlutverk sem eru á landsvísu séu hjá ríkislögreglustjóra. Á Norðurlöndunum tíðkast ekki að landsvísuhlutverk séu í höndum einstakra lögreglustjóra sem hafa landfræðileg valdmörk.

## Uppskipting væri afturför

Þróunin á hinum Norðurlöndunum hefur verið sú að hinar miðlægu lögreglustofnanir hafa verið efldar á síðustu árum til þess að takast á við nýjar ógnir. Þá hefur náðst mikill árangur hjá embætti ríkislögreglustjóra svo sem varðandi starfrækslu fjarskiptamiðstöðvar á landsvísu, alþjóðadeildar sem tengir íslensku lögregluna við alþjóðlegar lögreglustofnanir og með eflingu sérsveitar og þar með öryggismála almennt, svo ekki sé minnst á almannavarnir ríkisins sem færðar voru til embættisins. Uppskipting á embættinu myndi vera stórfelld afturför enda hefur það verið í forystuhlutverki í breytingum á löggæslumálum og framförum í þeim efnum síðustu 10 ár.

*Höfundur er yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# Verðbólgumarkmiðin misheppnuðu

**UMRÆÐAN**
Joseph Stiglitz skrifar um efnahagsmál


JOSEPH STIGLITZ

Seðlabankastjórar heims eru samheldinn hópur og handgengir nýjustu straumum og stefnum. Á 9. áratug 20. aldar féllu þeir fyrir peningahagfræði (e. monetarism), einfeldnislegri hagfræðikenningu sem Milton Friedman hélt á lofti. Eftir að peningahagfræðin var afskrifuð – með ærnum tilkostnaði fyrir þau ríki sem létu glepjast af henni – hófst leitin að nýju bænaversi.

Svarið kom í mynd „verðbólgumarkmiða“, sem ganga út á að hvenær sem verðlag hækkar umfram verðbólgumarkmiðin eigi að hækka stýrivexti. Lítil hagfræði og fáar rannsóknir liggja að baki þessu klossaða stýritæki; það er engin ástæða til að ætla að *burtséð frá orsökum verðbólgunnar séu bestu viðbrögðin ávallt að hækka stýrivexti*. Vonandi verða fæst ríki fyrir þeirri ógæfu að taka upp verðbólgumarkmið; ég kenni í brjósti um almenning þeirra landa sem það gera. (Í hópi þeirra ríkja sem hafa tekið upp verðbólgumarkmið í einni eða annarri mynd eru meðal annars: Ísrael, Tékkland, Pólland, Brasilía, Chile, Kólumbía, Suður-Afríka, Taíland, Kórea, Mexíkó, Ungverjaland, Perú, Filipseyjar, Slóvakía, Indónesía, Rúmenía, Nýja-Sjáland, Kanada, Bretland, Svíþjóð, Ástralía, Ísland og Noregur).

### Reynir á markmiðin

Nú reynir hins vegar á verðbólgumarkmiðin – og flest bendir til að þau bregðist. Þróunarlönd standa frammi fyrir hækkandi verðbólgu, ekki vegna slæmrar efnahagsstjórnunar heldur vegna þess að olíu- og matvælaverð hefur rokið upp. Þessir þættir vega miklu meira í bókhaldi heimilanna í þróunarlöndum en hjá auðugri þjóðum. Í Kína stefnir til dæmis í að verðbólga verði átta prósent eða meira. Í Víetnam er verðbólgan enn hærri og búist við að hún nái 18,2 prósentum á þessu ári. Á Indlandi er hún 5,8 prósent. Á hinn bóginn stendur verðbólga í Bandaríkjunum í stað í þremur prósentum. Þýðir þetta að þróunarríki ættu að hækka stýrivexti sína langt umfram Bandaríkin?

### Innflutt verðbólga

Verðbólgan í þessum löndum er að mestu leyti innflutt. Hærri stýrivextir slá ekki á hækkandi heimsmarkaðsverð á grjónum eða eldsneyti. Í ljósi stærðar bandaríska hagkerfisins gæti efnahagslægð þar í landi haft miklu meiri áhrif á heimsmarkaðsverð en efnahagslægð í hvaða þróunarríki sem er. Þetta bendir til þess að í alþjóðlegu samhengi ætti að hækka stýrivexti í Bandaríkjunum en ekki í þróunarlöndum.

Svo lengi sem þróunarlönd verða samofin alþjóðahagkerfinu – og grípa ekki til ráðstafana til að draga úr áhrifum hækkandi heimsmarkaðsverðs á verð innanlands – mun vöruverð innanlands hækka mikið í kjölfar hækkana á heimsmarkaðsverði. Fyrir mörg þróunarlönd felur hækkun á matvælum og eldsneyti í sér þríþætta hættu: þau þurfa ekki aðeins að borga meira fyrir hrísgrjón heldur kostar meira að flytja þau til landsins sem og að dreifa þeim til neytenda, sem búa ef til vill langt frá næstu höfn.

### Bíta ekki á verðbólgu

Hærri stýrivextir geta dregið úr eftirspurn, sem hægir ef til vill á hjólum efnahagslífsins og heldur verðhækkunum á vörum og þjónustu í skefjum. En slíkar aðgerðir lækka verðbólgu ekki niður í viðmiðunarmörk – ekki nema stýrivextir séu hækkaðir fram úr öllu hófi. Þótt hækkanir á heimsmarkaðsverði á til dæmis eldsneyti og mat væru hófstilltari en nú – til dæmis 20 prósent á ári – og skiluðu sér út í verðlag innanlands þyrfti verð á öðrum vörum að lækka mjög mikið til að ná verðbólgumarkmiðum upp á, segjum þrjú prósent. Næsta víst er að þetta hefði í för með sér krappa efnahagslægð og mikið atvinnuleysi. Meðalið væri verra en sjúkdómurinn.

> *Baráttan við hækkandi matvæla- og eldsneytisverð er nógu erfið fyrir. Veiking efnahagslífsins og atvinnuleysið sem verðbólgumarkmið hafa í för með sér duga lítt til að sporna við verðbólgu, heldur gera afkomu fólks erfiðari en ella.*

### Hvað ber að gera?

Hvað er til ráða? Í fyrsta lagi ætti ekki að kenna stjórnmálamönnum, eða seðlabankastjórum, um innflutta verðbólgu – ekki frekar en hrósa þeim fyrir litla verðbólgu þegar alþjóðahagkerfið er stöðugt. Nú er ljóst að fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Alan Greenspan, ber mikla ábyrgð á þeim efnahagslegu ógöngum sem Bandaríkin hafa ratað í. Honum er líka stundum þakkað að verðbólga var lítil í embættistíð hans. En sannleikurinn er sá að þegar Greenspan var við stjórnvölinn nutu Bandaríkin góðs af lækkandi hrávöruverði, sem og verðhjöðnunar í Kína, sem hélt verði á framleiðsluvörum í skefjum.

Í öðru lagi verðum við að taka með í reikninginn að hátt vöruverð getur valdið mikilli streitu, sérstaklega hjá lágtekjufólki. Óeirðir og mótmæli í nokkrum þróunarlöndum eru alvarlegasta birtingarmynd þess.

### Fylgifiskar frjálsar verslunar

Talsmenn frjálsrar verslunar hömpuðu kostum hennar mjög en skeyttu lítt um að upplýsa um áhættuna sem henni fylgir og markaðir eru yfirleitt berskjaldaðir gegn. Fyrir rúmum aldarfjórðungi sýndi ég fram á að undir mögulegum kringumstæðum gæti óheft verslunarfrelsi komið sér verr fyrir alla. Ég var ekki að tala máli verndarstefnu heldur að vekja athygli á mögulegum fylgifiskum sem við þyrftum að vera í stakk búin til að bregðast við.

Hvað landbúnað snertir hafa þróuð ríki á borð við Bandaríkin og Evrópusambandið varið neytendur og bændur gegn slíkum fylgikvillum. En fæst þróunarlönd hafa nógu sterka innviði eða bjargir til að gera slíkt hið sama. Mörg þeirra grípa nú til neyðarúrræða á borð við útflutningstolla eða útflutningsbönn, á kostnað þeirra sem búa annars staðar.

### Afnemum verðbólgumarkmið

Til að koma í veg fyrir enn stærra bakslag í alþjóðavæðingunni verða Vesturlönd að bregðast fljótt og vel við. Afnema verður niðurgreiðslur til framleiðslu á lífrænu eldsneyti, sem hefur stuðlað að því að sífellt meira ræktarland er lagt undir eldsneytisframleiðslu í stað þess að framleiða mat. Að auki ætti að verja hluta af þeim milljörðum sem fara í styrki til bænda á Vesturlöndum í að hjálpa fátækum þróunarlöndum að afla sér brýnustu nauðþurfta, mat og orku.

Mikilvægast er þó að bæði þróuð ríki og þróunarlönd leggi niður verðbólgumarkmið. Baráttan við hækkandi matvæla- og eldsneytisverð er nógu erfið fyrir. Veiking efnahagslífsins og atvinnuleysið sem verðbólgumarkmið hafa í för með sér duga lítt til að sporna við verðbólgu, heldur gera afkomu fólks erfiðari en ella.

*Höfundur er nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate. (Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.)*





Vélaborg ehf. www.velaborg.is

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK: | Krókhálsi 5F | 110 Reykjavík | Sími: 414-8600 | Fax: 414-8601 |
| AKUREYRI: | Njarðarnesi 2 | 603 Akureyri | Sími: 464-8600 | Fax: 464-8601 |
| AUSTURLAND: | Strandgötu 14 | 735 Eskifjörður | Sími: 476-1890 | Fax: 476-1890 |

Lýðheilsustöð og samstarfsaðilar bjóða til kynningar:
Heilsa og líðan Íslendinga 2007

Fyrstu niðurstöður könnunar á heilsufari Íslendinga
Sundlaugin í Laugardal, 2. hæð þriðjudaginn 13. maí 2008 kl. 15:00

DAGSKRÁ

**Sumarlög:** Kór Margrétar J. Pálmadóttur frá söngskólanum Domus Vox

**Ávarp:** Þórólfur Þórlindsson forstjóri Lýðheilsustöðvar

**Um rannsóknina:** Stefán Hrafn Jónsson, sviðsstjóri rannsókna- og þróunarsviðs, Lýðheilsustöð

**Fyrstu niðurstöður:** Um sólböð og sólbruna: Sveinbjörn Kristjánsson, verkefnastjóri skólafræðslu, Lýðheilsustöð

**Kaffi og fyrirspurnir**




Hugtök Maí 08

Rannsókninni var stýrt frá Lýðheilsustöð í samvinnu við sérfræðinga frá Kennaraháskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Akureyri, Landlæknisembættinu, Vinnueftirlitinu og Krabbameinsfélagi Íslands. Aðstandendur rannsóknarinnar þakka fjölmörgum Íslendingum sem svöruðu heimsendum spurningalista fyrir ómetanlegt framlag

Vinsamlegast tilkynnið mætingu fyrir kl 12:00 þriðjudag á netfangið: rannsoknir@lydheilsustod.is

Staðsetning:
Sundlaugin í Laugardal, 2. hæð, gengið inn um afgreiðslu sundlaugarinnar, til hægri og upp stiga/lyftu á aðra hæð.

Opið öllum á meðan húsrúm leyfir.


# Hvað á Ingibjörg við?

**UMRÆÐAN**
Fanný Gunnarsdóttir svarar grein Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur


FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Ég get ekki orða bundist eftir að hafa lesið grein Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í Fréttablaðinu 1. maí. Hvað á hún við með að núverandi efnahagsþrengingar stafi af verkum síðustu ríkisstjórnar, þ.e. framkvæmdum á Austurlandi, breytingum á lánafyrirkomulagi Íbúðalánasjóðs og ótæpilegum skattalækkunum? Er hún að gera lítið úr efnahagsstjórn Sjálfstæðisflokksins á liðnum árum eða er hún að klína ástandinu upp á Framsóknarflokkinn?

Hefur hún ekki verið lykilmaður í núverandi stjórn í eitt ár án þess að bregðast við vandanum, sem að hennar sögn var fyrirséður? Stóð hún og Samfylkingin ekki að síðustu fjárlögum, sem nema um 20 prósenta aukningu ríkisútgjalda á milli ára? Nú leggur hún til að gengið verði til þjóðarsáttar. Ég minni á að það var Guðni Ágústsson sem kallaði á Alþingi eftir þjóðarsátt um stöðu efnahagsmála – enda er þjóðarsátt framsóknarleið. Ég man ekki til þess að Ingibjörg hafi stutt Guðna í því máli.

Í borgarstjóratíð Ingibjargar Sólrúnar fór hún með allan hlut borgarinnar í stjórn Landsvirkjunar. Þá gat hún stöðvað framkvæmdirnar við Kárahnjúka en hún studdi þær. Í Samfylkingunni eru enn ötulir stuðningsmenn áframhaldandi virkjana- og álversframkvæmda þrátt fyrir Fagra Ísland.

Hvað varðar skattalækkanir þá muna kjósendur væntanlega öll kosningaloforð Samfylkingarinnar 2007, þar fór ekki mikið fyrir aðhaldi heldur var ýmsum hugmyndum um skattalækkanir haldið hátt á lofti.

Reglur Íbúðalánasjóðs miða við brunabótamat húseigna, sem á höfuðborgasvæðinu er langt frá markaðsverði, og hámarkslán nema um 18 milljónum. Í tillögum Framsóknar var alltaf gengið út frá ákveðinni hámarksupphæð og því ómaklegt að klína þenslunni á húsnæðismarkaði á liðnum misserum á Íbúðalánasjóð. Alkunna er að orsökin var innkoma bankanna með mun hærri lánum og viðmiðum. Ég veit heldur ekki betur en að Jóhanna Sigurðardóttir vilji verja sjóðinn og sé þar í liði með Framsókn, þvert á hugmyndir margra sjálfstæðismanna.

Það er leitt að ríkisstjórnin hafi engin ráð við núverandi vanda. En hennar er ábyrgðin og betra væri að hefjast handa en leita sökudólga.

*Höfundur er varaformaður Kjördæmasambands framsóknarfélaganna í Reykjavík.*




# Færð þú styrk?

Á næstunni mun SPRON úthluta fjölmörgum styrkjum til viðskiptavina.
Þeir sem sækja um fyrir 15. maí eiga möguleika á að fá styrk.

**EFTIRFARANDI STYRKIR VERÐA VEITTIR Í MAÍ:**

- **Bílprófsstyrkir**
- **Námsstyrkir**
- **Tómstundastyrkir**
- **DMK brúðkaupsstyrkir**
- **DMK námslokastyrkir**
- **DMK ferðastyrkir**
- **DMK stórafmælisstyrkir**
- **DMK fæðingarstyrkir**

Þessum styrkjum verður úthlutað síðar á árinu:

- **Bókastyrkir**
- **Endurmenntunarstyrkir**

ARGUS / 08-0189

Sæktu um styrk á spron.is/styrkir fyrir 15. maí

spron




**Krabbameinsfélagið** boðar til fyrirlestrar með Mary Schnack:

10 heimskulegir hlutir sem fólk segir við þá sem greinast með krabbamein!

*Glettinn og skemmtilegur fyrirlestur til þess að hjálpa þeim sem hafa nýlega greinst með krabbamein!*

Fyrirlesturinn verður haldinn í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, **miðvikudaginn 14. maí kl. 12:00**.
Skráning á netfanginu 8004040@krabb.is eða í síma 540-1900
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, aðgangur ókeypis
Nánari upplýsingar á www.krabb.is

AVAXTA-BÍLLINN
Býður upp á léttan hádegisverð

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

Costa del Sol

5. eða 19. júní

Sértilboð á Timor Sol

frá kr. 69.990
í 2 vikur



Aðeins örfáar stúdíóíbúðir í boði

Frábært tilboð til Costa del Sol í tveggja vikna ferð 5. eða 19. júní. Njóttu lífsins á hinum vinsæla gististað Timor Sol með góðri aðstöðu, fallegum garði, sundlaug og veitingastað. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. 69.990
Netverð á mann, flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn, m.v. 2 í stúdíóíbúð á Timor Sol í 14 nætur. Brottför 19. júní aukalega 4.000 kr.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

MAÐUR VIKUNNAR

# Vill sjá það besta í fólki

Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, er einn forsvarsmanna Megrunarlausa dagsins sem haldinn var 6. maí síðastliðinn. Hún er upphafsmaður dagsins hér á landi og hefur staðið að undirbúningi hans í þau þrjú skipti sem hann hefur verið haldinn á Íslandi. Megrunarlausi dagurinn er alþjóðlegt grasrótarverkefni sem hófst í Bretlandi sem andsvar við megrunaráróðri. Þess í stað telja aðstandendur dagsins að virðing eigi að vera borin fyrir fólki og því gert kleift að þykja vænt um líkama sinn og líða vel, hvernig sem það er vaxið. Barátta Sigrúnar gegn þessum fitufordómum er hennar hjartans mál. Hún hefur veitt miklum tíma í að berjast fyrir hugarfarsbreytingum í þjóðfélaginu svo fólki geti liðið vel í eigin skinni. Hún er sögð hafa yfirgripsmikla þekkingu á „megrunarheiminum“, útlitsdýrkun og sálfræðinni sem liggur þar á bakvið, enda sé áhugi hennar á málaflokknum mjög mikill.

Sigrún er sögð framtakssöm og nákvæm í vinnubrögðum og drífa það áfram sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er ákveðin, afskaplega réttsýn og fylgin sér í því sem hún stendur fyrir og lætur ekki tala sig út af sinni sannfæringu. Þá er hún sögð á stundum smámunasöm, helst við sína nánustu en hún hefur óbilandi trú á því sem hún er að gera. Hún vill sjá það besta í fólki og er jákvæð manneskja að upplagi.

Sigrún er kurteis og kemur vel fyrir sig orði en er illa við að tjá sig um mál sem hún hefur ekki rannsakað ofan í kjölinn. Því sökkvir hún sér í rannsóknarniðurstöður og efni sem tengist hugarefnum hennar hverju sinni. Hún er afskaplega fróðleiksþyrst í upplýsingar sem tengjast hugarefnum sínum og kann vel við sig í háskólaumhverfinu, en Sigrúnu hefur alltaf gengið vel í skóla. Starf hennar á Barna- og unglingageðdeildinni á mjög vel við hana þar sem það er nátengt hennar helstu áhugamálum. Vegna starfs hennar og áhugamála liggja oft staflar af vísindagreinum á víð og dreif í kringum hana. Hún tranar ekki sér fram þó hún sé sögð góð forystukona. Þá á betur við hana að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tölvupóstum en slíka tækni nýtir hún óspart. Hún er sögð þola bull illa og að talað sé í kringum hlutina og finnst best að tala hreint út um mál. Þá er hún sögð sterk týpa og engum lík.

Sigrún er sögð taka hlutverk sitt sem uppalanda mjög alvarlega. Hún leggi sig fram við að útskýra sem flest fyrir börnum sínum og þau hafi fyrir vikið mikinn skilning á ýmsum málum. Hún skýri til dæmis vel út fyrir börnum sínum að ekki séu allir eins gerðir en að allir eigi rétt á virðingu. Með því vilji hún sýna hún að börnum sé útlitsdýrkun ekki meðfædd heldur snúist fordómar um uppeldi. Frítíma sínum ver hún að mestu með börnum sínum og fjölskyldu og þá eru sundlaugarnar vinsælar. Henni finnst mjög gott að vinda ofan af sér með því að horfa á kvikmyndir og finnst gaman að fara í bíó.

Sigrún er gamalt partíljón, stuðbolti og góður plötusnúður, þó lítið hafi það nú notið sín hin síðari ár. Hún er sögð góður gestgjafi og fær í að skipuleggja hvers lags uppákomur. Hún á stóran vinkvennahóp og ræktar sína vináttu vel.

Eins og áður sagði er Sigrún mjög nákvæm, en það hefur hún líka alltaf verið. Dæmi um það er þegar föðurbróðir hennar, þá tvítugur, var að passa hana, en Sigrún var um þriggja ára gömul. Frændinn, sem bjó á heimili foreldra hennar, fékk það hlutverk að fylgja bróðurdóttur sinni á leikskólann þar sem foreldrar hennar voru farnir til vinnu. Góður hluti dagsins fór í að reima uppháa skó Sigrúnar, þar sem henni þóttu skórnir aldrei nógu jafnt reimaðir. Frændinn þurfti því mörgum sinnum að losa reimarnar á skónum og reima þá að nýju.

## SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR



## ÆVIÁGRIP

Sigrún Daníelsdóttir fæddist í Reykjavík 24. maí 1975. Foreldrar hennar eru Ingibjörg Norðdahl flugfreyja og Daníel Þórarinsson viðskiptafræðingur. Sigrún er elst þriggja systkyna en á eftir henni koma Daníel Tryggvi Daníelsson viðskiptafræðingur og Dagný Daníelsdóttir. Sigrún hefur alla tíð búið í Reykjavík, utan námsdvalar á Ítalíu. Í fyrstu bjó hún með foreldrum sínum að Efstalandi en árið 1980 fluttust þau að Sogavegi. Eftir að hún fluttist úr foreldrahúsum hefur hún búið í miðbæ Reykjavíkur og í Rauðagerði. Sigrún gekk í Breiðagerðisskóla og síðar Réttarholtsskóla, áður en hún tók stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Að því loknu fór hún í Háskóla Íslands þar sem hún nam heimspeki og bókmenntafræði en söðlaði fljótlega um og fluttist til Sienna í Toscanahéraði á Ítalíu til að læra ítölsku. Eftir heimkomu frá Ítalíu nam hún sálfræði við Háskóla Íslands. Lauk hún BA-prófi í sálfræði í febrúar 2002 og Cand. psych prófi í sálfræði í júní 2005. Eftir útskrift réðist Sigrún sem sálfræðingur hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítala (BUGL) þar sem hún er meðal annars sálfræðingur í átröskunarteymi BUGL. Meðal annarra starfa Sigrúnar má nefna rannsóknarvinnu hjá Rannsóknum og greiningu. Þá vann hún um tíma á ferðaskrifstofu og var flokkstjóri í unglingavinnu.

Eiginmaður Sigrúnar er Birgir Þórarinsson, tölvunarfræðingur og tónlistarmaður, en hann er einnig þekktur sem Biggi Veira í hljómsveitinni GusGus. Þau eiga tvö börn, átta ára dóttur sem heitir Silja Sóley og þriggja ára son sem heitir Rökkvi.

## VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Sigrún sló í gegn sem plötusnúður í fjöldamörgum veislum þar sem hún mætti með númeraða geisladiska sem hún hafði útbúið með samantekt áhugaverðrar partítónlistar.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

*„Hún hefur óbilandi trú á því sem hún er að gera.“*
Dagný Daníelsdóttir, systir Sigrúnar.

## HVAÐ SEGIR HÚN?

*„Við viljum að það sé borin jöfn virðing fyrir fólki, að öllum sé gert kleift að þykja vænt um líkama sinn og líða vel í honum, hvernig sem þeir eru vaxnir.“*
Í Fréttablaðinu, 3. maí 2008.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# VOR ÚTSALA

ASUS FERÐATÖLVUR MARGAR GERÐIR VERÐ FRÁ 59.990 AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80.000

SJÓNVÖRP Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM Á FRÁBÆRU ÚTSÖLUVERÐI

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR

15" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 34.990
TILBOÐ 24.990
enox. AFSL. 10.000 / 28%

32" TOPP LCD TÆKI
FULLT VERÐ 169.990
TILBOÐ 114.990
JVC AFSL. 55.000 / 32%

42" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 139.990
JVC AFSL. 60.000 / 30%

TÖKUVÉL MEÐ HÖRÐUM DISK
FULLT VERÐ 79.990
TILBOÐ 49.990
JVC AFSL. 30.000 / 37%

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 35% AFSLÆTTI
JBL HÁTALARAR OG HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI
BÍLTÆKI OG HÁTALARAR Á FRÁBÆRU VERÐI
JVC KENWOOD JBL Panasonic

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990 - FRÁBÆR KAUP
OLYMPUS CASIO Panasonic

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR



## FLUGAKADEMÍAN

- **Flugakademía Keilis** fellur undir samgöngu- og öryggisskóla **Keilis** og **flugrekstrarnámið** fer þar fram.
- Fjölbreytt og vönduð aðstaða fyrir ólíkar greinar flugsins undir einum hatti á Keflavíkurflugvelli.
- Ódýrt íbúðarhúsnæði á Keilissvæðinu við flugvöllinn fyrir nemendur.
- Upplýsingar um námið: flugakademian@keilir.net

## FLUGFREYJUR/-ÞJÓNAR

**Keilir býður flugfreyju/-þjónanám, til fullra réttinda í fyrsta sinn á Íslandi.** Námið mun fara fram við bestu aðstæður á Keflavíkurvelli í nábýli við alþjóðlegan flugvöll, með einstakri, verklegri aðstöðu fyrir nemendur. **Námið er í nánu samstarfi við Icelandair, Iceland Express, Flugfélag Íslands og JetEx.**

**TÖKUM VIÐ UMSÓKNUM NÚNA!**

## FLUGNÁM

**Einkaflug**. Kennt verður á nýjar kennsluvélar sem nota þotueldsneyti og eru búnar hágæða flugmælitækjum af nýjustu gerð. Á Keflavíkurflugvelli er aðstaða til kennslu eins og best verður á kosið. Skráning hefst 1. ágúst 2008.

**Bóklegt nám fyrir atvinnuflugmenn.** Tveggja anna nám. Innritun hefst 1. september 2008 og kennsla þann 1. janúar 2009.

## FLUGUMFERÐARSTJÓRN

Keilir stefnir að því að hefja kennslu í flugumferðarstjórn 1. janúar 2009. Á Keflavíkurflugvelli verður aðstaða öll til náms eins og best verður á kosið. Gert er ráð fyrir að fyrri hluti námsins verði viðurkenndur sem kjörsvið til stúdentsprófs og sá síðari metinn til náms við háskóla.

Innritun hefst 1. september 2008.




## FLUGVIRKJUN

Nám í flugvirkjun hefur ekki verið stundað á Íslandi um árabil.

Keilir stefnir á að bjóða nám í flugvirkjun við frábærar aðstæður á Keflavíkurflugvelli.

Stefnt er að því að kennsla hefjist í janúar 2009, í samstarfi við ITS og danska TEC skólann.

## FLUGVERND

Keilir hefur tekið að sér að annast flugverndarnámsskeið fyrir Flugmálastjórn. Námskeiðið er ætlað fyrir alla starfsmenn flugvalla.

Keilir mun einnig annast þjálfun öryggisvarða á flughöfnum.

Flugverndarnámskeið á vegum Keilis mun hefjast í ágúst 2008.

**Keilir**
Atlantic Center
of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

# Ein þjóðarsál eða margar?

Í dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá 25 þúsund Íslendingum sem eiga minna en ekki neitt – venjulegir fátæklingar ekki meðtaldir! Einnig er vikið að vísindatilraun með börn, fuglalífi, óvæntum árekstri, týndum hárbursta og dásemdum hversdagsins.



KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 2. MAÍ.

## Vísindatilraun

Fórum austur í Bolholt með Andra og litlu Sól. Stoppuðum hjá Borghildi og Vilhjálmi, því að Andri ætlaði að gista hjá þeim til að leika við vin sinn og dótturson þeirra, Villa sem í félagahópnum gengur undir nafninu Villi litli, ekki vegna þess að hann sé svo smár, heldur vegna þess að hann er yngri en Villi stóri.

Sumarbústaður Borghildar og Vilhjálms stendur við Hróarslæk (sem heitir reyndar fleiri nöfnum). Af öllum lækjum á Íslandi er meira vatnsmagn í Hróarslæk en nokkrum öðrum og mun meira vatnsmagn en í mörgum vatnsföllum sem bera titilinn ár.

Við fórum austur án þess að taka með tölvu og í Bolholti höfum við hvorki tengt sjónvarp né Internet. Þetta var vísindaleg tilraun til að komast að því hvort börn geti lifað í meira en 48 klukkustundir án þess að sjá lifandi myndir.

LAUGARDAGUR, 3. MAÍ.

## Helgargestir

Skömmu fyrir hádegisbil komu helgargestirnir okkar í Bolholt. Árný og Össur með dæturnar prúðu, Birtu og Ingveldi. Við sóttum Andra svo að hann færi ekki á mis við að hitta frænkurnar. Þá voru hann og Villi litli búnir að hoppa á trampólíni svo lengi að samanlagt hafa þeir örugglega verið búnir að stökkva langleiðina til tunglsins.

Þrátt fyrir atvinnu sína er Össur gífurlega vel menntaður og víðlesinn, þannig að hann er bókmenntalegur ráðunautur minn, auk þess sem hann reynir stundum að útskýra fyrir mér leyndardóma raunvísinda. Þetta hef ég reynt að launa honum með því að segja honum til í pólitík. Síðan hann varð ráðherra á ný hef ég þó ekki þorað að ráðleggja honum eitt né neitt af ótta við að hann færi eftir því sem ég segi.

Það rættist úr veðrinu þótt rigningarlegt væri í morgun. Við eyddum deginum saman og gerðum okkur glaðan dag í mat og drykk og göngutúrum.

SUNNUDAGUR, 4. MAÍ.

## Fuglalíf og rosknir og ráðsettir kettir

Dagur mikillar slökunar.

Gestirnir fóru um miðjan dag og eftir ryksugun og tiltektir náðum við í sund á Hellu og að komast heim í Fischerssund fyrir háttatíma.

Kettirnir tóku á móti okkur með þessum venjulega ásökunarsvip sem þeir setja upp ef við förum út af heimilinu. Hér áður fyrr stungum við þeim í sérstakt kattabox og tókum þá með í Bolholt. Núna eru þeir orðnir of gamlir og virðulegir til að ferðast í svipuðum þrengslum og flugfarþegar þekkja og fá að halda sig heima.

Ég er ekki frá því að fuglalífið í Bolholti sé mun glaðværara núna en þegar kettirnir áttu til að birtast þar eins og léttfættar þrumur úr heiðskíru lofti.

Börnin voru kát og hress þegar komið var til byggða og virtist ekki hafa orðið verulega meint af sjónvarps- og tölvuleysinu.

Við komum svo seint í bæinn að við komumst ekki til að samfagna okkar kæra vini Ingólfi Margeirssyni, sem hélt upp á sextugsafmælið sitt. Það er nú meira hvað fólk eldist nú til dags. Ekki þó í andanum.

MÁNUDAGUR, 5. MAÍ.

## Lán í óláni

Frú Sólveig lenti í því að klessa fjölskyldubílinn. Samt er hún betri bílstjóri en ég, enda miklu lagnari við að komast hjá árekstrum á öllum sviðum.

Það var þó lán í óláni við þetta óhapp að enginn meiddi sig eða fékk skrámu, þannig að þetta er eingöngu atvinnuskapandi og gott fyrir hagkerfið.

Það var ekkert sérstaklega skemmtilegt að tala við bílaumboðið til að koma bílnum í viðgerð. Þar sögðust þeir bara gera við bilaða bíla, en bílar sem væru klesstir eftir árekstra yrðu að fara á allt annað verkstæði og ég yrði að snúa mér annað.

Þetta þykja mér dáldið hjárænuleg vinnubrögð hjá bílaumboði sem þykist bjóða góða þjónustu, en það eru til fleiri ágætar bílategundir ef að er gáð.



ÞRIÐJUDAGUR, 6. MAÍ.

## Mikið verk að vera lifandi

Það er mikil vinna sem fylgir því að lenda í árekstri ef maður lifir hann af. Það þarf að tala við ótal aðila og hringja mörg símtöl.

Reyndar er það frú Sólveig sem hefur borið hitann og þungann af þessu bílastússi sem er svo flókið og þreytandi að ég verð yfirleitt að leggja mig þegar hún er búin að setja mig inn í málin.

MIÐVIKUDAGUR, 7. MAÍ.

## Bankarán og týndur hárbursti

Loksins kom að því að einhver rændi banka.

Tímasetningin á bankaráninu var þó ekki góð því að allir vita að bankarnir eru auralitlir þessa dagana, og eins hef ég áhyggjur af því að grunur falli á okkur Sólveigu þegar það spyrst út að við þurfum að borga sjálfsábyrgðina svo að tryggingafélagið okkar verði ekki fyrir tjóni út af árekstrinum.

Annars eru það ekki stórfréttir þjóðfélagsins sem eru manni efst í huga þessa stundina heldur smærri atburðir; það eru smáatburðirnir sem lífið gengur út á ef maður fær að lifa því í friði. Til dæmis fór litla Sól í klippingu og er nú komin með ennistopp auk þess sem hún lét taka vel af síðu hárinu. Kannski að þetta verði til þess að hárburstinn hætti að hverfa?

Nú er borgarstjórinn í Reykjavík búinn að ráða Jakob Magnússon til að taka til hendinni í málum miðborgarinnar. Og borgarstjórnarminnihlutinn kveinar út af því að starfið skuli ekki hafa verið auglýst og að 900 þúsund krónur á mánuði séu alltof hátt kaup. Reyndar er þetta gegn betri vitund því að þetta er tímabundin ráðning og meira en tímabært að fá einhvern til að taka til hendinni meðan borgarstjórnin situr og röflar og heldur að stjórnmál gangi út á hver geti röflað mest.

Skipulagsleysið í málum miðbæjarins er algert. Með vissu millibili er samþykkt einhvers konar skipulag, en þetta orð, „skipulag“, hefur enga merkingu. Ástæðan fyrir því að skipulag er merkingarlaust orð er sú að þegar einhverjum hentar er búið til svokallað deiliskipulag fyrir ákveðna reiti til að þjóna hagsmunum eða lund þess sem ræður borginni hverju sinni. Síðan er málamyndakynning á deiliskipulaginu og þeim sem eiga hlut að máli gefinn kostur á að tjá sig um það.

Svo er hlegið dátt að andmælunum og deiliskipulagið keyrt í gegn.

Í alvöruborg sem er skipulögð af alvöruborgarfulltrúum getur maður gengið að því vísu að maður þurfi ekki að vakna upp við óvænta nýbyggingu á næsta barnaleikvelli, samkvæmt flunkunýju deiliskipulagi!

Ég, sem íbúi í Miðborginni, býð Jakob velkominn til starfa. Hann er ekki öfundsverður af því mikla verki sem bíður hans. Ég mundi ekki treysta mér til að taka það að mér – og gæti ég þó notað 900 þúsund kallinn.

Hvað eru borgarfulltrúar annars með í kaup fyrir að ferðast og þrasa og deiliskipuleggja?

FIMMTUDAGUR, 8. MAÍ.

## Alvöru fátæklingar?

Alltaf hefur maður um nóg að hugsa. Í dag kynntu bankastjórar Seðlabankans skýrslu um „fjármálastöðugleika“ og meta stöðuna þannig að „íslenska fjármálakerfið sé traust“.

Þetta eru vitanlega góðar fréttir, en engu að síður vekur það athygli mína að Seðlabankinn telur að um 25 þúsund einstaklingar á Íslandi skuldi meira en þeir eiga.

Fólk sem lítið á er talið fátækt. En í þessu besta landi af öllum mögulegum löndum eru 25 þúsund sálir sem eiga minna en ekki neitt. Hvað eru venjulegir fátæklingar þá margir?

Getur þjóð verið rík ef stór hluti hennar á minna en ekki neitt?

Gæti ég sem hef bara einn líkama verið ríkur hægra megin en fátækur vinstra megin? Ríkur að framan, fátækur að aftan? Ríkur að utan, fátækur að innan?

Hefur þjóðin einn líkama eða marga? Eina sál eða margar?

Það eru greinilega ekki allir að gera það gott, en úr því að fjármálakerfið er svona traust hljótum við að geta gert eitthvað í málinu.


Salou

23. og 30. maí

frá kr. 34.990

Terra Nova býður nú frábær sértilboð til Salou. Í boði er einstakt tilboð á Cye Holiday Center íbúðahótelinu og Aqua & Golden hótelíbúðunum á Pineda ströndinni. Við bæjarmörkin er Port Aventura skemmtigarðurinn og Aquapolis vatnsrennibrautagarðurinn er í hjarta Pineda örskammt frá Salou. Góðar íbúðir á frábærum kjörum.




Kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 23. maí. Brottför 30. maí kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 12.000 á mann.

Kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2-4 í íbúð í viku á Aqua & Golden. Cye Holiday Center kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 14.000 á mann.




Einnig bjóðum við ótrúlegt súpersólar tilboð, þar sem þú bókar og tryggir þér sæti og færð að vita um þinn gististað 4 dögum fyrir brottför. Strönd, sól og skemmtun á frábæru verði.

Terra Nova PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara




THULE® SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

Ferðabox verð frá 24.900,-



Allar upplýsingar um THULE® SWEDEN ferðaboxin
er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

# Eins og sirkus, tívolí og útlönd

**Ferillinn samanstendur af þrettán árum í atvinnuleikhúsi, næsthæstu hæðum í Eurovision, 21 söngleik, leikstjórn, tveimur sólómetsöluplötum og ótal, ótal öðru. Mörgum þætti saga að segja frá því að sú sem státar þessum klæðum kunni hvorki að lesa nótur né hafi lært leiklist. Selma Björnsdóttir hefur þó þessa sögu að segja og sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* að nú væri nám, jafnvel í leikstjórafræðum, farið að toga í hana þessa dagana. Í augnablikinu er það hins vegar diskó og pönk sem á hug hennar allan.**

Selma þekkir nokkuð til þess tíðaranda sem fangaður er í söngleik Þjóðleikhússins; Ástin er diskó, lífið er pönk. Sjálf var hún að vísu of ung til að skella sér á tjúttið í Hollywood eða niður á Hlemm að sniffa lím, enda bara á barnsaldri, en hún man vel eftir eldri systkinum vina sinna sem annaðhvort voru pönkarar eða í diskóstuði. „Maður man eftir þessum afkáralegu axlapúðum, hvítum varalit og tónlistarmyndbandinu. Svo lærði maður að dansa svona ‚eighties-dansa' sem sitja auðvitað alveg fastir í manni enn í dag.“ Hefði Selma sjálf verið pönkari eða diskódrottning hefði hún haft aldur til? „Ég er algjörlega blanda af báðu. Tónlistarlega séð er ég miklu meira diskó en svo er alltaf púki í manni sem fílar pönkið betur.” Og hefðir þú jafnvel getað farið í MH í stað Versló? „Já, algjörlega. En ég veit ekki hvort ég hefði getað hugsað mér að drekka þrjátíu kaffibolla á dag og vera í fötum af ömmu.“

### Staðfastur Garðbæingur

Við ætlum að staldra við á nokkrum stöðum áður en við ræðum meira um sýninguna. Á hundavaði lítur Selma á sig sem Garðbæing, svo mikinn að þótt hún búi í Hlíðunum keyrir hún enn í Garðabæinn til að fara í bankann, sundlaugina og pósthúsið, enda afskaplega íhaldssöm að eigin sögn. Foreldrar hennar gátu af sér fjórar hoppandi og skoppandi stelpur sem allar lærðu dans, á hljóðfæri og voru í kór og tóku á barnsaldri þátt í leiksýningum í stóru leikhúsunum. Þótt systurnar hafi verið fyrstar í fjölskyldunni til að taka upp dansinn er mikil söngelska í fjölskyldunni sem og sagnagleði. Selma sjálf var auðvitað syngjandi frá því hún man eftir sér. Hún segir að eflaust hafi það mótað hana að þurfa að keppast við athygli í hópi fjögurra prímadonna og „jú, það er ekki spurning að það er ákveðin ástæða fyrir því að maður er visst hávær,“ segir hún, en tekur líka fram að fjölskyldustærðin hafi styrkt þær allar.

### Systrahjálp

Selma vill jafnframt meina að hún eigi systrum sínum mikið að þakka hvernig verkefnin skoluðust á land til hennar í byrjun. „Það er svolítið fyndið. Fyrsta hlutverk mitt í barnaleikriti, Örkinni hans Nóa, kom þannig til að í verkinu voru systur mínar allar að leika, nema ég. Viku fyrir frumsýningu kem ég með pabba á æfingu og Sigríður Þorvaldsdóttir, sem var að leikstýra verkinu, sér mig og segir: „Nú, ég vissi ekki að þær væru fjórar.“ Hún var svo góð að aumka sig yfir mig og leyfa mér að leika maríuhænu, mitt fyrsta hlutverk.“ Stuttu síðar fékk Selma hlutverk Camillu í Kardimommubænum eftir að önnur systir hennar þótti of hávaxin í hlutverkið og einhver mundi eftir smærri systur. Systraböndin kipptu Selmu svo aftur inn í leikhúsið þegar Selma var 21 árs gömul og hafði ekki leikið í tíu ár. Hrafnhildi systur hennar, sem í dag er óperusöngkona, var boðið hlutverk í West Side Story og í prufunum, sem voru aðeins ætlaðar menntuðum leikurum, segir Hrafnhildur Þjóðleikhússtjóra að hún eigi þrjár systur sem geti sungið og dansað og leikhússtjórinn segir henni að leyfa þeim að koma. „Og eftir það fékk ég hlutverk Rósalíu í West Side Story.“

### Stóra tækifærið í Þjóðleikhúsinu

Selma samþykkir það hiklaust að West Side Story hafi verið hennar stóra tækifæri – þar sem allt fór af stað. „Og þarna fékk ég bakteríuna. Fram að því sá ég mig fyrir mér, á mjög barnslegan hátt, setjandi vonda fólkið inn í fangelsi og bjargandi góða fólkinu, í starfi lögfræðings. En þegar þarna var komið og ég sá að þarna gat ég unnið vinnu þar sem ég fékk að dansa, syngja og leika – allt í senn – var ég handviss um að þetta væri algjörlega málið.“ Í kjölfarið bauðst hvert verkefnið á fætur öðru, án þess að Selma segist nokkru sinni hafa ákveðið að verða leikkona. „Þetta byrjaði bara að rúlla og ég er búin að vera þarna síðan. Svo kemur alltaf reglulega þetta: ‚Jæja, hvenær ætlaði ég svo að fara að læra eitthvað þannig að ég geti orðið „stór“? Ég hef ekki séð neina ástæðu til að stökkva af lestinni á meðan það er svona gaman. En hver veit. Við Rúnar Freyr höfum verið að líta í kringum okkur eftir hugsanlegu eins til tveggja ára framhaldsnámi, það væri gaman að breyta um umhverfi og bæta við sig. Í hverju? Leikstjóranám kæmi vel til greina sem og master í leiklist. Staðsetningin skiptir þá ekki öllu máli – ég var meira að segja að skoða skóla á Nýja-Sjálandi um daginn. Hver veit hvað verður?“

### Komið að listinni frá öllum hliðum

Selma hefur starfað í lausamennsku í þrettán ár og þrátt fyrir að hafa ekki liðið fyrir verkefnaskort er það óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að vera sjálfstætt starfandi að vita jafnvel ekkert hvað sé næst á dagskrá eftir mánuð. „Ég þekki það ástand svo vel. Það venst og stressar mig furðulítið. Svo lærir maður líka á þetta – geymir kannski einhver verkefni sem koma upp í febrúar, þegar nóg er að gera, fram í júní þegar minna er um að vera fyrir mann. Og jú, jú, það kemur alveg fyrir að ég verði kvíðin fyrir sumrinu en kannski er þá einmitt búin að vera á fullu allan veturinn og er dauðslifandi fegin að fá frí með fjölskyldunni.“ Að vinna sjálfstætt hefur líka gert það að verkum að Selma hefur öðlast mjög margvíslega reynslu, en hún hefur leikið, dansað, sungið, samið dansa, leikstýrt, framleitt, starfað við sjónvarp, skrifað, kennt, þjálfað fólk í framkomu og meira til.

### Ofan í fleiri skúffur

Heldur Selma að hún hefði þessa reynslu ef hún hefði ákveðið að fara hefðbundna veginn og fara í leiklistarnám? „Nei, ekki svona víðtæka reynslu og ég myndi alls ekki vilja skipta, nei. Ég hef fengið góð tækifæri til að þroska minn dans og söng í þeim söngleikjum sem ég hef verið í en ég hef í dag löngun til að takast á við fjölþættari hlutverk.“ Er þá erfiðara að fá dramatískar rullur sem ómenntaður leikari? „Jú, það eru alltaf ákveðnar efasemdir eða ‚fordómar' í gangi, og þótt ég líti ekki á mig sem amatör, hafandi starfað í atvinnuleikhúsi með atvinnufólki á öllum sviðum í þrettán ár, þá er það dálítið sérstakt í leiklistinni hvað það orð er mikið notað. Slíkt er hins vegar aldrei sagt í söngnum. Tónlistarbransinn virðist vera léttari í þessu. Ég hef aldrei upplifað mig sem amatör þrátt fyrir að ég hafi ekki lært söng. Þetta truflar mig ekki lengur, en mér finnst þetta eilítið hjákátlegt. Ég stefni sem sagt á að klifra upp úr söngleikjaskúffunni minni. Við Íslendingar erum dálítið flokkunarglöð og setjum fólk snemma í skúffur. Það er okkar að reyna í það minnsta að komast ofan í fleiri skúffur. Ég tel litlar líkur á að komast upp úr Eurovision-skúffunni ógurlegu því Eurovision er jú á hverju ári og þá er þátttakan rifjuð upp í hvert sinn. Það er magnað hvað Eurovision er þrautseigur merkimiði miðað við hvað ég eyddi litlum tíma í það verkefni á ferlinum. En ég er ekkert ósátt við þennan merkimiða, hef lúmskt gaman að þessu.“

### Fullkomnir dagar

Á löngum ferli er margt skemmtilegt sem stendur upp úr. Selma segir verkefnið að hafa séð um uppfærsluna á Hárinu árið 2004 hafa verið afar skemmtilegt, einnig að leika einar þrjátíu sýningar af Rómeó og Júlíu með Vesturporti, og síðast en ekki síst að leikstýra Gosa – þar sem hún segist hafa verið svo heppin með Borgarleikhússtjóra, Guðjón Pedersen, að hann tók vel í allt og leyfði þeim að hafa algerlega frjálsar hendur. „Hvert verkefni hverju sinni er svo í raun alltaf skemmtilegasta verkefnið. Eins og núna hefur Ástin er lífið diskó er pönk verið æðislegt ævintýri. Ég veit satt best að segja ekkert skemmtilera en að mæta í svona vinnu – keyra mig út í dansinum í þrjá til fjóra tíma, syngja eins og brjálæðingur og fara svo á leikæfingar með ógeðslega skemmtilegu fólki. Fyrir mér er þetta hinn fullkomni dagur og ég kem heim til mín líðandi eins og ég hafi verið í tívolí, í sirkus og útlöndum – allt í senn!“

### Fullkomnunarsinni

Umrædd sýning er í leikstjórn Gunnars Helgasonar, en verkið samdi bróðir hans Hallgrímur Helgason. Þetta er því sannkölluð fjölskyldusýning því systur Selmu semja dansa, Þorvaldur Bjarni semur tónlistina og kona hans, Þórunn Geirsdóttir, er sýningarstjóri og svo eru Selma og Sveppi bræðrabörn. „Ég leik Mæju, bestu vinkonu ungfrú Hollywood, Rósu Bjarkar, sem er aðalkarakterinn. Hún er algjör diskódís en svo verða straumhvörf,“ segir Selma og bætir við að best sé að gefa ekki of mikið upp til að skemma ekki sýninguna fyrir áhorfendum. Í sýningunni hljómar stuðtónlist frá 9. áratugnum, íslensk að megninu til og sýningin er eitt allsherjar stuð. Á Selma sjálf eitthvað sameiginlegt með Mæju? „Já, já, við Mæja þekkjumst vel – hef hitt hana áður.“

Sjálf er Selma farin að einbeita sér meira að leiknum en söngnum og segir hún skýringuna líkast til liggja að einhverju leiti í því að hún fái meiri útrás í leiknum. „Ég lít á mig sem performer í dag, frekar en tónlistarmann.“

### Var föst í rútínu

Að lokum er Selma innt eftir því hvort það sé einhver töfraformúla að baki velgengninni. „Ég held að það hafi lengi verið vöntun á fólki sem er jafnvígt á dans og söng í leikhúsin, þótt mér finnist meira um það síðustu misserin að fram sé að koma ungt fólk sem er það. Jafnframt er ég afskaplega gagnrýnin á sjálfa mig og hef mikinn metnað fyrir því sem ég er að gera. Svo getur það reyndar snúist upp í andhverfu sína og ég verið minn versti óvinur hvað sjálfsgagnrýni varðar. Ég er yfirleitt mætt ein á sviðið, korter í átta, búin að hitta upp og gera allt og er í minni maníu að gera rútínuna aftur og aftur og syngja lögin. Svo verð ég brjáluð ef ég geri fimm prósentum lélegra í dag en í gær. Á tímabili var þetta reyndar farið að taka yfirhöndina – ég varð að gera allt eins fyrir sýningar til að allt yrði fullkomið. Meira að segja ganga sömu leið inn á svið. Nú til dæmis tók ég meðvitaða ákvörðun þegar ég kom í Þjóðleikhúsið að gera aldrei neitt eins og síðast! Það er skelfilegt að þurfa að fara skjálfandi inn á svið af því að maður gerði rútínuna sína ekki nákvæmlega eins og í gær. Sem betur fer er ég að lagast með þetta allt,“ segir Selma, á leið á sýningu um kvöldið og svo ekki svo langt undan - langþráð sumarfrí.



**UPP ÚR SÖNGLEIKJASKÚFFUNNI** „Ég stefni sem sagt á að klifra upp úr söngleikjaskúfunni minni. Við Íslendingar erum dálítið flokkunarglaðir og setjum fólk snemma í skúffur. Það er okkar að reyna í það minnsta að komast ofan í fleiri skúffur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### VISSIR ÞÚ AÐ...

...Selma hélt að hún gæti ekki sungið sem unglingur og söng nær ekkert frá tíu ára aldri til tvítugs.

...er fædd 13. júní 1974, og er því tvíburi.

...börnin hennar heita Gísli Björn og Selma Rún.

...Selma er forvitin að eðlisfari nema henni finnst mjög erfitt að svara spurningum um sjálfa sig.

...stundaði nám við hagfræðideild þegar hún var í Verslunarskólanum.

...Selma og eiginmaður hennar, Rúnar Freyr Gíslason, voru samtíða í skólanum en þekktust ekkert.

...þau kynntust þegar þau unnu við söngleikinn Grease.


NÝ VERSLUN Á NÝJUM STAÐ GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR
Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði
Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. Te & Kaffi opið alla daga.
habitat
HOLTAGÖRÐUM

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR
## 25 ÞÚS. PAKKNINGAR Á GÓÐU VERÐI




Bónus fersk kjúklingalæri
**398 kr./kg.** MERKT VERÐ 498 KR./KG.




Bónus ferskar kjúklingabringur
**1598 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.




Bónus ferskir kjúklingavængir
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 298 KR./KG.




Bónus ferskir kjúklingaleggir
**398 kr./kg.** MERKT VERÐ 498 KR./KG.




Bónus BBQ krydduð kjúklingalæri
**475 kr./kg.** MERKT VERÐ 679 KR./KG.




Bónus BBQkryddaðir kjúklingaleggir
**475 kr./kg.** MERKT VERÐ 679 KR./KG




Kristjáns rúlluterta 320g **398 kr.**




Myllu möndlukaka 420g **198 kr.**




Bónus kleinuhringir 2 stk. **198 kr.**

LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG
OPIÐ MÁNUDAG 10-18

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
1198
KS lamblæri í sneiðum
1198 kr./kg.
2498
KS ferskt lambafillet m/fiturönd ókryddað
aðeins 2498 kr./kg.
40%
AFSLÁTTUR
KF einiberjakryddað lamblæri
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
499
Nautaat ungnautaborgarar
4 stk. m/brauði 499 kr./stk.
FERSKT
Ali
SVÍNAKJÖT
MEIRA MAGN
BETRI KAUP
698
Coke Light 6x2 ltr. 698 kr.
30%
AFSLÁTTUR
Ali fersk kjötmikil svínarif
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
30%
AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
FLATKÖKUR
BÓNUS
5 stk.
79
Bónus flatkökur 5 stk. 79 kr.
40%
AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
498
Ali ferskur svínabógur
aðeins 498 kr./kg.
98
Bónus Baquette 98 kr./stk.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00



**NÁTTÚRU- OG BORGARBÖRN** Hjónin Bergþóra Guðnadóttir hönnuður og tónlistarmaðurinn Jóel Pálsson lögðu saman í ævintýrið Farmers Market fyrir um tveimur og hálfu ári og segjast hafa bæði borgar- og sveitabakgrunninn. Annar afi Jóels var garðyrkjubóndi í Mosfellsdal og hinn verkfræðingur í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslensk framleiðsla í útrás

**Bergþóra Guðnadóttir og Jóel Pálsson** hafa í um tvö og hálft ár rekið fyrirtækið Farmers Market og hafa Íslendingar kolfallið fyrir fallegum ullarflíkum þeirra. Nú eru það hins vegar útlönd sem vilja íslensku hönnunina og eru verslanir í einum tíu löndum, þar af einar níu í Danmörku, farnar að selja vörur Farmers market nú í ár. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við listskapandi hjónin sem um þessar mundir virðast vera ein af fáum íslenskum móhíkönum í útrás.

Ullariðnaðurinn hafði legið nokkuð lengi niðri og Bergþóru hafði í mörg ár langað til að gera eitthvað með íslensku ullina og þjóðlegrar skírskotanir í hönnun. Jóel hafði um langt skeið ekki sinnt öðru en tónlistinni og saman langaði þau að vinna stórt verkefni saman og Jóel ákvað því að færa sig yfir til Bergþóru meðfram tónlistinni. „Það þýddi ekkert að fá hana yfir í tónlistina til mín svo að ég kom bara til hennar,“ segir Jóel og Bergþóra er ekki lengi að draga þá fullyrðingu í efa. „Það var allavega eitthvað í mér sem langaði að spreyta sig á öðrum vettvangi líka og læra eitthvað nýtt, þó að vissulega vinni ég að tónlistinni áfram daglega. Þetta var því svolítil áskorun og mjög hressandi. Við skelltum aleigunni í veðmálið og þá verða auðvitað bestu hugmyndirnar til – með þetta allt í lúkunum,“ segir Jóel en hann sér um rekstrarhlið fyrirtækisins, fjármál, vefinn, kynningarefni og annað slíkt. „Bebba sér alfarið um hönnunina á flíkunum sjálfum en auðvitað blandast þetta alltaf eitthvað. Ég stíg hins vegar ekki fæti inn á hönnunarsvæðið – en það er jarðsvengjusvæði notabene á ákveðnum tímapunktum. Ég er búinn að læra hvenær mér er óhætt að kommentera á hönnunina.“

## Í góðum félagsskap í New York

Bergþóra segir að þau séu komin með stöðuga dreifingu og sölu hér á landi sem þau séu ánægð með. Í Reykjavík er Kisan þeirra aðalsöluaðili og hefur verið með allar vörur þeirra frá byrjun, einnig eru þau sjálf með verslun í tengslum við vinnustofu sína út í Örfirisey og Kraum hefur verið með stakar flíkur á boðstólum. „Núna er aðaláherslan lögð á útflutninginn. Sá útflutningur hófst á síðasta ári, með því að við fórum á Skandinavíumarkað í búðir sem við erum ákaflega ánægð með og erum þar innan um merki eins og Isabel Marrant og svo er þetta að aukast verulega núna á þessu ári segir Bergþóra og segir að í haust verði vörur þeirra meðal annars að finna í löndum eins og Japan, Danmörku, Ítalíu, Spáni og jafnvel Grænlandi. Svo eru þau auðvitað afar spennt fyrir nýrri verslun Kisunnar sem opna mun í Soho í New York og munu New York-búar því eflaust klæða af sér vetrarkuldann í háklassa íslenskum ullarpeysum næstu vetur. „Þetta er frábær staðsetning, Kisan er þarna í góðum félagsskap verslana eins og Paul Smith, Prada og Apple, ekki amaleg staðsetning það,” segir Jóel.

## Peysa á Dorrit

Bergþóra og Jóel segja að ýmislegt sé á döfinni og viðurkenna að vinna eftir nokkurra ára áætlun, sem þau hafi gert í byrjun, og jú, sé að ganga ótrúlega rétt eftir. „Við erum til dæmis á næstu dögum að opna vefverslun í samstarfi við Grapewire, fyrirtæki Einars Arnar Benediktssonar, þar sem hægt verður að nálgast vörur okkar í gegnum þann vef. Svo erum við bara á fullu að hlaða utan á þann kjarna sem kominn er og nú í sumar eru að bætast við nýjar vörur í línuna okkar, meðal annars kjólar úr hrásilki og sjal sem byggt er á gömlu hyrnunum.

Það er alltaf skemmtilegast að byrja á einhverju nýju og sjá það verða til,“ segir Bergþóra og segir að viðtökurnar hér heima hafi verið framar vonum og þau hafi í raun ekki búist við að ná til þessa stóra hóps. Og eru ekki margir að sverma fyrir einkapöntunum? „Við gerum nú eiginlega ekkert af einkapöntunum nema í einstaka tilfellum og jú, reyndar er ein slík í gangi, á sjálfa forsetafrúna okkar, hana Dorrit,” segir Bergþóra að lokum.



**HLÝTT OG NOTALEGT** Þessi peysa kallast Reykjahlíð. Peysurnar hafa verið vinsælar bæði meðal Íslendinga og útlendinga en nú eru þær í útrás og fást um þessar mundir í einum tíu löndum. MYND/KATRÍN ELVARSDÓTTIR



**ÍSLENSKUR LOPI Í ÍSLENSKRI NÁTTÚRU** Bergþóra hafði lengi gengið með það í kollinum að vinna hönnun sína úr íslenskri arfleifð. Hvíta ullarpeysan er einnig ný og er af sömu gerð og sú svarta og er því einnig kölluð Stóra-Fljót.



**LITLA-BREKKA** Farmers Market hefur gert talsvert af því að hanna barnapeysur eins og þessa. MYND/ÓTTAR GUÐNASON



**MEIRA NÝTT** Falleg skinnhúfa sem hefur bæst við vörulínu Farmers Market og hönnuðurinn kallar Þúfu. MYND/ARI MAGG



**ÖXL** Allar flíkur Farmers Market heita eftir bæjarnöfnum sem tengjast Jóeli og Bergþóru persónulega. Sjalið er nýtt í línu þeirra og kallast Öxl og svarta peysan er nefnd eftir bænum Stóra-Fljóti. MYND/ARI MAGG




**599** kr/kg. áður 1.198 kr/kg.
Bautabúrs bayonneskinka




**1.599** kr/kg. áður 1.995 kr/kg.
Frosnar írskar grísalundir




**703** kr/kg. áður 937 kr/kg.
Nettó brauðskinka




**774** kr/kg. áður 1.032 kr/kg.
Nettó léttreykt skinka




**699** kr/kg. áður 998 kr/kg.
6 pítur m/brauði og sósu




**237** kr/pk. áður 339 kr/pk.
Betty Carrot Cake og Devils köku mix




**188** kr/stk. áður 269 kr/stk.
Betty vanillu og súkkulaði krem




**175** kr/stk. áður 249 kr/stk.
Easy taumýkir - 4 tegundir




**89** kr/stk. áður 129 kr/stk.
Easy uppþvottalögur 625 ml. - 3 tegundir




**559** kr/pk. áður 799 kr/pk.
Easy þvottaduft - 3 tegundir - 3.15 kg.

H:N markaðssamskipti / SÍA  Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 8. maí til 12. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



**HERNÁMSDAGURINN 10. MAÍ 1940.** Breski herinn safnaði öllum bifreiðum Reykvíkinga saman á Miðbakkanum þegar að herliðið lenti í Reykjavík MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Sprengjuregn ógnar þjóðararfi

Þegar Bretar hernámu Ísland 10. maí 1940 mæltust meðlimir háskólaráðs og þjóðþekktir fræðimenn til að handritum, bókum, forngripum og skjölum Safnahússins yrði komið í öruggt skjól utan Reykjavíkur af ótta við mögulegar loftárásir Þjóðverja. *Bragi Þorgrímur Ólafsson* sagnfræðingur rifjaði upp þessa sögu og hugmyndir sem vöknuðu um varðveislu handritanna á stríðstímum.

Hernámsdaginn 10. maí 1940 steig herlið Breta á land í Reykjavík og flutti liðsafnað sinn, tól og tæki á hafnarbakkann. Borgarbúar fögnuðu því að það voru Bretar en ekki Þjóðverjar sem stigu hér á land þennan föstudagsmorgun, en margir töldu eins líklegt að þýski herinn réðist hér til inngöngu eftir árásir þeirra á Danmörku og Noreg nokkrum vikum áður. Þó að hernámið hafi farið friðsamlega fram var ljóst að stríðið hafði teygt anga sína til Íslands og að Reykjavík var mögulega orðin að skotmarki Þjóðverja, þar sem landið var nú bresk herstöð. Því var talið óhjákvæmilegt að vernda þyrfti íbúa, byggingar og verðmæti Reykjavíkur fyrir mögulegum loftárásum Þjóðverja.

**Ómetanleg verðmæti**

Eitt stærsta hús borgarinnar á þessum tíma var Safnahúsið við Hverfisgötu (nú Þjóðmenningarhús), sem þá hýsti helstu söfn þjóðarinnar,;Landsbókasafn, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn og Náttúrugripasafnið. Innan veggja þess voru varðveitt ómetanleg verðmæti, þar á meðal handritasafn Landsbókasafns, sem þá taldi um 9.000 bindi. Margir báru hlýjan hug til hússins og þjóðararfsins sem það hafði að geyma og töldu nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir til að hlífa safnkostinum við stríðsátökum.

Strax á hernámsdaginn 10. maí skrifuðu ellefu þjóðþekktir menn, meðlimir háskólaráðs og nokkrir kunnir fræðimenn, nánast samhljóða bréf til Guðmundar Finnbogasonar landsbókavarðar, Matthíasar S. Þórðarsonar þjóðminjavarðar og Barða Guðmundssonar þjóðskjalavarðar þar sem þeir hvöttu til þess að þjóðargersemarnar í húsinu yrðu fluttar út úr borginni í öruggt skjól, vegna hættu á loftárásum Þjóðverja á Reykjavík.

**Sandpokar fyrir gluggum**

Forráðamenn Safnahússins voru þá þegar byrjaðir að undirbúa varðveislu handritanna ef til stríðsátaka kæmi. Sama dag og mennirnir ellefu rituðu bréfið, hernámsdaginn, lét landsbókavörður flytja allt handritasafn Landsbókasafns í kjallara hússins, eins og hann lýsir í bréfi til dóms- og kirkumálaráðuneytisins daginn eftir: „Sökum þess að enginn veit nema Reykjavík kunni þá og þegar að verða fyrir loftárás, taldi eg mér skylt að reyna að tryggja handritasafn Landsbókasafnsins svo vel sem unnt var í skjótri svipan og lét því undir eins í gær flytja hin 9.000 bindi handritasafnanna af efstu hæð niður í miðherbergi kjallarans og setja sandpoka fyrir gluggana. Gerði eg þetta í samráði við skrifstofustjórann á 1. skrifstofu og við lögreglustjórann, sem taldi nokkra tryggingu í þessari ráðstöfun.“

Bréf ellefumenninganna um brottflutning þjóðargersema úr bænum barst þjóðminjaverði, landsbókaverði og þjóðskjalaverði 11. maí og funduðu þeir um málið síðdegis þann dag. Í kjölfarið skrifaði landsbókavörður bréf til dómsmálaráðuneytisins þar sem segir: „Mig brestur þekkingu til að dæma um það, hvort þetta kæmi að fullu haldi, ef húsið yrði fyrir sprengju, og virðist mér að öruggasta verndin yrði sú, að flytja handritasafnið burt úr bænum, ef staður fyndist þar sem það gæti varðveist óhult fyrir öllum árásum og skemmdum.

Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að flytja handritasafnið, nokkrar verðmætar bækur og skjöl Þjóðskjalasafns að Flúðum, þar sem geyma átti gögnin í skólahúsinu á staðnum.

**Ellefu bílhlöss af bókum**

Þriðjudaginn 21. maí var hafist handa við að flytja handritasafnið úr bænum og birtist frétt um flutningana í Morgunblaðinu þann dag þar sem sagt var að safninu yrði komið fyrir á „tryggum geymslustað“ utanbæjar. Í byrjun júní var haldið áfram með flutningana og farið með ellefu bílhlöss af bókum og skjölum Þjóðskjalasafns að Flúðum. Af því tilefni birti Alþýðublaðið forsíðufrétt undir fyrirsögninni „Flúðir í Hrunamannahreppi geyma nú dýrmæta fjársjóði,“ og sagði að „aldrei hafi bifreiðar farið hér um landið með eins mikið verðmæti og dýrmætt fyrir þjóðina og framtíð hennar.“ Í sama streng tók Vísir, sem sagði í fyrirsögn um handritin: „Verðmæti, sem ekki verða bætt, ef þau glatast.“ Í Alþýðublaðinu var einnig viðtal við Barða Guðmundsson þjóðskjalavörð, sem sagði að gögn safnsins sem væru flutt úr bænum væru valin með það fyrir augum að ef skjölin sem væru eftir í Reykjavík skemmdust eða glötuðust vegna stríðsátaka, væri á grundvelli þeirra hægt að fá „glöggva hugmynd um sögu þjóðarinnar og menningu á umliðnum öldum, svo og stjórnskipulag landsins og framkvæmdir“.

Þessi merku gögn voru geymd í skólahúsinu að Flúðum fram til stríðsloka. Finnur Sigmundsson, sem varð landsbókavörður 1944, skrifar í árbók safnsins í júní 1945: „Þegar þetta er ritað, er heimflutningi handritanna nýlokið. Verður eigi annað séð en að þau séu jafngóð eftir flutninginn og útlegðina.“

**Safnahúsið í hættu?**

Segja má að flutningur handritasafnsins og gagna Þjóðskjalasafns hafi verið skynsamleg aðgerð, enda óttuðust menn nokkuð loftárásir Þjóðverja á Reykjavík í upphafi stríðsins. Tæknilega séð voru slíkar árásir reyndar fremur ólíklegar, meðal annars vegna þess að Þjóðverjar höfðu ekki yfir verulega langdrægum sprengjuvélum að ráða. Safnahúsið var engu að síður í mögulegri sprengjuhættu. Ástæðan er sú að aðeins örfáir metrar skildu að Safnahúsið og helstu birgðastöð bandamanna í borginni, sem var í Þjóðleikhúsinu. Slík stöð hefði eflaust verið skotmark þýska flughersins ef þeir hefðu komist á snoðir um staðsetningu hennar. Til marks um mikilvægi stöðvarinnar má benda á að sendiherra Breta, Howard Smith, sagði eitt sinn að birgðastöðin væri afar verðmæt fyrir hersetuliðið og að Bretar vildu alls ekki láta hana af hendi til Íslendinga þegar eftir því var falast. Í sama streng tók Gerard Shepard, sendiherra Bandaríkjanna, síðar.

**Vélbyssuvígi hjá Ingólfi**

Mönnum var líka ekki rótt um vígbúnað á Arnarhóli, rétt við Safnahúsið, en þar var vélbyssuvígi úr sandpokum við styttuna af Ingólfi Arnarssyni. Einn starfsmaður safnsins sendi bréf til dómsmálaráðuneytisins í júní 1940 og fór fram á launauppbót, meðal annars vegna áhættunnar sem fólst í því að vinna svo nálægt bækistöðvum hersins: „Ennfremur leyfi eg mér að benda á það, að vér starfsmenn safnanna innum nú af hendi allt starf vort fyrir söfnin inni á meðal höfuðherstöðva ófriðaraðilja styrjaldarinnar, milli Arnarhóls og Þjóðleikhússins, og er því enginn staður á landi voru í meiri hernaðarhættu en Safnahúsið.“ Þó starfsmaðurinn hafi ef til vill verið nokkuð stórorður um stríðshættuna í von um launauppbót má geta þess að Þjóðverjar gerðu vissulega loftárásir á nokkra staði á Íslandi á stríðsárunum, til dæmis á Seyðisfjörð í september 1942. Þá var Reykjavík líka í nokkurri hættu, til dæmis í október 1940, en Þjóðverjar töldu að þar væri búið að byggja flugvöll og hugðust gera loftárás, en þurftu að hætta við vegna óveðurs. Þýski flugherinn fór jafnframt oft í könnunarflug yfir landið, meðal annars yfir Reykjavík í nóvember 1940. Þeir

**Bréf sent til landsbókavarðar**

Vér undirritaðir leyfum oss hérmeð að skora fastlega á yður, herra landsbókavörður, að koma því tafarlaust til leiðar, að allt handritasafn Landsbókasafnsins sem og þau íslenzk fornprent, sem telja verður ófáanleg, verði vegna yfirvofandi hættu á loftárásum á Reykjavík flutt úr borginni og komið fyrir á sem óhultustum stað utan hennar. Vér viljum með öllu mæla á móti því, að nefndir hluti verði geymdir á neðstu hæð landsbókasafnshússins, þar sem ætla verður, að það sé með öllu ófullnægjandi trygging fyrir því, að þeir farist ekki.

Undir bréfið skrifa meðlimir Háskólaráðs, þeir Alexander Jóhannesson rektor, Sigurður Nordal forseti heimspekideildar, Ólafur Lárusson forseti lagadeildar, Magnús Jónsson forseti guðfræðideildar, Jón Hj. Sigurðsson forseti læknadeildar, einnig Pjetur Sigurðsson háskólaritari, fræðimennirnir Einar Ólafur Sveinsson, Guðbrandur Jónsson, Guðni Jónsson, Björn Þórðarson og Einar Arnórsson hæstaréttardómari.










The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is May 18, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

# Leikskólar stúdenta

Félagsstofnun stúdenta á og rekur Leikskóla fyrir börn stúdenta við Háskóla Íslands.

Leikskólarnir eru Leikgarður, Mánagarður og Sólgarður.

FS er með virka starfsmannastefnu. Starfsfólk leikskólanna nýtur sömu kjara og starfsfólk almennra leikskóla og að auki sömu hlunninda og annað starfsfólk FS.

Í skólunum stendur nú yfir vinna við að innleiða High/Scope-stefnuna sem leggur ríka áherslu á virkt nám.

## Leitum að aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og leikskólakennurum á leikskólann Leikgarð

Leikskólinn Leikgarður er er staðsettur í Stúdentagarðahverfinu við Eggertsgötu og er ætlaður börnum á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Líflegt vinnuumhverfi, frábær staðsetning, metnaðarfullt samstarfsfólk og sérstaklega skemmtilegir viðskiptavinir.

Upplýsingar veitir Guðlaug Gunnarsdóttir, leikskólastjóri, í tölvupósti gullagunnars@simnet.is eða í síma 864 6435.
Umsóknum skal skilað á Leikgarð, Eggertsgötu 14, 101 Reykjavík, **fyrir 22. maí.**

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar við Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Leikskóla rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta, Stúdentamiðlun og Hámu.

Starfsmenn FS eru um 120 talsins.

# Góð sölulaun!



# Álfasölufólk!

Okkur vantar fólk um allt land til að selja Álfinn dagana 29. maí til 1. júní. Skráning í síma 824 7646 og 824 7640

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

INNES EHF.
Heildverslun.

# Lagermenn / Bílstjórar Warehouse personnel

**Vegna aukinna umsvifa ætlar INNNES EHF. að fjölga starfsfólki.**

www.innes.is



*Leitað er að duglegum einstaklingum sem búa yfir góðri reynslu af lagerstörfum og útkeyrslu og eru tilbúnir að tileinka sér vönduð vinnubrögð í góðum hópi starfsmanna.*

**Innnes leitar eftir jákvæðu og samviskusömu fólki í útkeyrslu og lagerstörf. Um framtíðarstörf er að ræða. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegu starfi og geti hafið störf sem fyrst. Meiraprófsréttindi áskilin vegna starfs við útkeyrslu, lyftarapróf kostur vegna lagerstarfs. Umsóknarfrestur er til 20. maí 2008.**

**Innnes is a leading wholesale distributing companies in Iceland. Due to a rapid expansion, the company is now hiring capable people in the Distribution Center at Fossaleyni. We can offer accommodation.**

*Nánari upplýsingar veitir Valur Stefánsson í síma 530-4012. Umsóknir óskast sendar á netfangið vs@innnes.is eða í pósti merktar:*
*Innnes ehf, Fossaleyni 21,*
*112 Reykjavík "Atvinnuumsókn".*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.innes.is*

*Innnes er ein stærsta og öflugasta matvöruheildverslun landsins. Flest vörumerki fyrirtækisins eru markaðsleiðandi á sínu sviði. Innnes á ekki síst velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki sem nú í ár fagnar 20 ára starfsafmæli fyrirtækisins.*
*Starfsstöð fyrirtækisins er að Fossaleyni í Grafarvogi, í nýlegum og góðum húsakynnum, þar sem starfsmönnum er boðið uppá góða starfsaðstöðu og gott mötuneyti. Einnig er fyrirtækið með starfsstöð á Akureyri.*

*Innnes er eigandi að Selecta fyrirtækjaþjónustu og er einnig stærsti eigandi Haugen-Gruppen, sem er stór heildverslun á Norðurlöndunum með matvæli og vín. Hjá Innnes og dótturfélögum starfa alls um 260 starfsmenn, þar af starfa 170 erlendis og 90 starfsmenn eru hjá Innnes og Selecta á Íslandi.*

selecta

**Heilbrigðisstofnunin Blönduósi**
**Flúðabakki 2 540 Blönduós**
**Sími 455 4100 -Fax 455 4136**
**www.hsb.is**

## Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræðinemar, sjúkraliðar.

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa í föst störf frá 15. júní eða síðar. Óskum einnig eftir hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðinemum til sumarafleysinga. Um er að ræða dag og kvöldvaktir en einnig eru bakvaktir. Starfshlutfall fer eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi BHM og stofnanasamningi HSB.

Sjúkraliðar óskast í föst störf frá 15. júní eða síðar og til sumarafleysinga. Starfshlutfall 80 -100%. Laun samkvæmt kjarasamningi SLFÍ og stofnanasamningi HSB.

Útvegum húsnæði, leigan er hagstæð og aðstoðum við flutning.

Umsóknir með upplýsingum um náms og starfsferil skulu berist til Sveinfríðar Sigurpálsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar sem veitir upplýsingar um starfið í síma 455 4128 og 891 9004. Netfang: sveinfr@hsb.is

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí.
Umsóknareyðublað er á heimasíðu HSB.
Öllum umsóknum verður svarað.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi þjónar aðallega íbúum A-Húnavatnssýslu. Að jafnaði eru um 80 manns á launaskrá hverju sinni. Lögð er áhersla á uppbyggingu,skipulag og þróun til móts við nýja tíma. Starfsemin skiptist í rekstur sjúkra-og hjúkrunarrýma samtals 36 rúm og 10 rýma dvalardeildar auk heilsugæslu með rekstri heilsugæslustöðva á Blönduósi og Skagaströnd.
Sjá nánar á www.hsb.is

# Smiðir Kranamaður

Óskum eftir vönum smiðum í mótauppslátt.
Einnig vantar vanan kranamann.

**Upplýsingar hjá Sigurði verkstjóra í síma 690 6002.**



ÁF HÚS

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

# NÚNA!

ERUM MEÐ YFIR TÓLF ÞÚSUND MANNS Á SKRÁ



- SMIÐIR
- RAFVIRKJAR
- PÍPARAR
- MÚRARAR
- VERKAMENN
- FISKVINNSLUFÓLK
- BLIKKSMIÐIR
- JÁRNSMIÐIR
- AFGREIÐSLUFÓLK

**ER STARFSMANNALEIGA RÉTTA LAUSNIN FYRIR ÞIG?**

Voot starfsmannamiðlun
Hafnargata 90
230 Reykjanesbær
Sími: 420 9500
www.voot.is

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

SÍMI 420 9500 • WWW.VOOT.IS

BRCS 0763/2008

# KÓPAVOGSBÆR

## Frá Kársnesskóla

### Laus störf skólaárið 2008-2009:

- **Sérkennari**
- **Þroskaþjálfi**
- **Enskukennari á unglingastig**
- **Stærðfræðikennari á unglingastig**
- **Náttúrufræðikennari á unglingastig**
- **Umsjónarkennari á miðstig**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.
Upplýsingar gefur skólastjóri, Guðrún Pétursdóttir, í síma 570 4100 og 898 4107.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin

***www.kopavogur.is - www.job.is***

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

## Hjúkrunarfræðingsstaða

Heilbrigðisstofnun Austurlands auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa í 100 % stöðu við Heilsugæsluna Fjarðabyggð með starfsaðstöðu á Heilsugæslustöðinni Eskifirði.

Heilsugæslan í Fjarðabyggð samanstendur af heilsugæslustöðvunum á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Umsóknarfrstur er til 5.júní 2008 og skulu umsóknir berast til Emils Sigurjónssonar fulltrúa forstjóra Strandgötu 31. 735 Eskifirði

**Nánari upplýsingar um starfið veita**
Jónína Óskarsdóttir hjúkrunarstjóri
Heilsugæslunnar Fjarðabyggð sími 865-5737
netfang: jonina@hsa.is

Og Emil Sigurjónsson fulltrúi forstjóra HSA
sími 895-2488 netfang: emils@hsa.is





# Spennandi störf

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

**Starfsfólk vantar í afgreiðslustörf á kassa í verslun okkar í Grafarholti.**

**Vinnutími;**

**10-19 virka daga, einn virkur frídagur í viku unnið aðra hverja helgi 12-19.**

**12-19 virka daga, einn virkur frídagur í viku unnið aðra hverja helgi.**

**Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri**

Sendið umsóknir til Elínar Hlífar Helgadóttur, **elinh@husa.is**
Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Húsasmiðjunnar - **www.husa.is**

### Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.




Reykjavíkurborg
Velferðasvið

## Matráður á Þjónustumiðstöð Breiðholts

**Laust er til umsóknar 75% starf matráðs á skrifstofu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Álfabakka 12.**
Þjónustumiðstöð Breiðholts er þverfaglegur vinnustaður og vinna 42 starfsmenn á skrifstofunni. Boðið er upp á gott vinnuumhverfi, sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda.

**Helstu verkefni:**
- Undirbúningur og frágangur hádegisverðar starfsmanna.
- Samskipti við birgja vegna innkaupa á matvöru.
- Sjá um kaffiveitingar vegna funda.
- Önnur verkefni sem starfsmanni kunna að vera falin.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af vinnu við matreiðslu.
- Þekking á rekstri eldhúsa er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Helga Sigurjónsdóttir, deildarstjóri, sími 411-1300, netfang: helga.sigurjonsdottir@reykjavik.is

Hægt er að skila umsóknum á skrifstofu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík, **fyrir 26. maí nk.** Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

## Leiðbeinandi í félagsstarfi

**Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða leiðbeinanda í félagsstarf á Dagvistina á Vitatorgi, Lindargötu 59.**

**Helstu verkefni:**
- Virkja fólk til félagslegrar þátttöku.
- Vinna að verkefnum og uppákomum sem örva sköpunargleði og stuðla að auknum lífsgæðum fólks.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á handavinnu.
- Fjölhæfni og hugmyndaauðgi.
- Færni til hvetja, leiðbeina og miðla þekkingu.
- Samviskusemi og sveigjanleiki.

Um er að ræða 80% starf. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf frá 1. september 2008 eða eftir nánara samkomulagi.**

Dagvistin er opin virka daga frá 8.00 til 16.00. Á dagvistinni fer fram hjúkrun og virk endurhæfing einstaklinga með minnissjúkdóma.

Vinnustaðurinn er heimilisleg eining sem leggur metnað sinn í gott samstarf og góðan starfsanda.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar gefur Marta Pálsdóttir deildarstjóri í síma 411-9466 netfang: marta.palsdottir@reykjavik.is

Umsóknum má skila á Félagsmiðstöðina, Vitatorgi, Lindargötu 59, 101 Reykjavík **fyrir 15. maí nk.** Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

## Félagsleg heimaþjónusta

**Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að ráða starfsmann við félagslega heimaþjónustu á Félagsmiðstöðina við Vitatorg, Lindargötu 59.**

**Helstu verkefni:**
- Hvatning og stuðningur til sjálfshjálpar.
- Stuðningur við verkefni daglegs lífs.
- Aðstoð við létt heimilisstörf.

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af umönnunarstörfum æskileg.

Um er að ræða 50% starf. Vinnutími er frá kl. 18.00 til 22.00 tvö kvöld í viku og aðra hverja helgi.

**Starfið er laust frá 1. júní nk.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Edda Hjaltested forstöðumaður í síma 411 9450, netfang: edda.a.hjaltested@reykjavik.is

Umsóknum má skila á Félagsmiðstöðina, Vitatorgi, Lindargötu 59, 101 Reykjavík **fyrir 15. maí nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# SUMARSTÖRF

SMFR sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu leitar eftir fólki til sumarstarfa á:

- heimili fatlaðs fólks
- skammtímavistanir
- meðferðarheimili

Í boði er :

- vaktavinna í mismunandi starfshlutföllum
- öflugur stuðningur í starfi
- fjölbreytt og lærdómsrík störf
- námskeið og þjálfun

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofutíma í síma 525 0900 eða á heimasíðu www.smfr.is






smfr

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi



# Viltu vinna í nýlegum og vel búnum skóla

## með skemmtilegu samstarfsfólki og nemendum?

**Þar sem útsýnið úr skólastofunum er sjórinn, fjaran og tjörn með fjölbreyttu fuglalífi. Aðeins í 15 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði.**

**Stóru-Vogaskóli**

Stóru-Vogaskóli er glæsilegur skóli, einsetinn og heildstæður með um 220 nemendum og öflugu og hressu starfsfólki. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar.

**Lausar stöður**

- Umsjónarkennari á yngsta stigi, mið- og unglingastigi
- Íslensku-, dönsku- og stærðfræðikennari á unglingastigi
- Textílkennari (saumar)
- Heimilisfræðikennari
- Smíðakennari
- Sérkennari
- Þroskaþjálfi
- Stuðningsfulltrúi

**Sveitarfélagið mun greiða öllum háskólamenntuðum starfsmönnum sveitarfélagsins 50.000 króna eingreiðslu þann 1. september næstkomandi. Jafnframt veitir sveitarfélagið starfsmönnum sínum 15.000 króna heilsuræktarstyrk ár hvert.**

**Nánari upplýsingar veita**

Sveinn Alfreðsson skólastjóri í síma 424 6655 og sveinn@vogar.is

Svava Bogadóttir, verðandi skólastjóri, í síma 849 3898 og svavaboga@simnet.is

*Sveitarfélagið Vogar er vinalegur bær með um 1.250 íbúa í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Rólegt samfélag með hlýlegri sveitakirkju og skóla við fallega, lygna tjörn. Draumastaður barna sem vilja vera frjáls.*

---

Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

## Vallaskóli Selfossi

**Við Vallaskóla vantar en í neðagreindar stöður:**

- Almenn kennsla yngri barna.
- Sérkennsla.

Áhugasamir hafi endilega samband við Eyjólf Sturlaugsson skólastjóra í síma 480 5800 eða á netfangið eyjolfur@vallaskoli.is

Viðamiklar upplýsingar um skólann er að finna á www.vallaskoli.is

---

Borgaskóli

## Viltu taka þátt í skólaþróun?

Borgaskóli er 345 barna skóli í Grafarvogi og er 10 ára í haust. Við leggjum sérstaka áherslu á þróun og umbætur í skólastarfinu, góða liðsheild og skýra framtíðarsýn. Nú leitum við eftir kennurum sem vilja taka þátt í spennandi skólastarfi.

**Okkur vantar kennarar á miðstig, yngsta stig og faggreinakennara á unglingastig.**

Umsóknarfrestur er til 27. maí.

Upplýsingar og fyrirspurnir um störfin í síma 577-2900 og á netfangi skólans borgask@borgaskoli.is. Einnig hjá skólastjóra ingath@borgaskoli.is eða aðstoðarskólastjóra ardis@borgaskoli.is.

---

LANDSPÍTALI

## Hjúkrunarfræðingur

### Sjúkrahústengd heimaþjónusta LSH

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá sjúkrahústengdri heimaþjónustu Landspítala.

Sjúkrahústengd heimaþjónusta sinnir sjúklingum sem þurfa áframhaldandi sérhæfða meðferð heima eftir útskrift. Hjúkrunarfræðingar sjúkrahústengdrar heimaþjónustu fara í vitjanir heim til sjúklinga þar sem þeir veita sérhæfa meðferð s.s. lyfjagjafir, sárameðferðir, ráðgjöf og stuðning. Deildin er starfrækt alla daga vikunnar frá morgni til kvölds. Unnið er þriðju hverja helgi.

Við óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing sem hefur haldgóða reynslu, frumkvæði og góða samskiptahæfileika. Í sjúkrahústengdri heimaþjónustu vinnur samhentur hópur hjúkrunarfræðinga.

Umsóknir berist fyrir 26. maí 2008 til Dagbjartar Þyri Þorvarðardóttur, deildarstjóra E-2 Fossvogi og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 3297, netfang dthyri@landspitali.is.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður.

---

Skeljungur

Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti hæfileika sína í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku.
www.skeljungur.is

# Bókari óskast í öfluga liðsheild

**Starfssvið:**

- Bókun reikninga
- Bókun uppgjöra frá stöðvum
- Afstemmingar
- Verkefni er viðkoma kortareikningum
- Aðstoð við innheimtu

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Nám eða námskeið tengt bókhaldi æskilegt
- Þekking á bókhaldskerfi nauðsynleg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík samskiptahæfni

Nánari upplýsingar:
Inga Steinunn Arnardóttir,
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 10. MAÍ 2008

**HEIMILI**

## Sumarlegt um að lítast

**ARKITEKTÚR**

## Í sátt við náttúruna

**INNLIT**

## Uppgert eyðibýli

FRÉTTABLAÐIÐ







## HEIMILISHALD
MIKAEL MARINÓ RIVERA

# Út með óvelkomna gesti

Vorið er komið og grundirnar gróa og hitatigið hækkar dag frá degi. Ekkert frost og slíkt kjaftæði lengur. Nú eru það bara stuttbuxur og ermalausir bolir. En öllu jákvæðu fylgir því miður eitthvað neikvætt. Eins og til dæmis vágestir í formi skordýra sem leita inn í híbýli manna með hækkandi sól.

Geitungar hafa ekki verið beint velkomnir inn á íslensk heimili enda fjölmargir logandi hræddir við þessar skepnur. Sjálfur er ég blessunarlega laus við óttann og því er oft hringt í mig til að henda geitungum út sem hafa sloppið inn í híbýli vina og vandamanna. Sjálfur hef ég sloppið við að hringja í meindýraeyði og þar með sparað mér nokkra þúsundkalla. Ég luma meira að segja á góðri aðferð til að losna við þessi kvikindi sem ég er til í að deila með lesendum.

Tilvalið er að hafa ryksuguna í gangi á meðan beðið er, þar sem flugumferð inn og út úr búinu getur verið mikil. Eða svona eins og á Heathrow á góðum degi. Um leið og færi gefst skal stökkva af stað með ryksuguna á lofti og beina henni að búinu.

Eina sem til þarf til að losna við kvikindin og þeirra bú er ryksuga og framlengingarsnúra og tekur verknaðurinn yfirleitt ekki nema tvær sekúndur. Það er þó eins gott að fara varlega. Ef verkefnið mistekst er nauðsynlegt að vera í góðum hlaupaskóm og hlaupaleiðin þarf að vera útpæld og greið. Þegar hana er búið að skipuleggja vel og jafnvel kortleggja er gott að fara út í garð þar sem búið er og bíða átekta. Tilvalið er að hafa ryksuguna í gangi á meðan beðið er, þar sem flugumferð inn og út úr búinu getur verið mikil. Eða svona eins og á Heathrow á góðum degi. Um leið og færi gefst skal stökkva af stað með ryksuguna á lofti og beina henni að búinu. Gildir þá einu hversu stórt búið er þar sem það er víst með að sogast upp í ryksuguna á tveimur sekúndum.

Til að forðast allt óþarfa vesen er best að taka á sprett, þar sem stuðst er við tilbúnu undankomuleiðina, og leyfa ryksugunni að vera í gangi í nokkrar mínútur. Erfiðasti hlutinn er þá eftir, en hann felst í því að fjarlægja pokann úr ryksugunni. Gott er að hafa handfylli af klósettpappír og tóman poka við höndina þar sem notaði pokinn er opinn ofan í ryksugunni. Mikilvægt er að vera snöggur, opna ryksuguna, troða klósettpappírnum í opið á pokanum, setja hann ofan í og loka vel fyrir.

Eftir það er hægt að henda pokanum beinustu leið í ruslatunnuna úti í garði, með öllu áhyggjulaus um að þessir vágestir spilli heimilisfriðnum í náinni framtíð.

Og ekki nóg með að þetta sé góð leið til að spara peninga, heldur eru þetta skýr skilaboð til geitunga um að þeir séu síður en svo velkomnir á þitt yfirráðasvæði.



Heimir og kona hans, Sólveig Ólafsdóttir, hönnuðu eldhúsið sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heimatilbúin gróðurhús

Heimir Janusarson ræktar basil í döllum og notar afurðina í heimatilbúnu eldhúsi.

Heimir Janusarson er garðyrkjufræðingur og forstöðumaður í Gufuneskirkjugarði. Hann segir eigin garð allan í drasli, eins og sönnum garðykjumanni sæmi, en á heimilinu sé þó mikil gróska. Hann stundar basilræktun af miklum móð ásamt eiginkonu sinni, Sólveigu Ólafsdóttur, og hafa þau útbúið óvenjuleg gróðurhús.

„Við höfum lengi verið með kryddkörfur úti á svölum á sumrin en verðum óþreyjufull á vorin og ákváðum því að hefja ræktun í stofuglugganum. Við höfum stundum keypt salat í stórum plastdöllum sem fara ægilega mikið í taugarnar á mér og brá ég á það ráð að nota þá sem gróðurhús.“

Heimir fyllir litla potta af mold, kemur þeim fyrir í döllunum og sáir nokkrum basilfræjum í hvern. Hann lokar síðan döllunum, lætur þá standa í sólríkum glugga og vökvar vel. „Þá myndast þessi fínu gróðurhúsaáhrif og allt fer að spíra,“ útskýrir hann.

Þegar komin eru um það bil tvö kímblöð opnar hann dallinn, fyllir hann af mold og heldur áfram að vökva. „Fyrr en varir er komin fyrirtaks basil en við notum það mikið í matargerð og þá sérstaklega konan mín sem er einstaklega góður kokkur. Hún er áhugamanneskjan í þessum efnum en ég er bara fagmaðurinn og þarna samnýtum við því áhuga, fag og þarfir,“ segir Heimir.

Þau hjónin nota heimilisframleiðsluna óspart í matargerð en þau eru sérstaklega ánægð með eldhúsið sem er heimasmíðað. Grindin er úr smíðajárni og hillurnar úr massífu eikarparketi. „Við ætluðum að vera mjög grand og eyða miklu í eldhúsið þegar við fluttum inn í húsið okkar en sú varð ekki raunin því þetta varð á endanum mjög ódýrt. Við erum ekki með neina skápa heldur fær leirtauið að njóta sín á hillunum. Það virkar vel og erum við mjög ánægð með útkomuna.

- ve



● **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson tók mynd af Ráðagerði **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

● **ÖÐRUVÍSI GARÐÁLFAR** Hefðbundnir garðálfar höfða ekki til allra. Þeir sem hafa örlítið dýrari smekk og hafa áhuga á nýstárlegri hönnun ættu ef til vill að kynna sér garðálfana hans Karels Formánek. Eins og sjá má á myndinni eru álfar Formáneks svolítið óhefðbundnir. Þeir fást í þremur litum og heita Heinz, Martin og Werner. Hafi menn áhuga á að bjóða einum þeirra heimkynni í íslenskum garði má nálgast ýmsar upplýsingar á síðunni www.formanek.ch.






Danfoss X-tra línan™

Danfoss

Ný lína af ofnhitastillum sem eru hannaðir fyrir handklæða- og sérhannaða ofna

Einstök hönnun samstæðar lausnir

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins



VORTILBOÐ
TILBOÐ!
Pablo
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu
(2x80x200)
kr. 315.000
TILBOÐ!
Francisco
Fjölstillanlegt þýskt heilsurúm með heilsudýnu
(2x90x200)
kr. 499.000
Á RAFSTILLANLEGUM HEILSURÚMUM
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM
COMFORT solutions®
By King Koil®
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
Good Housekeeping Promises
MIKIÐ ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA RAFSTÝRÐRA HEILSURÚMA FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA
S Cape Wallhugger mest seldi ameríski stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

# Náttúru- og umhverfisfræði

Með aukinni ásókn í land og fjölbreyttari nýtingu þess er mikil þörf á fagfólki sem hefur víðtæka þekkingu á náttúru Íslands og sjálfbærri nýtingu hennar. Við Landbúnaðarháskóla Íslands er boðið upp á nám í náttúru- og umhverfisfræði. Áhersla er lögð á náttúru Íslands, áhrif mannsins á umhverfið, sjálfbæra nýtingu náttúrugæða og náttúruvernd.

Námið er góð undirstaða undir allt framhaldsnám í náttúruvísindum. Það hentar vel fyrir margvísleg störf að umhverfismálum sem krefjast sérþekkingar á íslenskri náttúru, s.s. umsjón, stjórn og skipulag umhverfismála og landnýtingar, eftirlit og umsjón með náttúruverndarsvæðum og mat á umhverfisáhrifum. Einnig er námið kjörið fyrir kennslu í náttúrufræðum á grunn- og framhaldsskólastigi.

Nánari upplýsingar er að fá á vef LbhÍ – www.lbhi.is
Umsóknarfrestur er til 4. júní.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is





# Búvísindi

Í búvísindanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands er lögð áhersla á raunvísindagreinar, námskeið á sviði jarðræktar og búfjárfræða og rekstrar- og tæknigreinar. Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir viðfangsefni og störf sem tengjast ræktun lands og landbúnaðarframleiðslu ásamt því að leggja grunn að framhaldsnámi og fræðistörfum á sviði búvísinda.

Nám til BS-prófs veitir undirbúning fyrir margvísleg störf sem tengjast landbúnaði við ráðgjöf, kennslu og rannsóknir. Einnig nýtist námið vel sem undirbúningur fyrir rekstur búa og störf hjá fyrirtækjum sem þjóna landbúnaði og atvinnurekstri í dreifbýli. Tveggja ára starfsmiðað meistaranám í framhaldi af BS- gráðu eykur hæfni fólks til starfa við leiðbeiningarþjónustu landbúnaðarins þar sem kröfur um menntun fara vaxandi. MS-próf uppfyllir menntunarkröfur fyrir störf landsráðunauta.

Nánari upplýsingar er að fá á vef LbhÍ – www.lbhi.is
Umsóknarfrestur er til 4. júní.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000 · www.lbhi.is




# Náttúran færð inn í stofu

● Það kann að hljóma eins og argasta klisja að íslenskir hönnuðir og listamenn sæki innblástur í náttúruna. Sú er nú samt raunin og útkoman er oft á tíðum einkar skemmtileg.







**1. Súkkulaðifjöll** Brynhildar Pálsdóttur eru gómsæt og skemmtileg. Þessir sérhönnuðu konfektmolar eiga sér allir sína fyrirmynd í íslenskri náttúru. Sá sem sést á myndinni er endurgerð af Eldborg.

**2. Rocking Beauty** kallast þessi fallegi stóll sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði. Útskorin blómin og fallega beygður viðurinn minna á náttúruna.

**3. Fátt er notalegra** en að hvíla lúin bein í grænni laut. Það hafði Óðinn Bolli Björgvinsson að leiðarljósi þegar hann hannaði þennan stól sem hann kallar einmitt Laut.

**4. Það er ekki amalegt** að geta hengt skartgripina sína á trjágreinar að kvöldi dags. Hrafn Gunnarsson hannaði þessi fallegu skartgripatré.






# Sundlaug Kópavogs opnuð á ný

## eftir stórkostlegar endurbætur

**Á morgun, sunnudaginn 11. maí kl. 15:00, verða ný sundlaugarmannvirki í Sundlaug Kópavogs opnuð og blessuð við hátíðlega athöfn**

Sundlaugin er orðin hin glæsilegasta, búin nýjustu tækni og er öryggiskerfi laugarinnar það fullkomnasta sem völ er á. Í Sundlaug Kópavogs er úr nógu að velja fyrir unga sem aldna: Úti- og innilaugar, heitir pottar, vaðlaug og rennibrautir

## Dagskrá

- **Skólahljómsveit Kópavogs**
- **Mannvirkin blessuð:** séra Ægir Sigurgeirsson
- **Ávörp:** Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri og Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs
- **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra opnar mannvirkin
- **Atriði frá Sunddeild Breiðabliks**
- **Almenningi boðið að skoða mannvirkin til kl. 18.00**

**Ókeypis í sund mánudaginn 12. maí í Sundlaug Kópavogs og Versölum**




**Við óskum Kópavogsbúum og sundlaugargestum til hamingju með Sundlaug Kópavogs og þökkum samstarfið við framkvæmdirnar**

| | |
|---|---|
| Arkitektar: | **ASK arkitektar** |
| Burðarþol: | **Verkfræðistofan Hamraborg ehf.** |
| Lagnir og loftræsing: | **Lagnatækni ehf.** |
| Raflagnir: | **Afl og orka ehf.** |
| Lóðahönnun: | **Landmótun ehf.** |
| Eftirlit og umsjón: | **Tækniþjónusta Jóns R Sigmundssonar ehf.** |
| Uppsteypa húss, aðalverktaki : | **ÁF Hús ehf.** |
| Stýrikerfið: | **Iðnaðartækni ehf.** |
| Hljóðkerfi: | **Nýherji ehf.** |
| Myndavélakerfi: | **Nortek ehf.** |
| Myndavélar sem nema hreyfingarleysi: | **Davo AS, Noregi** |
| Flísalagnir og múrverk: | **Flísalagnir ehf.** |
| Raflagnir: | **Straumvirki ehf.** |
| Málningarvinna: | **Altmálun ehf.** |
| Neysluvatns-, hita- og sundlaugarkerfi: | **Bunustokkur ehf.** |
| Loftræsikerfi: | **Stjörnublikk ehf.** |
| Ísetning glugga: | **Hjálmarsson ehf.** |
| Leiktæki í vatns- og iðulaug: | **Sportís ehf.** |
| Sundlaugarbúnaður í tæknirými: | **S. Hermannsson ehf.** |
| Ýmis búnaður: | **Aqua Sport ehf.** |
| Hellulögn og ýmis frágangur á útisvæði: | **Garðaberg ehf.** |
| | **Jóhann Tómasson** |
| Hellur: | **BM Vallá** |
| Rennibraut: | **Van Egdom** |
| Uppsetning rennibrautar: | **Van Egdom og Gylfi Geirsson ehf.** |
| Jarðvinna: | **GH Guðmundssynir ehf.** |
| Tíðnibreytar: | **Samey** |
| Pappalögn: | **Þakplan ehf.** |
| Stálsmíði: | **Stálgæði ehf.** |
| Hurðir, gluggar o.fl.: | **Mest ehf.** |
| Flísar: | **Álfaborg ehf.** |
| Hreinlætisvörur: | **Rekstrarvörur ehf.** |
| Álklæðning utanhúss: | **Áltak ehf.** |
| Kerfisloft: | **Áltak ehf.** |
| Rúðufilmur: | **Augljós merking ehf.** |
| | **Kantur ehf.** |
| | **AÞ þrif** |

Kópavogsbær, Fannborg 2, 200 Kópavogi, www.kopavogur.is, sími 570 1500



Gamla borðstofan er blá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Ráðagerði hefur verið í byggð um aldir en þetta hús var reist á árunum 1880 til 1890 og gert upp fyrir tíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Af því að við erum nútímafólk höfum við tölvuna og sjónvarpið í borðstofunni,“ segir húsfreyjan og bætir við að þar sem sjónvarpið sé nú hafi Borgundarhólms-klukka staðið í tíð fyrri eigenda. Hún er nú í Mýrarhúsaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Allt er haft sem upprunalegast. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ráðagerði öðlaðist reisn á ný

Utarlega á Seltjarnarnesi stendur virðulegt timburhús í túni. Flóinn er úfinn þennan daginn og brimið svarrar við ströndina. Hákarlshjallir á sjávarkambinum þjónar enn gildi sínu og af hlaðinu blasir Grótta við. Þaðan sést Snæfellsjökull líka þegar skyggni er gott. Við erum stödd í Ráðagerði.

„Í dag er fullt af margæsum í túninu eins og þið sjáið. Í gær voru þar stelkar,“ segir Jónína Ragnarsdóttir matvælafræðingur brosandi. Hún býr í Ráðagerði ásamt manni sínum, Finni Jónssyni viðskiptafræðingi, og Jóni Frey syni þeirra. Þau keyptu húsið fyrir ellefu árum. Þá var það í niðurníðslu enda hafði það verið í eyði í tíu ár eftir að einsetukona sem í því bjó hvarf með voveiflegum hætti.

Jónína segir þau hjón oft hafa gengið framhjá Ráðagerði og horft á það grotna niður. „Okkur rann ástand hússins til rifja en vissum að það gæti öðlast reisn á ný,“ segir hún og vísar til bakgrunns þeirra. Hún uppalin í Breiðafjarðareyjum hafði séð húsin í Flatey ganga í endurnýjun lífdaga og í heimabæ Finns, Stykkishólmi, er líka hefð fyrir að halda við því gamla. „Umhverfið hér minnir óneitanlega á þessa staði báða,“ bendir hún á.

Þau Jónína og Finnur fengu ráðagóða arkitekta til að teikna Ráðagerði upp og fagmenn í fyrirtækinu Gamlhús tóku að sér endurbæturnar. „Þeir kunna manna best að meðhöndla gömul hús svo prýði sé að,“ segir Jónína. „Gluggarnir voru ónýtir og allt var rifið bæði utan og innan af útveggjunum. Þá kom í ljós að þetta er byggingarsögulega merkilegt hús því þrír útveggjanna eru gerðir með einstökum hætti.“



Flestir útveggir hússins eru gerðir úr plönkum sem eru fjaðraðir saman. Þetta nefnist standandi klæðning. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Litlu var breytt innan dyra. Þó var eldhúsið stækkað og sameinað hjónaherberginu sem hafði verið þar inn af. Tvær samliggjandi stofur voru hins vegar látnar halda sér og milli þeirra stórar dyr með fallegum karmi. Allt ber vott um vandvirkni og virðingu fyrir því upprunalega.

En húsið er ekki bara fágæti heldur stendur það líka á einstökum stað eins og fram kom í upphafi. Jónína segir veðurfar þar talsvert annað en í borginni og líkjast meira lýsingum frá Garðskagavita. „Hér getur orðið ansi hvasst,“ segir hún. „En svo koma himneskir dagar þegar logn er og dýrð um allan sjó og þá blasir fegurð himinsins við og fjallanna.“

*- gun*



Stóll frá Aton í Stykkishólmi. Ef setunni er snúið við er komið borð.



Jónína tyllir sér í einu horni grænu stofunnar. „Hér sit ég oft við gluggann og virði fyrir mér jökulinn og sólsetrið og svo auðvitað brimið,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Viðhafnarhorn í eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



STÓRA GOSPELHÁTÍÐIN
HAFNARFIRÐI
20.-29. JÚNÍ
EINSTÖK UPPLIFUN - ENDURNÆRING FYRIR SÁLINA - ÁNÆGJULEG FJÖLSKYLDUSTUND
1908
2008
Hafnarfjörður hundrað ára
LEIGH NASH
JOYBELLS
SARAH KELLY
AKUSIA
THE LISTENINGS
JESUS REVOLUTION CONCERTTEAM
CONSTELLA
DJ FRAUENHOLZ & DEKAY
IMMANU EL
FANTASTIC
MARTIN I GRUND
KATIE BENNETT
CHRISTIAN CHARLES DE PLICQUE
HEINE LUTZEN
10 DAGAR
frítt á svæðið!
abc
20 ára afmæli ABC
VÍÐISTAÐATÚN - VÍÐISTAÐASKÓLI - VÍÐISTAÐAKIRKJA - THORSPLAN

# STÓRA GOSPEL HÁTÍÐIN

SÖNGKONAN SARAH KELLY VERÐUR MEÐ TÓNLEIKA ÞANN 28. JÚNÍ
EINSTÖK UPPLIFUN - ENDURNÆRING FYRIR SÁLINA - ÁNÆGJULEG FJÖLSKYLDUSTUND



**HVAÐ ER GOSPEL?**
Þessi spurning gæti komið upp í huga margra um þessar mundir, þegar þeir sjá umfangið á Stóru Gospelhátíðinni. Búið er að heilmerkja 2ja hæða rútu fyrir viðburðinn, tvö til þrjú tólf blaðsíðna blöð verða gefin út og send inn á öll heimili landsins og fréttabréf sent á öll heimili í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi. Heilmiklum vef er haldið úti og yfir 100 manns á leiðinni til landsins frá ýmsum löndum til að taka þátt í viðburðinum. Alls mætti áætla að um 500 manns spili og syngi á hátíðinni ef við teljum innlenda tónlistarfólkið og Gospelkórana með. Þessi tónlistarhópur er fólk sem á það sameiginlegt að spila einhverskonar Gospeltónlist. Flestir koma einungis ánægjunnar vegna en aðrir í þeim hugleiðingum að koma tónlist sinni á framfæri og taka þátt í þessari skemmtilegu útihátíð sem á að höfða til allrar fjölskyldunnar.

**Fjölbreytileiki í stað fordóma**
Kristilegt starf er jafn fjölbreytt og litirnir í náttúrunni. Hvert starf og kirkja hefur sinn lit hvort sem það er Þjóðkirkjan, Fríkirkjan eða frjálsu samfélögin. Það sem er sameiginlegt með öllum kristilegum samtökum og kirkjum eru góð gildi sem gott er að rifja upp: Undirstaðan (gildin) í kristinni trú eru td: Heiðarleiki, jákvæðni, hjálpsemi, kærleikur, miskunnsemi, réttlæti, uppbygging, líf, heilbrigði, einlægni, óeigingirni, bæn, lækning, uppfræðsla, vísindi, sannleikur og fordómaleysi.

**Orðið GOSPEL** þýðir Fagnaðarerindið eða Góðu fréttirnar. Góðu fréttirnar eru þær að Jesús kristur sonur Guðs lægði sjálfan sig, gerðist maður og tók allar misgjörðir okkar á sig. Hann leysti fólk undan valdi myrkursins með því að ganga í dauðann fyrir það og reis aftur upp okkur til lífs og blessunar.

**Hver er munurinn á Gospel og annari tónlist?**
Gospel á rætur sínar í kristna trú og sungið er til Guðs á frjálsan og óháðan hátt.
Tónlistin hefur það markmið að byggja upp áheyrendur, draga fram nærveru og frið Guðs eða einfaldlega fjalla um góða og heilbrigða hluti í lífinu. Sum trúarbrögð kyrja einhvers konar tónlist en Gospel er frjáls tjáningarmáti listamannsins um trú sína sem skilar áheyrendum og tónlistarfólki einhverri djúpstæðri reynslu eða upplifum sem hvergi er hægt að finna í neinni annari tegund tónlistar. Ef hefðbundin tónlist er skoðuð þá fjallar hún alltaf um manninn og gjörðir hans og oft er ástin upphafin á mismunandi heilbrigðan hátt eða bara stokkar og steinar, fjölbreytnin þar er óendanleg en er yfirleitt veraldleg eða um veraldlega hluti. Gospeltónlist er alltaf um Guðdóminn eða eitthvað tengt Guðdóminum. Albert Einstein sagði á sínum seinni árum að það væri ekki mögulegt að enginn Guð væri til. Líklega hefur hann hugsað málið til enda og komist að þessari niðurstöðu, það er nefnilega mjög ólíklegt að veröldin hafi orðið til af tilviljun.

**Gospeltónlist mætti líkja við hafið**
Fyrir þá sem standa í fjarska og horfa á hafið er það ósköp slétt og ekkert sérstaklega merkilegt, en þeir sem kafa ofan í hafið (Gospeltónlistina) fá að upplifa nýjar víddir, nýtt líf, nýja möguleika og gróður og landslag sem ekki er hægt að sjá í fjarska. Þú þarft að dýfa þér í Gospelið til að upplifa áhrifin.

**Fjórir flokkar Gospeltónlistar**
Fyrst ber að nefna tónlist þar sem textum er beint "til Guðs". Í þessari tegund af tónlist gerist alltaf eitthvað merkilegt, bæði hjá tónlistarfólkinu sjálfu og þátttakendum því það beinir söng sínum til Guðs, tilbeiðsla og bænir eru sungnar og raddirnar þandar til Guðs skapara alls. Þessi tónlistarstíll er kallaður Worship á ensku, tilbeiðsla á íslensku og flokkast undir lofgjörðartónlist en í mörg ár var þessi tegund af tónlist að mestu bundin við kórsöng. Seinna bættust svo hljóðfærin við og þótti mörgum um mikið ofstæki að ræða, en trúin er ekkert feimnismál og það er í lagi að brjóta upp stíla og hefðir svo lengi sem boðskapurinn helst óbreyttur. Í dag hefur Worshiptónlist verið brotin upp á nýjan hátt og er Worship sungið í rokk stíl, reggae stíl, blues stíl og í raun er allt tónlistarform leyfilegt að nota í Worshiptónlist.
Við fáum að heyra í Sarah Kelly sem syngur í þessum stíl laugardagskvöldið 28. júní og hvet ég alla til að sjá þetta atriði þar sem Sarah syngur bæði um reynslu sína í lífinu og svo er hún með einstakan tilbeiðslusöng til Guðs. Sarah Kelly hefur greinilega kafað ofan í bænina og Orðið því hún kann svo sannarlega að kalla á Guð sinn í tilbeiðslusöng sínum. Öllum líkar vel við Söru því hún er einlæg í því sem hún gerir og hún fer ekki fram á mikið umstang í kringum sig. Sarah spilar einungis frumsamið efni en hefur stöku sinnum spilað einn og einn sálm sem hún útsetur á einstaklega skemmtilegan hátt. Fleiri listamenn spila Worship tónlist á hátíðinni og mætti nefna af þeim sem koma erlendis frá, þá Christian Charles De Plique, Katie Bennett með þjóðlagastíl og Michelle Fragar frá Hillsong United með accustic tónlist. Hérlendis flytja margir aðilar Worshiptónlist í hinum ýmsum útfærslum og við fáum að sjálfsögðu að heyra í þeim á hátíðinni.

Fyrir áratug eða svo bættist flokkur númer tvö til viðbótar í Worshiptónlist með þann tilgang að draga niður nærveru Guðs en það er lofsöngur sem er "persónuleg bæn til Guðs" og spámannleg til áheyrandans. Í þessum flutningi leitast tónlistarfólk við að heyra frá Guði, leyfa anda sínum, tilfinningum og huga að ráða ferðinni og sleppa sér lausum í tilbeiðslu sinni. Þessi flutningur getur stundum stuðað fólk sem þessu er ekki vant. Skrítið segja sumir, en hér er bara einn stíll til viðbótar í Gospeltónlist.
Hátíðarnefnd vill leyfa sem flestum stílum að njóta sín á hátíðinni og verður þessi því ekki undanskilinn og vonum við fyrir vikið að hátíðin verði frumlegri, óhefðbundnari og meiri upplifun fyrir áheyrendur.

Einnig viljum við biðja þá sem eldri eru að fordæma ekki þennan nýja stíl eða flutninginn því svo lengi sem flutningurinn er jákvæður, heilbrigður og biblíulegur er hann velkominn í Gospelflóruna. Sá sem flytur svona tónlist þarf að vera sérstaklega hæfur og vel að sér í orði Guðs. Ekki má listamaðurinn tjá sig í bæninni nema það samræmist heilagri ritningu kristinna manna. Allt skal miðast til uppbyggingar fyrir áheyrendur.

Númer þrjú má nefna Gospeltónlist sem fjallar "um Guð og hvernig hann starfar" og er þessi stíll kallaður Praise og fellur hérlendis undir flokkinn lofgjörðartónlist enda náskyldur Worshiptónlist en er meira fyrir sálina.













**Frítt inn**
Nánari upplýsingar, dróg að dagskrá, video, tónlist og fleira er að finna á vef okkar
**www.biggospelfestival.com**

**Upplifðu eitthvað nýtt, dagana 20.-29. júní 2008 og vertu með okkur.**
**Lífið hefur svo margt gott upp á að bjóða.**

Í flokk númer fjögur er tónlist sem fjallar "um boðskap Guðs" og einhver íhugun um orð hans og réttlæti. Í þessum flokki sem er líklega sá stærsti í Bandaríkjunum og víðar eru flestir Gospel listamenn. Oft er þetta kallað Semí Gospel eða "kristileg afþreyingartónlist" því hér er hægt að útfæra boðskapinn á alla tónlistarstíla sem til eru og form og hefðir ekki teknar of hátíðlegar.
Á hátíðinni fáum við að heyra bæði rokk, indi rokk, techno, hip Hop, reggae, o.fl. í þessum flokki.

Öll þessi tónlist er með einhvern boðskap til íhugunar og þarf áheyrandinn að fylgjast vel með því hvað flytjandinn er að koma til skila í lagasmíð sinni. Öll Gospeltónlist á það sameiginlegt að hún upphefur ekki veraldlega hluti né dóp, kynlíf, ofbeldi eða óheilbrigt líferni. Allur texti er miðaður til uppbyggingar fyrir áheyrandann, óháð aldri og vonumst við til þess að svo megi verða í ár.

Vonandi sérð þú og þín fjölskylda þér fært að koma á þessa útihátíð sem er nú í fyrsta skipti, haldin á 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar. Endilega vertu með því öll litaflóran verður í Hafnarfirði í sumar, njóttu vel.

Baldvin Baldvinsson
framkvæmdastjóri Stóru Gospelhátíðarinnar


abc
spron
FÖNN
FANNHVÍTT FRÁ FÖNN
Café KONDITORI Copenhagen
BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN diesel.is
567-4840 og 660-0565
- Klettháls i 2 -
www.hofdahollin.is & diesel.is




# LEIGH NASH



# HAFNARFJÖRÐUR 100 ÁRA

**Velkomin í afmælið**
Vegleg hátíðarhöld verða í Hafnarfirði út árið 2008. Afmælishelgin sjálf verður frá 29. maí til 1. júní svo Víkingahátíðin þar á eftir, síðan 17. júní og þann 20. júní hefst svo Stóra Gospelhátíðin. Þann 21. júní er svo afmæli ABC á Víðistaðatúni og MND tónleikarnir samhliða á Thorsplani. Það má því segja að það verður nánast ein samfelld hátíð í Hafnarfirði allan júní.

**Gleðilegt afmælisár!**
Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1. júní 1908. Sama dag var fyrsti kjörfundurinn haldinn í Góðtemplarahúsinu, hófst hann kl. 12.00 á hádegi og lauk þremur klukkutímum síðar. 25 manns komu á kjörstað en talið er að um 400 manns hafi verið á kjörskrá. Þá bjuggu 1469 manns í bænum og 109 börn voru í barnaskóla bæjarins og Ungmennafélagið 17. júní æfði og sýndi glímu af kappi. Fyrstu tveir lögregluþjónarnir voru ráðnir – báðir heljarmenni að burðum og vöktu lögreglubúningarnir þeirra mikla athygli. Síðan eru næstum liðin hundrað ár og bæjarbúar hátt í 25.000 og skólabörn 3600. Lögreglan vekur ekki mikla eftirtekt vegna klæðnaðar og bæjarbúar fyrir löngu hættir að sýna glímu sér og öðrum til skemmtunar. En í dag sýnir bærinn á sér nýja hlið en það er gospelhliðin. Hafnfirðingar hafa ekki dulið trúarskoðanir sínar í gegnum árin en nú beinist sjónin að grunni samfélags okkar, kristinni trú og tónlistinni sem trúnni fylgir. Áhrif kristinnar tónlistar gætir um allan heim og leynist í grunninum hjá hinum ýmsu tónlistarmönnum. Gospel á nefnilega ýmsa góða að eins og t.d. Leigh Nash og Sixpence None the Richer.



# NASH

## SÖNGVARI SIXPENCE NONE THE RICHER

**LEIGH NASH** kemur til Hafnarfjarðar í sumar ásamt gítarleikara sínum til að skemmta okkur með söng sínum á Víðistaðatúni. Leigh Nash hefur sungið mörg vinsæl lög á undanförnum árum með kristilegu hljómsveitinni **Sixpence None The Richer** og má þar t.d. nefna lagið Kiss me en textinn í því lagi var saminn út frá Ljóðaljóðum Biblíunnar og lagið There she goes sem náði töluverðum vinsældum hérlendis. Leigh Nash hóf sólóferil sinn árið 2006 með útgáfu á diskinum Blue on Blue og hefur gert það gott síðan. Leigh Nash er einstaklega hæfileikarík söngkona en hún hóf söngferil sinn með Sixpence aðeins 13 ára gömul og hefur hún því verið í tónlistarbransanum í um 20 ár. Leigh söng titillagið í myndinni Winn Dixie, en sú mynd er einstaklega hugljúf eins og lagið " I´ve got to see you smile". Það má segja að Leigh Nash sé ein af súperstjörnum tónlistar í USA en hún tók strax vel í að koma á hátíðina og spila og er þar með orðin góðvinur Íslendinga.



# IMMANU EL

*IMMANU EL er sænskt band sem spilar Indí Rokk. Tónlist þeirra svipar til þess sem Sigurrós er að gera. Þessir strákar verða með tvenna tónleika á hátíðinni, sjá www.biggospelfestival.com*

V.L.F. HLÍF
Verkalýðsfélagið Hlíf

# STÓRA GOSPEL HÁTÍÐIN

### Hafnarfjörður 100 ára
Hátíðin er haldin á 100 ára kaupstaðarafmæli Hafnarfjarðar og er hluti af afmælishátíð bæjarins. Von okkar er að sem flestir landsmenn heimsæki eða taki þátt í þessari fjölskylduhátíð og kynnist fjölbreytileikanum í Gospeltónlist ásamt almennu kirkjulegu starfi.

### Dagskrá
Fjölbreytt dagskrá verður fyrir allan aldur en dagskráin verður þéttust um helgarnar en léttari á virkum dögum. Mikið er lagt í að hafa Festivalið sem fjölbreyttast og að hátíðin höfði til allrar fjölskyldunnar. Nú þegar hafa hundruð listamanna skráð sig til þátttöku, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Á hátíðinni munu koma fram allir helstu Gospel tónlistarmenn Íslands og fjöldi erlendra listamanna. Létt tónlist verður oftast inni í Víðistaðakirkju en popp, rokk, dans og drama ásamt allskyns sýningum verður á sviði á mótssvæðinu. Um helgar verður gott krakka- og unglingastarf.

### ABC hjálparstarf 20 ára
Afmælistónleikar ABC verða þann 21. júní í tilefni af 20 ára afmæli hjálparstarfsins. Mun margt af okkar þekktasta tónlistarfólki koma fram. Þau nöfn sem nefnd hafa verið eru Gospelkórs Reykjavíkur, Björgvin Halldórsson, Páll Rósinkrans, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur, Ragnar Bjarnasson, Hera og Regína Ósk.

Í tilefni af afmæli ABC mun starfsmönnum hjálparstarfsins í 10 löndum verða boðið til landsins og til að taka þátt í hátíðinni. Hvert land verður daglega með styrktartónleika í Víðistaðakirkju og starfsemi hvers lands kynnt, eitt land á dag í 10 daga.

### Líf og fjör fyrir allan aldur!
Á svæðinu verða settar upp hjólabrettasýningar með lifandi tónlist undir. Við Hafnarfjarðarhöfn verður boðið upp á sjóbrettaferðir og fleira. Skátarnir verða með gestaþrautir og leiki fyrir yngstu kynslóðina um helgar. Risa sölutjald, hundasýningar, andlitsmálun, listatjald, blöðrur og grill verða á svæðinu.

### Fjölskylduhátíð fyrir alla landsmenn
Gospel er fyrir alla fjölskylduna, ekkert ofbeldi er í textunum heldur einungis það sem er jákvætt og til uppbyggingar. Þeir sem kynnast Gospeltónlist eru sammála um það að oftast er eitthvað sérstakt sem gerist hjá áheyranda og tónlistarfólki við flutninginn. Við vonum að svo megi einnig verða á Víðistaðatúni, að gestir kynnist einhverju nýju og eignist nýja sýn á boðskapinn í kristinni trú sem er grunnurinn í Gospeltónlist. Hægt er að tjalda á svæðinu gegn vægu gjaldi á vegum Skátanna. Góð gæsla verður á svæðinu.

### Frítt inn
Þessi hátíð sem hefur einnig verið kynnt sem „Gospel festival" er sú eina sinnar tegundar á Íslandi en gospelhátíðir eru vel þekktar erlendis. Ekki mun kosta inn á hátíðina nema á svokölluð „workshop" erlendra tónlistamanna.

### Fyrirlestrar og námskeið
Fjölmargir fyrirlestrar og námskeið verða í boði um mismunandi efni á hátíðinni. Námskeiðin og fyrirlestrarnir verða um helgarnar í Víðistaðaskóla og í Víðistaðakirkju frá kl. 10:00 til 12:00.

**Skoðaðu dagskrána á www.biggospelfestival.com**




**Upplifðu eitthvað nýtt, dagana 20.-29. júní 2008 og vertu með okkur.**
**Lífið hefur svo margt gott upp á að bjóða.**

UNNAR GÍSLI SIGMUNDSSON SÖNGVARI JACK LONDON - TÓNLEIKAR ÞANN 20. JÚNÍ OG 21. JÚNÍ HJÁ NMD FÉLAGINU THORSPLANI
EINSTÖK UPPLIFUN - ENDURNÆRING FYRIR SÁLINA - ÁNÆGJULEG FJÖLSKYLDUSTUND


SMYRIL LINE
abc
Indian Mango Restaurant
indianmango.is
Frítt inn
Nánari upplýsingar, dróg að dagskrá, video, tónlist og fleira er að finna á vef okkar www.biggospelfestival.com




# UPPLIFÐU HIMININN



## JOYBELLS

*JOYBELLS er þekktur 40 manna Gospelkór frá Svíþjóð. Kórinn mun m.a. syngja á afmæli ABC og vera með vinnuhóp í Víðistaðakirkju.*







## JACK LONDON

**JACK LONDON**

*Jack London er einstaklega frumleg Indi/rokk gospelhljómsveit sem er skipuð þannig að Árni Magnússon spilar á bassa, Ingvar Leví Gunnarsson á gítar, Ólafur Rúnar Sigurmundsson á píanó/hljómborð, Símon Geir Geirsson á trommur og Unnar Gísli Sigurmundsson á gítar ásamt söng. Hljómsveitin var stofnuð síðla árs 2004 og hefur frá þeim tíma spilað frumsamið efni á hinum ýmsu tónleikum og uppákomum. Strákarnir fóru til USA til að taka upp sína fyrstu plötu sl. janúar, áætlaður útgáfudagur er í júní 2008.*



## UNDIR NÁÐ GUÐS

**u.n.G** heitir kröftugur hópur sem starfar í Samhjálp og leiðir lofgjörð þar. Hópurinn samanstendur af Magnúsi Stefánssyni fyrrverandi trommara EGÓ ásamt hæfileikaríkum söngvurum og tónlistarfólki. Bandið syngur kröftuga tilbeiðslusöngva en markmið hópsins er að leiða áheyrendur sína inn í nærveru Guðs. Það er óhætt að segja að þeir sem hafa hlustað á þetta band hafa komið breyttir af tónleikum með þeim. Fólk hreint og beint hrífst inn í Guðsríkið og upplifunin er einstök. Heyrn er sögu ríkari. Bara mæta föstudagskvöldið 27. júní og njóta þess að vera hrifinn upp til himna með u.n.G.



# GLÆTAN BÓKAKAFFI



*Jarryd Klapper gítarleikari mun líklega heimsækja Glætuna og fá sér kaffi þegar hann kemur til landsins*

**Glætan bókakaffi** opnaði í nóvember á síðasta ári og hefur fengið mjög góðar viðtökur. Glætan er frábær viðbót við menninguna og mannlífið í miðborginni. Eigendur Glætunnar eru hjónin Sigurður og Sæunn Þórisdóttir. Í Glætunni er úrval af bókum og tónlist á íslensku og ensku. Einnig er áhersla lögð á að bjóða upp á hljóðbækur og mynddiska. Uppákomur hafa verið alla fimmtudaga frá opnun m.a. ljóðalestur og lifandi tónlist. Ekkert aldurstakmark er inn á uppákomurnar og aðgangur ókeypis. Glætan hefur opnað heimasíðuna www.glaetan.is og er þar hægt að fylgjast með því sem er að gerast og skoða úrval bóka, geisladiska og ýmissar gjafavöru. Þeir sem ekki hafa tök á að koma í verslunina geta fengið vörur sendar með pósti.

Glætan
Bókakaffi

Aðalstræti 9 - 101 Reykjavík - www.glaetan.is - sími: 511 1180



# ABC barnahjálp

**Verkefni og áherslur ABC barnahjálpar**
Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um menntun barna og að sjá til þess að grunnþörfum barna sé mætt.

**Skólaganga barna**
Heimavistir og barnaheimili fyrir heimilislaus börn.
Áhersla er á að mæta þörfum munaðarlausra og heimilislausra barna með barnaheimilum og heimavist. Götubörnum er boðið heimili og þeim hjálpað til að hefja eðlilegt líf. Einnig er leitast við að sjá börnum sem koma langt að til að sækja skóla og börnum sem búa við óviðunandi heimilisaðstæður aðstöðu til að búa á heimavistum ABC á meðan þau stunda nám í ABC skólunum.
Hjálpin sem veitt er á heimavistum og barnaheimilum ABC er húsnæði, umönnun, fæði, klæði, læknishjálp og ýmis konar uppbyggileg iðja. Má nefna sem dæmi skátastarf, fótbolti og aðrar íþróttir og ýmis konar fræðsla, söngur og leikir.

**ABC barnahjálp, íslenskt hjálparstarf í 10 löndum**
ABC starfar í Pakistan, Indlandi, Filippseyjum, Úganda, Kenýa, Líberíu, Senegal og Burkina Faso. Verið er að undirbúa stofnun ABC í tveimur Afríkulöndum til viðbótar.

Alls styrkti ABC í kringum 10.000 börn í ársbyrjun 2008, en markið er sett á að tvöfalda þann fjölda á 20 ára afmælisárinu og vera með 20.000 börn í árslok 2008.
Af þeim 10.000 börnum sem ganga í skóla fyrir tilstilli ABC eru um 4000 börn í heimavistum eða barnaheimilum ABC.

Jólakort útbúin fyrir stuðningsaðila á Íslandi



Tveir drengir á heimilinu skemmtu áhorfendum með dansi

# ABC 20 ÁRA

## Heimsókn á Heimili litlu ljósanna á Indlandi




Heimavist yngri drengjanna á Heimili litlu ljósanna á Indlandi

26. desember 2004 lagði ég af stað í mína fyrstu ferð til Indlands til að heimsækja Heimili litlu ljósanna á sem er barnaheimili sem ABC barnahjálp rekur. Hjónin Guðrún Margrét Pálsdóttir og Hannes Lentz sem eru frumkvöðlar ABC voru á leiðinni út til að skoða starfið og bauðst mér að koma með sem sjálfboðaliði. Ég hafði verið að vinna við myndbandagerð og var nú markmið mitt að mynda heimilið og starfið. Mig hafði reyndar lengi langað til að skoða þá hluta heimsins sem ég sem venjulegur túristi hafði ekki aðgang að og var þetta því mikið tækifæri fyrir mig að stíga út fyrir þann heim sem ég lifði og hrærðist í hér heima á Íslandi. Þó fannst mér það skrýtin tilhugsun að ég væri að fara að heimsækja stað sem kannski mætti kalla munaðarleysingjahæli. Ég hafði svo sem ekki aðrar viðmiðanir af slíkum stöðum en söguna um Oliver Twist og svo hryllingsmyndir af barnaheimilum í Kína og Rúmeníu sem sýndar höfðu verið einhvern tíma í sjónvarpinu. Þetta voru stofnanir þar sem börn ólust upp í algjöru sinnuleysi og flest þeirra virtust þjást af miklum geðtruflunum. Ég vissi því ekkert á hverju ég mátti eiga von.

Snemma morguns 27. desember 2004 sveif vélin með mig innanborðs yfir flugvallarsvæðið í Hyderabad á suð-austur Indlandi. Nokkru áður en vélin snerti flugbrautina var greinilegt að hér var á ferðinni allt annar menningarheimur en ég var vön. Við renndum okkur yfir kofahaf sem lá upp að flugbrautinni. Upp við flugvallarbygginguna mátti sjá haug af brotajárni. Í kringum flugbrautina sjálfa blasti við hellingur af tómum plastflöskum og plastglösum á víð og dreif. Mér fannst þetta afar einkennilegt en fékk þá skýringu síðar á plastinu að þegar einhver stjórnmálamaður kæmi í heimsókn væri tekið á móti honum á vellinum með viðhöfn og ævinlega boðið upp á drykki við flugbrautina. Svo gleymdist kannski að senda einhvern til að þrífa á eftir og af því að þetta er úti en ekki inni þá henda menn bara frá sér plastglösunum þar sem þeir standa.

Eftir 5 tíma ferðlag í gegnum stanslaus bílflautuhljóð og nokkurs konar rallý svig fram hjá uxum, kúm, hjólkerrum, troðfullum strætóum og mótorhjólum með 5 manna fjölskyldum á, komum við loks á Heimili litlu ljósanna. Vel var tekið á móti mér og Samúel Motupalli forstöðumaður og stofnandi heimilisins bauð mér upp á kalt mirinda inni á skrifstofunni sinni. Eftir að hafi yfirheyrt mig í um mína hagi í um það bil 30 mínútur stakk hann upp á því að ég myndi koma aftur til Indlands fljótlega og dvelja hjá þeim í nokkra mánuði. Ég vildi nú ekki móðga mína nýju indversku gestgjafa en vissi engan veginn hvernig ég átti að svara þessu tilboði þar sem ég var búin að vera á staðnum í 30 mínútur og var enn í hálfgerðu menningar áfalli eftir mínu fyrstu klukkutíma í landinu. Ég þakkaði fallegt boð, brosti hálf vandræðalega og reyndi svo að eyða talinu.

Ég fór beint í háttinn eftir langt og strang ferðalag en morguninn eftir vaknaði ég um sexleytið við trumbuslátt og lúðrablástur. Ég opnaði dyrnar og gekk út á stigapall og var þá óðar hrópað og kallað til mín af hópi unglinga sem stóð á stétt fyrir neðan og mér bent á að koma hið snarasta. Ég gekk niður til þeirra og var óðar dregin inn í bygginguu þar sem greinilega var lúðrasveitaræfing í gangi. Mér var skellt á stól og svo voru settir upp lúðrasveitartónleikar fyrir mig í dásamlegri indverskri morgunsólinni þennan þriðja í jólum. Krakkarnir skríktu af kátínu og vildu endilega að ég bæði um óskalög en það voru lög eins og jinglebells og önnur jólalög í indverskri útgáfu. Þetta voru sennilega alskemmtilegustu jólatónleikar sem ég hef farið á.

Nei, þetta var svo sannarlega ekki eins ég hafði ímyndað mér að væri að koma á munaðarleysingjahæli. Börnin alls staðar svo full af lífi og frjálsleg í framkomu en samt svo einstaklega kurteis og öguð.

Um fimmleytið þennan sama dag komu Gunna Magga og Hannes í heimsókn. Nú skildi ég fyrir hvað Lúðrasveitin hafði verið að æfa sig þarna um morguninn því að um leið og þau stigu út úr bílnum á stelpnavistinni fóru þvílík hátíðahöld í gang.

Eftir tveggja daga veru á heimilinu minntist Samúel svo aftur á þá hugmynd sína við kvöldmatarborðið að ég kæmi aftur til að vera í einhverja mánuði. Nú þurfti ég ekki að hugsa mig um tvisvar. Já takk!! Þvílík forréttindi.

Ég áttaði mig fljótlega á því að það var sko ekkert lítið við Heimili litlu ljósanna. Þarna var komið stórt samfélag enda börnin á heimilinu orðin 2000 þegar þarna var komið sögu. Ég hafði heyrt þessa tölu áður en ég kom en þegar ég sá allan fjöldann með eigin augum þá var þetta svo miklu stærra en ég hafði ímyndað mér. Þarna voru skólar á öllum menntastigum. Allt frá barnaskóla upp í háskóla. Þarna var meira að segja ökuskóli.



Þórunn ásamt Kalyani stuðningsbarninu sínu (fyrir miðju í grænum kjól) ásamt fleiri stelpum fyrir utan stelpnavistina á Heimili litlu ljósanna.

## ÞAÐ ER SÆLLA AÐ GEFA EN AÐ ÞIGGJA



Ung móðir sem býr ásamt börnum sínum á gangstétt í borginni Chennai á suður Indlandi


Caroline Iaker

Caroline Nakabirwa

Goli Srikanth

Gudipati Prasad

Meda Gopi Raju

Meeniga Krishna

Brian Damulira

Cesto Okello

Eunice Akello

Evaline Akot

Susan Akidi

Alfred Ogaba

Antony Oromokech

Charles Okello

Daphine Nakawoya

Fred Jok - Kwaro

Andrew Oketayot

Asraf Ssemkungo

Enriest Akandwango

Charles Onen

Emmanuel Semakula

Denish Ojok

Vusa Jhansi

Beatrice Auma


Meda Nagaraju - Indland

Khumba Rani - Indland

Usarthai Jhon - Indland

Nemalikanti Jhonson - Indland

Amos Ojok - Uganda

Meeniga Dharani - Indland

Addanki Jyoti- Indland

Dorah nakavuma - Uganda

# ÞAÐ BÍÐUR BARN EFTIR ÞÉR


Lært heima úti í garði fyrir utan stelpnavistina

Ég ákvað svo að fyrst ég væri á staðnum gæti ég ekki farið nema að taka að mér að styrkja eitt barn. Ég hitti svo eina stúlku á þrettánda ári sem heitir Kalyani sem ég tengdist við. Ég komst svo að því að móðir hennar var einstæð með tvær dætur og hafði ekki efni á því að sjá fyrir dætrum sínum eða senda þær í skóla. Hápunkturinn var svo að fá að sitja með Kalyani og öllum hinum 2000 krökkunum að horfa á indverska Bollywood hljómsveit á gamlárskvöld. Að afgreiða hátíðarmat ofan í 2000 börn og 300 starfsmenn er heldur ekki lítið mál og var ótrúlegt að sjá hvað allt gekk vel og átakalaust fyrir sig. Ég reyndi að ímynda mér hvernig þetta liti út ef þetta væru 2000 íslensk börn á gamlárskvöld en gat bara ekki séð það fyrir mér.

Þessi fyrsta Indlandsferð mín tók 3 vikur en ég ákvað að þiggja þetta rausnarlega heimboð frá Samúel og fór ég svo aftur til Indlands í byrjun júlí sama ár og var þá í 2 mánuði. Þessi lífsreynsla breytti mér til langframa og ég fékk gjörsamlega nýja sýn á lífið. Indland er næst fjölmennasta þjóð veraldar og í allri þessari mann-mergð þá er ekki mikið þó að nokkur þúsund börn á ári hverfi, séu seld í ánauð eða látist vegna vannæringar hvað þá að það skipti máli að þau komist ekki í skóla. Fyrir okkur sem komum úr svona litlu samfélagi þá er þetta skrýtið því að hér skiptir okkur hvert einasta barn svo miklu máli.

Ég lærði líka af heimsóknum mínum á heimilið að hamingja manns er oft bundin við það viðmið og þær væntingar sem maður hefur. Börnin á Heimili litlu ljósanna búa ekki á neinn hátt við þann munað sem við getum boðið okkar íslensku börnum. Flest sofa þau á strámottum á gólfinu, hvert með sitt teppi. Hvert barn á eitt box sem inniheldur nokkrar flíkur og aðra muni sem barnið á. Stundum horfa þau á eina bíómynd á sunnudagskvöldum. Á heimavist eldri stelpnanna horfði ég með 600 stelpum á dans- og söngvamynd í litlu sjónvarpstæki sem haft var uppi á sviði. Diskurinn var gallaður og myndin fraus og hökkti á víxl og það var heldur ekki hægt að sjá mikið ef maður sat aftast í salnum. Samt var alveg rífandi stemming og mikið klappað og hlegið. Enda komu tæknigallarnir kannski ekki svo mikið að sök því að flestar kunnu myndina utan að hvort eð var.

Í samanburði við umhverfið sem börnin komu úr þá var lífið á heimilinu stórkostlegt. Á heimilinu var lífið áhyggjulaust, bara að hugsa um skólann og að vera með vinum sínum og ég sá að krakkarnir söknuðu engan veginn þeirra gerfi þarfa sem þau vissu ekki einu sinni að væru til.

Ég gleymi aldrei veru minni á heimilinu og urðu þessar heimsóknir mínar til þess að ég síðar réði mig til starfa hjá ABC og flutti til Kenya til að hefja þar starf í líkingu við Heimili litlu ljósanna. Aldrei gat mig grunað það að þessi jólaferð mín myndi hafa þessar afleiðingar þegar ég sveif fyrst yfir flugbrautina í Hyderabad. En þó vissi ég þá eins og ég veit einnig nú að Ævintýrið er rétt að byrja.

# abc.is

**Þú getur farið inn á www.abc.is og fundið þessi börn eða einhver önnur til að styrkja.**

# 414 0990

**Hringdu til okkar og taktu að þér barn. Þessi börn og miklu fleiri vantar stuðningsaðila.**

# UNGLINGAR

**Mikil þörf á stuðningi fyrir unglinga**

Hjá ABC eru margir unglingar teknir inn á heimilin jafnvel þó að við vitum að það geti reynst erfiðara að finna fyrir þá stuðningsaðila. Þórunn Helgadóttir starfsmaður ABC í Kenya segir hér sögu tveggja unglinga sem búa á heimavistinni í Kenya og vantar stuðningsaðila.

**Henry Ochieng - fæðingardagur 18. des.1992. Aldur: 15 ár.**

Ég hitti þennan dreng á götu úti um kvöldmatarleytið í október 2007 skammt frá barnaheimilinu okkar í Nairobi fyrir utan lítinn kjúklingastað. Ég var að spjalla við tvo götudrengi sem halda til fyrir utan staðinn þegar Henry kom til mín og bað mig að hjálpa sér. Hann var þá á 15. ári og óvenjulega snyrtilegur og kurteis miðað við götudrengi almennt. Hann spurði hvort ég gæti tekið sig inn á heimilið því að hann væri búinn að vera á götunni í 2 mánuði. Hann sagði mér að foreldrar sínir hefðu látist nýlega og að hann stæði uppi einn og svæfi úti í sölubás á nóttunni í nálægu hverfi. Þegar ég innti hann eftir því hvernig stæði á því að hann væri svona snyrtilegur þá sagði hann að ákveðin kona, nokkurs konar miskunnsamur samverji hefði gefið honum þessi föt nýlega og leyfði hún honum einnig að koma og þvo af sér fyrir utan húsið hjá sér. Hún geymdi líka fyrir hann föt til skiptanna. Mér þótti magnað að sjá hvað þessi 14 ára strákur lagði mikið í að vera snyrtilegur þó að hann byggi á götunni og stæði einn uppi í þessari veröld. Og þvílík einsemd. Foreldrarnir höfðu augljóslega elskað þennan dreng og lagt sig fram um að kenna honum lífsreglurnar. Ég get varla ímyndað mér hvernig honum leið þegar þau létust og skildu hann eftir einan. Hann spurði mig afar feimnislega hvort ég gæti hjálpað honum að komast aftur í skóla og það var hálfpartinn eins og hann væri að bíða eftir höfnun. Ég bauð honum að setjast inn í bílinn og við fórum á heimilið og hefur hann verið þar síðan. Frá fyrsta degi féll hann inn í hópinn og eins og mín fyrstu kynni voru af drengnum kom í ljós að hann er einstaklega ljúfur og kurteis. Ef móðirin væri á lífi hlyti hún að vera stolt. Henry ásamt fleiri götudrengjum á hans aldri bráðvantar stuðningsaðila.

**Priscillah Wanjiru - fæðingardagur 11. Nóv 1993. Aldur: 14 ár.**

Móðir Priscilluh kom með hana heimilið til okkar í Nairobi ásamt tveimur yngri systkinum haustið 2007. Priscillah var þá rétt að verða 14 ára. Faðir hennar hafði nýlega látist sem skildi fjölskylduna eftir án tekna og fyrirvinnu. Móðir hennar ákvað því að koma Priscilluh fyrir í fóstri hjá föðurbróður hennar á meðan hún hélt áfram að reyna að sjá fyrir sér og yngri börnunum tveimur. Ekki leið á löngu áður en að fósturfaðirinn byrjaði að misnota Priscilluh kynferðislega. Hann hótaði að drepa hana ef hún myndi segja einhverjum frá þessu en þrátt fyrir það ákvað hún samt að segja mömmu sinni frá þegar hún kom í heimsókn.

Móðir hennar ærðist og varð upp úr þessu mikið rifrildi innan fjölskyld-unnar sem endaði með því að móðirin flýði héraðið með Priscilluh og hin börnin tvö fótgangandi. Hún kom til Nairobi allslaus og févana en fékk að gista í litlum bárujárnskofa hjá konu sem býr í fátækrahverfi skammt frá heimili ABC. Konan vissi af starfi ABC og kom með fjölskylduna á heimilið. Þegar þau komu voru börnin öll vannærð og komin með húðsýkingu. Móðirin var einnig farin að þjást af geðtruflunum vegna allra erfiðleikanna. Kvöld eitt á samverustund á stelpnavistinni stóð Priscillah upp og deildi sögu sinni með hinum stelpunum á eftirminnilegan hátt. Það var varla þurrt auga í húsinu það kvöldið, svo mikill var sársaukinn í frásögninni þegar tárin runnu niðar kinnar Priscilluh. En nú mitt í sorginni var einnig komið mikið þakklæti yfir yndislegum nýfundnum vinum og nýrri trú á Guð og framtíðina .

abc BARNAHJÁLP

Síðumúla 29 - 108 Reykjavík - S: 4140990 - www.abc.is - abc@abc.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**Þessi opna er afmælisgjöf Fréttablaðsins til ABC**

# ÞJÓÐKIRKJAN
## BIÐJANDI · BOÐANDI
## ÞJÓNANDI



## Grundvöllur og hlutverk Þjóðkirkjunnar

### Grundvöllur

Íslenska þjóðkirkjan er evangelísk lúthersk kirkja, hluti hinnar heilögu almennu kirkju er biður, boðar og þjónar í nafni Jesú Krists um heim allan.

Kristin kirkja er fólk sem kallað er til samfélags við Guð og við hvert annað í trú, von og kærleika. Andi Guðs knýr kirkjuna til að boða og vitna um Jesú Krist í orði og verki. Kirkjan byggir á Biblíunni og vitnisburði hinna fyrstu kristnu um hinn krossfesta og upprisna Jesú Krist og þeim lífsviðhorfum sem felast í þeim boðskap.

Kristin kirkja og fólkið í landinu hafa átt samleið frá upphafi byggðar. Kristin trú og siður eru samofin sögu þjóðarinnar og eru mótandi afl í samfélaginu. Þjóðkirkjan vill miðla komandi kynslóðum hinum kristna arfi og vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og leiðum í starfi sínu sem helgast af bæn, boðun og þjónustu.

### Hlutverk

Hlutverk Þjóðkirkjunnar er að boða og iðka kristna trú á þann veg að sérhver einstaklingur er tekur á móti boðskapnum um Jesú Krist:

Játi trú á Guð, höfund alls lífs, og leiti leiðsagnar hans í lífinu.
- o finni þörf sína fyrir nærveru og gæsku Guðs
- o beri virðingu fyrir sköpun Guðs
- o virði helgi og gildi hverrar manneskju
- o haldi í heiðri boðorð Guðs

Trúi á Jesú Krist sem frelsara og fyrirmynd og sýni þá trú í orði og verki
- o setji traust sitt á Jesú Krist og orð hans
- o beri umhyggju fyrir öðrum sem svar við elsku Guðs
- o iðrist og fyrirgefi eins og Guð fyrirgefur
- o sýni umburðarlyndi og stuðli að réttlæti og friði í samskiptum við annað fólk

Styrkist í trú, von og kærleika með hjálp heilags anda
- o eigi samfélag við Guð í bæn, orði Guðs, skírn og altarisgöngu
- o kynnist krafti og gleði trúarinnar í samfélagi safnaðarins
- o sýni örlæti og hjálpsemi sem svar við góðum gjöfum Guðs
- o eflist í von um eilíft líf með Guði

### Þjóðkirkjan rækir hlutverk sitt með því að:

- o boða, biðja og þjóna í helgihaldi,
- o fræða um kristna trú og siðferðisgildi,
- o sinna kærleiksþjónustu, hjálparstarfi og kristniboði innanlands og utan,
- o starfa um land allt í söfnuðum þar sem fjölskyldur og einstaklingar eiga athvarf á stundum gleði og sorgar,
- o liðsinna hverjum þeim sem þarfnast stuðnings,
- o standa vörð um kristna trúar- og menningararfleifð á Íslandi,
- o miðla af reynslu systurkirkna um heim allan.

### Samfylgd um allt land

Í Þjóðkirkjunni eru 279 söfnuðir enda starfar kirkjan um allt land. Um 120 þeirra eru mjög smáir, þar búa færri en 100 manns. Í nokkrum safnaðanna búa hins vegar nokkur þúsund manns. Alls eru 104 prestaköll á landinu. Stór söfnuður getur myndað eitt prestakall en algengt er að nokkrir söfnuðir séu í prestakalli.

### Grasrótar uppbygging

Hverjum söfnuði er stjórnað af sóknarnefnd. Allir sem tilheyra Þjóðkirkjunni og eru orðnir 16 ára geta boðið sig fram í sóknarnefnd. Þær eru misstórar eftir stærð safnaða og sóknarnefndarfólk er sjálfboðaliðar eins og stærstur hópur þeirra sem taka þátt í kirkjustarfi.

Sóknarnefndir kjósa fólk á kirkjuþing sem fer með æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Þar eiga sæti 29 kjörnir fulltrúar, 12 vígðir menn (prestar eða djáknar) og 17 leikmenn, auk þess biskup Íslands, tveir vígslubiskupar og einn fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands með málfrelsi og tillögurétt.



VIRÐING
KÆRLEIKUR
GÓÐ FYRIRMYND
GLEÐI OG UMHYGGJA
BÆN
TRÚ



## GOSPELKÓR SUÐURNESJA

Gospelkór Suðurnesja var stofnaður í nóvember 2005 og hefur allar götur síðan vaxið og dafnað. Gospelkórinn er þekktur fyrir líflegan og skemmtilegan söng og lagavalið er fjölbreytt. Með hefðbundnum gospellögum blandast þekktar dægurperlur, bæði íslenskar og erlendar.
Gospelkórinn samanstendur af einstaklingum á öllum aldri.
Elín Halldórsdóttir er kórstóri en hún var aðalhvatamaður að stofnun kórsins, eftir að hafa stjórnað kórunum Spirit of Joy og Femmes Fatales í Regensburg í Þýskalandi um nokkura ára skeið.
Gospelkórinn er í samstarfi við Keflavíkurkirkju og kemur reglulega fram í athöfnum í kirkjunni. Kórinn verður með tvenna tónleika á Stóru Gospelhátíðinni, annars vegar tónleika með hljóðfærum og síðan Acapella tónleika. Nánari upplýsingar um kórinn er á bloggsíðu kórsins. Gospel.bloggar.is.



8

**Tölulegar upplýsingar**
279 sóknir
104 prestaköll
15 prófastsdæmi
2 vígslubiskupsdæmi
1 biskupsdæmi
156 prestar
29 djáknar



156 prestar starfa innan Þjóðkirkjunnar, í sóknum eða sérþjónustu, á sjúkrahúsum, stofnunum eða í tengslum við sérstakar þarfir kirkjumeðlima eða þjóðfélagshópa. Fyrsta konan var vígð árið 1974. Núna starfa 45 konur sem prestar innan Þjóðkirkjunnar. Prestar Þjóðkirkjunnar starfa einnig meðal Íslendinga erlendis, í Bretlandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

29 djáknar eru starfandi innan Þjóðkirkjunnar, bæði í söfnuðum og á stofnunum. Þeirra hlutverk er bæði að sinna fræðslu og kærleiksþjónustu, að vera til staðar fyrir þá sem þurfa.




## SUNNUDAGASKÓLI & fyrirlestrar

Sunnudagana 22. og 28. júní verður öflugt barnastarf og sunnudagaskóli á Stóru Gospelhátíðinni í Hafnarfirði. Á meðan krakkarnir skemmta sér geta þau sem eldri eru valið um fjóra skemmtilega fyrirlestra um mismunandi efni, í fjórum sölum. Frítt er á alla fyrirlestra. Munið að taka daginn frá!





### Öflugt tónlistar- og menningarstarf

Innan Þjóðkirkjunnar starfa rúmlega hundrað kirkjukórar, auk fjölda barna- og unglingakóra. Um 2000 manns taka þátt í kórum á vegum Þjóðkirkjunnar. Í sumum sóknum eru gospelkórar starfandi og öflugt tónlistarlíf einkennir víða kirkjustarfið. Tónlist er ríkur þáttur í helgihaldi kirkjunnar, en einnig í barnastarfi og æskulýðsstarfi. Kórarnir eru víða mikilvægur þáttur í menningarlífi sveitarfélaga eins og sést á þeim fjölmörgu tónleikum sem haldnir eru til dæmis á aðventu og á vorin.
Öflugt lista- og menningarstarf er í kirkjum um allt land. Myndlistarsýningar eru haldnar víða. Árlega veitir Þjóðkirkjan kvikmyndaverðlaun í samstarfi við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík.

### 12–15.000 börn taka þátt í barnastarfinu

Tólf til fimmtán þúsund börn sækja árlega Barnastarf kirkjunnar. Barnastarfið nær auk sunnudagaskólans yfir margs konar annað starf, svo sem skipulagt starf í fjölmörgum söfnuðum fyrir 6-9 ára börn og 10-12 ára börn, barnakóra og fleira.

### Æskulýðsstarf fyrir unglinga frá 13 ára aldri

Mikill vöxtur hefur verið í æskulýðsstarfi undanfarin ár og koma jafnan nokkur hundruð börn á landsmót æskulýðsfélaga sem haldin eru árlega. Í Þjóðkirkjunni er einnig starfræktur leiðtogaskóli fyrir æskulýðsleiðtoga þar sem unglingarnir fræðast um gildismat, hlutverk leiðtoga sem fyrirmyndir, tjáningu, um sorg og áföll svo eitthvað sé nefnt. Síðasta vetur voru 120 unglingar við nám í leiðtogaþjálfun í Þjóðkirkjunni víða um land.

Auk fræðslu fyrir börn og unglinga er fullorðinsfræðslu sinnt innan kirkjunnar, meðal annars með Alfa námskeiðum um grunnatriði trúarinnar, og með fjölbreyttum námskeiðum um trú og tilveru. Bænahópar starfa víða í kirkjum og hópum sem vinna eftir 12 spora kerfinu innan kirkjunnar fer fjölgandi.

### Kærleiksþjónusta

Með kærleiksþjónustu er átt við það hlutverk kirkjunnar að bera umhyggju fyrir náunganum og koma honum til hjálpar. Það birtist meðal annars í sálgæslu, sem öll sóknarbörn eiga aðgang að og í margvíslegu starfi meðal þeirra sem þurfa aðstoð eða vináttu. Þá er einnig unnið á alþjóðavettvangi í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar og Samband íslenskra kristniboðsfélaga. Innan Þjóðkirkjunnar starfa meðal annars fangelsisprestur, prestur heyrnarlausra, prestur fatlaðra og sjúkrahúsprestar og djáknar starfa á sjúkrastofnunum. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar tekur á móti fólki í viðtöl vegna ýmissa erfiðleika.

### Í hópi þjóðanna

Aukin fjölmenning setur svip sinn á allt mannlíf á Íslandi. Þjóðkirkjan vill taka vel á móti því fólki sem hingað flytur. Árið 1996 var prestur settur til að þjóna innflytjendum á Íslandi og hann þjónar fólki, án tillits til trúarbragða. Reglulegt samstarf hefur verið við kaþólsku kirkjuna sem nýtir kirkjur Þjóðkirkjunnar víða um land fyrir helgihald. Í æskulýðsstarfi hefur verið lögð áhersla á að berjast gegn kynþáttafordómum. Nýir Íslendingar hafa einnig tekið virkan þátt í kirkjustarfi og helgihaldi hér. Það er fagnaðarefni og auðgar kirkjustarfið.

### Í hópi kirknanna

Þjóðkirkjan tekur virkan þátt í samstarfi kristinna trúfélaga hér á landi. Hún tekur þátt í alþjóðlegu kirknasamstarfi, bæði við nágrannakirkjur okkar á Norðurlöndum og Bretlandseyjum, lútherskar kirkjur um heim allan og kirkjur í Evrópu og um allan heim í gegnum kirknasamtök. Lútherska heimssambandið og Alkirkjuráðið eru virk í hjálpar- og þróunarstarfi, mannréttindabaráttu og í því að vinna stöðugt að samræðu og samvinnu milli ólíkra kirkjudeilda og stuðla þannig að einingu kristinnar kirkju.



### Í hópi trúaðra

Á Íslandi eru um 30 trúfélög skráð og enn fleiri starfandi. Þau tilheyra bæði kristinni trú og öðrum trúarbrögðum. Þjóðkirkjan átti frumkvæði að stofnun samráðsvettvangs trúfélaga, til að efla og bæta samskipti milli ólíkra trúarbragða.

### Aðgengi og samræða

Á trúmálavef Þjóðkirkjunnar, **www.trú.is**, er hægt að skrá sig og fá bænir og ritningarvers í morgunpóstinum. Þar er einnig hægt að bera fram spurningar um trúmál og lesa pistla um trúna og tilveruna. Þarna er einnig að finna stærsta predikanasafn landsins, um 850 predikanir.



ÞJÓÐKIRKJAN
www.kirkjan.is



# CHRISTIAN CHARLES PLICQUE

Christian-Charles de Plicque einn frægasti Black Gospel tónlistarmaður Finnlands kemur til íslands í sumar.

Christian Charles hefur spilað blandað Soul, funk, techno, rhythm og blues, Black Gospel, þjóðlagatónlist og Pop fusion í gegnum árin en í dag hefur hann alfarið snúið sér að Black Gospel music.

Christian fæddist í Dallas, Texas, árið 1948. Hann ólst upp í Black Baptist and Pentecostal kirkju, og söng þar í kórnum þegar hann var yngri og einnig í ýmsum rokkhljómsveitum fram til ársins 1960. Á þessum árum var hann mikið undir áhrifum frá Mahalia Jackson, Aretha Franklin, Sam Cooke, Freddie King, Taj Mahal, B.B. King, Albert Collins, og ekki má gleyma goðsögninni og listamanninum Andraé Crouch.

C.C fluttist til Finnlands og hefur haft finnskan ríkisborgararétt í tvo áratugi. Það verður ógleymanleg stund á Gospelhátíðinni þegar Christian Charles stígur á svið.

# KEFAS

## FRUMSAMIN LOFGJÖRÐARLÖG MEÐ CELTIC, ÍRSKUM OG COUNTRY STÍL

Í lítilli kirkju við Elliðaárvatn leiðir Björg R. Pálsdóttir lofgjörð sem er í senn heillandi og frumleg. Kefas heitir kirkjan og er hún staðsett rétt við vatnið með alveg frábæru útsýni.
Mjög vinsælt er að leigja út húsið fyrir brúðkaup og annan mannfagnað vegna staðsetningar kirkjunnar. Tónlistarfólk hennar hefur staðið að útgáfu á tveimur lofgjörðardiskum sem eru alveg frábærir. Það hefur ekki farið mikið fyrir Kefas í gegnum árin en allir þeir sem komst í snertingu við þessa fallegu rólegu lofgjörð í kirkjunni þeirra koma ríkari til baka og segja frá. Rólegu lögin á diskunum eru einstaklega vel heppnuð en það er hægt að vista lögin frítt af heimasíðu www.kefas.is. Kefas verður með lofgjörðartónleika á Stóru Gospelhátíðinni, tónleika sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

# GOSPELHÁTÍÐ

EINSTÖK UPPLIFUN - ENDURNÆRING FYRIR SÁLINA - EINTÓM HAMINGJA



# BLÚSSVEIT ÞOLLÝAR

Þegar Gospeldrottning og Gítarsnillingur mætast er útkoman blús! Sú varð einmitt raunin á haustdögum 2003 þegar Gospelsöngkonan Þollý og gítarleikarinn Maxel voru stödd á Ólafsfirði að heimsækja kirkju eina og hófu að syngja og leika blús af fingrum fram eftir miðnætti. Þarna fæddist Ólafsfjarðarblúsinn sem síðar varð ein aðaluppistaðan í efnisskrá þeirra og hjólin tóku að snúast... fleiri lög bættust í efnisskrána og fleiri hljóðfæraleikarar bættust í hópinn. Blússveitin hefur síðan þá vaxið, dafnað og þróast og komið víða við, m.a. spilað á Selfossi og í Hveragerði, haldið tvenna tónleika á Café Rósenberg, spilað á Jónsmessuhátíð í Hafnarfirði og voru með opnunaratriði á Blúshátíð Reykjavíkur árið 2006. Á tónleikum þeirra á Stóru Gospelhátíðinni verður ekkert til sparað, sérstakur gestaspilari leikur með hljómsveitinni og óvæntur leynigestur mun stíga á svið!



# DJ FRAUENHOLZ & DEKAY

DJ Frauenholz og Dekay heita tveir listamenn sem koma á Stóru Gospelhátíðina og spila þeir mest Ambient, Techno Instrumental tónlist. Þessir kappar vinna sem plötusnúðar í Þýskalandi og spila á hljómborð, dj, gítar og tölvu. Það mætti minnast á það að Dj Frauenholz er kristinn þjóðverji en Dekay er Gyðingur sem er náttúrulega skemmtileg blanda og hafa þeir fyrir stuttu sett saman hljómsveitina Modular Soul. Þessir strákar munu spila tónlist sína á hátíðinni á stóra sviðinu þann 20. júní og svo aftur á Thorsplani þann 21. júní þegar þakkartónleikar MND félagsins verða. Strákarnir halda svo áfram að spila mánudags- eða þriðjudagskvöldið 23.-24. júní á stóra sviðinu á Víðistaðatúni. Hægt er að finna tónlist þeirra á myspace.com/modularsoul og hlusta á sýnishorn.

10 SALT KRISTIÐ SAMFÉLAG
www.saltks.is

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Skoðaðu dagskrána á www.biggospelfestival.com



# TASIILAQ á GRÆNLANDI

## TRÚIN GETUR FÆRT FJÖLL ÚR STAÐ



**Vegurinn hefur látið gott af sér leiða í Tasiilaq á Grænlandi með því að senda þangað hópa reglulega því neyðin er mikil - bæði andleg og líkamleg. Tasiilaq er mjög einangraður og afskekktur staður, mikill drykkjuskapur er þar, ofbeldi og misnotkun eins og víða á Grænlandi. Vegurinn hefur verið með fata- og matarúthlutun í bænum ásamt því að gefa út forvarnarbækling á grænlensku. Forvarnarbæklingur þessi er til hjálpar foreldrum til að koma í veg fyrir að börn þeirra fari út í vímuefnaneyslu. Vegna þessara heimsókna þangað er nú komið af stað foreldrarölt/gæsla á næturnar um helgar. Þetta er sama fyrirkomulag og er víða á Íslandi og hefur gefist vel hér. Vegurinn hjálpar grænlensku fólki að finna tilgang með lífinu með því að leita í gildi trúarinnar og uppbyggjast þar af leiðandi í kærleika og fyrirgefningu Guðs.**



## VEGURINN

Vegurinn er frjáls kirkja í Kópavogi sem hefur starfað frá árinu 1982. Margir af stofnendum Vegarins tóku þátt í starfinu Ungu fólki með hlutverk innan íslensku Þjóðkirkjunnar á sínum tíma og í framhaldi af því varð Vegurinn til sem ávöxtur náðargjafavakningarinnar sem átti sér stað á áttunda áratugnum. Hugsjónin er að kirkjan sé vettvangur þar sem fólk uppbyggist og fær lækningu bæði á líkama og sál. Tilgangurinn er að breiða út ríki Krists innan lands og utan samkvæmt kristniboðsskipuninni. Vegurinn boðar að Biblían sé innblásið orð Guðs og þegar það er boðað hreint og ómengað hefur það kraft til að frelsa frá synd, lækna sjúkdóma og breyta lífi fólks. Á samkomum Vegarins er Jesús Kristur boðaður með lofgjörð, predikun og fyrirbæn og friður og nærvera Drottins verður raunveruleg. Stofnendur samfélagsins höfðu kirkju Nýja testamentisins í huga varðandi andlegar þjónustur og embætti. Starfið í dag er fólgið í samkomuhaldi, biblíufræðslu, bænastundum og fyrirbænastarfi. Reglulega eru haldnir lækningadagar þar sem nærvera og flæði kærleiksanda Guðs læknar mein líkama og sálar. Lögð er áhersla á mikilvægi heimahópa þar sem fólk kemur saman í smærri hópum. Í þeim hópum er fræðsla, beðið fyrir persónulegum málefnum og svo er fengið sér kaffi og spjallað um trúna á eftir. Unga fólkið í kirkjunni hefur auðvitað sinn vettvang með líflegum samkomum og fleiru. Vegurinn er með trúboð á erlendri grund og hefur svo að segja tekið bæinn Tasiilaq á austur Grænlandi að sér. Þar er mikil þörf og ekki síst hjá unga fólkinu og er rík áhersla lögð á forvarnir vímuefna. Hópar eru sendir þangað reglulega en þess má geta að Tasiilaq er vinabær Kópavogs þar sem Vegurinn hefur aðsetur. Fólk í Veginum trúir á mikilvægi einingar innan líkama Krists og leitast við að hafa gott samstarf við aðra söfnuði sem og allt fólk.

## SPURNING DAGSINS

### Hvað hefur trúin gert fyrir þig?



"Fyrir um tveimur árum leystist ég undan ótta sem hafði haldið mér eins og fanga í eigin líkama. Þessi ótti hindraði mig að gera hluti sem mig langaði til að gera eða jafnvel þurfti að gera. Ég vissi að ég gat ekki í eigin mætti losnað undan honum en Guð heyrir bænir og meira en það, Hann svarar þeim líka! Í dag er ég frjáls að gera það sem ég vil og þjóna Guði óhindrað! Allt Honum að þakka!"
*Inga Hanna.*





"Fyrir 16 árum síðan tók ég á móti lífinu í Guði með því að játa Jesú Krist sem minn Frelsara og Drottinn. Það er besta ákvörðun sem ég hef tekið. Þó allt hafi gengið vel hjá mér, var ég andlega leitandi. Það var eins og eitthvað innra með mér væri óuppfyllt. Síðan ákvað ég að fara á samkomu í Veginum og það kvöld breytti lífi mínu. Mér leið eins og ég væri komin heim, þessi tómleiki innra með mér hvarf og ég eignaðist óútskýranlegan frið og gleði sem ég á enn í dag vegna samfélags míns við Guð."
*Edda Sif Sigurðardóttir*



Vegurinn

"Trúin á Jesú Krist og hans friðþægingarverk veitir mér festu og öryggi í mínu daglega lífi. Orð Guðs er í dag það viðmið sem ég geng út frá í nánast öllu sem ég tek mér fyrir hendur. Viðurkenni þó að stundum gleymi ég Guði í öllum látunum en hann er samt ávallt nálægur og í kallfæri. Ég hef margoft sannreynt mátt bænarinnar og veit því fyrir víst að hún virkar."
*Hafsteinn Gautur Einarsson*

**Sú stærsta gjöf sem gefin hefur verið er Jesús**



## STÆRSTA GJÖFIN

Í Jóhannesarguðspjalli 3. kafla og 16. versi, sem oft er kallað litla Biblían segir: "Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf."
Það fyrsta sem við þurfum að gera þegar okkur er gefin gjöf, er að taka við henni. Stundum tökum við á móti gjöf og setjum hana á góðan stað, til að nota hana síðar.
Þegar við tökum við gjöfinni sem Guð gefur okkur, þá þurfum við ekki aðeins að taka við henni, heldur einnig að byrja að nota hana strax. Gjöfin sem Guð gefur er sonur hans Jesús og þegar við tökum við honum þá kemur Jesús og dvelur hjá okkur og er í okkur. Hann vill eiga persónulegt samfélag við hvert og eitt okkar og vill vera okkar besti vinur. Leyfðu Jesú að koma inn í líf þitt, vera þér líf og gleði og fylla þig af þrá til að lifa með honum.
*Högni Valsson, forstöðumaður*

**Vegurinn, kirkja fyrir þig**



# THE LISTENING

Hljómsveitin the Listening er að koma til landsins en þeir eru þekktir fyrir að spila seiðandi Indí Rokk með trúarlegum textum. The Listening mun spila á undan Sarah Kelly sem verður þetta sama kvöld (28.júní). Enginn ætti að láta þessa listamenn fram hjá sér fara því þarna verða tvö af bestu atriðum hátíðarinnar saman komin á Víðistaðatúni ásamt fjölda annarra listamanna. Hægt er að hlusta á sýnishorn á biggospelfestival.com

# HEINE LUTZEN

Heine Lutzen er einn af eldri Gospeltónlistar-mönnum Færeyinga. Hann er búinn að vera í bransanum frá því um 1980 og er enn að gera það gott. Hann hefur spilað Gospelrokk, country o.fl. og hefur gefið út 2 diska með frumsömdu efni. Heine spilar Worshiptónlist og afþreyingartónlist með gospelívafi og er Pastor í kirkju í Þórshöfn. Heine verður með tónleika seinni helgina á Stóru Gospelhátíðinni ásamt bandi. Mikill áhugi er hjá Færeyingum á Gospeltónlist og hafa þeir haft árlegar Gospelhátíðir frá árinu 2001 með mikilli ásókn frá heimamönnum.

EINSTÖK UPPLIFUN - ENDURNÆRING FYRIR SÁLINA - HAMINGJA

# STÓRA GOSPELHÁTÍÐIN 20. júní til 29. júní



## AÐ VERA KRISTINN EFINN OG TRÚIN

**Tómas lærisveinn efaðist.**
Efinn er hin hliðin á peningi trúarinnar.
Að eiga trú er dýrmæt eign.

Kristinn maður játar trú á Jesú Krist sem sinn upprisna Drottin og frelsara. Sú játning felur í sér þá sannfæringu að það sé tilgangur með lífi mínu og þínu og að hugsun sé að baki öllu sem er.

Með því að eiga Jesú að vini og vera í persónulegu sambandi við Guð í gegnum heilagar ritningar, bænina og sakramentin fær lífið nýja dýpt. Það er líkt og sólin skíni skærar, náttúran sé lituð skarpari litum og manneskjan sem mætir mér á götu sé meira brosandi en ég hafði áður tekið eftir.

Drottinn minn og Guð minn, þú ert þar í öllu hinu smáa, en einnig í öllu hinu stóra. Kristur er allt í öllu, því hann lifir.

**Páskasólin!**
Þeim veruleika neitaði Tómas að trúa samkvæmt guðspjalli Jóhannesar. Eftir aftöku föstudagsins langa var það sorgin sem blindaði sýn. Hann og lærisveinarnir höfðu misst sinn leiðtoga og vin. Við þekkjum þá stöðu sjálfsagt flest að missa og að glíma við sorg í einni eða annarri mynd. Ferli sorgar getur legið um dimman dal og erfiðar tilfinningar geta látið á sér kræla. En hin kristna von segir að það muni birta um síðir og að allt sé það í hendi Drottins sem muni gera alla hluti nýja. Sú hlýja von sem páskasólin gefur sameinar kristna söfnuði og kristnar manneskjur um heim allan.

**Jesús, mitt á meðal lærisveina sinna þá og enn í dag!**
Eftir krossfestinguna birtist Jesús lærisveinum sínum samkvæmt Jóhannesarguðspjalli og sagði við þá „Friður sé með yður!" Hann sýndi þeim einnig hendur sínar og síðu. Þeir urðu glaðir og hann sagði aftur við þá: „Friður sé með yður. Eins og faðirinn sendi mig, eins sendi ég yður. Meðtakið heilagan anda." (Jh. 20:21-22) Jesús sendi þá, eins og hann sendir mig og þig, til að vera verkfæri Guðs hér í heimi. Boða þann veruleika með orðum og verkum og lífinu öllu að Jesús er upprisinn.

En Tómas varð ekki vitni af þessu, hann var ekki inni þegar Jesús kom. Þegar lærisveinarnir tjáðu honum upplifun sína að Jesús hefði opinberast þeim sagði Tómas: „Sjái ég ekki naglaförin í höndum hans og geti sett fingur minn í naglaförin og lagt hönd mína í síðu hans, mun ég alls ekki trúa." (Jh. 20:25b)

**Að sanna Guð með vísindalegum hætti!**
Tómas setti Guði skilyrði, vildi fá sönnun, leit á Guð eins og viðfangsefni. Öll þekkjum við það án efa að setja Guði skilyrði. Ég skal trúa ef þú Drottinn lætur þetta gerast eða hitt ekki gerast. Það er hins vegar ekki í mannsins valdi að stilla Guði upp við vegg eða stinga honum í vasann. Það er ekki í mannsins valdi að mæla Guð á vísindalegan máta og rannsaka Guð eins og viðfangsefni. Guð er lifandi veruleiki sem opinberast í Kristi. Sá veruleiki er meðtekinn í anda og orði, í kærleika og vináttu, með því að játa trú.
Jesús kom viku síðar og svaraði bæn Tómasar, eins og hann svarar öllum bænum. Hann birtist lærisveinunum á nýjan leik bak við luktar dyr. Hann sagði „Friður sé með yður!" (Jh. 20:26b) Í kjölfar þeirra orða bauð hann Tómasi að koma með fingurinn og sjá hendur sínar, og koma með höndina og leggja í síðu sína og bað hann að vera ekki vantrúaður heldur trúaður.

**Játning Tómasar!**
Tómas nálgaðist Jesú ekki eins og viðfangsefni í það skiptið. Hann þurfti ekki að rannsaka sárin vísindalega heldur játaði hann trú, laut honum og sagði við Jesú: „Drottinn minn og Guð minn!" (Jh. 20:28) Jesús svaraði: „Þú trúir, af því þú hefur séð mig. Sælir eru þeir, sem hafa ekki séð og trúa þó!" (Jh. 20:29)

Sælir eru þeir, segir Drottinn. Það er einmitt það sem Drottinn vill, að við mannsins börn séum sæl og glöð. Það veitir raunverulega sælu að eiga og rækta trúna á Jesú Krist.

**Leitin og samfélagið!**
Að vera kristinn, í hvaða söfnuði sem við finnum okkur, er leit. Tómas leitaði og fann, fékk svar, staðfestingu á því að Guð er til og fyrirheiti hans sönn um tilgang lífsins og eilíft líf.

Leit mín og þín finnur sér farveg í náðarmeðölum trúarinnar. Þau eru bænin í Jesú nafni, skírnin, altarisgangan, heilög Ritning og það samfélag sem kirkja Krists er hér á jörðu. Það er dýrmætt að vera kristinn og iðka trúna. Guð veri með þér!

Þorvaldur Víðisson
Miðborgarprestur




**Skoðaðu dagskrá hátíðarinnar á www.biggospelfestival.com**

**www.biggospelfestival.com**

**Upplifðu eitthvað nýtt, dagana 20.-29. júní 2008 og vertu með okkur.**
**Lífið hefur svo margt gott upp á að bjóða.**



Fiat Grande Punto
EURO NCAP
www.euroncap.com
Frábær bíll
• Stíll. Hannaður í anda Maserati af Giorgetto Giugiaro.
• Eyðsla. Aðeins 6 lítrar á hverja 100 km í blönduðum akstri.
• Öryggi. 5 stjörnur í Euro Ncap. 6 loftpúðar.
Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.
Fiat Ducato
Fiat Scudo
Fiat Doblò
Fiat Multipla
Fiat Punto
Fiat Panda
Fiat Croma
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
DUCATI
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is



Einbýlishús við Steinavör á Seltjarnarnesi. Hönnun: Vífill Magnússon. Þetta fallega hús stendur alveg í fjöruborðinu. Hönnunin minnir á burstir gamalla íslenskra bæja. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Einbýlishús við Bakkaflöt í Garðabæ. Hönnun: Högna Sigurðardóttir. Húsið er frá árinu 1968 og markaði tímamót í íslenskri byggingarlist. Nýstárleg efnisnotkun Högnu og skírskotanir í hinn íslenska torfbæ skapa húsinu sérstöðu enda er það af mörgum talið eitt merkasta hús á Íslandi út frá byggingarsögulegu sjónarmiði. Húsið hefur einnig vakið athygli úti í heimi því árið 2000 var það valið eitt af 100 merkustu byggingum 20. aldarinnar í Norður- og Mið-Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Í sátt við umhverfið

Um áraraðir einkenndist íslenskur byggingarstíll fyrst og fremst af torfi og grjóti. Íslenskir bæir féllu vel inn í landslagið og létu yfirleitt lítið fyrir sér fara kúrandi undir hlíðum eða á grænum engjum. Þegar Íslendingar kynntust steinsteypunni breyttist byggingarstíllinn til muna og oft var lítið hugsað um umhverfið þegar hús voru hönnuð og byggð. Með aukinni umhverfisvitund á undanförnum áratugum hafa arkitektar í auknum mæli leitast við að snúa þeirri þróun við og taka mið af aðstæðum og náttúru við hönnun húsa sinna. Mörg nýleg hús á Íslandi bera vott um þessa þróun og sýna að þegar umhverfið er tekið með í reikninginn verður útkoman oft á tíðum stórkostleg.



Safnaðarheimili Akureyrarkirkju. Hönnun: Fanney Hauksdóttir. Flestir eru sammála um að einstaklega vel hafi tekist til þegar safnaðarheimili var byggt við Akureyrarkirkju á árunum 1985 til 1990. Húsið er byggt inn í brekkuna og lætur lítið fyrir sér fara. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Býlið Hof á Höfðaströnd. Hönnun: Studio Granda. Húsið myndar eina heild með náttúrunni og því var valinn staður með tilliti til útsýnis, vinda og birtu. Arkitektastofan Studio Granda var tilnefnd til Íslensku sjónlistaverðlaunanna árið 2007, meðal annars fyrir þetta fallega hús. MYND/STUDIO GRANDA



Einbýlishús á Jaðri við Selfoss. Hönnun: Vífill Magnússon. Hér eru vísanirnar í hinn íslenska torfbæ augljósar og húsin falla vel inn í umhverfi sitt. MYND/VÍFILL MAGNÚSSON



Bláa lónið. Hönnun VA Arkitektar. Byggingarnar við Bláa lónið eru geómetrískar og nútímalegar en falla engu síður vel að umhverfi sínu í hrauni og mosa. MYND/RAFN SIGURBJÖRNSSON



Söngleikur sumarsins
Stuðið er á Stóra sviðinu
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
„Tónlistaratriðin voru skemmtilega hröð og þétt og söngatriði vel flutt... Þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Þórir Sæmundsson eru bæði firnagóðir leikarar og skiluðu sínum hlutverkum með prýði.“
EB, FBL 7/5
„... sem söngleikur virkar þetta fínt og þetta er allt mjög svo fagmannlega unnið...“
ÞES, Víðsjá.
„Nokkur ofsalega skemmtileg númer ... Það er svona sumarfílingur í þessu,“
KJ, Mannamál
„Þetta er fjörugt verk og var vel sungið, leikið og dansað...“
SA, tmm.is
„Yndislegar andstæður.“
MBL 2/5
ÁSTIN ER DISKÓ LÍFIÐ ER PÖNK
eftir Hallgrím Helgason
með tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og fleiri
Lau. 10/5 uppselt
Fim. 15/5 uppselt
Fös. 16/5 uppselt
Lau. 17/5 örfá sæti laus
Fös. 23/5 örfá sæti laus
Lau. 24/5
Fös. 30/5
Lau. 31/5
Miðasala í síma 551 1200
og á leikhusid.is



Heimabakstur er sumarlegt sport með ilmandi kökum á dúkskreyttum borðum undir íslenskri sól. Gleðjum heimilisfólkið og sér í lagi börnin með blómlegum múffum og berjatertum.



Sumarið snýst um blómstur blítt, þegar jörðin er að springa af frjósemi og fegurð. Blóm í vasa flytja náttúruna inn í stofu og indælt að raða saman í litríkan vönd nýtínd blóm úr garðinum.



Í hugum margra er sumarið sól, sjór og sandur. Kuðungar, krossfiskar og skeljar eru fagrir dýrgripir hafsins en sóma sér einnig vel á landi, ásamt því að hafa margvíslegt notagildi, eins og hér má sjá þar sem skel er notuð undir gróft salt við matseldina.

# Sumar í húsunum heima

● Gaman er að lifa þegar sumarið er inni, úti og allt um kring. Að klæða heimilið í sumarbúning þarf hvorki að vera flókið né kostnaðarsamt, og óþarfi að endurskapa hvert einasta herbergi. Með nýjum lampaskermum, púðum, hvítu líni eða ljósri málningu má hleypa sumri inn í smáskömmtum hér og þar, og toppa hamingjuhúsin með ferskum ávöxtum, blómum eða skeljum hafsins.



Þegar sól hækkar á lofti er tímabært að pakka niður teppum, dökkum púðum og þungum gluggatjöldum. Ljósar gardínur, léttir púðar og hvítt lín á rúmin lyfta vistarverum á léttara plan. Blúndur eru sérstaklega sumarlegar, rómantískar og ríma vel við bjartan tón sumarnátta.



Fersk og þrýstin kirsuber í látlausri skál eru yndisfrítt náttúruskraut og gefa heimilinu einkar sumarlegan blæ.



Málning í sumarlegum litum er einfaldur galdur til að gera heimilið sumarlegra, hvort sem það er eplagrænt, rifsberjableikt eða smjörgult.




# Ekki síður þægilegur fyrir augað

EJ 600
HÖNNUÐUR ERIK JØRGENSEN

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is





Garðsett
CALVI
verð aðeins
39.900,-



Garðkertastjaki
MARRAKESH
verð áður 1.990,-
1.490,-



Mediterranean 5stk Pasta/salatskálasett verð 3.990,-

the PIER gleðilegt sumar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00

## Parket og þök

Þakviðgerðir • Sólpallar • Gluggar og glerskipti

Múrviðgerðir • Parketlagnir ofl.

**Símar 899 7883 og 899 7885**

## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF
### Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Kynnið ykkur nýjar samþykktir í launamálum leikskóla í Kópavogi.***

**Baugur: 570 4350**
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/sérkennslu

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólak.þroskaþjálfi/leiðbein. frá 1. ágúst

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi - sérkennsla

**Fífusalir: 570 4200**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

**Grænatún: 554 6580**
- Aðstoð í eldhús 80%

**Hvarf: 570 4900**
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Deildarstjórar
- Leikskólakennarar
- Sérkennslustjóri
- Aðstoðarmatráður

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólak/leiðb. næsta skólaár (1. ág.)
- Leikskólak/leiðb.tímab.n.skólaár (1. ág.l

**Núpur: 554 7020**
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***



## Erum við að leita að þér?

**Nýherji er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni. Verkefnastofa Nýherja hefur það að markmiði að gera Nýherja að leiðandi fyrirtæki á Íslandi í skilvirkri verkefnastjórnun. Verkefnastofan tekur að sér verkefni fyrir viðskiptavini og sinnir jafnframt innri verkefnum. Við leitum nú að nýjum liðsmanni.**

**Starf verkefnastjóra**
- Faglegur undirbúningur verkefna
- Dagleg stjórnun verkefna
- Tengiliður við viðskiptavini
- Ábyrgð á framkvæmd og lokun verkefna

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun innan viðskipta- tölvunar- eða verkfræði er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking og áhugi á upplýsingatækni er kostur
- Drifkraftur, skipulagshæfni ásamt góðum samskiptahæfileikum skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir hjá Starfsmannaþjónustu Nýherja, erna@nyherji.is. Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is, fyrir 20. maí.

Hjá Nýherja samsteypunni eru sérþekking, metnaður og þjónustulund starfsmanna forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika, kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

**NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is**

NÝHERJI

Vesturbyggð er staðsett á sunnanverðum Vestfjörðum með góðar samgöngur innan sveitarfélagsins sem og til og frá sveitarfélaginu. Í Vesturbyggð starfar Grunnskóli Vesturbyggðar með deildir á Patreksfirði, Bíldudal og Barðaströnd og er starfræktur tónlistarskóli á vegum einstaklinga. Í sveitarfélaginu eru tvö nýleg íþróttahús og ein sundlaug.
Öflugt íþróttastarf er í sveitarfélaginu sem og menningar- og tónlistarstarf. Auðvelt er njóta útivistar í Vesturbyggð þar sem ægifögur náttúra Vestfjarða er allstaðar innan seilingar.
www.vesturbyggd.is

VESTURBYGGÐ

# Forstöðumaður tæknideildar Vesturbyggðar

## Sveitarfélagið Vesturbyggð auglýsir nýtt starf forstöðumanns tæknideildar sveitarfélagsins laust til umsóknar

Staða forstöðumanns tæknideildar er nýtt áhugavert starf í sveitarfélaginu og verður starfið mótað í samvinnu við bæjaryfirvöld í Vesturbyggð. Forstöðumaður verður yfirmaður skipulags- og tæknimála hjá sveitarfélaginu og mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélagsins. Næsti yfirmaður forstöðumanns er bæjarstjóri.

**Starfssvið:**
- Almenn störf byggingar- og skipulagsfulltrúa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum
- Yfirumsjón þjónustumiðstöðva Vesturbyggðar
- Yfirumsjón með fasteignum sveitarfélagsins og stofnana þess
- Yfirumsjón með framkvæmdum og viðhaldi á eignum sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana málaflokkanna
- Skráning fasteigna vegna fasteignamats
- Skipulagning, tæknilegur undirbúningur, áætlanagerð, stjórnun og eftirlit með verklegum framkvæmdum
- Umsjón með hönnun

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði eða önnur sambærileg menntun og reynsla sem uppfyllir skilyrði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga
- Starfsreynsla er æskileg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum, útboðum og samningagerð er kostur
- Starfið gerir kröfur um sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum, þjónustulund og góða samskiptaeiginleika
- Skilyrði fyrir ráðningu í starfið er að viðkomandi sé eða verði búsettur í sveitarfélaginu

**Nánari upplýsingar:**
Björn H Reynisson, bjorn@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Kjötiðnaðarmaður
## - Kjötvinnsla á Hvolsvelli

Vegna aukinna umsvifa óskar Sláturfélag Suðurlands eftir að ráða kjötiðnaðarmann til stjórnunarstarfa í kjötvinnslu félagsins á Hvolsvelli. Um er að ræða starf í einni fullkomnustu og stærstu kjötvinnslustöð hérlendis. Félagið aðstoðar við útvegun húsnæðis á staðnum.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1,110 Reykavík merktar starfsmannatjóra. Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is Nánari upplýsingar gefur Oddur Árnason, verksmiðjustjóri í síma 488-8200. Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvælafyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.

SS

# Yfirmaður Serrano / Síam í Hafnarfirði

**Serrano hefur opnað nýjan og glæsilegan veitingastað í Dalshrauni, Hafnarfirði.**
**Við leitum að yfirmanni til að stjórna þessum nýja veitingastað**

### Starfssvið
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum og gerð vaktaplana
- Pantanir og birgðahald
- Skýrslugerð til eigenda

### Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af rekstri mikill kostur.

**Góð laun í boði auk árangurs- og veltutengdra bónusa.**

Vinsamlegast sækið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is
Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstóri Serrano, í síma 899-8947

serrano

Serrano er ungt íslenskt fyrirtæki. Nýi staðurinn í Hafnarfirði er fjórði Serrano staðurinn, en auk þess rekur fyrirtækið Síam. Fyrirtækið er búið að vera í miklum vexti undanfarið og framundan eru virkilega spennandi tímar.

# Aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjóri og leikskólakennarar
## Heilsuleikskólinn Suðurvellir

**Við Heilsuleikskólann Suðurvelli í Vogum eru lausar til umsóknar stöður aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og leikskólakennara.**

Suðurvellir er vel búinn leikskóli sem vinnur eftir viðmiðum heilsuleikskóla. Við leikskólann bætist ein deild í ágúst næstkomandi.

Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru góðir eiginleikar
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnu brögðum
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum

Ógnir stríðsins og þjóðarverðmætin voru ýmsum ofarlega í huga á stríðsárunum þrátt fyrir að handritin væru komin í öruggt skjól fjarri borginni. Í febrúar 1941 flutti Vilmundur Jónsson þingsályktunartillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að standa að gerð sprengjuheldrar geymslu fyrir handritasafn Landsbókasafnsins og önnur merk söfn þjóðarinnar. Lítið varð þó um framkvæmdir í þessum efnum um sinn. Í október 1953, á upphafsárum kalda stríðsins, var tillaga Vilmundar endurflutt að stofni til. Flutningsmenn tillögunnar voru Gils Guðmundsson og Bergur Sigurbjörnsson, þingmenn Þjóðvarnarflokksins. Þeir töldu að endurvekja ætti þingsályktunina því að vígbúnaður síðustu ára hafi aukist, og ef til átaka kæmi væri ekki útilokað, að þeirra mati, að hafnarhverfi Reykjavíkur (í nágrenni Safnahússins) gæti eyðilagst í einu vetfangi. Um staðsetningu geymslunnar segir í greinargerð að hún eigi að vera „á einhverjum þeim bletti Íslands, sem friðhelgastur mætti teljast, þó eigi meir en einnar eða tveggja stunda akleið frá Reykjavík“.

Í nefndaráliti um tillöguna var hvatt til þess að öryggisgeymsla Safnahússins yrði í Reykjavík til að forðast óþarfa flutning handritanna út á land og því var talið heppilegast að reisa neðanjarðargeymslu í næsta nágrenni við húsið. Það var þó talið of kostnaðarsöm aðgerð, hentugra væri að reisa nýtt safnahús á lóð við Melatorg, nálægt Háskóla Íslands, þar sem ætti að vera fullnægjandi öryggisgeymsla fyrir handritasafnið. Löngu síðar var ákveðið að ráðast í byggingu safnahússins með sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í huga, og var byggingin – Þjóðarbókhlaða - tekin í notkun 1. desember 1994. Það eru handrit Landsbókasafns nú tryggilega varðveitt í öryggishvelfingu.

**Helstu heimildir**

*Þjóðskjalasafn: Stjórnarráð Íslands, skjalasafn I. skrifstofu, „Landsbókasafn“ maí-júní 1940.*

*Landsbókasafn, handritadeild: Bréfabók Landsbókasafns Íslands, maí-júní 1940.*

*Þór Whitehead, Bretarnir koma. Ísland í síðari heimsstyrjöld 4 (Reykjavík, 1999).*

*Þór Whitehead, Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945 (Reykjavík, 2002).*

*Morgunblaðið, Tíminn, Alþýðublaðið, Vísir og Þjóðviljinn, maí-júní 1940.*

*Alþingistíðindi 1941 og 1953.*

*Gunnar M. Magnúss, Virkið í norðri I. bindi. Hernám Íslands. (Reykjavík, 1947).*

*Aðalfundur*

Aðalfundur Nýrrar dögunar verður haldinn í Safnaðarheimili Háteigskirkju 15. maí kl. 20. Venjuleg aðalfundarstörf. *Allir velkomir.*



NÝ DÖGUN

*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*



# Uppbygging miðborgar Reykjavíkur

**Ónýt eða illa farin hús í miðborg Reykjavíkur eru mörgum til ama og geta að auki skapað hættu. *Olav Veigar Davíðsson*, blaðamaður ræddi við eigendur nokkurra húsanna um hvað stæði til að gera, hver staðan væri og hvenær áætlað er að framkvæmdum ljúki.**




## PÓSTHÚSSTRÆTISREITUR

**Hvað stendur til?**



Pósthússtrætisreitur afmarkast af Pósthússtræti, Skólabrú, Lækjargötu og Austurstræti. Á reitnum eru mörg hús sem hafa menningar- og byggingarsögulegt gildi og meðal þeirra Austurstræti 22 og Lækjargata 2 sem skemmdust mikið í eldi 18. apríl 2007. Þau hús eru nú í eigu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt deiliskipulagstillögu sem nú hefur verið auglýst er miðað við að gömlu húsin verði færð til eldra horfs eða lagfærð. Einnig er gert ráð fyrir að Nýja bíó verði endurreist á svipuðum stað og það áður stóð. Þá verði bakgarðar húsa á reitnum skipulagðir sem ein heild.

**Hvar er málið statt?**

Deiliskipulagstillaga að Pósthússtrætisreitnum er nú í kynningu.

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

Samkvæmt Hrólfi Jónssyni, sviðstjóra framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, er áætlað að framkvæmdir hefjist á reitnum í síðasta lagi í september.

## HLJÓMALINDARREITUR - SIRKUSREITUR

**Hvað stendur til?**



Á reitnum er gert ráð fyrir hótelbyggingu, verslunum, veitingastöðum, skemmtistöðum og skrifstofuhúsnæði auk opins svæðis á miðjum reitnum.

Rífa á húsin við Laugaveg 19, 19a og 19b. Einnig húsin við Smiðjustíg 4, 4a og 6 og ef til vill Hverfisgötu 26. Þá á að rífa húsin við Hverfisgötu 28, 32, 32a, 32b og 34. Loks á að rífa húsið við Klapparstíg 30 sem áður hýsti skemmtistaðinn Sirkus. Samkvæmt tillögunni sem nú er unnið etir getur Hljómalindarhúsið, Laugavegur 21 hvort sem er verið flutt burt eða fengið að vera áfram á sama stað. „Við erum að leggja upp með það í deiliskipulagi að það verði áfram," segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festa, fasteignafélags. Festar fasteignafélag sér um framkvæmdir á reitnum, á flest húsin og öll þau sem til stendur að rífa.

**Hvar er málið statt?**

Hanna segir að skipulagsráð borgarinnar hafi, fyrir um mánuði, sæst á að vinna áfram með eina af þremur frumtillögum Festa. Unnið er að deiliskipulagi sem hún bindur vonir við að verði tilbúið í júní. „Þá fer þetta í auglýsingu og við ættum að geta kynnt endanlega hönnun í byrjun september." Að því loknu taki við frekari verkfræðivinna sem gæti lokið um næstu áramót og þá sé hægt að byrja jarðvegsvinnu.

Festar keyptu fyrstu húsin á reitnum árið 1998 og segist Hanna telja vinnuferlið hafa tekið óvenjulega langan tíma. „Í raun var það ekki fyrr en í fyrra sem hægt var að fara að vinna tillögur að uppbyggingu."

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

„Við erum að vonast til að framkvæmdir taki á þriðja ár," segir Hanna sem þýðir að framkvæmdum ætti að ljúka í byrjun árs 2012.

## LAUGAVEGUR 46

**Hvað stendur til?**



Til stendur að gera húsið við Laugaveg 46 upp svo útlit þess verði sem líkast því sem var árið 1905 þegar húsið var byggt. Húsið er í eigu Laka ehf. Þá verða skúrar í bakgarði rifnir og nýbygging byggð við húsið auk þess sem grafinn verður kjallari undir húsið. Á jarðhæð verður verslunar- eða þjónusturými en íbúðir eða skrifstofur á tveimur efri hæðunum. Að sögn var húsið til mikilla vandræða. Þar höfðu útigangsmenn komið sér fyrir en nú er búið að loka því kirfilega.

**Hvar er málið statt?**

Á miðvikudag fengust breytingar á deiliskipulagi samþykktar. Að sögn Óla Þórs Barðdal, eiganda Laka er hönnun hússins langt komin en hann keypti húsið í október síðastliðnum. „Ég er búinn að rífa allt innan úr húsinu til að athuga burðarstoðir," segir Óli Þór. Hann segir öll leyfi komin frá borginni en aðstæður á markaði geri honum erfitt fyrir. Háir vextir og ónógt aðgengi að lánsfé hafi sett framkvæmdir í bið. „Svo er borgin búin að eyðileggja allt verðmat á Laugaveginum," segir Óli Þór og vísar þar til uppkaupa Reykjavíkurborgar á húsum í miðborginni. „Þetta er sjálfhelda sem borgin er búin að koma Laugaveginum í."

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

Óli Þór segist ekki geta sagt til um hvenær framkvæmdum ljúki. Framkvæmdir hafi átt að vera hafnar en ekkert verði gert fyrr en bankarnir fari að lána. „Þetta er bara ástandið eins og það er og ég bíð."

## LAUGAVEGUR 4-6

**Hvað stendur til?**



Húsin við Laugaveg 4 og 6 eru ásamt húsinu við Skólavörðustíg 1a í eigu Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að húsin verði gerð upp og að þau verði þá sem líkust upprunalegu útliti. Hrólfur Jónsson, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, segir að unnið sé að tillögum þar sem gert sé ráð fyrir að kjallarar séu grafnir undir húsin. Þá verði byggt við húsin á baklóðum þeirra og hugmyndir séu uppi um að tengja húsin við Laugaveg 4-6 og Skólavörðustíg 1a.

**Hvar er málið statt?**

„Það er ekki búið að ganga endanlega frá nýrri deiliskipulagstillögu," segir Hrólfur en unnið sé að henni. „Við erum jafnframt að skoða hvernig best verður að uppbyggingunni staðið, samhliða deiliskipulagsvinnu." Þegar þeirri vinnu sé lokið verði tillagan auglýst og vonast Hrólfur til að það verði sem fyrst.

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

Hrólfur segist ekki geta gefið upp nákvæmlega hvenær framkvæmdum ljúki þar sem vinnu við skipulag og sé ekki lokið. „En ég geri fastlega ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í haust."

## HORN LAUGAVEGS OG VATNSSTÍGS

**Hvað stendur til?**



Reiturinn tekur til húsanna við Laugaveg 33, 33a, 33b og 35 auk hússins við Vatnsstíg 4 sem öll á að rífa. Húsin eru í eigu ÁF-húsa ehf. Samþykktur deiliskipulagsreitur sýnir 6 þúsund fermetra byggingamagn en áætlanir gera ráð fyrir byggingu tvö þúsund fermetra verslunarrýmis á fyrstu hæðinni og 25-30 íbúða á þremur hæðum þar fyrir ofan. Vegna halla á Vatnsstíg verður þar innangengt í kjallara hússins sem einnig nýtist sem verslunarrými. „Það er svona hugmyndin en svo getur það breyst með nýjum tillögum," segir Ágúst Friðgeirsson, framkvæmdastjóri ÁF-húsa ehf.

**Hvar er málið statt?**

Að sögn Ágústs hafa eldri tillögur verið lagðar til hliðar eftir tveggja og hálfs árs viðræður við borgaryfirvöld. Hann segst finna fyrir vilja hjá borginni til að koma málum af stað á ný og nú sé unnið að nýjum útlitstillögum hjá þremur arkitektastofum. Tillögurnar séu allar miðaðar við gildandi deiliskipulag frá árinu 2003. Þá segir Ágúst áætlað að framkvæmdir hefjist í haust.

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

Ágúst segir áætlað að framkvæmdir standi í 18 mánuði til tvö ár svo ef framkvæmdir hefjast í haust ætti þeim að vera lokið haustið 2010.

## LAUGAVEGUR 74

**Hvað stendur til?**



Hús, byggt árið 1902, sem stóð við Laugaveg 74 var flutt þaðan í júní 2007. Það bíður þess að verða gert upp en eftir er að finna því nýjan stað. Í stað þess verður byggt nýtt 1.150 fermetra hús. Á jarðhæð verður verslunar- og þjónusturými en ofan á það koma tvær hæðir með íbúðum. Sú hlið sem snýr að Laugavegi er nákvæm eftirlíking framhliðar eldra hússins. „Mikil vinna var sett í að skrá öll smáatriði," segir Emil Emilsson, annar eiganda Laugavegs 74 ehf. Til dæmis voru allir gluggar gamla hússins myndaðir og teiknaðir upp áður en húsið var flutt svo hægt væri að fylgja í einu og öllu þeirri fyrirmynd.

**Hvar er málið statt?**

Emil segir fyrirtækið hafa eignast lóðina fyrir um tveimur og hálfu ári. Þá hafi hönnunarvinna hafist sem tekið hafi mið af gildandi deiliskipulagi. „Sú hönnun víkur ekki í einu eða neinu frá gildandi deiliskipulagi þannig að það var aldrei sótt um undanþágu um eitt eða neitt," segir Emil. Eftir flutning gamla hússins hafi jarðvegsframkvæmdir hafist en þær stöðvast vegna vetrarveðurs. Einnig hafi nokkrar tafir orðið á verkinu vegna ónákvæmra upplýsinga frá borginni en lóðin hafi verið öðruvísi í laginu en fyrri gögn hafi sagt til um. Því hafi þurft að endurhanna húsið. 18. desember var byggingaleyfi gefið út og eru framkvæmdir hafnar en til stendur að byrja að steypa sökkla hússins á þriðjudaginn.

**Hvenær lýkur framkvæmdum?**

„Við áætlum að húsið verði orðið uppreist og lokað í haust," segir Emil og bætir við að ástand efnahagsmála ráði miklu um hvenær flutt verði í húsið og full starfsemi komin í gang. Hann telur verkefnið geta verið fyrirmynd að því hvernig vinna megi sambærileg mál í miðborginni svo sátt náist.


HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Vala
Húsi

## Afgreiðslutími

| | Hvítasunnu dagur | Annar í hvítasunnu |
|---|---|---|
| Skútuvogur | | |
| Blómaval | 10 - 17 | 10 - 21 |
| Húsasm. | 10 - 17 | 10 - 21 |
| Grafarholt | | |
| Blómaval | Lokað | 10 - 19 |
| Húsasm. | Lokað | 10 - 19 |
| Ögurhvarf | | |
| Húsasm. | Lokað | 11 - 17 |

| | Hvítasunnu dagur | Annar í hvítasunnu |
|---|---|---|
| Fitjar | | |
| Blómaval | 12 - 17 | 12 - 17 |
| Húsasm. | Lokað | 12 - 17 |
| Akureyri | | |
| Blómaval | 12 - 17 | 12 - 17 |
| Húsasm. | Lokað | 12 - 17 |
| Selfoss | | |
| Blómaval | 12 - 16 | 12 - 16 |
| Húsasm. | Lokað | Lokað |
| Egilsstaðir | | |
| Blómaval | 12 - 16 | Lokað |
| Húsasm. | Lokað | Lokað |

## Ný sending

Soldis
Silkitré & silkiblóm

# ALLT Í GARÐINN

## í Húsasmiðjunni og Blómavali




**Casoron**
gegn illgresi
5087770
**1.990**

Tóbakshorn
**399**



10210368

Rabbarbari
**499**

10212769






**999**
~~1.699~~

**Grasfræ**
10205052




**Grasáburður 5kg.**
102020781
**879**
~~1.190~~




**990**
~~1.549~~

**Garðakalk 12.5kg.**
10220784



Viltu fá Sælureitinn sendan heim?
Hringdu þá í 525 3000 eða pantaðu af www.husa.is

## Sælureiturinn
heimur hugmynda



Þú getur fundið verð á vörum Sælureitsins á www.husa.is





**17.990**

**Garðborð**
4 stólar og sólhlíf
3899131

# 20% afsláttur
## af 12" og 16" hjólum



**My Bonnie 12"-16"**
3899962-3

**12" 11.752** ~~14.690~~

**16" 13.352** ~~16.690~~

**Bob the builder 12"-16"**
3899960-1



Fjórgengismótor
munið að setja olíu á allar nýjar sláttuvélar.

**Sláttuvél, Mega**
4 Hp, 50 sm sláttubreidd, 50 ltr safnari, miðstýrð hæðarstilling.
5085239

**1.799** ~~2.629~~





**Jotun Treolje**
Pallaolía 3 ltr, Olíubundin viðarvörn sem smýgur vel inn í viðinn, Veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu- og grámamyndun.
7049123-37

**Garðborð**
Bradford, 150 x 85 sm
3899086
**10.995**

**Garðstóll**
Oregon, fellanlegur
3899087
**4.549**



**8.999** ~~11.499~~

**Háþrýstidæla**
Nilfisk/Alto, 100 bör, 440 ltr/klst, 5 m slanga
5254254





HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruval er háð lagerstöðu í hverri verslun.



KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
SKRIFAR FRÁ BERLÍN

# Harðir þýskir hommar

Berlínarbúar virðast upp til hópa óttast öfgahyggju og skyldi engan undra. Þeir hafa lært sína lexíu; umburðarlyndi borgar sig. Til marks um þetta umburðarlyndi borgarinnar er gjarnan nefnt að hann Wolfí borgarstjóri kjósi að kyssa karla frekar en konur. Og það sé allt í lagi með það.

Þýskir hommar eru stoltir strákar og ófeimnir. Þeir láta ekki bjóða sér hvað sem er heldur berjast gegn því sem þeim misbýður. En ekki dugir alltaf að skrifa í blaðið. Þegar óvinurinn er stór og sterkur, eins og kristindómurinn, dugar ekki minna til en mólotov-kokteilar.

Christival heitir árleg kristileg samkoma þýsks ungdóms og var haldin í Brimarborg á dögunum. Allt að tuttugu þúsund manns, sirka 16 til 26 ára, þustu þangað til að taka þátt í alls konar söngskemmtan og gleði. En mesta athygli vakti kristinfræðslan og sérstaklega fyrirlesturinn *Að skilja samkynhneigð: Tækifæri til að breytast* [aftur í gagnkynhneigð]. Þar vildi kristinn maður segja frá því hvernig hann, með hjálp Jesú, læknaðist af hommaskap.

En umburðarlyndið hefur sín takmörk. „Þetta á ekki heima í nútímasamfélagi!“ öskruðu um eitt hundrað grímuklæddir hommar meðan þeir gerðu árás og vörpuðu bensínsprengjum á aðalsvið hátíðarinnar. Áður höfðu þeir hakkað heimasíðu hátíðarinnar í tætlur. Kristindómsfræðslu var aflýst.

Þýskir pönkarar koma einnig á óvart. Um daginn sat hópur þeirra hér í almenningsgarði. Bleikhærðir og göddum prýddir og ógurlegir á allan hátt lágu þeir í grasinu og gleyptu bjór og brauð og ropuðu.

Eins og pönkurum sæmir dreifðu þeir rusli allt í kring um sig. Tómar flöskur, hálfétinn matur og sígarettustubbar allstaðar í gildum radíus. Aðrir gestir þorðu ekki að ávíta brjálæðingana.

En viti menn. Að lokinni lautarferðinni tóku skítapönkararnir sig til og söfnuðu öllu draslinu snyrtilega í poka. Plast fór í einn, pappír í annan. Þeir hirtu upp hvert snifsi og gengu á braut.

Þannig er margt öfugt í borg umburðarlyndisins. Níhilistar standa vörð um hinar sameiginlegu stofnanir, meðan grímuklæddir hommar berja kristna unglinga í klessu. Og borgin stendur með sínum. Hommum.



Veggjakrot i Berlín – samkynhneigðir pönkarar á ferð ?


VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ




Staða neytenda á Íslandi

Viðskiptaráðuneytið býður öllu áhugafólki um neytendamál til ráðstefnu um stöðu neytendamála á Íslandi og stefnumótun til framtíðar þar sem kynntar verða nýjar skýrslur þriggja stofnana Háskóla Íslands.

Ráðstefnan verður haldin á Grand Hótel Reykjavík þann 14. maí frá kl. 8:10-11:30.

Dagskrá:

8:10 Morgunverður
8:30 Ávarp Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra
8:40 Skýrsla Félagsvísindastofnunar HÍ
- Dr. Ragna Benedikta Garðarsdóttir félagssálfræðingur, Félagsvísindastofnun HÍ
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds MA, félagsfræðingur, Félagsvísindastofnun HÍ
9:20 Kynning á skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ
- Dr. Þórólfur Matthíasson prófessor, Hagfræðideild HÍ
9:50 Kaffihlé
10:05 Kynning á skýrslu Lagastofnunar HÍ
- Ása Ólafsdóttir lektor, Lagastofnun HÍ
- Eiríkur Jónsson lektor, Lagastofnun HÍ
10:45 Sjónarmið hins virka neytanda
- Dr. Gunni
11:00 Pallborðsumræður
11:30 Afhending Íslensku neytendaverðlaunanna.
Fundarstjóri er dr. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður ráðherra.



Aðgangur ókeypis


# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir

**Jakob Frímann Magnússon...**



Ef Jakob væri að gefa út plötu þá væri nánast öruggt að hún væri á toppi allra metsölulista landsins. Stuðmaðurinn fyrrverandi hefur sjaldan eða aldrei verið jafn áberandi í pólitískri umræðu þrátt fyrir að hafa farið að minnsta kosti tvisvar í prófkjör. Nú hefur Jakob öll lyklavöld í miðbænum og ef píanóleikarinn stórsnjalli er samur við sig verður þess eflaust ekki langt að bíða að Miðborgar-Herinn setji svip sinn á bæinn.

**Begga og Pacas...**



Kokkana Begga og Pacas sem unnu sér inn tvær milljónir með sigrinum í Hæðinni. Eins og Fréttablaðið greindi frá í upphafi þáttaraðarinnar þá var parið rekið af veitingastaðnum Glóin. En nú eru þeir tveimur milljónum ríkari og vaða í atvinnutilboðum. Svo virðist sem þetta raunveruleikaævintýri ætli að rætast því greint hefur verið frá því að þeir muni jafnvel verða með matreiðsluþátt á Stöð 2 þegar fram líða stundir.

**Dorrit Moussaieff...**



Íslenska þjóðin hefur lengi vitað að Dorrit væri bæði fjörug og skemmtileg en Dorrit stal svo sannarlega senunni þegar aðalbornir frá Danaveldi komu í stutta heimsókn. Þrátt fyrir að danski krónprinsinn sé þekktur fyrir að vera almennilegur og laus við snobb þá hafði hann ekki roð við forsetafrúnni sem lék við hvurn sinn fingur alla dagana og notaði meðal annars tækifærið til að sýna hæfni sína með tökuvél.

## Slæm vika fyrir...

**Jón Sigurðsson**



Forstjórinn ungi þurfti enn og aftur að horfast í augu við hluthafa fyrirtækisins og tilkynna þeim um tap. Nú voru það 47 milljarðar sem höfðu tapast á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Ekki er langt síðan að hluthafarnir sáu heiðskíran himin og glampa af sólskini en nú hefur heldur betur dregið fyrir sólu og fyrirtækið væntanlega á leiðinni af hlutabréfamarkaði. Forstjórinn ungi þarf að skera enn frekar niður í rekstrarkostnaði og nú er spurning hvort ekki verði bara skipt á glæsibifreiðunum og Skoda.

**Ólaf F. Magnússon**



Rétt eins og þetta er góð vika fyrir Jakob Frímann þá hafa síðustu dagar ekkert verið neitt sérstaklega auðveldir hjá Ólafi F. Magnússyni. Allt ætlaði hreinlega um koll að keyra hjá borgarstjóranum þegar tilkynnt var að Stuðmaðurinn hefði verið ráðinn. Ólafur hefur beitt gamalkunnri brellu Davíðs Oddssonar, hinni víðfrægu smjörklípu, og reynt að beina ljósinu að bruðli annarra borgarstjórnarmeðlima. Sjálfur segist Ólafur aldrei hafa farið út fyrir landsteinana á kostnað borgarbúa en getur sér þess til að aðrir borgarfulltrúar hafi verið á ferð og flugi fyrir skattpeningana.

**Sophiu Hansen**



Mál hennar virðist engan endi ætla að taka og hún virðist vera ein í eyðimerkurgöngu sinni. Sophia sakar sinn nánasta stuðningsmann til margra ára, Sigurð Pétur Harðarson, um að hafa falsað undirskrift sína. Hann telur Sophiu aftur á móti hafa stolið tugum milljóna frá sér og sinni fjölskyldu. Svo kemur Halim Al eins og skrattinn úr sauðarleggnum og býðst til þess að rétta fyrrverandi eiginkonu sinni hjálparhönd. Sjaldan er ein báran stök.


VISIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Litlu Borgir

# Frístundabyggð - Sumarhúsalóðir

Til sölu eru glæsilegar sumarhúsalóðir á landi Litlu-Fellsaxlar í Hvalfjarðarsveit norðanmegin við Akrafjall. Lóðirnar eru eignarlóðir og einnig leigulóðir. Stærð lóða er frá 0,4 til 0,6 hektarar og aðgangur er að heitu og köldu vatni ásamt rafmagni og net-tengingu. Góðir vegir verða lagðir að öllum lóðamörkum. Gróðursett hefur verið í um 25 hektara sem munu mynda mikið og gott skjólbelti á tvo vegu við sumarhúsabyggðina. Svæðið verður afgirt, vaktað og notuð verða aðgangskort til að komast inn á svæðið.

Fjarlægðir: 35 mín frá Reykjavík, 10 mín í alla helstu þjónustu á Akranesi, 25 mín í Borgarnes.
Einnig má geta þess að skógræktarsvæði sveitarfélagsins er í göngufæri og er það opið öllum.

38 lóðir eru í boði núna í 1 áfanga af 2. Byrjað verður á vegaframkvæmdum í maí.
Skipulagsferli er lokið og svæðið hefur fengið framkvæmdaleyfi.
Heimilt er að byggja allt að 250 m² hús á lóð.

Þetta er frábært tækifæri fyrir þá sem vilja vera í fallegri náttúruperlu í næsta nágrenni höfuðborgarinnar en þetta stendur við Leirvoginn sem er eitt af þremur friðlýstum svæðum Íslands

**Laugardaginn 17 maí milli kl 10 - 17 verða sölumenn á staðnum.**
**Allir velkomnir að koma, sjá og upplifa.**

Skrifstofusími: 577-5600 frá kl 9 - 16

www.litluborgir.is









116
MP & BH

BRÉFSPJALD
EFTIRRITA
TVEIR EINS
MISSIR
HAUGUR
BAKTAL



TÍÐAR
BLÆÐI
TVEIR EINS
SÚLD
SLAGÆÐ Á ÚLNLIÐ
FJÁRMUNIR
SKVÍSA
AFL
DRYKKUR
NAGDÝR
ÆST
ÆRSLA-HLÁTUR
SKREF
TILGÁTU
EGGJA-RAUÐA
RÉÐU YFIR
AÐALSTITILL
FÍKNIEFNI
RUGLA
LEYSIR
NYTSEMI
SKRAN
LIÐORMUR
BANNHELGI
ÁN
TÓNLISTAR-TEGUND
SÚREFNI
DVÖL
ASKA
SKST.
ALKYRRÐ
NÆSTUM
FAG
ÞVOTTUR
PRÚTTA
HLÓÐIR
GOLF ÁHALD
DUSTA
FYRIRTÆKI
UMRÓT
BUG-SIGLING
ÁKALL
RÉTTUR
RÁN
MANN-ÞYRPING
STEFNA
KEYRA
DYGGUR
HÝRA
RÁNFUGL
SKYLDI
FLAGG
JAFN
FUGL
TALA
FRÁ-RENNSLI
TRJÁ-TEGUND
BLUNDUR



KVK NAFN
JÓRTURDÝR
Í RÖÐ
RÁ
HÆÐ
MÁLM-BLANDA
SMUGA
YFIR-KONUNGUR

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur







Coca-Cola og Dominos í samvinnu við Rigg bjóða landsmönnum á

# Eurovisionhátíð í Smáralind

laugardaginn 10. maí
kl. 14 - 16

# Eurobandið



## Friðrik Ómar og Regína

## ásamt frábærum gestum

**Draupnir** – stjarnan úr myndbandinu

**Eurovision leynigestur**

**Dominos pizzur og Coca-Cola**

Kveðjum Eurobandið í Vetrargarðinum Smáralind
áður en hópurinn heldur til Belgrad, ...tu, tu!

# Áfram Ísland!

Eurobandið áritar
nýja geisladiskinn
og allir fá plagöt!!!



Coca-Cola

Domino's Pizza 58•12345

RIGG umboðsskrifstofa



# 50 ára afmæli

Í tilefni af fimmtugsafmæli mínu tek ég á móti gestum í Kiwanishúsinu, Smiðjuvegi 11, Gul gata, sunnudaginn 11. maí kl. 20.00. Allir velkomnir.

Bestu kveðjur

**Jóhann Sigfússon**


**TÓNLISTARMAÐURINN BONO ER 48 ÁRA.**

*„Sem rokkstjarna gengur mér tvennt til; ég vil skemmta mér og ég vil breyta heiminum. Ég hef aðstöðu til að gera hvort tveggja.“*



***Írski rokkarinn Bono hefur verið aðalsöngvari U2 síðan 1976 en er ekki síður þekktur sem virkur mannréttinda- og friðarsinni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. MAÍ 1940

## *Bretar taka Ísland hernámi*



Í dag eru 68 ár liðin síðan breskt herlið var sett á land í Reykjavík, hertók bæinn og nágrenni hans. Hernámið var gert í öryggisskyni og án alls fjandskapar við íslensku þjóðina, en það var klukkan þrjú að nóttu sem ýmsir Reykvíkingar vöknuðu við flugvélagný. Þegar betur var að gáð sást stór flugvél á sveimi yfir bænum, sem varpaði niður flugmiðum og var fyrsti boðberi hernámsins. Laust fyrir klukkan fjögur komu nokkur herskip inn á ytri höfnina og um fimmleytið lagðist tundurspillir upp að hafnarbakkanum framan við Hafnarhúsið. Þar gekk fyrsta herlið á land, en alls voru í flotadeildinni sem hingað kom sjö herskip, tvö beitiskip og fimm tundurspillar. Fyrstu hermennirnir fóru rakleiðis í bústað þýska ræðismannsins í Túngötu og handtóku dr. Gerlach, fjölskyldu hans og allmarga Þjóðverja í Reykjavík, en fangarnir voru fluttir um borð í herskip. Hermennirnir voru allir mjög vopnum búnir, gengu hratt um bæinn og sýnilegt að hver sveit hafði sitt ákveðna hlutverk að vinna. Liðið dreifði úr sér um allan miðbæinn og var hervörður á götuhornum, veginum við Elliðaár, í Fossvogi, á Vatnsendahæð og í Gufunesi.




†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Jónasar Aðalsteinssonar**
Brúarlandi, Þistilfirði,

sem lést laugardaginn 19. apríl.

**Arnþrúður Margrét Jónasdóttir** **Sigurvin Hannibalsson**
**Eðvarð Jónasson** **Kristjana Benediktsdóttir**
**Jóhannes Jónasson** **Svanhvít Kristjánsdóttir**
**Sigrún Lilja Jónasdóttir** **Rúnar Guðmundsson**
**Sólveig Þórðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**





†

*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Bjarney Ingibjörg Kristjánsdóttir**
Aðalstræti 26a, Ísafirði,

andaðist á heimili sínu aðfararnótt sunnudagsins 4. maí. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 17. maí. kl. 14.00.

**Helgi Kristján Sveinsson**
**Guðmundur Sigurður Sveinsson** **Alda Kolbrún Haraldsdóttir**
**Sigríður Kristín Sveinsdóttir** **Guðmundur Páll Kristjánsson**
**Margrét Sveinsdóttir**
**Bjarni Jón Sveinsson** **Elzbieta Pawluczuk**
**Berglind Sveinsdóttir** **Pálmi Ólafur Árnason**
**Sveinbjörg Sveinsdóttir** **Kristinn Halldórsson**
**ömmubörn, langömmubörn og aðrir ástvinir.**





†

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Þorsteinsdóttur**
Hrafnistu, Hafnarfirði.

Starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði sendum við sérstakar þakklætiskveðjur.

**Helga Henrysdóttir**
**Henry Þór Henrysson** **Gíslína Garðarsdóttir,**
**Haraldur Henrysson** **Elísabet Kristinsdóttir,**
**Hálfdan Henrysson** **Edda Þorvarðardóttir,**
**Hjördís Henrysdóttir** **Gísli Þorsteinsson,**
**Þorsteinn Á. Henrysson** **Lára Erlingsdóttir**
**og ömmubörnin.**





†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Guðmundsdóttir**
Dalbæ, Dalvík, áður til heimilis að Víðilundi 24, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 24. apríl sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Helgi Jónatansson** **Ólöf Maríusdóttir**
**Örn Berg Guðmundsson** **Ragnhildur Gröndal**
**Guðm. Ingi Jónatansson** **Guðrún Konráðsdóttir**
**Jón Geir Jónatansson** **Kristín Jósteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**ALDARMINNING** Dægurlagahöfundurinn Theódór Einarsson hefði orðið 100 ára í gær. Hann var glaður og hress í andanum og brosti til samferðafólks um leið og hann ók gamla Skódanum sínum daglega um götur Akranesbæjar, þá fast kominn að níræðu.

MYND/ÚR FJÖLSKYLDUSAFNI THEÓDÓRS.

THEÓDÓR EINARSSON DÆGURLAGAHÖFUNDUR: ALDARMINNING Á AKRANESI

# Tilfinningamaður og fagurkeri

Nú um hvítasunnuna er þess minnst á Akranesi að Skagamaðurinn Theódór Einarsson hefði orðið 100 ára 9. maí. Theódór var einn þekktasti dægurlaga- og revíuhöfundur Íslands í áratugi, en flestir muna enn söngvatextana Angelínu, Á hörpunnar óma, Kata rokkar og gamanvísurnar Allt í grænum sjó og Amma þín hvað.

„Theódór ólst upp við algeng sveitastörf á Leirárgörðum í Leirársveit, elstur í hópi átta systkina. Búið var stórt með mörgu vinnufólki og þegar Teddi var nítján ára kom á heimilið söngelsk og veraldarvön kaupakona úr Reykjavík. Hún kunni vinsæl dægurlög úr danshúsum borgarinnar og kenndi Tedda; meðal annars franska sönginn um tregafullt líf Angelínu. Theódór, sem var ákaflega tilfinninganæmur og rómantískur, og einmitt á þeim tíma að lesa sögu um harmi lostinn pilt sem hafði orðið fyrir mikilli ástarsorg, gerði sinn fyrsta dægurlagatexta við þetta fallega lag sem seinna naut mikilla vinsælda með Dúmbó og Steina,“ segir rithöfundurinn Bragi Þórðarson sem ritað hefur margt um ævidaga Theódórs.

„Theódór flutti ungur til Akraness og starfaði þar lengst af ævinnar. Hann var sönghneigður og hafði ungur fengið heimakennslu á orgel en eignaðist líka einfalda harmoníku. Seinna sótti hann orgelnám á Akranesi og í Reykjavík, þar sem hann stundaði leikhúsin,“ segir Bragi og minnist sumarsins 1936 í lífi Theódórs.„Þá fór Teddi í vegavinnu norður í Skagafjörð og það voru skemmtilegir tímar. Heimasætur í sveitinni renndu hýru auga til hinna heimsvönu vegavinnusjarmöra sem kunnu ýmislegt fyrir sér í skemmtanalífinu. Theódór hafði harmoníkuna með sér og þótti skemmtilegt að taka fáein dansspor í grasinu. Í vegavinnuflokknum eignaðist Theódór tvo góða vini. Annar þeirra var Daði Hjörvar og hinn Pétur Thorsteinsson, síðar sendiherra. Daði hafði þá nýlega lært vinsælt dægurlag, sem hann kenndi Tedda, en þessir þrír sungu saman í tjöldunum við harmoníkuundirleik á björtum sumarkvöldum. Þarna í sumarsælunni varð svo til einn af vinsælustu textum Tedda: „Á hörpunnar óma við hlustum í kvöld“,“ upplýsir Bragi um sinn góða vin sem á lífsleiðinni vann algeng störf við fiskvinnslu, bifreiðastjórn, búðarrekstur og afgreiðslustörf; síðast sem bensínafgreiðslumaður hjá Skeljungi á Akranesi, til 75 ára aldurs.

„Teddi stofnaði ungur hljómsveitina „Káta stráka“ haustið 1936 og spiluðu þeir félagar á böllum á Akranesi og í Borgarfirði um nokkurt skeið. „Þá voru böllin til fjögur á nóttunni,“ sagði Teddi. „Ekkert fyllirí, en nokkrir mjúkir“,“ segir Bragi og brosir að minningunni.

„Á stríðsárunum hófst hinn eiginlegi skáldferill Tedda. Hann samdi marga texta sem lífguðu upp á tilveruna, eins og Ástandsvísurnar sem hann gerði þegar breski herinn kom á Skagann, kvenmannslausir í kulda og trekki. Þá voru dömurnar til í tuskið, stefnumótin blómstruðu á Langasandi, í kirkjugarðinum eða mógröfunum, og Alfreð Andrésson söng vísurnar inn á plötu við fádæma vinsældir.“

Theódór samdi um ævina fjölmörg dægurlög og texta sem unnu til verðlauna í danslagakeppnum, ásamt því að semja gamanvísur og texta fyrir fjölda leikara og skemmtikrafta. Hann andaðist 8. ágúst 1999.

„Theódór var glaðsinna og gamansamur, næmur á hið skoplega, eins og gamanvísurnar vitna um, en jafnframt mikill tilfinningamaður og fagurkeri, eins og dægurlagatextar hans bera með sér. Margir þeirra eru ortir á viðkvæmum stundum í einkalífi hans og sumir þrungnir trega og angurværð. Þannig var hann margskiptur persónuleiki. Lög hans og ljóð hafa vakið gleði og ljúfar minningar. Samferðamenn hans þakka honum og gleyma ekki.“

**thordis@frettabladid.is**

## Á HÖRPUNNAR ÓMA

*Á hörpunnar óma við hlustum í kvöld,*

*mín hjartkæra draumfagra meyja.*

*Tunglskinið hefur sín töfrandi völd,*

*meðan tónarnir síðustu deyja.*

*Í hillingum sjáum við sólfagra strönd,*

*þar svífum við tvö ein um draumfögur lönd.*

*Tunglskinið hefur sín töfrandi völd,*

*meðan tónarnir síðustu deyja.*


**SVEINN RÚNAR HAUKSSON LÆKNIR ER 61 ÁRS.**

**DONOVAN TÓNLISTARMAÐUR ER 62 ÁRA.**



**AINO FREYJA JÄRVELÄ LEIKKONA ER 34 ÁRA.**

**LINDA EVANGELISTA FYRIRSÆTA ER 43 ÁRA.**





LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


**NAFNIÐ MITT:** KATARÍNUS JÓNSSON

# Heiti eftir afa mínum í Arnardal

„Ég heiti nú bara eftir afa mínum. Ég er alnafni hans,“ segir Katarínus Jónsson, fyrrverandi vélstjóri og nú bensínafgreiðslumaður, þegar hann er spurður hvernig nafnið hans sé tilkomið. Hann kveðst hafa átt heima í Arnardal við Ísafjarðardjúp fram að sex ára aldri og býst við að hafa verið skírður þar. „Afi minn bjó í Arnardalnum líka,“ segir hann. En hvernig hefur honum líkað að bera Katarínusarnafnið? „Ég var nú ekkert voðalega hrifinn af því þegar ég var krakki enda var mér strítt á nafninu eins og gengur. Svo hefur það bara vanist og nú finnst mér það ágætt.“ Spurður hvort hann hafi alltaf verið kallaður fullu nafni svarar hann. „Það var nú stundum stytt í Kati en yfirleitt var það notað í heild sinni.

Katarínus kveðst eiga tvo frændur og eitt barnabarn með sama nafni og haft spurnir af að minnsta kosti einum til. „Ég frétti að þetta nafn hafi komið upp einhvers staðar fyrir austan. Kannski það sé að breiðast út.“


**KATARÍNUSARNAFNIÐ** Heldur velli í Arnardalsættinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

---



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Einar Eysteinsson**

sem andaðist á Vífilsstöðum fimmtudaginn 1. maí verður jarðsunginn frá Langholtskirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Sigrún Haraldsdóttir**
**Dagbjört Einarsdóttir — Ómar Þorleifsson**
**Finnur Einarsson — Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ragnhildar Sveinbjarnardóttur**
Lambey, Fljótshlíð,

sem lést laugardaginn 19. apríl. Sérstakar þakkir til lækna hennar og hjúkrunarfólks.

**Jón Kristinsson**
**Guðbjörg Jónsdóttir — Jón Þorvaldsson**
**Þórhildur Jónsdóttir**
**Kristjana Jónsdóttir — Guðjón E. Ólafsson**
**Sveinbjörn Jónsson — Jaana Rotinen**
**Kristinn Jónsson — Guðbjörg Júlídóttir**
**Katrín Jónsdóttir — Helmut Grimm**
**Þorsteinn Jónsson — Ásta Brynjólfsdóttir**
**Sigrún Jónsdóttir — Jón Valur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Steinunnar Jósefsdóttur**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, áður Deildartúni 5.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Höfða fyrir frábæra umönnun.

**Adda Ingvarsdóttir — Viðar Karlsson,**
**Elsa Ingvarsdóttir — Böðvar Jóhannesson,**
**Ellert Ingvarsson — Svanhildur Kristjánsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Gestsdóttir,**
áður til heimilis að Hvassaleiti 39, Reykjavík,

fædd á Seyðisfirði 27. júlí 1922, lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum mánudaginn 5. maí sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hólmfríður Árnadóttir — Jón Gauti Jónsson**
**Elísabet G. Árnadóttir — Ingþór Kjartansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Alúðarþakkir. Við höfum verið umvafin hlýhug, umhyggju, samúð, ást og vináttu vegna útfarar elskaðrar eiginkonu, móður, tengdamóður, fóstru og ömmu,*

**Unnar Kjartansdóttur**
Álftamýri 6, Reykjavík,

sem lést þann 10. apríl. Fyrir það færum við ykkur okkar hjartans þakkir. Sérstakar þakkir færum við læknum og hjúkrunarfólki á deild 11 E - geisladeild og göngudeild krabbameinssjúkra á Landspítalanum við Hringbraut, heimahlynningu LSH, líknardeild í Kópavogi og Helgu Sigurjónsdóttur á Landspítalanum Fossvogi. Guð blessi ykkur öll.

**Garðar Ingvarsson**
**Karen, Sigríður Anna, Ingvar og Ingibjörg Elísabet Garðarsbörn,**
**tengdabörn, fósturbörn og barnabörn.**

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og sonur,*

**Óskar Jónsson**
blikksmíðameistari,

lést á heimili sínu 5. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Marteinn Örn Óskarsson — Guðlaug Jónsdóttir**
**Katrín Ýr Óskarsdóttir**
**Helga Lilja Óskarsdóttir**
**Jón Bjarni Óskarsson**
**Jón Óskarsson — Katrín Marteinsdóttir**

---



✝

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærs sambýlismanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hauks Runólfssonar**
Víkurbraut 30, Hornafirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk krabbameinsdeildar Landspítalans, starfsfólk Sjúkrahótelsins á Rauðarárstíg 18, hjúkrunarþjónustan Karitas og heimaþjónusta og starfsfólk HSSA.

**Halla Bjarnadóttir og fjölskylda.**
**Börn hins látna og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Þorbjargar Finnbogadóttur**
húsmæðrakennara,
Víðilundi 20, Akureyri.

Aðstandendur.

---



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Ósk Gísladóttir**
Garðabraut 8, Akranesi,

andaðist þriðjudaginn 6. maí.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 15. maí kl. 14.

**Guðmundur Helgi Jensson,**
**Gísli Jens Guðmundsson — Vilborg Valgeirsdóttir,**
**Sigurður Óskar Guðmundsson — Ólöf Inga Birgisdóttir,**
**Kristín Dís, Arnþór Helgi, Ína Margrét og Elvar Daði.**

---



✝

*Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, mágkona og fyrrverandi eiginkona,*

**Ragna Vilhelmsdóttir**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi þann 28. apríl sl. verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 15.00.

**Daníel M. Knipe — Verónika Björk Gunnarsdóttir**
**Kristján Þór Ólafsson**
**Vilhelm Þór Júlíusson**
**Guðbjörg Benjamínsdóttir — Einar Þorvarðarson**
**Benjamín Vilhelmsson**
**Agnes Vilhelmsdóttir**
**Kolbrún Vilhelmsdóttir — Ólafur Skúli Guðmundsson**
**Martyn Knipe**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðþjófur Ísfeld Gunnlaugsson**
skipstjóri, Hamarsstíg 33, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri fimmtudaginn 8. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Vilhjálmur Friðþjófsson — Herdís Eyþórsdóttir**
**Steinunn Erla Friðþjófsdóttir — Björn Ingólfsson**
**Hallveig Friðþjófsdóttir — Tonni Christensen**
**Jóna Lísa Þorsteinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---


**Legsteinar**
í miklu úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

## STYRKIR TIL MYNDLISTARMANNA

### Listasjóður Pennans auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum

Um er að ræða sjóð sem nú er veitt úr í annað sinn.

Hlutverk sjóðsins er að veita listamönnum brautargengi. Í fyrra hlaut Elín Hansdóttir hæsta styrk sjóðsins. Pétur Thomsen og María Kjartansdóttir fengu aðra styrki úr sjóðnum og Halldór Örn Ragnarsson hlaut sérstaka viðurkenningu.

### Veittir verða þrír styrkir:

- Einn að upphæð 500 þúsund krónur.
- Tveir að upphæð 200 þúsund krónur.
  Styrkirnir skiptast annars vegar í peningaupphæð og hins vegar kaup á listaverkum.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar er að finna á vef Pennans, www.penninn.is. Umsóknarfrestur er til 25. maí n.k. og er eingöngu tekið við gögnum á rafrænu formi í gegnum vefinn eða netfangið listasjodur@penninn.is

Hallarmúli 4 – sími 540 2000

- auðveldar vinnuna



# MÁLVERKAUPPBOÐ


Guðmunda Andrésdóttir


Kristján Davíðsson

Erum að taka við verkum á næsta uppboð. Fyrir viðskiptavini leitum við sérstaklega að Reykjavíkurmyndum eftir **Louisu Matt.**, módelmyndum eftir **Blöndal** og abstrakt verkum eftir **Svavar Guðnason**, **Þorvald Skúlason**, **Karl Kvaran** og **Kristján Davíðsson.** Þá höfum við kaupendur að góðum verkum eftir **Mugg** og **Kjarval**

**Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Pétur Þór í síma 511 7010 og 847 1600.**

**ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA LÆGRI SÖLULAUN.**

Gallerí BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur

Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40, petur@galleriborg.is

OPIÐ KL 13-18
LOKAÐ SUNNUDAGA
OG MÁNUDAGA



vísir.is

"...ég sá það á vísi"


## STUÐ MILLI STRÍÐA garðyrkjustörf og grænir fingur

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR RÆKTAR RÓSMARÍN



Ég hef aldrei verið með sérstaklega græna fingur og rækta ekki neitt. Yfirleitt hafa öll blóm fölnað í minni umsjá og jafnvel hörðustu kaktusar hafa gefist upp. Samt er ég komin af bændum í báðar ættir.

Mér finnst nefnilega blóm falleg og sérstaklega heimilislegt að rækta kryddjurtir í eldhúsglugganum. Um daginn fór ég því galvösk í blómabúð og keypti sáðmold og fræ. Valdi timjan, rósmarín og basil og svo karsafræ handa litla skottinu til að sá í bómull, svo hún gæti séð þau vaxa.

Þegar heim var komið tókum við mæðgurnar svo til við að sá í bakka. Litla skottið fékk að ráða ferðinni með basilið og timjanið en ég vandaði mig við rósmarínfræin.

Það gekk á ýmsu hjá okkur mæðgunum og mold og vatn skvettist út um allt eins og gengur við garðyrkjustörf. Fræin dreifðust um allt gólf og potturinn með basilinu endaði á hvolfi á gólfinu þegar litla skottan fór að baka köku. Innihaldinu var skóflað aftur í pottinn og þjappað vel en ég taldi litlar líkur á að nokkuð kæmi upp úr pottinum eftir þessa meðferð. Öllu var svo komið fyrir úti í eldhúsglugga og vökvað vel.

Á hverjum morgni vökvuðum við mæðgurnar fræin okkar vandlega og eftir nokkra daga fóru grænar spírur að gægjast upp úr moldinni. Fyrst karsinn sem litla skottan sáði í bómullina, svo timjanið sem litla skottan sullaði um allt. Svo basilið sem litla skottan sturtaði á gólfið, en ekkert bólaði á rósmaríninu.

Í sveitinni græddi afi minn upp heilu ferkílómetrana af melum. Pabbi og mamma rækta skóg í brekkunni fyrir ofan bæinn og í gluggakistunni hjá mömmu blómstra pelargóníurnar innan um liljur og begóníur.

Í gluggakistunni minni ræktar litla skottan kryddjurtir í stórum stíl en ég rækta ekki neitt. Það bólar enn ekkert á rósmaríninu.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Einstakur viðburður

Það er engum blöðum um það að fletta að tónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju í eftirmiðdag annan í hvítasunnu eru spennandi: þar flytur kórinn flytur Vesper – Náttsöngva – eftir rússneska tónskáldið Sergei Rachmaninoff.

Með kórnum syngur Vladimir Miller, bassasöngvari frá St. Pétursborg, en hann hefur sérhæft sig í að syngja dýpstu tóna sem mannsröddin getur framkallað. Nebojsa Colic, tenór frá Serbíu, fer með tenórhlutverkið, en hann starfar hér á landi m.a. sem söngstjóri rétttrúnaðarkirknanna á Íslandi. Auður Guðjohnsen söngkona fer með einsöngshlutverk altsins. Stjórnandi er Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju og söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.

Náttsöngvar eru eitt af kröfuhörðustu kórverkum síðustu aldar. Næturvaka op. 37 fyrir blandaðan kór án undirleiks eftir Sergei Rachmaninoff er oft talin hápunktur tónlistarsögu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Rachmaninoff samdi þetta safn fimmtán kvöldbænasöngva á innan við tveimur vikum heimsstyrjaldarárið 1915 og það var frumflutt við gríðarlegar vinsældir á margendurteknum góðgerðartónleikum í Moskvu í mars sama ár. Litið var á verkið sem mikilvæga vörðu á nýrri braut í rússneskri kirkjutónlist en bylting bolsévika batt snögglega enda á alla slíka þróun tveimur árum síðar. Næturvakan lifði þær hremmingar þó af og er nú oft flutt af metnaðarfullum kórum, ekki bara í Rússlandi heldur víða um heim.

Sagt hefur verið að Rachmaninoff hafi hvergi tekist betur að fanga anda heimalands síns og þjóðarsál en í Næturvökunni. Verkið er að miklu leyti byggt á gömlum rússneskum kirkjustefjum sem Rachmaninoff útsetur. Tígulegur einfaldleiki og innileiki tónmálsins gerir verkið tímalaust og ávallt viðeigandi.

Næturvaka Rachmaninoffs er vissulega einstakt verk, sannkölluð kórsinfónía í ótal litbrigðum. Hún tekur rúma klukkustund í flutningi og gerir gífurlegar kröfur til söngvara kórsins. Tónsviðið er afar vítt (bassinn þarf t.d. að teygja sig heiltón niður fyrir lága-C) og tónvefurinn margslunginn og fjölbreyttur, allt frá einföldum einradda söng upp í ellefu radda hljómvegg. Kórinn þarf að geta sungið undurveikt og blítt, en líka af ógnarkrafti og ákefð. Og þeir kórsöngvarar sem ekki hafa rússnesku sem móðurmál mega hafa sig alla við í glímunni við hinn hljómfagra og kjarnmikla kirkjuslavneska texta!

Mótettukórinn flutti nokkra söngva úr Næturvökunni við frábærar undirtektir fyrir tveimur árum og tekst því á við heildarflutning verksins nú. Fullyrða má að enginn tónleikastaður hérlendis henti þessari tónlist jafn vel og Hallgrímskirkja, enda krefst Næturvakan voldugs dómkirkjuhljómburðar. Mótettukórinn hefur flutt mörg af stærstu kórverkum tónlistarsögunnar á aldarfjórðungs ferli sínum, en Næturvakan er eitt viðamesta og verðugasta verkefni kórsins án undirleiks til þessa. Tónleikarnir í Hallgrímskirkju 12. maí nk. eru mikilvægur og óvenjulegur viðburður í íslensku tónlistarlífi.

pbb@frettabladid.is



**TONLIST** Hörður Áskelsson og Mótettukórinn.



**GULUR KJÓLL** Frá Ördansahátíð árið 2004.

## Dans í hugans rými

Ördansahátíð verður haldin í sjötta sinn í ár. Hátíðin fer fram í Kaffivagninum úti á Granda og hefst í dag kl. 15. Hátíðin í ár er helguð dansverkum hugans og munu þau því ekki eiga sér stað í efnislegu formi, heldur verða þau lesin upp eða þeim lýst.

Hátíðin hefur frá upphafi verið helguð stuttum, staðsértækum dansverkum. Ördansahátíð var fyrst haldin árið 2003 í íbúð og garði við Nýlendugötuna, árið eftir í listasamsteypunni Klink og Bank, þá í versluninni Góða hirðinum og svo á Tjarnarbakkanum. Í fyrra átti hátíðin sér stað í tímarýminu á milli 15.00 og 15.03 og var þannig allt sem átti sér stað í þessu tímarými, hvar sem var á jörðinni, ördans og því hluti af hátíðinni. Það er óhætt að halda því fram að þátttaka í hátíðinni hafi aldrei verið eins góð og í fyrra, þó svo að flestir dansararnir hafi verið óméðvitaðir um hlutverk sitt.

En það má alltaf gera betur og því hefur ördansahátíðin í ár bætt verulega við sýningarrými sitt með því að bjóða upp á mannshugann sem vettvang danslistarinnar.

- vþ




DVERG-
HAMRAR
Ljósmyndasýning
Rafns Hafnfjörð
í Listamannahúsinu START ART
Laugavegi 12b, efri hæð.
Síðasta opnunarhelgi
kl. 13.00 - 18.00.

Salurinn

FIMMTUDAGUR 8. MAÍ KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR - LHÍ
ÞORVALDUR KR. ÞORVALDSSON
Aðgangur ókeypis.

FÖSTUDAGUR 9. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
GISSUR PÁLL GISSURARSON OG
JÓNAS INGIMUNDARSON.
Uppselt.

ÞRIÐJUDAGUR 13. MAÍ KL. 20
VÍÓLUTÓNLEIKAR - LHÍ
KATHARINA WOLF
Aðgangur ókeypis.

FIMMTUDAGUR 15. MAÍ KL. 20
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR
Aðgangur ókeypis.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 26. STARFSÁR
listvinafelag.is

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU



VESPER
eftir SERGEI RACHMANINOV



Í HALLGRÍMSKIRKJU
ANNAN Í HVÍTASUNNU
12. MAÍ 2008 KL. 17.00
stjórnandi
HÖRÐUR ÁSKELSSON
einsöngvarar:
Vladimir Miller BASSO PROFONDO
Nebojsa Colic TENÓR
Auður Guðjohnsen ALT
spron
TÓNLISTARSJÓÐUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS
Styrkt af Reykjavíkurborg
miðaverð
3000 / 2500 kr.

KRINGLU KRÁIN
Hafrót
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Sigurður Flosason og vinir



Hvítasunnujazz
í Fríkirkjunni

**Bláir skuggar**
Laugardagur 10. maí kl. 20:00
Kvartettinn hefur nýverið sent frá sér tvo diska, **Bláa skugga** og **Blátt ljós**, sem báðir hafa fengið frábærar viðtökur.
Þórir Baldursson: Hammond orgel
Jón Páll Bjarnason: gítar
Pétur Östlund: trommur

**Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson**
Sunnudagur 11. maí kl. 16:00
- Hvítasunnudagur
Nýjar sálmaútsetningar í bland við efni af metsöludiskum þeirra félaga; **Sálmum lífsins, Sálmum jólanna** og **Draumalandinu.**

**Kvartett Sigurðar Flosasonar**
Mánudagur 12. maí kl. 20:00
– annar í hvítasunnu
Kvartettinn flytur efni af geisladiskunum **Gengið á lagið, Gengið á hljóðið** og **Leiðin heim** í bland við ný lög.
Eyþór Gunnarsson: píanó
Valdimar K. Sigurjónsson: kontrabassi
Pétur Östlund: trommur

**Kristjana Stefánsdóttir og Kvartett Sigurðar Flosasonar**
Sunnudagur 11. maí kl. 20:00
- Hvítasunnudagur
Kristjana flytur nýja og eldri söngtónlist Sigurðar við ljóð Aðalsteins Ásbergs m.a. af geisladisknum **Hvar er tunglið?**
Eyþór Gunnarsson: píanó
Valdimar K. Sigurjónsson: kontrabassi
Pétur Östlund: trommur



Tónlistarflytjandi ársins - Jazztónlist
Íslensku tónlistarverðlaunin 2007

Forsala hjá midi.is
Stakir tónleikar kr. 2.000 - Hátíðarpassi kr. 3.500
DIMMA
Tónleikaröðin er styrkt af Reykjavíkurborg
www.dimma.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# NÓATÚN













## Opnunartími um hvítasunnu

| Austurver | | Furugrund | | Grafarholt | | Hafnarfjörður | | Hamraborg | | Hringbraut | | Hverafold | | Nóatún 17 | | Rofabær | | Selfoss | | Smáralind | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | lokað | Sun. | 11 - 20 | Sun. | lokað |
| Mán. | 11 - 20 | Mán. | 11 - 19 | Mán. | 11 - 20 | Mán. | 11 - 20 | Mán. | 11 - 19 | Mán. | 11 - 20 | Mán. | 11 - 19 | Mán. | 11 - 19 | Mán. | 10 - 19 | Mán. | 11 - 20 | Mán. | 12 - 19 |

# Gældu við bragðlaukana















Nóatúns meðlætið svíkur engan!

## Ferskir ávextir og grænmeti á tilboði






Glæsileg heimasíða

www noatun.is

LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Chanel á markaði í London** Tískuhúsið franska **Chanel** hefur tilkynnt að nýr og spennandi markaðsbás verði opnaður á Dover Street-markaðnum í London á næstunni. Þessi „bútík“ verslun mun sýna takmarkað úrval af skóm, „pret-a-porter“ fötum og töskum. „Við viljum gera þetta póstmódernískt og rómantískt,“ segir **Karl Lagerfeld** um búðina. „Hún á að vera blanda pönks og fágunar.“ Chanel-útibúið verður aðeins opið frá 9. til 26. júní.



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**geggjaða opna ballerínuskó** frá Miumiu.



**dásamlega ljósa leðurtösku** frá MiuMiu. Frá Sævari Karli, Bankastræti.



**fallegan drapplitan kjól** frá MiuMiu sem er fullkominn fyrir vorið. Frá Sævari Karli.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Leynivopnið*

Þrátt fyrir að hafa alltaf verið svög fyrir fallega hannaðri blúndu á nærfatnaði uppgötvaði ég ekki hinn unaðslega heim undirfatnaðar eða „Lingerie“ fyrr en ég flutti til Parísar. Áður en ég held lengra er mikilvægt að muna að konur, hvort sem þær eru franskar eða ekki, ganga í fallegum nærfötum fyrir sjálfar sig, ekki endilega fyrir karlmenn. (Karlmenn hafa líka hvort eð er frekar undarlegan smekk á nærfötum og finnst þau bara þvælast fyrir aðalatriðinum). Undirföt eru upphaf og endir hvers dags og undirstöðuatriði í góðum stíl. Forskot franskra kvenna þegar það kemur að nærfataúrvali er augljóst, til dæmis í stórverslunni Galeries Lafayette, þar sem þrjú þúsund fermetrar af dýrindis nærklæðum blasa við. Brjóstahaldarar, korselett, nærur.. La Perla, Dior, Calvin Klein, Myla... hér gæti maður eytt deginum því úrvalið er svo ótrúlegt. Frakkar hafa alltaf verið framarlega á merinni hvað þetta varðar, enda fann sjálf Katrín drottning af Medici-ættinni upp nærbuxurnar. Katrín var afbragðs flink reiðkona og sat í söðli til þess að sýna á sér fagurskapaða fótleggina, og um 1530 byrjaði hún að nota nærbuxur til að hlífa viðkvæmum líkamspörtum undan kuldanum. Þetta var nokkuð sem Bretunum, til dæmis, fannst algjör skandall, þar sem nærbuxur voru eitthvað sem aðeins gleðikonur gengu í. Bretinn Samuel Pepys sem skrifaði hina merkilegu dagbók sína, sem veitir frábæra innsýn í lífið á sautjándu öld, minnist á áhyggjur sínar af franskri eiginkonu sinni í einni færslunni. Hvers vegna? Jú, af því hún gekk í nærbuxum. Hann var fullviss um að hún hlyti að vera að halda framhjá honum. Merkilegt nokk, hórurnar gengu í nærbuxum og hinar voru í engu. Tímarnir hafa sannarlega snúist við. Nærbrækur voru annars í ónáð alveg fram á nítjándu öld, þegar siðprýði Viktoríutímabilsins hófst og konur uppgötvuðu að þær hefðu ýmsa kosti „og vernduðu þær frá alls kyns sjúkdómum sem þær gætu fengið frá tískuklæðnaði sínum.“ Og auðvitað verðum við líka að fylgja tískustraumum í nærfötum, sem þessa dagana eiga að vera dálítið gamaldags í „burlesque“-stílnum hennar Ditu Von Teese. Nærur eru auðvitað sú klæði sem liggja næst okkur og verða því að vera alveg fullkomnar, ekki satt? Þetta er jú allt spurning um hugarfar og það að leggja áherslu á öll fallegu litlu smáatriðin í lífinu.



**DÚKKULEGUR** Sætur knallstuttur og rauður kjóll frá MiuMiu fyrir sumar 2008.



**SKÓLASTELPA** Skemmtilegt gult pils við blazer-jaka og rósótta skyrtu frá Luellu Bartley fyrir sumar 2008.



**SEXÍ** Fallegur grár samfestingur með „hotpants“ frá Alexander McQueen fyrir sumar 2008.

PILSFALDAR HÆKKA:

# Stutt skal það vera í sumar

Með hækkandi sól geta fótleggirnir farið að njóta sín og margir helstu hátískuhönnuðir heims voru með stutt pils á dagskrá fyrir sumarið 2008. Í stað „bodycon“ kjóla síðasta sumars er áherslan samt frekar á víð pils, eða jafnvel stutt pils með víðu yfirpilsi eins og sást hjá MiuMiu sem er afar klæðilegt og í senn stelpulegt og kynþokkafullt. Við pilsin eru svo gjarnan notuð ökklastígvél eða hælar með ökklasokkum, að minnsta kosti fyrir þær háfættu. - amb



**SIRKUSLEGUR** Fallegur hvítur kjóll með víðu röndóttu pilsi frá MiuMiu fyrir sumar 2008.



**KÍNVERSK ÁHRIF** Grár stuttur kjóll með rauðum linda í mittið frá Alexander McQueen fyrir sumar 2008.



**SÆTUR** Stuttur bleikur kjóll með kraga frá MiuMiu fyrir sumar 2008.

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla **genginu**
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
**ATH** . verðið kemur á óvart
**Verðdæmi:** Sófar 3+1+1 = **99.900 kr**
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
**Opnunartími**
Mán - Föstudagar **09 - 18**
Laugardaga **11 - 16**
**Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510**

# PERLURUGL!

## ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

# Í PERLUNNI

## STENDUR TIL 11. MAÍ

**- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA**

### 66°Norður

| | |
|---|---|
| Jakkar................ | 2.000 – 4.500 kr. |
| Fleece................ | 2.000 – 3.000 kr. |
| Dúnúlpur............ | 7.000 kr. |
| Krakka flauelsbuxur........ | 1.000 kr. |
| Krakka jakkar..... | 2.000 kr. |
| Regnjakkar barna........ | 1.000 kr. |
| Krakka peysur.............. | 1.000 kr. |
| Barna fleecebuxur........ | 1.500 kr. |
| Vinnu fleecepeysur.............. | 500 kr. |
| Vinnuúlpur......... | 3.[illegible] kr. |
| Vind-jakki........... | 1.000 kr. |
| Vind-buxur........... | 1.0[illegible]0 kr. |

## GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR SUMARIÐ

### Blend

| | |
|---|---|
| Jakkar frá......................... | 3000 kr. |
| Peysur frá......................... | 1500 kr. |
| Skyrtur frá......................... | 1500 kr. |
| Boli............................. | 1000 kr. |
| [illegible] frá......................... | 2000 kr. |
| [illegible]......................... | 1500 kr. |
| [illegible]......................... | 1500 kr. |

**LOKAHELGIN**
**OPIÐ Í DAG 12 - 18**
**Á MORGUN HVÍTASUNNUDAG 12 - 18**
**ANNAN Í HVÍTASUNNU 12 - 18**

### Skór

| | |
|---|---|
| Herraskór frá....................... | 2000 kr. |
| Dömuskór frá....................... | 1000 kr. |
| Barnaskór frá....................... | 500 kr. |
| Ecco dömuskór frá. 5000 áður | 11995 kr. |
| Dömustígvél frá..... 3000 áður | 14995 kr. |



BLEND She
Kaupfélagið
66° NORÐUR
ecco
skór.is
BLEND
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

> 5 ÁRA HJÓNABAND Á ENDA

Leikkonan Liv Tyler og rokkarinn Rayston Langdon eru skilin eftir fimm ára hjónaband, en Liv, sem er dóttir Aerosmith-rokkarans Steve Tyler, giftist Rayston árið 2003 í Karíbahafinu. Talsmaður Liv staðfesti fregnirnar í samtali við veftímaritið Femalefirst og sagði vinskap ríkja á milli Liv og Rayston, en saman eiga þau soninn Milo sem er þriggja ára.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Handfangalaust Euroband

Stóra stundin er að renna upp. Friðrik Ómar og Regína Ósk halda til Belgrad ásamt fríðu föruneyti á mánudaginn. „Ég hef bara mjög góða tilfinningu fyrir þessu," segir Friðrik Ómar. „Við erum búin að æfa mikið og hver hreyfing á sviðinu er kortlögð. Það fær enginn verkefni sem hann ræður ekki við svo okkur líður mjög vel."

Í gærkvöldi hittist hópurinn heima hjá Friðriki í miðbænum og lagði á ráðin. Í dag á að halda upp á útgáfu fyrstu plötu Eurobandsins sem var að koma út. Boðið verður upp á fría klukkutíma langa tónleika í Vetrargarðinum í Smáralind, sem hefjast klukkan 14.

„Atriðið á eitthvað eftir að breytast þegar við komum á sviðið í Belgrad," segir Friðrik. „Búningarnir eru tilbúnir, þeir eru ekki sjokkerandi, enda ekki okkar stíll. Ein flík sem ég verð í er svo viðkvæm að ég get ekki verið í henni á æfingum. Við erum búin að fá teikningar af sviðinu úti og það lítur út eins og leg. Það á vel við, því Smáralindin er jú eins og reður séð ofan frá. Fruman er að komast í eggið."

Regína og Friðrik hafa hamast í ræktinni síðan þau unnu. „Ég hef misst tvö kíló en bætt á mig einhverju sem heitir víst vöðvar," segir Friðrik. „Regína hefur misst miklu fleiri kíló. Við verðum að mestu leyti handfangalaus þegar við förum og svo er meiningin að halda áfram í mega-líkamsrækt úti." - glh



**FRUMAN ER AÐ KOMAST Í EGGIÐ** Regína og Friðrik hafa góða tilfinningu fyrir þessu.

# Íslenskir sjómenn fagna bók

**Ljósmyndarinn Gunnar Þór Nilsen festi nýlega á mynd nokkrar af hetjum hafsins og hefur nú gefið út bók undir nafninu Íslenskir sjómenn. Gunnar valdi að sjálfsögðu veitingastaðinn Sægreifann til að fagna útgáfunni en þar var boðið upp á veislumat úr matarkistu Ægis.**



**LJÓSMYNDARINN OG FRAMLEIÐANDINN** Gunnar Þór Nilsen og Ingvar Þórisson voru kampakátir í útgáfuteitinu.



**FORVITNIR** Þeir Þórir Snær Sigurjónsson og Ómar Örn kíktu á Sægreifann.



**SÆGREIFAR** Grétar Mar Jónsson og Kjartan sægreifi Halldórsson réðu sér vart fyrir kæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK






# Trent sýnir gjafmildi

**Trent Reznor, aðalmaðurinn í Nine Inch Nails, fylgir fordæmi Radiohead og gefur nýjustu plötu NIN á netinu. Þessi sjöunda hljóðversplata NIN heitir The Slip og má hlaða lögunum tíu niður auk „umslags" á heimasíðu sveitarinnar, www.nin.com. Trent hvetur til að fólk endurhljóðblandi plötuna, deili henni með vinum sínum, láti hana liggja á bloggum og gefi ókunnugum hana. „Ég þakka fyrir stuðninginn í gegnum árin, en núna býð ég," segir hann.**



**TRENT REZNOR** Gjafmildur.

# Skrifaði bréf til Metallica

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters og fyrrum trommari í Nirvana, hefur skrifað bréf til rokksveitarinnar Metallica þar sem hann hvetur hana til að gefa ekki nýju plötuna sína út fyrr en hún hljómi frábærlega.

„Hæ, þetta er Dave! Muniði eftir mér? Ég er náunginn sem er búinn að hlusta á ykkur síðan 1983," skrifar hann og bætir því við að platan Kill ´Em All hafi breytt lífi sínu. „Ég get ekki beðið eftir að heyra nýju lögin. Gangi ykkur vel og ekki gefa neitt út fyrr en það rokkar feitt. Ykkar, Dave Grohl." Platan er væntanleg í haust en sú síðasta, St. Anger, fékk slæmar viðtökur þegar hún kom út fyrir fimm árum.



**DAVE GROHL** Rokkarinn Dave Grohl getur ekki beðið eftir að heyra nýjustu plötu Metallica.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Forvarnir
# er besta leiðin

## Ráðstefnan um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum verður haldin í

**Háskólanum í Reykjavík**
**15.-16. maí** næstkomandi.

Ráðstefnan fer fram á ensku.

Ráðstefnan er haldin í þriðja sinn og er ætluð öllum sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja öryggi og velferð barna, en markmið ráðstefnunnar er að benda á leiðir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum.
**Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara koma fram á ráðstefnunni, á meðal erinda eru eftirfarandi:**

- Kynferðisofbeldi gegn fötluðum og greindarskertum börnum – Shirley Paceley
- Afleiðingar og áhrif ofbeldis í æsku – Dr. Vincent Felitti
- Niðurstöður íslenskrar kannanar um afleiðingar ofbeldis - Sigrún Sigurðardóttir
- Örugg netnotkun – Justin Berry
- Ásakanir um kynferðisofbeldi í forræðismálum – Karen Anderson
- Kynning á nýju forvarnarátaki samtakanna Blátt áfram – Svava Björnsdóttir
- Kynning á starfsemi Barnahúss – Þorbjörg Sveinsdóttir

| | |
|---|---|
| Almennt verð / báðir dagar | 12.500,- kr. |
| Almennt verð / annar dagur | 8.000,- kr. |
| Verð fyrir nemendur / báðir dagar | 6.500,- kr. |
| Verð fyrir nemendur / annar dagur | 4.500,- kr. |

Skráning fer fram á vefsíðunni **www.blattafram.is**., en þar má finna nákvæma dagskrá ráðstefnunnar.

Að auki er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á póstfangið **practical@practical.is** eða hringja í **síma 534-0020**.

Nánari upplýsingar er að finna á www.blattafram.is

BLÁTT ÁFRAM!

practical

Samstarfsaðilar:

112 · Þroskahjálp · Barnaverndarstofa · vodafone · Heilsugæslan · SAFT · Háskólinn í Reykjavík

# Dómarinn Garðar og fjandi hans fallast í faðma

**Knattspyrnudómarinn Garðar Örn Hinriksson og kraftajötunninn Gillzenegger áttu einlæga stund í útvarpsþætti. Þeir eru nú hinir mestu mátar.**


**GILLZ OG GARÐAR** Hinn ósátti áhangandi Blika úr Kópavogi faðmar dómarann og má sjá tár blika á hvarmi.


**EINLÆG STUND Í ÚTVARPSSAL** Hin óbilgjarna gagnrýni Egils risti djúpt á sínum tíma en er nú að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Garðar varð allur rauður í framan og sagði þetta steiktustu uppákomu sem hann hefði lent í á ævinni," segir íþróttafréttamaðurinn og útvarpsmaðurinn Henry Birgir Gunnarsson.

Útvarpsþátturinn Skjálfandi á X-inu 977 er nýr af nálinni og Henry Birgir er umsjónarmaður hans. Þar er fjallað um íþróttir frá ýmsum sjónarhornum og tekið á því ef svo ber undir. Henry Birgir er enda þekkur fyrir að spara hvergi gagnrýnina þegar íþróttamenn og þá ekki síður íþróttahreyfingin er undir. Í þætti gærdagsins urðu hins vegar sögulegar sættir. Knattspyrnudómarinn Garðar Örn Hinriksson sat fyrir svörum og vissi ekki fyrr en í útvarpsstúdíóinu birtist hans forni fjandi Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger. Það væri í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema að þeir tveir hafa eldað grátt silfur árum saman. Egill er eindreginn stuðningsmaður Breiðabliks og hefur haldið því fram að Garðar dæmi ávallt gegn Blikum þegar svo ber undir. Egill var með pistla í DV fyrir um þremur árum og var óvæginn í gagnrýni sinni á Garðar, svo ekki sé meira sagt, og skrifaði meðal annars að hann væri vaxinn niður eins og húsfluga.

„Leiðir þeirra hafa ekki legið saman fyrr en þarna," segir Henry sem hafði skipulagt þessa óvæntu uppákomu af kostgæfni. Garðar vissi ekki hvað stóð til og kom á hann þegar Egill mætti til leiks. En allt fór á besta veg.

„Egill kom inn í miðju viðtali. Þetta var mjög einlæg stund og þeir félagar féllust í faðma. Þarna urðu sögulegar sættir," segir Henry Birgir, sem verður reyndar að teljast heldur ósannfærandi í hlutverki sáttasemjara. En svona er Ísland í dag, eins og Jón Ársæll myndi segja. Egill gerði sér svo lítið fyrir og tók lagið í þættinum en dómarinn, þrátt fyrir að vera annálaður söngmaður og söng með hinni ágætu hljómsveit Url, vildi þó ekki ganga svo langt og taka undir með hinum nýbakaða poppara úr Merzedes Club. Það eru takmörk fyrir öllu.

Um helgina mun Breiðablik spila við ÍA og þá mun Garðar dæma. Egill verður vitanlega í stúkunni til að hvetja sína menn og mun fylgjast grannt með frammistöðu Garðars.

jakob@frettabladid.is

# Traffíkin eykst með sólskini

Þá er fyrsta ferðahelgi sumarsins að renna upp og fólk farið að dusta rykið af hjólhýsunum og húsbílunum. Í fyrrasumar varð algjör sprengja í sölu ferðavagna, enda blússandi góðæri og ekkert virtist framundan nema endalaus sæla. Síðan þá hefur gengishrun og yfirvofandi kreppa sett strik í reikninginn. Sölumenn eru þó ekki á bömmer. „Við erum bara bjartsýnir þótt ekki megi búast við nándar nærri eins góðri sölu og í fyrra. Þetta var reyndar einstakt þá, það seldist nú bara allt sem var til sölu," segir Angantýr Agnarsson, sölustjóri hjá Ellingsen. „Miðað við svartsýnistalið er bara ótrúlega góð sala núna. Um leið og sólin fer að skína byrjar traffíkin."

Arnar Barðdal hjá Víkurverki tekur undir með Angantý. „Það er stígandi í þessu með hækkandi sól. Á fimmtudaginn í góða veðrinu var til dæmis brjálað að gera," segir hann. „En samt er eins og fólk sé að bíða eftir einhverju, einhverri yfirlýsingu frá stjórnvöldum kannski. Það þarf ekki mikið til."


**EKKI EINS GÓÐ SALA OG Í FYRRA** Landsmenn fá sér þó enn ferðavagna þrátt fyrir bölmóðinn.

Þótt gárungarnir hafi fundið nýtt orð yfir fyrirbærið: „skuldahali". Virðist landinn þó lítið kippa sér upp við bölmóðinn. Og halda áfram að fá sér færanlegt þak yfir höfuðið.

- glh

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ OG MEÐ LAUGARDEGINUM 10. MAÍ - MÁNUDAGSINS 12. MAÍ
500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
550 Kr.
LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.50, 8 og 10.10 | L |
| IRON MAN | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.20 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 2 og 4 - íslenskt tal | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 2, 4 og 6 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2 og 4 | L |

SÝNINGARTÍMAR GILDA 10. - 11. OG 12. MAÍ

ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 6:30/3D - 8:20/3D - 10:20/3D | L |
| IRON MAN | kl. 1:30D - 4D - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| IRON MAN | Sýnd í Lúxus VIP 14.Maí | VIP |
| MAID OF HONOR | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 2 - 4 - 6 | 10 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 8 | 16 |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 2 - 10:30 | VIP |
| FORGETTING SARAH M... | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SHINE A LIGHT VEGNA ÁSKORANA | kl. 5:40 - 8 | VIP |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN M/- ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| U2 3D 3-D DIGITAL | kl. 4/3D - 6/3D - 8/3D | L |
| THE HUNTING PARTY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| IRON MAN DIGITAL | kl. 1:30D - 3:30D - 6D - 9D - 10D | 12 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 3:40 | 7 |
| STÓRA PLANIÐ SÍÐ. SÝN. | kl. 1:30D | 10 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 1:50 | L |

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 - 8 | L |
| P2 | kl. 10 | 16 |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| BUBBI BYGGIR M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNTING PARTY | kl. 8 - 10 | 7 |
| IRON MAN | kl. 2* - 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| UNDERDOG | kl. 2* | L |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 4* | 10 |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 6 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |
| DRILBIT TAYLOR | kl. 3:30* - 5:45 | L |
| BUBBI BYGGI ÍSL. TAL | kl. 3:30* | L |

* stjörnumerktar sýn. gilda 10. og 11. maí

NÝTT Í BÍÓ!
Barátta kynjanna er hafin. Búðu þig undir... stríð!
Cameron Diaz og Ashton Kutcher í frábærri gamanmynd!
LÚXUS
PATRICK DEMPSEY MADE of HONOUR
ÞAÐ ÞARF ALVÖRU KARLMANN TIL AÐ VERA BRÚÐARMEYJA!
„HUGLJÚF OG SKEMMTILEG" VJV - TOPP5.IS/FB
FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES"
Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði
BRIAN DE PALMA REDACTED
Ekki missa af myndinni sem Fox News vildi banna!
- V.J.V., TOPP5.IS / FBL
24 STUNDIR
Frá þeim sem færðu ykkur SCARY MOVIE og NAKED GUN

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS | kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| IRON MAN | kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MADE OF HONOUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 1 - 4 - 6 | 7 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 1 - 2.30 | |
| HORTON | kl. 1 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| REDACTED | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| MADE OF HONOUR | kl. 3 - 6 - 8.20 - 10.35 | |
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| TROPA DE ELITE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 ENSKUR T | 16 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 3.30 - 6 - 8.20 - 10.30 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| 21 | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4 - 6 ÍSLENSKUR TEXTI | 7 |
| HORTON | kl. 3.30 ÍSLENSKT TAL | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 — TILBOÐSVERÐ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

| | | |
|---|---|---|
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| MADE OF HONOUR | kl. 8 - 10 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 6 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| HORTON | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó 550kr laugardag, sunnudag og mánudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS
IRON MAN KL. 1:30 Í ÁLF. OG Í KRINGLUNNI.
OVER HER DEAD BODY KL. 3:40 Í KRINGLUNNI
MADE OF HONOUR KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA
DRILLBIT TAYLOR KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 3:30 Í KEFLAVÍK
UNDRAHUNDURINN M/ÍSL TALI KL. 1:30 Í ÁLF. OG 1:50 Í KRINGL
SARAH MARSHALL KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus — Ódýrt í bíó
Bubbi Byggir Í VILLTA VESTRINU — ATH. SÝND KL. 2
SPIDERWICK — ATH. SÝND KL. 2
ÍSLENSKT TAL HORTON — ATH. SÝND KL. 2
500 kr. á fyrstu sýningar dagsins
Gildir fyrir Laugardag, Sunnudag og Mánudag

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGARBÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.3 REGNBOGINN
KL.3 REGNBOGINN
KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ KL.3 REGNBOGINN
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGARBÍÓ

# Madonna drekkur með Justin

Madonna hélt nýverið sína fyrstu tónleika eftir að plata hennar Hard Candy kom út. Eftir tónleikana, sem haldnir voru í New York, fór hún út á lífið með Justin Timberlake, en eftir gott gengi lagsins 4 Minutes sem þau syngja saman höfðu þau góða ástæðu til að lyfta sér upp.

Ferðinni var heitið á næturklúbbinn The Box þar sem Madonna og Justin dönsuðu og drukku tekíla og vodka. Þau skemmtu sér langt fram eftir nóttu í góðra vina hópi, en á meðal gesta voru fatahönnuðurinn Alexander McQueen og söngvari R.E.M., Michael Stipe.



**MADONNA OG JUSTIN TIMBERLAKE** Skemmtu sér konunglega eftir tónleika Madonnu í New York.

# Réttarhöldin að hefjast



**R KELLY**

Réttarhöld yfir R&B-söngvaranum R Kelly eru loks að hefjast, næstum sex árum eftir að hann var ákærður fyrir að hafa tekið upp kynlífsmyndband með sér og þrettán ára stúlku. Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi.

Kelly, sem er þekktastur fyrir lagið I Believe I Can Fly, var handtekinn árið 2002 eftir að myndbandið komst í hendur lögreglunnar. Fjórum mánuðum síðar var hann ákærður fyrir barnaklám. Ein af ástæðunum fyrir seinkun réttarhaldanna er sú að hið meinta fórnarlamb í myndbandinu, sem er núna 23 ára, neitar að viðurkenna að hún hafi komið þar við sögu.

# Scarlett trúlofuð



**SCARLETT JOHANSSON**

Samkvæmt veftímaritinu femalefirst hefur Scarlett Johansson opinberað trúlofun sína og leikarans Ryan Reynolds. Parið hefur verið í sambandi í rúmlega ár og segir talsmaður Scarlett, Marcel Pariseau, leikkonuna vera himinlifandi. Hin 23 ára gamla Scarlett skartaði demantshringnum við glæsilegan Dolce and Gabbana-kjól á Metropolitan-safninu í New York í gærkvöldi þar sem Costume Institute Gala-samkoman fór fram.


PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um árатuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA
UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU
UMHVERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is



Unglingadeildir fyrir 11-15 ára
Grunnnám / Miðnám / Framhaldsnám
Einsöngsnám / Söngkennaranám
Inntökupróf fara fram í maímánuði
Upplýsingar: 552 7366 / songskolinn.is

Söngskólinn í Reykjavík

...er einn fremsti tónlistarskóli landsins og býður upp á alhliða tónlistarnám með söngröddina sem aðalhljóðfæri



512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið



Rýmum fyrir nýjum vörum

Húsgögnin fást aðeins í Hagkaupum Smáralind og Holtagörðum

OPIÐ til 20 alla daga




Bycast sófasett 3+1+1 8851

99.900.-

verð áður 189.900.-

| módel | verð áður | verð nú | þú sparar |
|---|---|---|---|
| Sófi 3+1+1 8183 | 199.000.- | 159.000.- | 40.000.- |
| Hornsófi 8169 | 295.000.- | 169.000.- | 126.000.- |
| Sófi 3+1+1 8162 | 229.000.- | 159.000.- | 70.000.- |
| Rúm Ortopedico 120x200 | 72.900.- | 57.900.- | 15.000.- |
| Rúm Ortopedico 150x200 | 87.900.- | 67.900.- | 20.000.- |
| Rúm Ortopedico 180x200 | 105.900.- | 80.900.- | 25.000.- |
| Borðstofustólar | 14.900.- | 9.900.- | 5.000.- |

Gildir til 15. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR VAL 1. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

> LYKILMAÐURINN



**Helgi Sigurðsson** reyndist heldur betur góð kaup fyrir Val. Valsara hafði sárlega vantað alvöru markaskorara og hann fundu þeir í Helga í fyrra. Helgi spilaði frábærlega og skoraði 12 mörk fyrir Valsmenn og mörg hver gríðarlega mikilvæg. Valsmenn ætlast til þess að Helgi skili álíka öflugu verki í sumar og hann verður ef að líkum lætur einn skæðasti framherji deildarinnar aftur þetta árið.

# Gríðarsterkir meistarar

Valur vann Íslandsmeistaratitilinn á eftirminnilegan hátt síðasta sumar og Valsmenn gera þá kröfu að liðið hampi Íslandsmeistaratitlinum aftur í sumar.

Það er reyndar ekki að ástæðulausu enda teflir Valur nánast fram sama liði. Engir lykilmenn hurfu á braut, en Valsmenn hafa bætt við sig framherjanum Alberti Ingasyni frá Fylki og hinn ungi Ingólfur Sigurðsson kemur frá Heerenveen. Valur fékk reyndar einnig miðvörðinn efnilega Kristján Hauksson frá Fram, en tók þá undarlegu ákvörðun að lána hann til nýliða Fjölnis án þess að eiga möguleika að kalla hann til baka.

Valur samdi aftur við miðvörðinn sterka, Barry Smith, en hann og Atli Sveinn mynduðu frábært miðvarðapar í fyrra. Barry er reyndar nýkominn úr aðgerð og spurning hversu heill hann er.

Valsmenn hafa einnig áhyggjur af framherjamálunum, enda Helgi búinn að vera meiddur, og svo meiddist Dennis Bo Mortensen í Meistarakeppninni.

Valsmenn hafa litið frábærlega út á undirbúningstímabilinu og virðast vera talsvert öflugri en í fyrra.

Þeir spila leiftrandi sóknarbolta þar sem Pálmi Rafn Pálmason hefur farið á kostum. Valur er liðið sem önnur lið verða að leggja til að verða meistarar, en það verður þrautin þyngri þar sem meistararnir eru gríðarsterkir og verða klárlega illviðráðanlegir í sumar.



> X-FAKTORINN

**Guðmundur Benediktsson** hefur gengið í endurnýjun lífdaga í Valsbúningnum. Algjör lykilmaður í spili meistaranna og leggur upp flest mörk liðsins. Guðmundur er ekki að yngjast og Valsmenn þurfa að treysta á töfra hans og vona að hann meiðist ekki.

AÐRIR LYKILMENN


ATLI SVEINN ÞÓRARINSSON


PÁLMI RAFN PÁLMASON


BALDUR INGIMAR AÐALSTEINSSON

GENGI Á VORMÓTUNUM
Sigrar / Jafntefli / Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2007 1. sæti í A-deild | 2006 3. sæti í A-deild | 2005 2. sæti í A-deild | 2004 1. sæti í B-deild | 2003 10. sæti í A-deild | 2002 1. sæti í B-deild |

Landsbankadeild karla:

## Boltinn í beinni

**FÓTBOLTI** Vísir og Fréttablaðið munu standa að boltavakt í sameiningu í sumar en allir leikir í Landsbankadeild karla verða þar með í beinni útsendingu á www.visir.is.

Þar verður hægt að fylgjast með öllum leikjum í einu og fá allar mikilvægustu upplýsingarnar beint í æð. - hbg

Fyrsta umferðin í tólf liða Landsbankadeild karla:

## Sögulegur dagur

**FÓTBOLTI** Í dag er sögulegur dagur fyrir íslenska knattspyrnu þegar fyrsta tólf liða deildin í sögu efstu deildar karla fer af stað.

Allir sex leikirnir fara fram í dag, fimm klukkan 14 og svo opnunarleikur mótsins milli Keflavíkur og Íslandsmeistara Vals í Keflavík. Leikirnir klukkan tvö eru á milli KR og Grindavík á KR-velli, ÍA og Breiðabliks upp á Skaga, Fylkis og Fram á Fylkisvelli, Þróttar og Fjölnis í Laugardal og svo á milli HK og FH á Kópavogsvelli.

Fréttablaðið mun eins og áður fjalla um alla leiki deildarinnar og gefa leikmönnum einkunn á bilinu 1 til 10 og í töflunni sem fylgir má sjá fyrir hvað hver tala stendur fyrir. - óój

FYRIR HVAÐ STENDUR EINKUNNAGJÖFIN:

| | |
|---|---|
| 10 í einkunn | Stórkostlegur |
| 9 | Frábær |
| 8 | Mjög góður |
| 7 | Góður |
| 6 | Þokkalegur |
| 5 | Í meðallagi |
| 4 | Slakur |
| 3 | Mjög slakur |
| 2 | Skelfilegur |
| 1 | Ekki nothæfur |



ÞEKKJA ÞETTA Willum Þór Þórsson og Guðmundur Benediktsson vörðu titilinn saman sumarið 2003 þegar þeir voru með KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Titilvörnin hefur reynst Val erfið

**Íslandsmeisturum Valsmanna er spáð titlinum annað árið í röð en það eru liðin 40 ár síðan Valsliðinu tókst að verða meistarar tvö ár í röð.**

**FÓTBOLTI** Valsmönnum var spáð Íslandsmeistaratitlinum annað árið í röð í spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna í vikunni, en þeir þurfa þá að gera það sem meistaraliðum félagsins hefur mistekist í meira en 40 ár - að verja titilinn. Það sem meira er: fyrsti leikur í titilvörn hefur sjaldnast endað vel vel fyrir Valsmenn sem heimsækja Keflvíkinga suður með sjó klukkan 16.15 í dag.

Í síðustu tvö skipti hafa Valsmenn tapað fyrsta leik í titilvörn og í raun aðeins einu sinni unnið fyrsta leik á tímabil í síðustu sex skipti sem þeir hafa byrjað tímabilið sem meistarar. Það var árið 1981 þegar Valsliðið vann 3-0 sigur á erkifjendum sínum í KR á Melavellinum, en 1986 og 1988 var útkoman hins vegar allt önnur. Árið 1986 tapaði Valsliðið 1-2 fyrir Þór á Þórsmölinni í 1. umferð og töpuðu síðan öðrum leiknum 0-1 á heimavelli fyrir nýliðum Breiðabliks. Valsliðið fór ekki í gang fyrr en í þriðja leik þegar liðið vann 4-0 stórsigur í Keflavík en þessi tvö töp gegn liðunum sem enduðu í 6. (Þór) og 9. (Breiðablik) sæti reyndust vera dýrkeypt því Valur tapaði titlinum á markatölu.

Tveimur árum seinna eða 1988 tapaði Valsliðið 0-1 fyrir Fram í fyrsta leiknum sem fram fór á gervigrasinu í Laugardal. Guðmundur Steinsson skoraði eina mark leiksins tveimur mínútum fyrir leikslok. Valsmenn náðu heldur ekki að skora í næstu tveimur leikjum og voru komnir átta stigum á eftir Fram eftir aðeins þrjár umferðir. Í lokin skildu síðan einmitt átta stig að liðin í efstu tveimur sætunum.

Valsmönnum tókst heldur ekki að vinna fyrsta leik í titilvörn árin 1968, 1977 og 1979. 1979 gerði liðið 1-1 jafntefli við KR í fyrsta leik og vann síðan aðeins einn sigur í fyrstu sex leikjum sínum á tímabilinu. Þessi byrjun, 5 stig af 12 mögulegum, varð dýrkeypt því Íslandsmeistarar ÍBV urðu aðeins einu stigi á undan Hlíðarendamönnum. Tveimur árum áður tapaði liðið tveimur fyrstu leikjum sínum, fyrst 3-4 á móti Breiðabliki og svo 0-2 á móti ÍA, og ÍA vann síðan á endanum titilinn með einu stigi meira en Valur. Árið 1968 tapað Valsliðið 1-3 fyrir ÍBV í fyrsta leik, en það var einmitt fyrsti leikurinn sem fram fór í Vestmannaeyjum í efstu deild.

Valsmenn unnu síðast Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð 1966 og 1967 þegar Óli B. Jónsson var þjálfari liðsins, Árni Njálsson fyrirliði og Hermann Gunnarsson var á sínum fyrstu árum í boltanum.

ooj@frettabladid.is

FYRSTI LEIKUR VALS Í TITILVÖRN SÍÐUSTU 40 ÁR

| | |
|---|---|
| 1988 0-1 tap fyrir Fram | 2. sæti |
| 1986 1-2 tap fyrir Þór Akureyri | 2. sæti |
| 1981 3-0 sigur á KR | 5. sæti |
| 1979 1-1 jafntefli við KR | 2. sæti |
| 1977 3-4 tap fyrir Breiðabliki | 2. sæti |
| 1968 1-3 tap fyrir ÍBV | 3. sæti |




Alicante

á frábærum kjörum

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante í vor, sumar og haust eins og undanfarin 16 ár. Við bjóðum frábær kjör og þjónustu á íslensku alla leið – fyrir þig!
Enn er tækifæri til að tryggja sér flugsæti til Alicante með Heimsferðum á frábærum kjörum.
Nánar á www.heimsferdir.is.

Verðdæmi – lægstu verð*

| | |
|---|---|
| 9. maí | frá kr. 24.990 |
| 21. maí | frá kr. 24.990 |
| 28. maí | frá kr. 29.990 |
| 4. og 11. júní | frá kr. 39.990 |
| 18. júní | frá kr. 34.990 |
| 25. júní | frá kr. 29.990 |
| 2. og 9. júlí | frá kr. 29.990 |
| 16. júlí | frá kr. 34.990 |

* Lægstu verð sem í boði eru á viðkomandi brottför. Verð er netverð á mann. Takmarkað sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara. Nánar á www.heimsferdir.is.

Frá kr.
24.990 – báðar leiðir

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Takmarkaður sætafjöldi. Verð getur breyst án fyrirvara.



Bókaðu strax á www.heimsferdir.is og tryggðu þér lægsta verðið!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

ENNEMM / SÍA / NM33308

**Aðeins í dag laugardag frá kl. 12:00 - 16:00**

# Útsala á notuðum Combi-Camp tjaldvögnum

**Verð frá 360.000 krónum**

**Árgerðir 2003-2007**



Hægt er að fá nýtt tjald og fortjald með vögnunum á góðu verði.







## Nýir Combi Camp tjaldvagnar

Allir nýir Combi Camp tjaldvagnar eru með ýtihemlum og handbrensum *-aukið öryggi.*

**Verð frá 721.000 krónum**

**Rubis hjólhýsi á tilboði:**



Rubis 310 hjólhýsi árg 07.
Létt og meðfærilegt hús með upphækkanlegum toppi.
Verð 1.770.000,- **Tilboð aðeins 1.410.000.**

COMBI-CAMP ÍSLAND

*Höfum flutt stafsemi okkar í glæsilegt húsnæði R.SIGMUNDSSONAR Klettagörðum 25*

***Opið í dag laugardag frá kl. 12:00 - 16:00***

R.SIGMUNDSSON

R.SIGMUNDSSON ehf. | Klettagörðum 25 | 104 Reykjavík | S: 520 0000 | F: 520 0020 | rs@rs.is | www.rsigmundsson.is

Kristinn Björgúlfsson:

## Farinn aftur til Noregs

**HANDBOLTI** Breiðhyltingurinn Kristinn Björgúlfsson er mikil flökkukind en þessi lunkni miðjumaður er enn og aftur á faraldsfæti.

Hann hefur samið við norska félagið Runar sem hann lék með frá 2005 til 2007.

Fyrsta ár Kristins með liðinu féll það en miðjumaðurinn spilaði áfram með liðinu í 1. deildinni og hjálpaði því að komast aftur í hóp þeirra bestu í Noregi.

Kristinn yfirgaf síðan herbúðir Runar fyrir síðasta tímabil og fór til Grikklands. Það reyndist engin frægðarför og Kristinn yfirgaf félagið um miðjan veturinn eftir ósætti við þjálfarann.

Hann ákvað þá að koma heim og aðstoða uppeldisfélag sitt ÍR við að komast upp í efstu deild en það gekk ekki eftir.

„Ég fékk fínt tilboð frá þeim [Runar] og ákvað að slá til. Hef skrifað undir tveggja ára samning. Það er bara tilhlökkun að fara aftur til Noregs. Þekki allt og veit að hverju ég geng sama hvort það er klúbburinn, þjálfarinn, bærinn eða vinirnir,“ sagði Kristinn sem sagði ekki skemma fyrir að félagið væri líka í Evrópukeppni næsta vetur. Þess utan verður Kristinn þjálfari 18 ára liðs félagsins.

- hbg



# Heimir Örn og Pavla valin best

**Heimir Örn Árnason úr Stjörnunni og Pavla Nevarilova úr Fram voru valin bestu leikmenn N1-deildanna á lokahófi HSÍ í gærkvöld. Aron Kristjánsson Haukum og Framarinn Einar Jónsson voru þjálfarar ársins.**

**HANDBOLTI** Það var mikið um dýrðir á Broadway í gær þegar lokahóf HSÍ fór fram. Þau Heimir Örn Árnason úr Stjörnunni og Pavla Nevarilova frá Fram voru valin bestu leikmenn vetrarins.

Heimir Örn var markahæsti leikmaður N1-deildar karla með 169 mörk og fór fyrir Stjörnuliði sem olli talsverðum vonbrigðum, enda spáð titlinum fyrir mótið. Heimir fékk einnig háttvísiverðlaun HDSÍ. Heimir Örn mun ekki leika með Garðbæingum næsta vetur og fer annað hvort í Val eða FH ef að líkum lætur.

Pavla Nevarilova fór á kostum með hinu unga liði Fram sem kom allra liða mest á óvart í vetur, en sá á bak Íslandsmeistaratitlinum þar sem liðið var með lakari stöðu í innbyrðis viðureignum gegn Stjörnunni. Pavla var frábær í vörn Framara og kom fáum á óvart að hún skyldi verða valinn varnarmaður ársins.

Einar Jónsson vann þrekvirki með Pövlu og Framliðið og var vel að því kominn að fá þjálfaraverðlaun ársins líkt og Aron Kristjánsson sem leiddi Hauka til öruggs Íslandsmeistaratitils í vetur. Sveinar Arons fengu nokkur verðlaun, og þar á meðal var Gunnar Berg Viktorsson sem fékk hinn eftirsótta Valdimarsbikar. Þau verðlaun eru kosin af þjálfurum og fara til mikilvægasta leikmanns deildarinnar að þeirra mati.

Haukamaðurinn Arnar Pétursson var varnarmaður ársins og félagi hans Andri Stefan sóknarmaður ársins. Valsmaðurinn Ólafur Haukur Gíslason var markvörður ársins og þann titil hjá stúlkunum hlaut Florentina Stanciu úr Stjörnunni.





**BEST** Þau Pavla Nevarilova úr Fram og Stjörnumaðurinn Heimir Örn Árnason þóttu skara fram úr í vetur að mati leikmanna deildanna. Þau voru verðlaunuð á Broadway í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR OG STEFÁN

HK-ingurinn Ólafur Bjarki Ragnarsson var valinn efnilegasti leikmaðurinn hjá körlunum, en hann sprakk út hjá HK í vetur, líkt og Framstúlkan Stella Sigurðardóttir sem var valin efnilegust í kvennadeildinni. Haukastúlkan Hanna Guðrún Stefánsdóttir fékk síðan háttvísiverðlaun HDSÍ, enda ávallt til fyrirmyndar, innan vallar sem utan.

henry@frettabladid.is

### LOKAHÓF HSÍ

**N1-deild karla: (lið ársins)**

Markvörður: Egidijus Petkevicius, HK
Lína: Einar Ingi Hrafnsson, Fram
V. horn: Baldvin Þorsteinsson, Valur
V. skytta: Sigurbergur Sveinsson, Haukar
Miðja: Andri Stefan, Haukar
H. skytta. Rúnar Kárason, Fram
H. horn: Arnór Gunnarsson, Valur
Þjálfari ársins: Aron Kristjánsson, Haukar
Besta umgjörð: Haukar
Besti leikmaður: Heimir Örn Árnason, Stjarnan
Efnilegasti leikmaður: Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK
Besti varnarmaður: Arnar Pétursson, Haukar
Besti sóknarmaður: Andri Stefan, Haukar
Besti markvörður: Ólafur Haukur Gíslason, Valur
Valdimarsbikarinn: Gunnar Berg Viktosson, Haukar
Besta dómaraparið: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson.

**N1-deild kvenna (lið ársins):**

Markvörður: Florentina Stanciu, Stjarnan
Lína: Pavla Nevarilova, Fram
V. horn: Dagný Skúladóttir, Valur
V. skytta: Alina Petrache, Stjarnan
Miðja: Eva Barna, Valur
H. skytta: Stella Sigurðardóttir, Fram
H. horn: Sólveig Lára Kjærnested, Stjarnan
Þjálfari ársins: Einar Jónsson, Fram
Besta umgjörð: Valur
Besti leikmaður: Pavla Nevarilova, Fram
Efnilegasti leikmaður: Stella Sigurðardóttir, Fram
Besti varnarmaður: Pavla Nevarilova, Fram
Besti sóknarmaður: Eva Barna, Val
Besti markvörður: Florentina Stanciu, Stjarnan






Jón Arnór Stefánsson og framtíð hans hjá ítalska körfuboltaliðinu Lottomatica:

# Ekki öruggt að Jón Arnór spili áfram í Róm á næsta tímabili

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson er ekki öruggur með að spila áfram með ítalska liðinu Lottomatica Roma. Aðalástæðan er óvissa um framtíð bosníska þjálfarans Jasmin Repesa. Næst á dagskrá hjá Jóni Arnóri er að klára úrslitakeppnina og komast síðan í smá sumarfrí áður en undirbúningurinn byrjar með landsliðinu.

„Það er ekki öruggt að ég verði áfram. Ég er með samning á borðinu sem ég er ekki búinn að samþykkja. Það er verið að ganga frá þessu en við fórum að heyra einhvern orðróm um að þjálfarinn ætlaði að skipta um lið. Ég var svolítið smeykur um að vera áfram þá en þetta er allt í biðstöðu. Ég er ekkert stressaður yfir þessu máli og reyni bara að hugsa sem minnst um þetta yfir úrslitakeppnina,“ segir Jón Arnór sem er mjög ánægður með Jasmin.

„Hann er rosalega góður þjálfari í alla staði. Hann er mjög þægilegur og góður karl þótt að hann sé síðan alveg snarbilaður inn á milli sem þarf. Ég þekki hann vel og ber mikla virðingu fyrir honum og ég held að það sé öfugt líka. Við tveir eigum rosalega gott samband og vitum alveg hvað við fáum frá hvorum öðrum,“ segir Jón Arnór sem kann einnig mjög vel við sig í söguborginni.

„Þeir létu mig vita strax fyrir fimm mánuðum að þeir vildu gera samning við mig aftur og þetta hefur gengið hægt. Ég var kannski of afslappaður og þeir héldu að ég væri bara klárlega að koma til þeirra. Ég ætla bara að spila körfu og svo læt ég bara umboðsmennina um hitt. Ég er rosalega ánægður í Róm og ánægður með klúbbinn. Það er gert vel við okkur, ég er ánægður með þjálfarann og liðið og gæti því vel hugsað mér að vera hér eitthvað áfram,“ segir Jón Arnór en þetta er fyrsta tímabilið hans sem atvinnumaður þar sem hann spilar tvö tímabil í röð með sama liðinu.



**ÆTLAR AÐ SPILA KÖRFU** Jón Arnór Stefánsson ætlar að einbeita sér að körfuboltanum og bíða með að klára nýjan samning við Lottomatica. FRÉTTABLAÐIÐ/GRAZIANERI

Jón Arnór ætlar að vera á fullu með landsliðinu í sumar.

„Mér líst vel á landsliðið. Ég fékk heimsókn frá Friðrik Inga Rúnarssyni og Sigurði Ingimundarsyni og við settum niður og ræddum málin. Ég er mjög vel stemmdur fyrir þau verkefni og líst vel á riðilinn. Ég held að við eigum möguleika ef við náum að æfa vel og verðum með gott leikkerfi. Við verðum vonandi með okkar sterkasta lið, og ef svo verður þá er ég mjög spenntur,“ segir Jón Arnór en fyrsti leikur Lottomatica í úrslitakeppninni er á morgun.

- óój



BT
BETRA VERÐ Í BT
KOMINN AFTUR Í BT
PLAYSTATION 3
grand theft auto IV
18+
6.999,-
NÝTT Á DVD
HITMAN
UNRATED
1.999,-
ALVIN OG ÍKORNARNIR
1.999,-
1.999,-
STEVEN SEAGAL
PISTOL WHIPPED
1.999,-
THE MIST
2.299,-
Death Sentence
2.299,-
GOOD LUCK CHUCK
2.299,-
RICHARD GERE
FLOCK
2.299,-
SHARK
SERÍA 1
3.999,-
EARL
SERÍA 2
4.999,-

Fallbaráttan á Englandi:

## Fellur Reading?

**FÓTBOLTI** Derby County er sem kunnugt er þegar fallið úr ensku úrvalsdeildinni en á morgun verður ljóst hvaða tvö lið fylgja liðinu niður um deild.

Birmingham og Íslendingaliðið Reading, þar sem Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson leika, eru sem stendur í fallsætunum tveimur en Fulham er enn í mikilli hættu. Þá geta Grétar Rafn Steinsson og Heiðar Helguson og félagar í Bolton ennþá tölfræðilega séð fallið en það þyrfti ansi mikið að gerast til þess að það gæti orðið. - óþ



**BOTNBARÁTTAN**

**Leikir:**

Chelsea-Bolton
Portsmouth-Fulham
Derby-Reading
Birmingham-Blackburn

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **16. Bolton** | **37** | **9** | **9** | **19** | **-18** | **36** |
| 17. Fulham | 37 | 7 | 12 | 18 | -23 | 33 |
| **18. Reading** | **37** | **9** | **6** | **22** | **-29** | **33** |
| 19. Birm'ham | 37 | 7 | 11 | 19 | -19 | 32 |
| **20. Derby** | **37** | **1** | **8** | **28** | **-65** | **11** |

# Hverjir verða enskir meistarar?

**Manchester United og Chelsea geta bæði orðið enskir meistarar á morgun. Í fjórða sinn í 16 ára sögu úrvalsdeildarinnar vinnst titilinn ekki fyrr en í lokaumferðinni og United hefur komið við sögu í öll skiptin.**

**FÓTBOLTI** Í aðeins fjórða sinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar og í fyrsta sinn í níu ár vinnst titilinn á lokadegi mótsins, en síðasta umferðin fer fram á morgun.

Manchester United og Chelsea eru með jafnmörg stig fyrir lokaumferðina en United nægir að vinna sinn leik, því liðið hefur 17 marka forskot á Chelsea í markatölu. Manchester United var einnig í aðalhlutverki í hin þrjú skiptin sem titilinn hefur unnist í síðustu umferð síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð árið 1992.

Manchester United hefur átt möguleika á að vinna titilinn í öll þessi skipti og í tvö síðustu skipti hafa rauðu djöflarnir klárað sinn leik og unnið titilinn. Framherjinn Andy Cole spilaði stórt hlutverk í öllum þessum þremur úrslitaleikjum United, byrjaði á því að vera skúrkurinn þegar liðið missti titilinn til Blackburn 1995 en var síðan hetjan í lokaleiknum bæði árið 1996 og 1999.

Árið 1995 áttu bæði Blackburn og Manchester United möguleika á titlinum fyrir lokaumferðina, en Blackburn var með tveggja stiga forskot. Blackburn tapaði 1-2 fyrir Liverpool á Anfield og því hefði sigur nægt United til að vinna titilinn þriðja árið í röð. Þrátt fyrir stórsókn og fjölmörg dauðafæri tókst United hinsvegar ekki að skora sigurmarkið gegn West Ham og varð að sætta sig við 1-1 jafntefli og horfa á eftir titlinum til Blackburn. Andy Cole fékk besta færið til þess að skora í þessum leik en hann átti eftir að bæta fyrir það síðar.

Árið 1996 áttu Manchester United og Newcastle möguleika á titlinum fyrir lokaumferðina en United var með tveggja stiga forskot. Newcastle lenti undir í sínum leik og náði að lokum aðeins 1-1 jafntefli á heimavelli á móti Tottenham en United vann 3-0 sigur á Middlesbrough og tryggði sér titilinn þar sem Andy Cole skoraði annað markið með sinni fyrstu snertingu eftir að hafa komið inn á sem varamaður. David May og Ryan Giggs skoruðu hin mörkin, en Giggs átti þátt í öllum mörkum liðsins í leiknum.



**FYRIR TVEIMUR ÁRUM** Chelsea vann titilinn 2005 og 2006. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIGURSÆLL** Sir Alex Fergusson getur gert Manchester United að meisturum í tíunda sinn frá 1993. NORDICPHOTOS/GETTY

Árið 1999 áttu Manchester United og Arsenal möguleika á titlinum fyrir lokaumferðina en United var með eins stigs forskot. United lenti undir á heimavelli gegn Tottenham en tryggði sér 2-1 sigur með frábæru jöfnunarmarki frá David Beckham og svo sigurmarkið frá umræddum Andy Cole, sem hafði komið inn á sem varamaður í hálfleik. Hann þurfti aðeins tvær mínútur og þrjár snertingar til þess að skora þetta mikilvæga mark og bæta endanlega fyrir klúðrið fjórum árum fyrr. Arsenal vann á sama tíma 1-0 sigur á Aston Villa en sigurmark Kanu kom á 66. mínútu leiksins.

Manchester heimsækir Wigan í lokaumferðinni á meðan Chelsea tekur á móti Bolton. Ryan Giggs, fyrirliði Manchester United, á möguleika á að verða Englandsmeistari í tíunda sinn og þá mun hann jafna leikjamet Bobby Charlton með því að spila sinn 758. leik fyrir félagið. Leikirnir hefjast klukkan 14 á morgun og verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2. ooj@frettabladid.is

### ÞRISVAR ÁÐUR HAFA ÚRSLITIN RÁÐIST Í LOKAUMFERÐINNI



**1995** United missti af titlinum til Blackburn. NORDICPHOTOS/GETTY





**1996** Steve Bruce, sem stjórnar Wigan gegn United á morgun, var í meistaraliði United fyrir 12 árum. NORDICPHOTOS/GETTY



**1999** Andy Cole bætti fyrir klúðrið sitt fjórum árum fyrr. NORDICPHOTOS/GETTY

Íslandsmeistarar Vals urðu fyrir miklu áfalli í gær:

## Mortensen ekki með Valsmönnum í sumar

**FÓTBOLTI** Það bendir allt til þess að danski framherjinn Dennis Bo Mortensen geti ekki leikið með Íslandsmeisturum Vals í sumar. FH-ingurinn Davíð Þór Viðarsson braut fólskulega á Mortensen í leik meistaranna síðastliðinn sunnudag og í gær kom í ljós að fremra krossband í hné Mortensens er líklega slitið.

„Það lítur út fyrir að þetta sé staðan en við eigum eftir að fá það staðfest hjá lækni. Þeir sem hafa skoðað myndirnar segja að krossbandið sé líklega slitið og það þýðir að hann spilar ekki fótbolta næstu tíu mánuðina," sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, en honum var eðlilega ekki skemmt.

Meiðsli Mortensens eru gríðarlegt áfall fyrir Val enda hafði Daninn verið að leika einstaklega vel í síðustu leikjum og fyllt skarð Helga Sigurðssonar, sem hefur verið meiddur.

„Það veit enginn hvenær Helgi verður tilbúinn. Hann hefur verið að æfa létt og svo kemur í ljós hvenær er hægt að láta reyna á hann. Við leggjum samt ekki árar í bát og það kemur maður í manns stað. Við eigum menn eins og Hafþór Ægi, Albert Ingason og Daníel Hjaltason og þeir verða bara að svara kallinu," sagði Willum sem ætlar ekki að skoða möguleikann á að fá nýjan mann af fullri alvöru fyrr en eftir leikinn í dag. Valsmenn verða engu að síður að hafa hraðar hendur enda lokar leikmannamarkaðurinn 15. maí. - hbg





**EKKI MEÐ Í SUMAR** Dennis Bo Mortensen virðist vera alvarlega meiddur og leikur því ekki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**ORLOF 2008**

**Lágmarksorlof** er **2 dagar** fyrir hvern unnin mánuð, eða **24 virkir dagar** á ári.
Lágmarksorlofslaun eru **10.17% af öllum launum**.

Eftir 5 ár í rafgreinum er orlof 25 virkir dagar og orlofslaun 10,64%.
Eftir 10 ár í rafgreinum er orlof 27 virkir dagar og orlofslaun 11,59%.
Eftir 5 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 28 virkir dagar og orlofslaun 12,07%.
Eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 29 virkir dagar og orlofslaun 12,55%.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og orlofsprósentan í 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf.

Á sumum sérsamningum RSÍ er 6 daga vetrarorlof og þá er sumarorlof 24 dagar.

Ef rafiðnaðarmaður er í orlofi og er ræstur út getur hann hafnað útkalli eða sett fram sérstakar launakröfur.

**Orlofsuppbót 2008 er kr. 24.300**
Iðnemar fá nú sömu orlofs- og desember uppbót og aðrir.

**Orlofsprósenta** vegna yfirvinnu **breytist 1. febrúar 2008**.

**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580-5200. wwwrafis.is



**sumarið 2008**



# Ánægjulegt slysalaust sumar

Nú er sumarið komið og börn á öllum aldri komin á kreik. Það er gaman að leika sér, hoppa og hjóla hratt, en í hita leiksins getur gleymst að fara varlega. Hugum alltaf að öryggin og forðumst slysin.

Hér eru nokkur grunnatriði sem allir, bæði foreldrar og börn, ættu að hafa í huga í sumar:

- Látum börnin alltaf nota hjálm þar sem hætta er á höfuðmeiðslum.
- Hjálmar þurfa að vera rétt stilltir til að virka rétt.
- Kennum börnum að nota gangstéttir, hjóla- og göngustíga eða aðra staði fjarri umferð.
- Olnboga-, hné- og úlnliðshlífar gera mikið gagn og geta komið í veg fyrir áverka þegar óhöpp verða.
- Reiðhjól þarf að yfirfara reglulega.
- Fylgjum leiðbeiningum um trampólín og notum öryggisnet.
- „Einn í einu“ er mikilvægasta reglan á trampólíni.

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 vodafone SJÓVÁ GLITNIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## > FRIÐRIK ÞÓR

Leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson sýnir á sér nýja hlið í dönsku gamanmyndinni Sá sem öllu stjórnar eftir Lars von Trier. Friðrik hefur leikstýrt mörgum af bestu kvikmyndum íslenskrar kvikmyndasögu en þykir fara á kostum sem íslenskur auðjöfur undir stjórn Trier. Sá sem öllu stjórnar er á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.



# dagskrá

## Í KVÖLD

### Stóra stundin runnin upp

Stóra stundin er runnin upp en lokaumferðin í ensku úrvalsdeildinni fer fram í dag. Úrslitin ráðast á öllum vígstöðum. Munu Rauðu Djöflarnir hampa titlinum eða tekst Avram Grant að gera það sem engum bjóst við að honum tækist að gera, að vinna titilinn? Hvaða lið fara í Evrópukeppni félagsliða og síðast en alls ekki síst, hvaða lið falla úr ensku úrvalsdeildinni? Sex frábærir leikir eru í beinni útsendingu, þar sem meðal annars má sjá slagina sem skipta máli í toppbaráttunni og einnig leikina sem skipta máli á botninum. Wigan - Man. Utd, Chelsea - Bolton, Birmingham - Blackburn, Derby - Reading, Portsmouth - Fulham og Tottenham - Liverpool. Veisla af bestu gerð en sex leikir verða í beinni útsendingu. Eitthvað sem enginn má missa af.



**Sunnudagur 11 .maí**

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Brummi, Kóalabræður, Landið mitt, Disneystundin, Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Fræknir ferðalangar, Bruninn og Gæludýr úr geimnum.

**11.15 Hálandahöfðinginn** (5:6)

**12.10 Fílasaga**

**13.25 Ný Evrópa með augum Palins**

**14.25 Ístölt – Þeir allra sterkustu**

**14.55 Sterkasti fatlaði maður heims**

**15.25 EM 2008 (**5:8)

**15.55 Meistaradeild Evrópu í handbolta** Kiel - Ciudad Real

**16.35 Táknmálsfréttir**

**16.45 Meistaradeild Evrópu í handbolta** seinni hálfleikur.

**17.30 Vanessa og stóra stökkið**

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (1:12)

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Talið í söngvakeppni 2008** (2:3)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Listahátíð í Reykjavík** Kynningarþáttur um hátíðina.

**20.10 Hvítasunnutónleikar**

**21.10 Sannleikurinn um Mariku** (4:5)

**21.55 Northanger Abbey**

**23.30 Sunnudagsbíó – Direktøren for det hele** Leikari er ráðinn til að þykjast vera forstjóri fyrirtækis á sviði upplýsingatækni svo að betur gangi að selja það einkennilegum Íslendingi. Leikstjóri er Lars von Trier og meðal leikenda eru Jens Albinus, Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson

**01.10 Tár sólarinnar** (Tears of the Sun)

**03.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Rumor Has It**

**10.00 Annapolis**

**12.00 The Queen**

**14.00 Dear Frankie**

**16.00 Rumor Has It**

**18.00 Annapolis**

**20.00 The Queen**

**22.00 Borat**

**00.00 Kiss Kiss Bang Bang**

**02.00 Everybody´s Doing It**

**04.00 Borat**

### STÖÐ 2

**07.00 Barney og vinir**

**07.25 Kalli á þakinu**

**07.50 Fífí**

**08.05 Justice League Unlimited**

